

# Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII:

Fornleifar í Skíðadal, frá Kóngsstöðum og norður með Svarfaðardal  
austanverðum að Sökku

Elín Ósk Hreiðarsdóttir



Fornleifastofnun Íslands

FS168-99093

Reykjavík 2002

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>2. BYGGÐASAGA</b> .....	<b>3</b>
<b>3. FORNLEIFASKRÁ</b> .....	<b>11</b>
<b>4. FORNLEIFAR OG BYGGÐ Í HÉRAÐI</b> .....	<b>162</b>
BÆJARHÓLAR OG BÆJARSTÆÐI .....	163
ÚTIHÚS OG TÚNGARÐAR.....	164
TÚN OG GARÐAR .....	165
GARÐLÖG.....	165
ENGJAR OG ÁVEITUR .....	165
VATNSBÓL .....	166
SVARÐARGRAFIR.....	166
KVÍAR, RÉTTIR OG STEKKIR.....	166
BEITARHÚS OG SEL.....	167
GERÐI.....	168
KUML OG KIRKJUGARÐAR.....	168
LEIÐIR .....	169
<b>5. VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU</b> .....	<b>170</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>173</b>

## **Viðauki**

- Kort 1: Kónsstaðir og Klængshóll
- Kort 2: Kónsstaðir og Klængshóll
- Kort 3: Hverhóll og Hóláarkot
- Kort 4: Krosshóll
- Kort 5: Hnjúkur
- Kort 6: Sæla
- Kort 7: Hjaltastaðir
- Kort 8: Syðra-Hvarf
- Kort 9: Ytra-Hvarf
- Kort 10: Skriðukot, Hofsáarkot og Skeggsstaðir
- Kort 11: Hofsá
- Kort 12: Hof
- Kort 13: Gröf og Brautarholt
- Kort 14: Vellir og Uppsalar
- Kort 15: Hánefsstaðir
- Kort 16: Sakka
- Kort 17: Sveinsstaðir
- Kort 18: Gljúfráarkot

# 1. Inngangur

Sumarið 2001 fór fram þriðji áfangi aðalskráningar fornleifa í Dalvíkurbyggð. Alls voru skráðar 565 fornleifar á 24 jörðum og hafa því samtals verið skráðar 1488 fornleifar á 77 jörðum í sveitarfélaginu. Verkið er talsvert á undan áætlun en stefnt er að því að ljúka skráningu sumarið 2003.

Skráningarsvæðið sumarið 2001 nær frá Þverá í Skíðadal vestanverðum, inn í botn dalsins og aftur út með honum austanverðum, út með Svarfaðardal austanverðum, allt norður að Skáldalæk.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.<sup>1</sup> Á eftir inngangi er yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (2. kafli). Í 3. kafla er svo birt skrá yfir þær fornleifar sem kannaðar voru sumarið 2001. Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hvernjar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttum sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minja og aðstæðum, og birtar lýsingar og teikningar af mannvirkjaleifum þar sem við á. Í skránni eru einnig minjakort sem sýna dreifingu minjastaða. Í 4. kafla eru samantekt um helstu minjaflokka og einkenni byggðar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla eru settar fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

Að þessu sinni voru við kortagerð notaðar lit-loftmyndir á Microstation formi frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og minjastaðir merktir inn á slík kort þar sem þau voru til staðar. Ekki eru til myndir af öllu svæðinu og þar sem þær vantaði voru teiknuð upp kort með sama hætti og í fyrri skýrslum. Að þessu sinni eru öll minjakort aftast í skýrslunni.

Hafist var handa við skráninguna í maílok árið 2001 og var unnið að henni, með hléum, allt fram í miðjan september. Orri Vésteinsson fornleifafræðingur sá um heimildavinnu og er stjórnandi verksins, en Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um vettvangsvinnu, úrvinnslu gagna og skýrslugerð. Margrét Stefánsdóttir aðstoðaði við

---

<sup>1</sup> Sbr. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I*, Fornleifastofnun Íslands og Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994.

vettvangsvinnu. Vilja skráningarmenn sérstaklega þakka heimildamönnum sínum fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna.

## 2. Byggðasaga

Nyrst í Svarfaðardal austanverðum er nokkurt undirlendi og engjar og er dalurinn þar mun víðari en þar sem innar dregur. Eðlilegt er að ætla að landnámsmenn hafi fyrst valið sér bústaði á þeim slóðum, frekar en að fara innar á dalinn, hærra yfir sjávarmál, þar sem skógur var þéttari og byrja hefur þurft að ryðja hann áður en hægt var að rækta land.

Í Svarfdælasögu segir svo frá landslagi í utanverðum Skíðadal: “Mörk var svá þykk upp frá Tungunni, at aldri var rjóðr í” (ÍF X, 186-87). Slíkt land hefur verið erfiðara að byggja en engjaflemin meðfram Svarfaðardalsá og má ætla að það hafi ekki gerst fyrr en byggð var orðin föst í sessi á hinum opnari svæðum og byggð þar því þróast með öðrum hætti en í utanverðum Svarfaðardal.

Í Skíðadal varð til byggðarkjarni sem líklega hefur verið ívið yngri en utar í Svarfaðardal. Til marks um það má benda á að í Skíðadal standa bæir allir með löngu og alljöfnu millibili, yfirleitt 1 km eða meir, en utar er byggðin mun þéttari og má sumstaðar tala um þéttbýli. Hin strjála, reglulega bæjarröð bendir annars vegar til að landgæði hafi verið minni og hvert bú þurft meira rými og hins vegar til þess að um skipulagða byggð geti verið að ræða.

Ritaðar heimildir um landnám á því svæði sem skráð var 2001 eru takmarkaðar að vöxtum og ábyggileika en þær styðja þó þær vísbendingar sem landslag og gróðurfar gefur um líklega byggðarþróun. Lítil nákvæmni er í frásögn Landnámabókar af landnámi í Svarfaðardal og Skíðadal. Samkvæmt Svarfdælu kom Ljótóflur fyrstur landnámsmanna í Svarfaðardal og nam land á Hofi, utarlega í dalnum austanverðum (ÍF I).

Ljótólfur goði hefur væntanlega numið allan austanverðan Svarfaðardal og Skíðadal. Valla-Ljótur, sonur Ljótólfs fékk Velli og gerir sagan ráð fyrir að þeir verði brátt aðaljörð dalsins, ásamt Grund. Hof hefur þó haldið mikilvægi sínu enda jörðin metin á 40 hdr og kirkja síðar byggð á svæðinu. Greinilegt er að kjarni hinnar elstu byggðar og pólistísk miðstöð dalsins að austanverðu er á svæðinu milli Sökku og Hofsár enda eru landgæði þar mikil og byggð því fljótlega mjög þétt.

Mögulega hafa verið til sagnir um sjálfstæð eða tengd landnám víðar í Svarfaðardal og í Skíðadal. Arfsagnir hafa verið til um deilur Ljótólfs og Þorsteins á


Grund og afkomanda þeirra. Í kjölfar þessara deilna hafa afkomendur Ljótólfs verið taldir ná undirtökum í dalnum. Ekki er ástæða til að efast um að þessi kjarni byggi á fornum hefðum. Á 12. öld virðast helstu stórbændur í Svarfaðardal hafa búið á Tjörn vestan Svarfaðardalsár og Völlum austan ár. Meðal þeirra hafa lifað sagnir um að jarðir þeirra væru landnámsbýli og forfeður þeirra upphafsmenn byggðar í dalnum. Það má líka til sannns vegar færa að þær jarðir þar sem kirkjur risu og stórbændur bjuggu á 12. og 13. öld séu einmitt líklegastar til að hafa verið fyrst byggðar.

Á nokkra af þeim bæjum sem skráðir voru sumarið 2001 er minnst í Íslendingasögum. Landnámabók getur Skíða í Skíðadal en Arnbjörg systir hans var kona Þormóðs ramma landnámsmanns í Siglufirði (ÍF I, 246, 247). Í Svarfdælasögu er Skíði talinn þræll og látinn þiggja Skíðadal allan af Ljótólfi á Hofi og bústaður hans kallaður Möðruvellir en bær með því nafni er ekki þekktur í dalnum (ÍF IX, 162-63, 186-87). Þessi brot virðast benda í þá átt að til hafi verið arfsagnir um sjálfstætt landnám í Skíðadal sem hafa síðan fallið í skuggann af sögnum um landnám frægari manna utar í Svarfaðardal.

Kort 1

### Landamerki á skráningarsvæðinu

1. Kónsstaðir
2. Hverhóll
3. Krosshóll
4. Sveinsstaðir
5. Gljúfurárkot
6. Holárkot
7. Klængshóll
8. Hnjúkur
9. Sæla
10. Hjaltastaðir
11. Syðra-Hvarf
12. Ytra-Hvarf
13. Skriðukot
14. Hofsárkot
15. Skeggjastaðir
16. Hofsa
17. Hof
18. Gröf
19. Brautarhóll
20. Vellir
21. Uppsalir
22. Hánefsstaðir
23. Ölduhryggur
24. Sakka



Í Valla-Ljóts sögu er Björn bróðir Ljóts sagður búa á Hofsa og er það vísbending

um að bærinn hafi snemma byggst upp. Utan Valla og Hofs er í Svarfdælu er einnig minnst á Grafarhús og Skeggstaði. Í Prestssögu Guðmundar góða er Sökku getið og Sveinsstaða einnig getið Þjóstólfs sögu hamramma og staðfesta þessar heimildir að allir þessir bæir hafi verið komnir í byggð á 12. og 13. öld. Í raun er engin ástæða til að efast um að allir bæirnir, og þar að auki Hvarf og Hnjúkur, séu forn býli sem reist hafi verið þegar á 10. öld.

Kuml eru vitnisburður um að byggð hafi verið komin á fyrir 1000. Auk kumls á Hvarfi fannst snemma kuml norðarlega í landi Sökku. Má líta á þessi kuml sem sjálfstæðan vitnisburð um að svæðið hafi snemma byggst. Hugsanlegt er að beinfundur á Hofi geti verið vísbending um kuml þar en ummerki voru of óljós til þess að Kristján Eldjárn vildi telja fundinn með kumlum í bók sinni um Kuml og Haugfé. Ekki hafa fundist kuml annars staðar á skráningarsvæðinu og má hafa það til marks um að innri hluti Skíðadals hafi verið numinn síðar en Svarfaðardalur.

Staðsetning kirkna og bænhúsa getur gefið vísbendingu um skipan byggðar til forna. Vitað er um 7 kirkjur og bænhús á skráningarsvæðinu og eru flestar þeirra nyrst á svæðinu þar sem fyrsti landnámskjarninn myndaðist. Vellir eru að sjálfsögu kirkjustaður en auk þeirra er vitað um bænhús á Sökku (sem getið er í heimild 1414 en var “lítt standandi” 1487). Á Hofi var einnig bænhús sem ekki stóð lengur en til 1487. Getið er um kirkju á Hofsá í Prestsögu Guðmundar Arasonar en sú kirkja entist skemur en ýmsar aðrar í dalnum því hennar ekki getið í bænhúsatali frá 1487 og hefur hún þá verið löngu aflögð. Auk þessa er getið um bænhús á Hvarfi og Hnjúki í bænhúsatalinu frá 1487 og standa bæði húsin. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er getið um bænhús á Krosshóli sem þá var aflagt og notað sem skemmuhús og einnig minnst þeir á munnmæli um að bænhús eða kirkja hafi “í fyrndinni” verið á Stafni.

Kirkja var uppistandandi á Hnjúki 1487 og var það eina kirkjan austan megin í dalnum (Svarfaðardal og Skíðadal) utan við umræddan landnámskjarna. Því er líklegt að bærinn hafi verið mikilvægur og hafi byggst snemma.

Snemma hefur orðið þéttbýlt yst í austanverðum Svarfaðardal. Sú staðreynd að fjórar kirkjur voru reistar á svæðinu milli Sökku og Hofsár gefur vísbendingu um efnahagslegt mikilvægi þessa litla svæðis.

Eins og rætt var um í byggðasögukafla fyrir ytri hluta Skíðadals er byggð þar strjál og regluleg en greinileg þungamiðja alls dalsins eru Músstaðir sem metnir voru á 60 hundruð. Svo virðist sem bæirnir innan við Músstaði hafi byggst síðar, og fyrir áhrif Valla enda tilheyrðu þeir allir Vallakirkju. Bænhús var á Krosshóli og verður að teljast líklegt að bærin hafi verið sá fyrsti sem byggdist í innanverðum Skíðadal, enda er jörðin hæst metin og kirkjujörð.

Hálfkirkja var á Mástöðum og er ekki vitað til þess að þar hafi prestur nokkurn tíma haft fasta búsetu en heimildir um slíkt eru að vísu ekki á lausu á 12. og 13. öld. Músstaðir eru því líklegastir bæja til að hafa verið miðstöð sjálfstæðs landnáms og ef til vill höfðingja í öndverðu. Vera má að fremri hluti dalsins, einkum að vestanverðu, hafi byggst að undirlagi Músstaðamanna, en þeir hafi þó orðið að lúta í lægra haldi fyrir Vallamönnum sem greinilega hafa snemma átt mikil ítök í Skíðadal – svo mikil að ekki er hægt að útiloka að dalurinn framan við Þverá hafi frá öndverðu tilheyrð Völlum og byggðapróun verið skipulögð þaðan.

Í austanverðum Svarfaðardal hefur byggð haldist stöðug í gegnum aldirnar en í innanverðum Skíðadal hefur byggðarþróun meira verið breytingum undiropin og það farið eftir árferði hversu margar jarðir voru í byggð. Ef lítið er yfir skráningarsvæðið (byrjað í norðri og fíkrað sig suður eftir Svarfaðardal austanverðum) má sjá að frá flestum jarðanna hafa byggst býli og smærri jarðir á einhverju stigi málsins.

Í landi Sökku byggist hjáleigan Ölduhryggur en hún er í eyði þegar jarðabók Árna og Páls er rituð 1712 og er jörðin þá sögð hafa byggst fyrir manna minni.

Jarðirnar Hánefsstaðir og Uppsafir eru báðar byggðar úr Vallalandi og eru þær komnar í byggð 1318 og tilheyra þá Vallakirkju.

Grafar er getið í Svarfdælu en landinu var síðar skipt í tvær jarðir, nokkuð jafnar að stærð og gæðum (10 hdr hvor), Gröf og Brautarhól. Á síðari öldum er Gröf talin hjáleiga frá Brautarhóli. Á seinni hluta 19. aldar og fram til 1929 er Skriða talin þurrabúð í Grafarlandi.

Hof er talin fyrsta landnámsjörðin í Svarfaðardal austanverðum en á svipuðum tíma hafa Vellir, Hofsa, Sakka og jafnvel Gröf byggst. Svo virðist sem landareign Hofsa hafi um alla tíð haldist stöðug og ekki eru heimildir um hjáleigur sem byggðust frá Hofi aðrar en þær sem segja lítið býli, Litla-Hof, hafa verið nálægt merkjum við Gröf. Ekki er



vitað hvenær Litla-Hof byggðist en þar sem engar heimildir er að finna um að það í fornbréfasafni eða öðrum heimildum verður að teljast líklegt að það hafi verið skammætt.

Af bæjanöfnunum að dæma er Hofsá yngri jörð en Hof og má vera að Hofsá sé upphaflega afbýli eða hjáleiga frá Hofi. Hofsá hefur þó þegar á 10. öld orðið sjálfstætt býli og hafa Hofsárkot og hugsanlega Skriðukot byggst seinna úr landi þess. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns greinir einnig frá Kringlugerði skammt norðan og neðan við bæ. Þar hefur ekki verið búið á seinni öldum svo vitað sé en árið 1712 sáust rústir á þessum stað, en samkvæmt jarðabókarhöfundum var allt eins líklegt að þar hafi verið beitarhús.

Skriðukot er á seinni öldum talin hjáleiga Ytra-Hvarfs en kuml á landamerkjum Skriðukots og Ytra-Hvarfs má hafa sem vísbendingu um að hugsanlega hafi jörðin upphaflega verið byggð úr landi Hofsár, líkt og Hofsárkot. Kumlið hafi þá verið á merkjum Hofsár og Hvarfs þegar því var valinn staður. Skriðukot var samkvæmt Árna og Páli byggt fyrir manna minni og kotsnafnið gæti bent til að bærinn hafi byggst upp á 14.-15. öld. Ekki verður þó heldur útilokað að Skriðukot sé yngra nafn á fornu býli – sem verið hafi í byggð þegar kumlinu var valinn staður – en farið í eyði og fengið –kots nafnbótina þegar það byggðist á ný. Hofsárkot er sagt byggt upp á fornu eyðibóli um 1660 í jarðabók Árna og Páls.

Af miðaldaheimildum er ekki hægt að sjá að Hvarfi hafi verið skipt í Ytra- og Syðra-Hvarf fyrr en á miðri 16. öld. Elínargerði var byggt úr landi Ytra-Hvarfs en engar minjar sjást um það nú né heldur finnast nokkrar upplýsingar um það í fornum heimildum, ekkert bendir því til að búseta þar hafi orðið langæ.

Í því landi sem nú tilheyrir Syðra-Hvarfi sjást enn merki mikils vallargarðs þar sem Hvarfsskot var áður. Kotsins er hvergi getið í ritheimildum og því engar heimildir um aldur þess.

Hjaltastaðir eru byggðir úr landi Hvarfs og þeirra er fyrst getið í ritheimildum um miðja 15. öld. Jörðin tilheyrði Möðruvallaklaustri.

Ekki er vitað hvenær Sæla byggist eða hvort hún er upphaflega byggð úr landi Hnjúks eða Hvarfs. Hennar er fyrst getið í ritheimildum á miðri 16. öld en var í eyði 1703-1712. Um aldamótin 1900 var Syðri-Sæla, húsmannskot, byggt úr landi Sælu um skamma hríð.

Munnmæli herma að bær Skíða í Skíðadal, Möðruvellir, hafi verið í hlíðinni í landareign Hnjúks, nálega þar sem Hlíð stendur nú en landslag og staðhættir þykja frekar benda til að bærinn hafi verið á völlum milli Músstaða og Dælis og styður byggðarþróun þá kenningu (ÍF IX, 187). Hins vegar getur jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um eyðibýlið Sandagerði á svipuðum slóðum en þeir segja að ekki hafi verið búið þar “frá gamalli tíð”. Rétt fyrir aldamótin 1900 byggðist svo Hlíð á þessum stað. Nokkru sunnar má sjá leifar vallargarðs sem örnefnaskrá segir leifar ævaforns eyðibýlis, Villingastaða eða Hávarðsstaða. Engar ritheimildir eru fyrir því hvenær þar var búið.

Klængshóls er fyrst getið 1429 þegar jörðin var gefin Hóladómkirkju. Klænghólskot var byggt úr landi Klængshóls en hjáleigunnar er ekki getið í ritheimildum og því líklegt að byggð hafi verið þar stopul.

Gera má ráð fyrir að Hólá (eða Hólárkot eins og jörðin var síðar nefnd) hafi byggst fremur seint og byggð hafi jafnan verið þar stopul sökum lítilla landgæða. Árið 1712 hafði jörðin verið í eyði frá 1703 og var þá nytjuð frá Krosshóli. Kot hefur á einhverju góðæristímabili byggst í landi Hólár. Þar sjást enn ummerki vallargarðs, bæjar og óljósra útihústófta. Ekki eru ritaðar heimildir fyrir því hvenær bærinn var í byggð.

Byggð í Gljúfrárkoti virðist einnig hafa verið óstöðug. Fyrst er minnst á bæinn í fornbréfasafni sem eign Vallakirkju 1461. Þegar jarðabók Árna og Páls var rituð 1712 hafði bærinn verið í eyði í a.m.k. 5 ár (og líklega lengur sbr. SSE, 90), en var byggð alla 19. öld fram til 1905.

Líklegt má telja að Klængshóll sé forn jörð – byggð á landnámsöld eða skömmu síðar – en um Hólá, Kot og Gljúfurárkot er meiri óvissa. Vera má að lengi framan af hafi dalbotninn út að Klængshóli verið afréttur frá Völlum og að bæirnir hafi byggst í honum á síðmiðöldum (Gljúfurárkot) eða jafnvel ekki fyrr en eftir siðaskipti (Hólá og Kot) þegar dregið hafði úr búnaðarumsvifum Vallaklerka.

Frá Kóngsstöðum byggðist Þveráarkot, nálægt merkjum við Þverá. Í jarðabók Árna og Páls er Þveráarkot sagt í eyði í 20 ár en þar áður í byggð svo lengi sem menn og “þeirra feður” mundu. Þveráarkot var lögbýli en ekki er vitað til þess að þar hafi aftur verið byggt eftir 1692.

Hverhóll er að öllum líkindum byggður úr Kónsstaðalandi en ábúð hefur verið óstöðug. Bærinn byggðist aftur um 1680 eftir að hafa verið lengi í eyði. Hann var í eyði 1708-12 en byggðist á ný það ár. Mun hafa verið í stopulli byggð á 18. öld en frá byrjun 19. aldar var samfelld byggð þar til um miðja 20. öld að jörðin lagðist í eyði.

Munnmæli geyma frásögn um býlið Grísará, byggt úr landi Krosshóls á merkjum við Hverhól. Engin ummerki sjást um býlið og á það er hvergi minnst í heimildum.

Óljóst er hvor jörðin byggðist á undan, Stafn eða Sveinsstaðir. Sveinsstaða er getið í Þjóstólfs sögu hamramma (Íslendingasögur VIII) og gefur það vísbendingu um að jörðin hafi verið talin forn þegar sagan var rituð. Á síðari öldum hefur Stafn verið talinn byggður úr landi Sveinsstaða enda féll jörðin undir Sveinsstaði þegar hún fór í eyði. Sú staðreynd að Stafns er fyrir getið í heimildum og að munnmæli voru um bænhús þar gæti þó gefið vísbendingu um að þar hafi fyrst byggst upp býli. Stafns er fyrst getið í ritaðri heimild árið 1318 og tilheyrði þá Vallakirkju. Stafn er greinilega löngu komið í eyði þegar jarðabókin er rituð 1712 og byggðist ekki upp eftir það.

Þegar teknar eru saman þær vísbendingar sem landslag, gróðurfar, ritaðar heimildir og fornleifar veita um landnám og byggðarþróun á skráningarsvæðinu fæst allskýr mynd.

Leiða má líkur að því að elsta byggðin á skráningarsvæðinu sé á svæðinu milli Sökku og Hofsár. Í þessum landnámskjarna hefur snemma orðið fjölbyggt og enginn einn bóndi eða ein fjölskylda náð að sölsa undir sig landið þó að Vallabóndinn hafi fljótlega orðið valdamestur á svæðinu. Ekki er ólíklegt að einhverjum úr þessum kjarna hafi fljótlega fundist að sér þrengt og ákveðið að flytja sig um set, út fyrir kjarnann til að nema stærra land. Líklegt er að sjálfstætt landnám hafi með þessum hætti átt sér stað á Hvarfi og á Hnjúki. Jarðirnar hafa að öllum líkindum byggst upp fljótlega á eftir fyrsta landámskjarnanum, þær eru landmiklar og landgæði ágæt (Hvarf samtals 60 hdr en Hnúkur um 30). Hvarfsland er ekki jafn gott að gæðum og kjarnasvæðið en stærra jörð en nokkur hinna inn í kjarnanum. Líklegt er að Hjúkur hafi byggst upp heldur síðar, enda jörðin minni en Hvarf. Þessa kenningar styður m.a. kumlfundur á Hvarfi. Athygli vekur að kumlið er á merkjum Hvarfs og Skriðukots og bendir það til að þau landamerki séu

forn. Mætti þá ætla að Skriðukot hafi upphaflega verið byggt úr landi Hofsár þó að á síðari tíma hafi jörðin tilheyrt Ytra-Hvarfi.

Þetta breytti þó ekki þeirri staðreynd að Vellir höfðu mest ítök í dalnum á næstu öldum og tilheyrðu allar jarðir í Skíðadal framan við Þverá Vallasókn og Vallakirkja átti margar þeirra í þokkabót.

Í heild má segja að byggð á skráningarsvæðinu utanverðu hafi haldist stöðug í gegnum aldirnar. Á innri hluta svæðisins hafa meiri tilfæringar átt sér stað og bæir byggst upp eða fallið í eyði eftir árferði.

### **3. Fornleifaskrá**

Hér að neðan er birt skrá um þær 565 fornleifar sem skráðar voru sumarið 2001. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Hverjum minjastað er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-168:001). Í skránni er gefið yfirlit um skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna.

Af 565 stöðum sem skráðir voru, eru 514 eiginlegar mannvistarleifar en af hinum má nefna götur og vöð (13), þjóðsögustaði (10), huldufólksbústaði (3), sögustaði (3), álagabletti (4) og loks örnefni sem benda til fornminja þar sem engin mannvirki fundust (18). Af þeim 514 stöðum þar sem mannvirki eru, eða hafa verið, eru 292 staðir þar sem enn má greina mannvistarleifar. Í langflestum tilfellum hafa tóftir horfið vegna túnasléttunar en einnig hafa nokkrar horfið undir byggingar og vegi. Í um 40 tilfellum sjást merki fornleifa sem ekki eru tóftir (t.d. mógrafir). Fimm fornleifar standa undir þaki á skráningarsvæðinu. Um er að ræða timburhús og kirkju á Völlum, timburhlöðu á Skeggjastöðum, leifar baðstofu úr timbri og torfi á Uppsölum og hesthús á Hnjúki sem er úr torfi og timbri. Í 17 tilfellum standa hleðslur enn, í 68 tilfellum standa hleðslur nokkuð heillegar, en oftast eru hleðslur signar eða útflattar, eða í 163 tilfellum

Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Á flestum stöðum var hægt að meta hættu og reyndust 245 staðir í engri hættu en 301 töldust í hættu eða mikilli hættu vegna nálægðar við staði þar sem framkvæmdir af ýmsu tagi eiga sér stað. Flestir þeirra

staða sem voru í hættu eru það vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgja búskap.

Flestar minjanna sem skráðar voru tengjast landbúnaði og eru útihús (60) langstærsti flokkurinn. Auk þessa voru skráð sérstaklega 53 fjárhús (að auki 3 lambhús), 22 hesthús, 11 fjós, 32 kálgarðar og 14 túngarðar. Einnig voru skráðir 22 stekkir, 13 kvíar, 16 réttir, 12 sel og 3 beitarhús. Þá hefur móttak verið á 32 stöðum og torfrista á 9. Nánari grein verður gerð fyrir hverjum minjaflokki í 4. kafla.

## EY-154 Kónsstaðir

10 hdr. 1712.

Vallakirkjueign.

1318 tilheyra þeir (konugstade)

Vallakirkju DI II,

455. Samanber

1394. DI III, 512

og 1429

Vistaziugerð Jóns

Hólabiskups

Vilhjálmssonar,

DI IV, 372, 1461

Máldaga Ólafs

Rögnvaldssonar

DI V, 260, 1525 í

Sigurðarregistri

DI IX, 334

Þverárkot var í

byggð fram á 17.

öld og hafði verið

talið lögbýli.

Kónsstaðir fóru í

eyði 1949.

1917: 2.6 ha.

9/10 slétt. Garðar


300 m<sup>2</sup>. 1990:

"Túnið umhverfis

bæinn er grýtt og


óslétt skriðutún en grasgefið og enn nytjað til slægna."

BE 1990, 250



EY-154:001 Kónsstaðir bæjarhóll bústaður

65°47.876N 18°36.859V



"Bærinn stendur á

Bæjarhóll Kónsstaða – Horft til norðausturs

dálitlum hól niður undan Kónsstaðahálsi fast við vegaslóðann sem liggur fram í Sveinsstaðaafrétt." segir í

örnefnalýsingu. "Bærinn stendur undir utanverðum Kóngsstaðahálsi á svonefndu Lásaholti. Fyrrum stóð hann sunnar og ofar, en var færður, sökum hættu af skriðuföllum, en á Kóngsstöðum hafa oft orðið miklar skemmdir af þeim völdum, bæði á engjum og túni." segir í Byggðum Eyjafjarðar.


Gamli bærinn (001), sem merktur er inn á túnakort frá 1917, var um 200 m suðvestan við það íbúðarhús sem nú stendur. Leifar gamla bæjarins sjást enn á bæjarhól um 15 m neðan (austan) við fjárhús (003) sem enn standa. Hluti gamla bæjarins sést enn á bæjarhól en umhverfis eru tún sem að hluta eru undir gróinni skriðu. Tóftin er 35 m á breidd en 13 m á lengd. Hún skiptist í 2 hólf og gerði og eru grjóthleðslur inni í henni. Bæjarhóllinn er 50 X 45 m að stærð og 1,5-2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 250; Ö-Svarf, 291

**EY-154:002** hesthústóft

65°47.897N 18°36.865V



Lítill kofi sést enn þar sem hús er merkt inn á túnakort 1917 um 20 m norðvestan við bæinn 001. Lækur rennur nú í gegnum kofann. Umhverfis eru tún sem skriður hafa fallið á en þær eru nú grónar.

Kofarústin er um 2,5 X 2 m að stærð og er op á vesturvegg hennar. Veggir eru hrundir og grónir og mest 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 250; Ö-Svarf,

*hesthústóft – horft til suðausturs*

291

**EY-154:003** fjárhústóft

65°47.877N 18°36.893V



Um 15 m ofan við gamla bæinn (001) sjást enn greinilegar leifar fjárhúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Nýlegra fjárhús var byggt á rústum eldra hússins en eldra húsið hefur verið stærra og sjást leifar þess því enn að hluta. Skriður hafa fallið yfir túnin en þau eru nú gróin.


Einfalt hús úr timbri og bárujárn stendur að hluta í rústunum. Fast aftan (vestan við það) er ferhyrmd tóft sem mest líkist heytóft (7 X 3 m). 2,5 m sunnan við timburhúsið er svo sjálf fjárhústóftin (10 X 11 m). Hún skiptist í þrennt. Tvö hólfanna snúa austur - vestur. Norðar er sjálft fjárhúsið með garða eftir miðju. Sunnan við það virðist heytóft hafa verið. Inn af fjárhúsinu er svo þriðja hólfíð, hlaða. Bæði fjárhúsið og hlaðan eru hlaðin að innan en heytóftin sunnan við er óskýrari.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-154:004** Ysthúshóll þúst fjárhús

65°47.571N 18°36.937V



"Sunnan og ofan gamla bæjarstæðisins heitir Yzthúshóll ... Fjárhús þau, er fyrrum stóðu á hól þessum, tók af í skriðuhlaupi." segir í örnefnalýsingu. Leifar Ysthúsa sjást enn um 40 m suðvestan við gamla bæinn (001) og 200 m suðvestan við 003.

Þústin er á hæð um 10 m neðan við girðingu sem girðir af tún. Hún er efst í túni en skriður hafa fallið yfir hana og túnið. Skriðurnar eru nú grónar. Þústin er á hól og er hægt að sjá grjóthleðslur hér og þar í hólnum en þó er ekki heilleg tóftarmynd á svæðinu. Fjárhúsin hafa líklegast verið

um 8 X 6 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 291

**EY-154:005** náma mógrafir 65°47.138N 18°36.849V  
Torfholt er ofan við Stórahvamm, nærri suðurmerkjum. Í Stórholti voru svarðargrafir og sjást merki þeirra enn. Deiglendur hvammur og sjást merki svarðargrafanna enn.

Í hvamminum sjást margar svarðargrafir. Ein þeirra er langstærst eða 20-30 m í þvermál. Fjöldamargar minni grafir eru í kring.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-154:006** Gerði útihústöft


"Sunnan og ofan gamla bæjarstæðisins heitir Yzthúshóll en Gerði enn sunnar og ofar." segir í örnefnalýsingu. Gerði var þar sem nú er hóll í túni, um 50 m sunnan við 004. Gerðið er beint suður af bænum (001). Í túni þar sem skriður hafa fallið en þær eru nú grónar.

Á hólnum er einföld, fallin tóft, 9 X 4 m að stærð. Hún snýr austur-vestur. Tóftin er alveg gróin og erfitt að greina nákvæmt lag. Ekki er greinilegt op á henni en hægt er að greina grjóthledslur á köflum að utan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 291

65°47.833N 18°36.859V



**EY-154:007** Varðhóll þjóðsaga

65°47.332N 18°37.030V

"Nokkru utar [en Þríhöfðahóll] er Varðhóll, þar sem Kóngsstaðafólkið varðist skriðuhlaupi heila nótt (fyrir löngu)." segir í örnefnalýsingu. Varðhóll er stakur melhóll um 100 m ofan við veginn inn Skíðadal og 1 km sunnan við bæ 001. Hóllinn er mitt á milli Þríhöfðahóls og Torfhóls (syðri) 008. Mosavaxinn melhóll. Að ofan er fjallshlíð en annars er mýrlent umhverfis.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 291

**EY-154:008** Torfhóll örnefni rista

65°47.412N 18°36.914V

"... utan við Varðhól og ofan við Leitið eru Ytri- og Syðri-Torfhóll. Utan við þá rennur Torfhólslækur." segir í örnefnalýsingu. Torf var rist neðan við Torfhólana, þar sem nú er mýri. Syðri-Torfhóll er 500-600 m norðan við Hverhólsmerkin og um 250 m ofan við bíslóðann inn Skíðadal. Skurður er fyrir neðan en þar neðan við tekur við þurrara svæði niður að bíslóðanum. Torfholt heitir líka ofan við Stórahvamm (020).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 291

**EY-154:009** Steinbogi þjóðsaga brú

65°47.686N 18°36.617V

"Litlu sunnar [en Lambhagi] er foss í [Skíðadalsá] og telja munnmæli að þar hafi verið sjálfgerð steinbrú einhvern tíma í fyrndinni. Þykir til stuðnings munnmælum þessum, að svo virðist sem steinstöpull hafi verið upp úr miðri fossbrúninni, svo heitir staðurinn Steinbogi og er nafnið talið gamalt." segir í örnefnalýsingu. Steinboginn er 40-50 m beint neðan (austan) við stekkin (022). Það eina sem enn má greina af honum er stöpull í fossinum miðjum. Vatnsorfnar klappir eru beggja vegna árinna á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnsaga

**Heimildir:** Ö-Svarf, 291

**EY-154:010** Þverárkot bæjarstæði býli

65°48.692N 18°36.713V

1712: "Þverár kot. Í eyði meir en 20 ár, en byggt þar fyrir so lengi menn til muna og þeirra feður, og haldið fyrir lögbýli. Dýrleikinn meinast að verið hafi viii c. Eigandinn beneficium Vellir í Svarfaðardal. ... Fóðrast kunní, seinast byggt var, I kýrþungi. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er fordjarfað af grjótáburði úr Þverá, og sumt uppblásið í hrjóstur, en útslægjur öngvar. Þessa jörð beittir Kóngsstaða ábúandi fyrir göðvilja staðarhaldarans en geldur þar öngva muni fyrir." segir í jarðabók Árna og Páls. Svo virðist sem þetta býli hafi ekki byggt aftur (sbr. Olavius) og að jörðin hafi verið sameinuð Kóngsstöðum án þess að það yki dýrleik hennar. "Þverá skiptir löndum og Þverárkot á bakka hennar, eyðibýli, ..." segir í



örnefnalýsingu. Þverárkot var ofan við þjóðveg. Kotið var fast sunnan við Þverá, þar sem nú eru sléttuð tún. Kotið hefur verið 1,5 km norðan við Kóngstaði (001).

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** JÁM X, 78; Ö-Svarf, 291


**EY-154:011** *Kónsstaðastekkur* heimild um stekk 65°48.096N 18°36.770V

"Dálitlu utan við túnið heitir Stekkjarmýri og Stórhólmýri þar norður af ... Kónsstaðastekkur er upp af Stekkjarmýri og Stórhólar upp af samnefndri mýri." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarmýri var sunnan við veginn yfir Skíðadalsá. Árni Óskarsson man ekki eftir stekk á þessum stað en hann man eftir örnefni skammt frá sem líklega vísar á stekkin. Blettur ofan þjóðvegur en sunnan skógræktargirðingar var ætíð nefndur "Gamli-stekkur" þó að þar væru engar stekkjarmeifar svo lengi sem Árni man. Svæðið sem um ræðir er 25-35 m ofan við veg og um 30 m sunnan við skógræktargirðingu. Grasi gróin hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 291

**EY-154:012** *Vörðumelur* gerði óþekkt 65°47.947N 18°36.867V



"Upp af Lásaholti er Vörðumelur. Þangað flýði fólkið úr gamla bænum þegar skriðuhlaupin 1886 dundu yfir, og hafðist þar við alla nóttina, fáklætt og óttaslegið í hellirigningu." segir í örnefnalýsingu. Vörðumelur er stór melhóll 30-40 m ofan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Kóngshól. Melhóllinn er afgerandi hóll, vaxinn lyngi og grasi að hluta.


Tveimur sögum fer af því hvort heimilisfólk á Kónsstöðum hafi leitað skjóls undir Vörðumel eða Varðhól 007. Engar vörðuleifar sjást nú á hólnum og ekki man Árni Óskarsson eftir þeim. Á honum er hinsvegar leifar

einfaldra grjóthleðslna sem mynda gerði, 7 X 7 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 291

**EY-154:013** *Gamlistekkur* stekkjartóft 65°47.418N 18°37.240V



"Upp af Syðri-Torfhól er Gamlistekkur og ofar Torfhólshjallar." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er um 450 m ofan (vestan) við þjóðveg inn Skíðadal og 500-600 m sunnan við merki við Hverhól. Hann er tæpum 200 m ofan við Syðri-Torfhól 008 og 40-50 m norðan við Torhólslæg. Stekkurinn er í fjallsrótum. Ofan við Torfhól tekur við mýri. Enn ofar aflíðandi fjallshlíð, þýfð en grasi vaxin, 100-200 m áður en fjallið hækkar mikið. Á því svæði er stekkurinn.

Stekkurinn er samansigin og virðist forn. Um tvær samtengdar tóftir er að ræða.

Annars vegar er sjálf stekkjartóftin sem er tvískipt (9,5 X 3,5 m) en hins vegar ferningslaga gerði (6 X 5 m) sem gengur vestur frá tóftinni. Op er austarlega á suðurhlíð stekkjans.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 292

**EY-154:014** *Þverárrétt* heimild um rétt 65°48.677N 18°36.487V


"Skammt frá mótum Þverár og Skíðadalsár stóð Þverárrétt, en hún eyðilagðist af jakahlaupi úr Skíðadalsá um 1923." segir í örnefnalýsingu. Réttin stóð við Þverá, nálægt því þar sem hún kemur út í Skíðadalsá. Réttin stóð þar sem nú er grýttur árbakki. Engin ummerki sjást nú um hana.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnsaga

**Heimildir:** Ö-Svarf, 292

**EY-154:015** *Sel* seltóft 65°48.342N 18°38.437V

"Tóftir út við Þverá heita Sel. Þær eru neðst í Kónsstaðadal, og gæti þar verið um að ræða hið forna Vallasel (Vallaprestar höfðu í seli í Kónsstaðalandi). Upp undan Seli eru Selhjallar." segir í örnefnalýsingu. Selið er austanmegin í Kónsstaðadal, um 100 m utan við Gloppu. Tóftin er á grasi grónu svæði milli brattrar brekku niðri á árbakka og hjalla sem eru vaxnir lyngi að hluta. Selið er fremst (vestast) á grösugri brún. Neðar tekur við brött brekka og enn neðar um 50 m breiður grýttur árbakki Þverár. Utan við selið er mýri.



Seltóftin skiptist í þrennt. Tvö hólfanna eru greinileg en það þriðja, sem er sunnan við tóftina, er mun óskýrara. Tóftin er samtals 13 X 10 m að stærð og sjást grjóthleðslur að innan. Op er á norðurvegg. Norðan við tóftina er upphækkun sem gæti verið heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 292

**EY-154:016** *Kolanes* örnefni kolagröf

65°48.212N 18°38.469V

"Framan við [Gloppuá] verður fyrst fyrir niðri í dalnum Yzti-Nauthóll og næst Kolanes. Þar munu menn hafa haft kolagerð, þó að ekki sjáist lengur fyrir kolagröfum neinum, því að skriður hafa fallið þarna fram yfir." segir í örnefnalýsingu. Skriður úr Gloppu ná yfir allstórt svæði niður að Þverá. Nokkuð innan við skriðurnar er Ysti-Nauthóll og innan við hann er grýttur árbakki eða nes vaxið mosa og lyngi. Er þetta Kolanes en engin ummerki sjást nú um kolagrafir. Grýttur árbakki vaxinn mosa og lyngi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 292


**EY-154:017** *smalakofatóft*

65°48.000N 18°40.702V

"[Hjá Mið-Nauthól] eru smalakofarústir ..."

segir í örnefnalýsingu.

Smalakofinn er á Þverárdal. Hann er á löngum hól, á bakkabrún. Hann er 2,5-3 km sunnan við dalsmynni. Hóllinn er lágur, vaxinn grasi og lyngi og eru grjót á víð og dreif um hann. Neðar tekur snarbrött brekka við.



Smalakofinn er hlaðinn úr grjóti. Hann er 2-2,5 X 1,5 m að stærð. Op er á honum til austurs en vesturveggur er myndaður með einum stórum steini.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 292

**EY-154:018** heimild um rétt

65°47.997N 18°40.728V

"[Hjá Mið-Nauthól] eru smalakofarústir og réttarbot." segir í örnefnalýsingu. Á löngum hól, á bakkabrún eru rústir smalakofans. Hann er 2,5-3 km frá dalsmynni. Engin merki sjást nú um réttarbotið. Hóllinn er lágur, vaxinn grasi og lyngi og eru grjót á víð og dreif um hann. Neðar tekur snarbrött brekka við.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 292

**EY-154:019** frásögn af mógröfum

65°48.376N 18°36.656V

Stórhólmýri var neðan (austan) við Þjóðveg og um 50 m austan við Stórhól sem er í skógræktargirðingu. Á þessum stað voru svarðargrafir þó merki þeirra sjáist ekki nú. Grafirnar voru 700-800 m norðan við íbúðarhús sem nú stendur á Kónsstöðum. Þar sem mýrin var er nú framræst tún.


**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**EY-154:020** *Torfhóll* örnefni rista 65°47.123N 18°36.695V

Neðan við veginn inn Skíðadal, á suðurmerkjum er Stórhvammur, og ofan við hann Torfhóll. Við hólinn var torf rist. Nú er á þessum stað þýfður og rakur hvammur en greinilegar pælar sjást ekki. Holtið er lág hæð en torfið var rist við hólinn, milli hans og vegarslóðans sem liggur inn Skíðadal.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-154:021** gerði kálgarður 65°47.946N 18°36.884V




Um 130 m norðan við bæinn (001), suðvestan í Vörðuhól er kálgarður. Melhóll, nokkuð gróinn. Garðurinn er úr torfi og er 15 X 23 m að stærð. Hann er 0,8 m á hæð og svipaður á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-154:022** stekkjartóft

65°47.698N 18°36.684V



"Utan við (Nararhvamm) er Kílholt. Þó að þar sjáist nú enginn kíll. Þá er

Víðihvammur og litlu utar Lambhagi, sem nær heim að túni. Þar hafa fráfarulömb sennilega verið setin fyrrum." segir í örnefnalýsingu. Lambhagi er grasi vaxinn bali frá Skíðadalsá og langleiðina upp að vegarslóðanum sem liggur inn Skíðadal. Stekkurinn er um 50 m vestan við

*Stekkjartóft – horft til suðausturs*

Skíðadalsá og 1,1-1,2 km frá suðurmerkjum. Hann er 70-90 m neðan við veg, syðst í Lambhaga.

Stekkurinn er í grasi grónum hvammi milli vegslóða og Skíðadalsár. Hann er tvískiptur, alveg torfhlaðinn og mjög stæðilegur. Hann virðist nýlegur. Stekkurinn er 9 X 9 m að stærð og er byggður sunnan í hæð. Veggir hans eru 1 m á hæð en 0,8 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kóngstaðir, 291

**EY-154:023** öskuhaugur óþekkt 65°47.857N 18°36.835V

Innan og neðan við bæinn (001) er grænn hóll sem virðist gróinn öskuhaugur. Hóllinn er 15 m suðaustan við 001 og beint neðan við 004. Í túni þar sem skriður hafa fallið. Þær eru nú grónar. Hóllinn er 3-4 m á breidd en 2-3 m á lengd.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-154:024** heystæðistöfir

65°48.365N 18°38.345V

Svo virðist sem heystæði hafi verið um 50 m norðan við selið (015). Heystæðin eru á grasi gróinni brún en neðar er brött brekka niður á árbakka. Á svæðinu eru greinilegastar 2 einfaldar tóftir (7 X 4 og 4 X 4 m). 5-10 m norðan við þær er þúfnasvæði sem nokkuð sker sig úr umhverfinu og gæti hugsanlega verið mannvistarleifar. Um 20 m ofan við tóftirnar tvær er einnig fagurgræn og þýfð hæð (12 X 10 m) þar sem mannvistarleifar hafa án efa verið áður (6 X 3,5 m).

**Hættumat:** engin hætta**EY-154:025** garðlag landamerki


65°48.224N 18°37.156V

Leifar landamerkjagarðs milli Kónsstaða og Þverárkots má enn greina inni í skógræktargirðingu. Garðurinn er nú að miklu leyti hlaupinn í þúfur en hann má þó enn greina á parti ofarlega í skógræktinni. Garðlagið er 670-690 m norðan við Kónsstaðabæinn (001). Umhverfis eru lyngivaxnar hlíðar og skógrækt. Garðlagið er mjög útflatt og er um 3 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Það má greina á um 40 m parti.


**Hættumat:** hætta, vegna skógræktar**EY-154:026** hleðsla leið

65°48.323N 18°36.766V

Upphækkun, líklega hluti af leið er inni í skógræktargirðingu um 20 m ofan við þjóðveg og 20 m norðar en til móts við þar sem vegurinn inn Skíðadal greinist í tvennt (annars vegar yfir Skíðadalsá og hins vegar inn Skíðadal vestan megin). Upphækkunin er á milli tveggja hæða, í lægð. Upphækkunin er rúmir 20 m á lengd, 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Slóði liggur frá henni. Vestan við hana (og henni samsíða) liggur garðlag. Það sýnist mjög nýlegt en og er tæpir 30 m á lengd.

**Hættumat:** hætta, vegna skógræktar

## EY-155 Hverhóll



10 hdr. 1712 eða 8 hdr. Vallakirkjueign.

1461 tilheyrir Hverhóll (Huerrahol) Völlum. Fyrst getið í máldaga Ólafs Ragnarssonar biskups. DI V, 260

Talin byggð úr Kónsstaðalandi en ábyli hefur verið óstöðugt. Byggðist um 1680 eftir að hafa verið lengi í eyði og var í eyði 1708-12 en byggðist á ný það ár. Mun hafa verið í stopulli byggð á 18. öld en frá byrjun 19. aldar var samfelld byggð til 1947 að jörðin lagðist í eyði.

1917: 3.16 ha. 3/4 slétt. Garðar 200 m<sup>2</sup>. "[Í Kálfadalnum] var síðast setið hjá ám 1918 eftir það lögðust fráfarur niður á Hverhóli. Kálfadalur er djúpur dalur er liggur ofan við Kambinn, hann er mjög grasivaxinn og sléttar grundir í botni hans, svo jafnvel mætti keyra bíl um hann allan ... Nafn sitt dregur hann af því, að þar voru kálfar látnir ganga á sumrum og mun ver mjög langt síðan það var. Síðar voru svo hafðir hestar þar, og hafa fundist þar skeifnabrot. Mörg sumur voru kvíær setnar þar og mjólkuðu vel ... Hvorki


Krosshóll né Kambhóll hefðu verið byggðir þar sem þeir stóðu ef Kamburinn hefði ekki hlíft þeim við öllu grjóthruni ofan úr fjallinu." (ódagsett og óhöfundargreint blað meðal athugasemda um örnefnaskrár í Svarfaðardal).

1990: "... voru slægjulönd í brekkunum þar í kring [um bæinn] og á mýrunum fram undan bæjarhólnum. Þar hefur land nú verið ræst fram og tún sléttuð og hefur þar verið heyjað hin síðustu ár." BE 1990, 251

EY-155:001 Hverhóll bæjarhóll

bústaður

65°46.877N 18°37.190V



"Bærinn stóð hátt á hól uppundir hlíðarrótum Krosshólsfjalls ... Nú eru þar rústir einar." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Bærinn á Hverhóli og túnin umhverfis eru enn greinanleg frá veginum. Bærinn er 400-500 m sunnan við merki við Kónsstaði og 300-400 m ofan við Skíðadalsá. Bæjartóftin er í túni í fjallsrótum, þau eru enn fagurgræn en komin í órækt.

Bæjartóftin er hrúnin en hún er á miklum bæjarhól sem er um 3 m á hæð. Hóllinn er um 50 m á lengd en um 25 m á breidd. Í bæjartóftinni hefur verið skilti (Hverhóll) sem nú er hrúnið og máð. Bæjartóftin er um 12 m á breidd en um 15 m á lengd. Innri skipan bæjarins er óljós þar sem steinar og steypuleifar eru á víð og dreif um svæðið og veggir hafa hrúnið nær alveg ofan í tóftina og gróíð yfir. Um 2 m suðaustan við bæinn er langur og mjór steinn (um 1,1 m á hæð) sem líkist hestasteini þó ekki sé hringur í honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 251



*Bæjarhóll Hverhóls- horft til suðausturs*

**EY-155:002** heimild um heytóft

65°46.865N 18°37.217V

Fast sunnan við vesturhluta bæjarins (001) var áður heytóft og er hún merkt inn á túnakort frá 1917. Ekki eru lengur merki um tóftina. Sléttur grasblettur er nú þar sem tóftin var áður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-155:003** fjóstóft


65°46.855N 18°37.199V

Rústir fjóss, sem merkt er inn á túnakort frá 1917, eru rúmum 20 m sunnan við bæinn (001). Fjósið er á bæjarhólnum sem er grasi gróinn og fagurgrænn.

Fjóstóftin er ferhyrnd og einföld og op er á austurhlið hennar. Hún er 6 m á breidd en 7 m á lengd. Samfast henni að norðan er 2 m breitt heystæði. Op er á austurhlið tóftarinnar. Fjósið er hlaðið úr torfi og grjóti en mikið af grjóti hefur hrúnið inn í tóftina. Norðurveggur þess er heillegastur og þar má sjá 1,2-1,3 m háa grjóthleðslu og torflag ofan á. "Í gömlum munnmælum er sagt að tvær fjósakonur hefðu orðið úti í Hverhólsnesinu í stórhrið og fundust báðar dánar. Þær voru að koma úr fjósinu að kvöldi og var þó stutt í fjósið."

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917 og ódagsett og óhöfundargreint blað meðal athugasemda um örnefnaskrár í Svarfaðardal



**EY-155:004** Þilhús hesthústóft

65°46.870N 18°37.242V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 30 m ofan við bæinn (001). Enn sjást tóftir þessa hús sem kallað var Þilhús og var upphaflega hesthús og fjárhús en notað sem hlaða undir lokinn. Tóftin er efst í túni sem nú er komið í órækt.

Tóftin er ferningslaga, einföld og með opi nyrst á austurhlið (6 X 5 m að stærð). Bak við hana og samfast henni er svo allstór hlaða (12 X 6 m). Inni í tóftinni er bárujárn, gaddavír og grjót sem hrúnið hefur úr veggjunum.


**Hættumat:** engin hætta



**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-155:005** *Háagerði* fjárhústóft

65°45.933N 18°37.283V



"Fyrir utan bæjarstæðið og heldur ofar er hár höll, sem heitir Háagerði ..." segir í örnefnalýsingu. "Ofan við Stekkjarmóa [sbr. 010] er Hjalli, en Kvihóll ofan við Kvihúsgerði, á honum Kvihólssteinn, en sunnar og ofar Kvihólslautin." segir þar enn fremur. Á Háagerði var Kvihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er á hæð og er hún greinileg langt að. Um 20 m sunnan við húsið rennur Kvialækur niður úr fjallinu. Neðan og ofan við hólinn skiptast á mýrar og móar en ofar (vestar) tekur þýfð og brött fjallshlíðin við.


Tóftin er tvískipt. Syðra hlutanum er skipt í tvennt með garða en nyrðri hlutinn er allur óskýrari. Vestan við tóftina er óljóst hól sem gæti verið heystæði. Sjálf tóftin er 9,5 m á breidd og um 6,5 m á lengd en að auki um 4 m þar sem heytóftin virðist vera.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 290

**EY-155:006** *Lambhús* fjárhústóft

65°46.891N 18°37.248V



Fjárhús voru áður um 40 m norðvestan við bæinn (001) og 30 m norðan við Bilhús (004) samkvæmt túnakorti frá 1917. Tóftin er efst í túni en ofar skiptast á mýrarflákar og móar.

Tóftin er einföld, en þó skipt upp í miðju með garða. Op eru á tóftinni sitt hvoru megin við garðann á austurvegg. Vestan við sjálft húsið er áföst hlaða sem snýr þvert á tóftina. Stærð samtals 10 X 8,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-155:007** *Kvihúsgerði* heimild um útihús

65°46.761N 18°37.253V

"... sunnan bæjarins er Kvihúsgerði og Háaslétta, hóllagað svæði." segir í örnefnalýsingu. Kvíagerði var um 200 m sunnan við bæinn (001). Þar er nú hæð nálægt suðurjaðri túns.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 290

**EY-155:008** *Gerði* örnefni

65°46.739N 18°37.235V

"... sunnan bæjarins er Kvihúsgerði og Háaslétta, hóllagað svæði. Þar sunnan og neðan við er annað Gerði." segir í örnefnalýsingu. Engar tóftir sjást lengur sunnan og neðan við 007, nálægt merkjum. Sléttuð tún.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 290

**EY-155:009** *Grænatóft*

fjárhústóft

65°46.964N 18°37.228V



"Útan við Háagerði er Grænatóft og Grænutóftarlækur sunnan hennar. Á Grænutóft var fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Grænatóft er 160-180 m utan við bæ (001) og aðeins ofar. Hún er um 30 m norðnorðaustan við 005. Tóftin er á gróinni hæð, rétt neðan við fjallsrætur.

Grænatóft er þrískipt og að auki virðist hafa verið 1-2 hólf norðan hennar. Hún er 22 X 7 m að stærð. Suðurhluti hennar er skýrastur og má greina grjóthleðslur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 290

**EY-155:010** *Hverhólsstekkur*

stekkjartóft


65°47.051N 18°37.168V

við efstu skurði. Stekkurinn er 320-330 m norðan við bæ (001). Neðan við tóftina er mýri en þar fyrir neðan er framræst svæði. Stekkurinn er á hæð í aflíðandi fjallshlíð þar sem skiptast á hólur og deiglendi.

Tóftin er tvískipt, nyrðra hólfíð snýr austur-vestur en það syðra norður-suður. Ekki eru op á milli hólfanna en op eru syðst á vesturhlíð nyrðra hólfins og vestast á suðurhlíð syðra hólfins. Tóftin er gróin og mjög víða má grjóthleðslur. Minna hólfíð er stæðilegra. Hún er samtals 11 X 7,5 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 290



**EY-155:011** *garðlag* landamerki

65°46.737N 18°37.639V

Mikill landamerkjagarður sést enn milli Hverhóls og Krosshóls. Hann er merkjanlegur um 500 m ofan við á, hátt í fjallinu og er hann um 300 m langur en fjarar út í mýrlendi hátt í hlíðinni. Garðurinn er um 700 m norðan við sæluhúsið í landi Krosshóls.

Garðurinn er í fjallshlíð þar sem hún er þýfð. Mýrlendisflákar eru í hlíðinni. Hann er 250-300 m langur, 2,5 m á breidd og 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-155:012** *Gíslahaus* náma

65°46.743N 18°37.426V


"Á [Steinahjalla] er klöppin Gíslahaus, grasi vaxin að ofan fram á brún. Hefur oft verið sprengt grjót úr þessari klöpp til veggjahleðslu. Lagðist það orð á, að þær hlöður, sem byggðar voru úr klappargrjóti þaðan entust illa. Duttu sumar inn, en þökin fuku af öðrum, svo að mönnum þótti ekki einleikið." segir í örnefnalýsingu. Gíslahaus um 150 m suðvestan við 007 og innan við 100 m norðan við merki. Mýrlend fjallshlíð. Bjargið er 1,5 m á hæð en 3 m á breidd. Ekki sést hvar nákvæmlega var sprengt úr klöppinni.

**Heimildir:** Ö-Svarf, 290



EY-155:013 hleðsla brunnur

65°46.852N 18°37.206V




Fast sunnan við fjósið (003) hefur lækur runnið og í hann, við fjósvegginn, hlaðið mannvirki sem helst líkist brunn. Brunnurinn er 1-2 m sunnan við 003. Hann er um 3 m í þvermál en 0,3 m á dýpt.

**Hættumat:** engin hætta

*Hleðsla – Horft til suðausturs*

EY-155:014 Byrgi hleðsla smalakofi

65°46.936N 18°36.693V



"Í Strympuhólseyri voru fráfernálömb setin áður en þau voru rekin á fjall. Þar framan í börðunum var Byrgi er lömbin voru höfð í um nætur." segir í örnefnalýsingu. Leifar byrgisins má sjá fast austan við veginn sem liggur inn Skíðadal og um 20 m ofan við Skíðadalsá. Byrgið er 200-300 m sunnan við merki.

Þýfður bakki neðan við tún, enn neðar er gróðurlítill árbakki.

Tóftin er hrunin og gróin. Hún er einföld og 5 X 3 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna vegaf framkvæmda

**Heimildir:** ódagsett og óhöfundargreint blað meðal athugasemda um örnefnaskrár í Svarfaðardal

EY-155:015 frásögn af mógröfum


65°46.995N 18°36.744V

Júlíus Friðriksson man eftir svarðargröfum um 150 m sunnan við merki og um 80 m vestan við veginn inn í Skíðaldalsbotn. Á þessum stað er nú skurður og framræst tún.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

EY-155:016 gerði kálgarður

65°46.857N 18°37.134V



40-50 m neðan við suðurhluta bæjarins (001) er kálgarður. Kálgarðurinn er í brekkurótum og snýr norður-suður. Suður-, austur- og vesturveggir eru heillegir en norðurveggur er óskýr. Gerðið er 8 X 10 m að stærð. Það er hlaðið úr torfi.

**Hættumat:** engin hætta

EY-155:017 gerði kálgarður 65°46.876N 18°37.240V

Rétt ofan við bæinn (001) er merktur sáðreitir á túnakort frá 1917. Einu ummerkin sem sjást um hann er um 20 m langt garðlag sem upphéfst skammt ofan (vestan) við bæinn og nær langleiðina upp að Þilhúsum (004). Garðurinn liggur í túni.

Garðlagið er um 20 m langt en um 1 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

EY-155:018 garðlag túngarður

65°46.928N 18°37.302V

Túngarður var umhverfis tún á Hverhól en hann er nú víðast horfinn vegna sléttunar. Hann sést þó í

kringum 005 þó suðurhlíð hans sé horfin þar. Garðurinn er í túni en er víðast horfinn. Hann er mjög þýfður og útflattur. Hann er um 3 m á breidd en 0,7 m á hæð og 160-170 m á lengd.

**Hættumat:** engin hætta


**EY-155:019** gerði kálgarður

Kálgarður, sem merktur er inn á túnakort frá 1917, er rúmum 100 m ofan við bæ (001) og aðeins sunnar. Í fjallsrótum ofan við tún.

Gerðið er grasi vaxin og engar grjóthleðslur sjást. Það er um 0,4 m á hæð og 16 X 21 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

65°46.870N 18°37.351V




**EY-155:020** gerði kálgarður

Leifar kálgarðs sem merktur er inn á túnakort frá 1917 sjást tæpum 140 m norðaustan við bæinn (001) og fast sunnan við 005. Kálgarðurinn er ofan á grasi vöxnum hól.

Gerðið er 11 X 11 m að stærð og sjást grjóthleðslur víða í því.

**Hættumat:** engin hætta

65°46.935N 18°37.333V



**EY-155:021** gerði kálgarður

Tæpum 10 m ofan (vestan) við 020 er annar kálgarður. Hann er 5-10 m norðan við Kúalæk og um 150 m norðvestan við 001. Kálgarðurinn er í grasi vaxinni brekku.

Gerðið er 17 X 12 m að stærð. Í norðausturhorni gerðisins er kofi sem er 2 X 1 m að stærð (innanmál).

**Hættumat:** engin hætta


65°46.964N 18°37.527V

**EY-155:022** Grásteinn frásögn af huldufólksbústað

Grásteinn er upp af Kvíhól (005), um 200 m ofar. Samkvæmt Júlíusi Friðrikssyni var trúað að í steininum byggi huldufólk. Lyngivaxinn fjallshlíð. Steinninn er um 2 m á hæð og svipaður á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

## EY-156 Krosshóll



20 hdr. 1712.  
Vallakirkjueign.

1525 tilheyrir  
Krosshóll Vallakirkju (í  
Sigurðarregistri) DI  
IX, 334.

1569 kemur fram í  
reikningi um  
preststekjur á Völlum  
að landskuld er "í  
c.kugillde iij". DI XV,  
345

Bænhús var á  
Krosshóli.

Í eyði frá 1935 og er  
suðurhluti jarðarinnar  
lögð undir afrétt  
hreppsins.

1917: 4.6 ha. 9/10  
slétt. Garðar 350 m<sup>2</sup>.

1990: "... framundan  
[Kross]hólnum tóku  
við blautar mýrar, sem  
hafa nú verið  
framræstar svo  
farartæki komist þar  
greiðar um." BE 1990,  
251

EY-156:001 Krosshóll bæjarhóll bústaður

65°46.583N 18°37.458V

"Krosshólsbærinn stóð á hól upp við rætur Krosshólsfjalls ... eru þar nú rústir." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Bærinn stendur á fagurgrænum hól um 500 m norðan (utan) við gangnamannakofann Stekkjarhús (004). Bærinn er um 200 m ofan við Skíðadalsá og 70-80 m ofan við vegarlóða sem liggur inn Skíðadal.




*Bæjarhóll Krosshóls – Horft til austurs*

Bæjarhóllinn er stakur og sker sig úr landslaginu, hann er fagurgrænn og 3-4 m á hæð þar sem hann er hæstur. Vesturhluti bæjarhólsins liggur upp að rótum fjallshlíðarinnar.

Bæjartóftin er enn greinileg þó að hún sé hrúnin. Hún er 18 X 20-21 m að stærð. Í henni eru greinileg 4-5 hólf en þau hafa vísast verið fleiri. Austast eru 2 allgreinileg hólf, grjóthlaðin að innan en svo virðist sem timburpil hafi verið fyrir austurvegg. Veggir eru víðast um 1,5 m á breidd en mest um 0,7 m á hæð. Skilti hefur verið í tóftinni ("Krosshóll") en það er nú hrúnið og máð. Fyrir framan bæjartóftina er 8 X 15 m svæði, austast á bæjarhólnum sem er ekki nýtt. Bæjarhóllinn á þessum stað er mjög stór og að hluta náttúrulegur. Hann er um ca. 60 X 35 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 251



**EY-156:002** heimild um bænhús

65°46.588N 18°37.458V


"Bænhús hefur hjer verið að fornu, og stendur eitt skemmuhús enn, sem að so kallast, en ekki hefur hjer embættað verið í manna minni." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Engar sagnir eru uppi um staðsetningu bænhússins á Krosshóli og ekki er vitað til þess að bein hafi komið þar upp. Líklegast er að bænhúsið hafi verið í námunda við bæinn (001) og ekki eru heimildir fyrir öðru en hann hafi um aldir verið þar sem síðustu leifar hans sjást nú. Bæjarhóllinn er stakur og sker sig úr landslaginu, hann er fagurgrænn og 3-4 m á hæð þar sem hann er hæstur. Vesturhluti bæjarhólsins liggur upp að rótum fjallshlíðarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM X, 80.

EY-156:003 *Syðsthús* fjárhústóft

65°46.528N 18°37.585V



Tóftir fjárhúsa, sem merkt eru inn á túnakort frá 1917, sjást á hól um 100 m suðvestur frá 001. Fjárhúsin eru um 50 m sunnan og neðan við 005.

Fjárhúsin eru á grasi grónum hól neðan við fjallsrætur. Mýrarflákar eru á nær alla vegu nema ofan við.

Tóftin skiptist í 4 hól með dyr í austur. Hlaðan er vestan við, í hinum hólfunum sjást hlaðnir garðar, nema í syðsta hólfinu. Tóftin er nokkuð rofin að norðan og þar er hrúnið úr hleðslum. Götutroðningur er neðan/austan við tóftina. Í hlöðunni sjást í hleðslur, 8 umför, en þar eru veggir að miklu leyti hrundir inn í tóftina. Sést í grjóthleðslur við

garða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-156:004 heimild um útihús

65°46.346N 18°32.738V


Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917, um 500 m sunnan við bæ (001). Þar sem húsið stóð er nú gangnamannakofinn Stekkjarhús og braggi austan við. Grasi gróinn hæð með 2 byggingum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-156:005 hesthústóft

65°46.570N 18°37.592V



Enn sjást merki um hesthús sem merkt er inn á túnakort frá 1917 um 90 m ASA við 001. Tóftin er á grasi grónum hól. Mýrarflákar eru allt í kring nema austan við hólinn þar sem vallendi nær niður að bæ (001).

Tóftin skiptist í 3 hól og sjást einar dyr sem snúa í vestur. Op er á milli nyrðri hólanna. Samtals er hún 10 X 9 m að stærð. Tóftin er allgróin en þó sjást grjóthleðslur á stöku stað. Norðurhlíð hennar er rofin og hefur hrúnið úr henni og sömu sögu er að segja með austurhlíðina.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-156:006 *Grísará* þjóðsaga býli

65°45.283N 18°39.284V

"... á merkjum Sveinsstaða og Krosshóls er Gljúfurárkotspartur, sem talinn var 100 hesta land, á því svæði, sem munnmælin herma að verið hafi til forna býlið Grísará." segir í örnefnaskrá. Grísará var helst talin hafa staðið fast upp af Lambavaði (Ey-157-002) þar sem Lambaflói er á merkjum.


Upp af vaðinu er deiglent og enginn staður hentugri en annar fyrir býli. Gljúfurárkotsblettur nær hins vegar nokkuð til norðurs og er þar er m.a. Heyhóll (007) sem er ræktarlegur hóll.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 289

EY-156:007 *Heyhóll* heystæðistöft

65°45.576N 18°38.851V



"Ofarlega á [Gljúfurárkots] Parti er Heyhóll. Þar var hey sett saman." segir í örnefnalýsingu. Heyhóll er um 150 m suðaustan við Álfastein (029) og 100 m vestan við Skíðadalsá. Hann er fagurgrænn með óljósum hleðslum. Umhverfis hóllinn er deiglendi.

Hleðslurnar eru óljósar en virðast um 11 X 4 m að stærð. Hæð 0,2 m. Vestan við tóftina er óljós blettur sem gæti verið hól.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 289

EY-156:008 *Grænatóft* heystæðistöft

65°46.208N 18°37.709V

Grænatóft er 200-250 m SSA við Stekkjarhús (004) og um 150 m ofan við Skíðadalsá. Tóftin er 10 m sunnan við girðingarhorn sem girðir af túnblett neðan og sunnan við Stekkjarhús. Slétt, grasivaxið svæði, nokkuð deiglent.

Á þessum stað sést nú fagurgræn, þýfð hæð. Sú tóft sem hefur verið á þessum stað er sigin og hlaupin í þúfur. Hún virðist hafa verið um 10 X 12 m að stærð. Í örnefnalýsingu segir: "Norður undir merkjum milli bæjanna er Völkuhóll og neðar Grænatóft. Þar eru húsarústir, líklega eftir fjárhús." en þessi lýsing er á misskilningi byggð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 289

**EY-156:009** *Stekkjarlækur* stekkjartóft


65°46.145N 18°38.096V

"Rennur Stekkjarlækur utan við [Krosshólsflóa]," segir í örnefnalýsingu. Ef fylgt er götum ofan við/frá Stekkjarhúsum til suðurs liggja þær að stekknunum. Slóði liggur fram hjá honum, fast austan við. Stekkurinn er á þýfðum, grasi vöxnum hól, neðan við fjallsrætur. Umhverfis er deiglent.

Tóftin skiptist í 3 hólf og eru tvennar dyr í austur. Hún er 7,5 X 4 m að stærð. Op er á milli miðhólfs og þess syðsta. Tóftin er vel gróin og sigin. Kró er suðvestan við með opi til suðurs og er þar fast við mýri og lítinn lækur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 289



**EY-156:010** *Réttarhólar* réttartóft


65°46.103N 18°37.874V

"Spölkorni sunnan við [Stekkjjar]lækinn eru Réttarhólar." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m neðan við Réttarhóla og um 150m neðan við stekkin (009) er tóft. Hún er um 150 m ofan við Skíðadalsá. Mýri er norðan og neðan við tóftina en sunnan er grasgefið sléttlendi.

Tóftin er sigin og nokkuð ellileg. Hún er byrjuð að hlaupa í þúfur. Hún er 14 X 8 m að stærð og snýr norður-suður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 289



**EY-156:011** *Krosshólssel* heimild um sel

65°46.058N 18°38.435V

"Krosshólssel er suður og upp af Syðstahóli." segir í örnefnalýsingu. Um 150 m norðan við Stóralæk og 200-300 m ofan við Skíðadalsá er fagurgrænt og þýft svæði. Ekki sjást merki um sel á þessum slóðum. Mýrlendi upp að fjallsrótum. Allt svæðið var gengið fram og til baka og engar leifar fundust. Eini möguleikinn er að tóftin 009 sé af selinu og er þá stekkurinn horfinn eða hann hafi hugsanlega verið þar sem sæluhúsið er nú.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 289

**EY-156:012** *Fjósatunga* fjóstóft


65°46.586N 18°37.480V

Fjósatunga er örnefni í túninu sunnan við Krosshólinn. Um 5 m ofan (vestan) við bæ (001) eru fjóstóft sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Fjósið er á milli bæjar (001) og Ömmuhúss/Kviahúss (014). Það er í vesturjaðri bæjarhólsins, þar sem bæjarhóllinn fjarar út eða rennur saman við fjallshlíðina.

Tóftin er löng og mjó (22 X 7 m) og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvö hólf og er op á því syðra, nyrst á austurvegg en ekki er greinilegt op á nyrðra hólfinu. Veggir er misstæðilegir. Syðra hólfíð er alveg grjóthlaðið að innan nema suðurveggur sem er alveg hrunninn og gróinn. Nyrðra hólfíð er einnig grjóthlaðið að hluta, ekki suðurveggur og hluti vesturveggjar.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 289



EY-156:013 Gerðamelur

fjánhústóft

65°46.680N 18°37.418V



Gerðamelur er örnefni utan við Fuglhólinn, norðan við Háöldu. Ysthúsgerði/Gerðamelur er 150-200 m norðan við bæ (001) og 20 m ofan við skurð sem liggur norður-suður allt túnið. Neðan við tóftina er deiglent svæði að skurði en neðar eru tún. Ofar skiptast á melar og mýrlendi.

Tóftin er tvískipt. Hún samanstendur af hólfi sem snýr austur-vestur og er með garða í miðju og öðru hólfi aftan við sem snýr þvert á það fyrrnefnda (norður-suður). Grjóthleðslur eru greinilegar í fremra hólfinu (því austara) en það vestara er örlítið niðurgrafið og líkist mest hlöðu.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 289

EY-156:014 Ömmuhús

fjánhústóft

65°46.586N 18°37.493V



Um 5 m ofan við 012 og 15-20 m ofan við bæ (001) eru leifar fjárhúsa sem kölluð voru Ömmuhús. Tóftin er á hæð, hinum eiginlega bæjarhól þar sem hann fjarar út til vesturs og brattari fjallshlíðin tekur við.

Tóftin er greinileg. Hún skiptist í tvö samhliða hólfi með görðum og hlöðu að baki. Tóftin er 14 X 13,5 m að stærð. Hún er víðast grjóthlaðin að innan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-156:015 Torfhóll frásögn rista

65°46.078N 18°37.891V

Torfhóll er 30-40 m sunnan við Réttarhól (010). Við hólinn var torf rist. Á þessu svæði eru lágur bungur. Mýrlent er umhverfis hólana.


**Hættumat:** engin hætta

EY-156:016 traðir

65°46.598N 18°37.429V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt tröð sem liggur til suðvesturs upp túnið, fram hjá bænum (001) en beygir síðan meira til austurs að hesthúsinu (005). Merki traðanna eru enn greinileg norðan við bæ (001). Við bæinn verða ummerkin óljósari en þó má greina þau allt að 005. Tröðin liggur um tún. Hún er 2-2,5 m á breidd en um 0,3 m á hæð, gróin.

**Hættumat:** engin hætta



EY-156:017 útihústóft

65°46.618N 18°37.547V

Upp frá bæ (001) er brattur hól norðan við læk, nefndur Langhóll. Uppi á þessum hól er hlaðið gerði eða rétt. Hóllinn er um 70 m VNV við 001. Tóftin er uppi á allbröttum og grasi grónum hól ofan við bæ (001) og við fjallsræturnar. Um 5 m sunnan við tóftina rennur lækur. Beggja vegna (norðan og sunnan við) eru mýrarflákar innan um valllendi.

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Að vestanverðu er hún hrunin og blásin. Troðningur liggur í gegnum tóftina. Hún er 28 X 11 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**EY-156:018** gerði kálgarður

Um 100 m norðnorðvestan við bæ (001) og 15 m norðnorðaustan við 017 er kálgarður í brattri brekku.

Grasi gróinn brekka á móti austri. Gerðið er 12 X 16 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

65°46.618N 18°37.507V


**EY-156:019** gerði kálgarður

Rúmum 120 m norðaustan við bæ (001) og 20-30 m ofan við vegaslóða sem liggur inn Skíðadal er kálgarður. Kálgarðurinn er um 15 m norðan við austurenda 020. Gerðið er í aflíðandi, grasi gróinni brekku móti austri.

Gerðið er ferhyrnt og mjög stæðilegt. Það er 10 X 13 m að stærð, 1 m á breidd og 0,9 m á hæð. Það er hlaðið úr torfi.

**Hættumat:** engin hætta

65°46.606N 18°37.247V


**EY-156:020** gerði kálgarður

Kálgarður er enn vel greinilegur um 120 m norðaustan við bæ (001), 20-30 m ofan við vegaslóða sem liggur inn Skíðadal og 15 m suðvestan við 019. Gerðið er í aflíðandi, grasi gróinni brekku móts austri.

Það er grasi gróið, sigið og byrjað að hlaupa í þúfur en þó enn vel greinilegt. 24 X 11 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

65°46.600N 18°37.284V

**EY-156:021** þúst óþekkt

20-30 m utan við 012 og 014 er hæð þar sem greinilegt er að mannvirki hafa áður verið. Sunnan við er deiglendi, ofar er þýfð brekka. Sunnan við þústina er lítil grasflöt (10 m) áður en bæjarhóllinn tekur við, en neðar 5-10 m svæði að skurð.

Hæðin er 18 m (austur-vestur) en 10-12 m (norður-suður). Hún er á kafi í sóleyjum og fiflum og er nokkuð þýfð. Einu ótvíræðu byggingaleifarnar sem sjást er 5-6 m langt garðlag sem er 0,3 m á hæð. Greinilegt er þó að á hólnum hafa verið meiri leifar áður.

**Hættumat:** engin hætta

65°46.607N 18°37.484V

**EY-156:022** þúst óþekkt

Um 10 m norðaustan við norðausturhorn bæjarins (001) er dæld í bæjarhólinn þar sem virðist hafa verið kofi. Í norðausturhluta bæjarhóls. Dældin er 3 X 3 m að innanmáli, grafin inn í hólinn, gæti hafa verið súrheysgryfja.

**Hættumat:** engin hætta

65°46.589N 18°37.434V


**EY-156:023** gerði óþekkt

Við suðausturhorn bæjarhólsins er gerði. Það liggur í boga frá suðvesturhluta bæjarhóls til suðausturs í 44 m áður en það beygir til norðurs (19 m). Gerðið liggur frá bæjarhólnum á grasi grænni sléttu.

Gerðið er 44 X 19 m að stærð. Grjóthleðslur sjást að utan. Hæð 0,4 m, breidd 1 m.

**Hættumat:** engin hætta


65°46.568N 18°37.458V





EY-156:024 útihústóft

64°46.614N 18°37.576V




10 m ofan (vestan) við 017 er lítil tóft, vel gróin. Tóftin er í þýfðum grasmóa. Lækur rennur 10 m sunnan við og er mýrarfláki norðan og ofan við tóftina.

Tóftin er einföld og 5 X 5 m að stærð. Op er á austurvegg miðjum. Hæð 0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta

EY-156:025 tóft óþekkt

65°46.672N 18°37.590V




100-150 m suðvestan við 013 er tóft milli tveggja melrana í hlíðinni. Tóftin er á hæð en umhverfis er mýri.

Tóftin er einföld og lyngivaxinn. Hún er 7,5 X 5 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-156:026 réttartóft

65°46.230N 18°37.638V



*Réttartóft – horft til suðausturs*

Um 200 m suðsuðaustan við Stekkjarhús (004) og 20-30 m norðnorðaustan við Grænutóft (008) er tóft sem gæti hafa verið rétt.


Tóftin er innan girðingar sem girðir af hólfi sunnan og neðan við Stekkjarhús og um 150 m ofan við Skiðadalsá. Tóftin er í dæld milli hóla. Umhverfis er grasi vaxið.

Réttin er 28 X 13 m að stærð. Hún virðist skiptast í 4 hólfi og almenning. Hæð er mest 0,8 en breidd 1,2 m.

**Hættumat:** engin hætta

EY-156:027 þúst óþekkt

65°46.287N 18°37.590V



100-150 m neðan við Stekkjarhús (004) og örlítið sunnar er þúst í túni. Hún er um 50 m norðan við nyrstu hólana neðst í túni og 60-70 m neðan við allra nyrsta hólinn. Umhverfis er nokkuð slétt, grasi vaxið. Þústin er 6 X 5 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-156:028** heystæðistöft

Beint á móts við Gljúf frá og 60-80 m ofan við Skíðadalsá er hæð og á henni má greina óverulegar hleðslur, líklega af heystæði. Umhverfis er grasi vaxin slétta og deiglendi á köflum. Tóftin er 5 X 3 m að stærð, einföld.

**Hættumat:** engin hætta

65°45.428N 18°39.007V



**EY-156:029** Álfasteinn þjóðsaga um huldufólksbústað

Álfasteinn er um 70 m sunnan við Syðri-Hrútalæk og fast ofan við grunnan slóða. Þar átti huldufólk að búa samkvæmt Ástdísi Óskarsdóttir. Steinninn er í deiglendri fjallshlíð. Hann er 2,8-3,0 á hæð og 3 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

65°45.702N 18°38.847V

**EY-156:030** töft óþekkt

Um 30 m frá gilbarmi Skíðadalsár og 60-70 m sunnan við 028 (028 er miðja vegu milli 030 og girðingar) eru hólur og í þeim miðjum er dæld. Í dæld þessari eru signar hleðslur. Grasi vaxið er í botni dældarinnar en umhverfis hana er þýfðara. Slétt graslendi (deiglent) er umhverfis hólanna.

Tóftin er hlaðin úr torfi. Hleðslurnar mynda hólf sem er 3 X 5 m að stærð. Norðan úr því gengur garðlag í 1,5 m til norðurs og svo aftur í 1 m til austurs. Hæð hleðslanna er 0,2 en breidd þeirra 0,8 m.

**Hættumat:** engin hætta

65°45.356N 18°39.120V



## EY-157 Sveinsstaðir



*Bæjarhóll Sveinsstaða – horft til austurs*

**1461** er Sveinsstaða fyrst getið í máldaga Ólafs Rögnvaldssonar biskups, þar kemur fram að Vallakirkja eigi land "fra holarmarke til sveinsstada marks." DI V, 261

**1525** tilheyra Sveinsstaðir Vallakirkju samkvæmt Sigurðarregistri DI IX, 334

Sveinsstaða er getið í Þjóstólfs sögu hamramma en þar er Arnþórr nokkur sagður búa sem átti í vandræðum með tröllkerlingu í dalnum. Íslendingasögur VIII, 92-95.


Fór í eyði 1906 og keypti hreppurinn það þá fyrir afrétt.

"Túnið er lítið ..." Ö-Svarf, 288

10 hdr. 1712. Vallakirkjueign. Stafn var eyðibýli framan við Sveinsstaði 1712.

**1318** tilheyrir Stafn Vallakirkju DI II, 455. Samanber 1394. DI III, 512 og 1429 Vístaziugerð Jóns Hólabiskups Vilhjálmssonar, DI IV, 372 Óljóst er hvort líta eigi á Stafnsland sem hið forna afréttarland Vallakirkju (sbr. 1712: "Afrjett á staðurinn framm lengst í Skíðadal, þar sem eyðibólið Stafn liggur." JÁM X, 81); sérstaka jörð sem síðar fór í eyði og var þá lögð til afréttar eða hluta af Sveinsstöðum sem Stafn byggðist sem hjáleiga í og var síðan aðskilinn til afréttarnota.

### EY-157:001 Sveinsstaðir bæjarhóll býli



65°45.199N 18°39.788V

"Stóðu bæjarhúsin norðan við hól þann, sem Bæjarhóll nefnist. Túnið er lítið og ekki önnur örnefni þekkt þar." segir í örnefnalýsingu.

Sveinsstaðabærinn er um 500 m sunnan við vörslugirðingu sem nú er í landi Krosshóls. Bærinn stendur á háum og myndarlegum, grasi vöxnum hól um 150 m ofan við Skíðadalsá.

Bæjartóftin er á grasivöxnum hól neðan við stóran, vel gróin melhól við

fjallsrætur. Á þessum stað eru nokkrir hólar neðan við 001 og þar hafa útihús verið. Sunnan við 001 er þó hærri hól sem nefnist Bæjarhóll (016) en á milli hans og 001 er grasi gróið gil.

Framhús bæjarins stóð fram til 1930 og var fram að því notað sem gangnamannaskýli. Tóftin er 13 X 10 m að stærð. Hún er nokkuð sigin, hrúnið er úr hleðslum og uppblásið á stöku stað. Ekki er

nákvæmlega hægt að greina innri lögun tóftarinnar en hún virðist hafa skiptist 5-6 hólf.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Svarf, 288

**EY-157:002** *Lambavað* heimild um vað

65°45.256N 18°39.252V

"Nærri Skíðadalsá þar ytra [hjá Sveinsstöðum] er Lambavaðshóll og Lambavað, en Lambavaðsflói ofan við hólinn. Fráfærnalömb voru rekin frá Sveinsstöðum norður á Almennung. Nöfnin eru svo til komin." segir í örnefnalýsingu. Um 250 m sunnan við Ey-156:028 er brú yfir Skíðadalsá þar sem Lambavað var áður.

Vaðið er neðan við grasi gróna brekku (sem er að hluta uppblásin) þar sem troðningurinn liggur niður að á. Lítil grjóteyri er sunnan við brúna, fast við bakkann.

Áin sýnist allstraumhörð á þessum stað.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Svarf, 288

**EY-157:003** *Hreysi* tóft

65°44.618N 18°43.724V

"Lengra inn á dalnum [en Fremstahæð] er enn hæð og á henni grasgróið tóftabrot, sem heitir Hreysi. E.t.v. hefur þar verið skýli fyrir grasafólk, meðan öflun fjallgrasa var fastur liður í bústörfum landsmanna. Annað nafn á þessum fornu tóftarústum er Tjaldstaður." segir í örnefnalýsingu. Hreysið var 3-4 km inn á Vesturárdal og um 1 km austur frá Ingjaldi. Ekki eru sjáanlegar tóftir á þessum stað. Grasi vaxinn bali í 800-900 m.y.s.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Svarf, 288

**EY-157:004** *Stekkjarsund* stekkjartóft

65°44.809N 18°40.915V


"Sunnan við [Langhóla, sem eru utan við Stafnsá] er Stekkjarsund en Seti uppi í hlíðinni ... Utan við [Ausugil] heitir Stekkjarfjall." segir í örnefnalýsingu. Langhólar er hólaröð við Skíðadalsá norðan við Stafnsá. Sunnan og ofan þeirra er Stekkjarsund - mýrarsvæði. Stekkjartóftin er ofan á hól sem er um 50 m norðan við Stafnsá. Mýrar eru umhverfis, sunnan við er Stafnsáin, neðan við sjálfur hóllinn.

Tóftin er vel gróin mosa og grasi. Hún er tvískipt og 6 X 6 m að stærð er farin að hlaupa í þúfur. Vestar er garðlag sem liggur meðfram hólnum í norður og suður.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Svarf, 288


**EY-157:005** *Stafn* bæjarhóll býli



1712: "Stafn, fornt eyðiból fram lengst á Skíðadal, og eru munnmæli að þar hafi í fyrndinni kirkja eður bænhús verið. Ljós eru þar byggíngamerki, garða og tóftaleifa. ... Eigandinn Vallnastaður. Þetta eyðiból brúkar presturinn fyrir aftrett fyrir lömb og geldfje, og líka leyfir hann þangað upprekstur nokkrum sveitarmönnum fyrir óákveðinn góðveilja, en ekki hefur hjer viss afrjettartollur goldist, so hjer undirrettist. Grasetekja er hjer nokkur, sem sveitarmenn brúka öðruhvörju eftir leyfi staðarhaldarans. Ekki þykir mönnum líklegt það muni aftur byggjast fyrir heyskaparleysi." segir í jarðabók Árna og Páls.

Stafn virðist ekki hafa byggst aftur og hafi býlið verið aðskilin landareign þá hefur hún lagst undir Sveinsstaði. "Renna Vesturá og Stafnsá nærri því saman skammt sunnan við eyðibýlið Stafn ..." segir í örnefnalýsingu. Stafnsbærinn er 40-50 m sunnan við Stafnsá og um 200 m ofan við Skíðadalsá/Vesturdalsá.

Bærinn er á þýfðum hól á tungu sem myndast á milli tveggja áa. Neðan við hæðina er deiglendisflói. Umhverfis hóllinn eru þýfðir melhólar á alla vega nema beint niður af bænum.



Enn stendur uppi ryðgað skilti í tóftinni. Hún er útfloft og ekki er hægt að greina nákvæma lögun bæjarins þó það megi greina veggstúfa hér og þar. Bæjarhóllinn er þó um 16 X 11 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM X, 81; Ö-Svarf, 288

**EY-157:006** *Ingjaldur* heimild um leið

65°44.610N 18°43.919V


"[Vesturárdalur liggur] þvert vestur og endar við hnjúkinn Ingjald. Skörð eru beggja vegna þessa hrikalega hnjúks og hefur hið nyrðra verið farið yfir á Kolbeinsstaðaafreitt (Skagaf.)." segir í örnefnalýsingu. Ef fylgt er götum sem liggja frá Stafni (005) og inn Vesturárdal sést Ingjaldur fyrir botni dalsins.

Grasi- og lyngivaxnar brekkur og skriðuhólar með giljum á milli, alveg inn í botn. Jöklar eru sitt hvorum megin við Ingjald.

**Heimildir:** Ö-Svarf, 288

**EY-157:007** hleðsla rétt

65°44.642N 18°40.550V



"Á grundunum á mótis við Stafnsána er gömul fjárrétt hlaðin úr grjóti og á móti henni norðan við Stafnsána er önnur fjárrétt einnig úr grjóti." segir í örnefnalýsingu. Rétt er um 300

*rétt – horft til vesturs*

m austan við Skíðadalsá, til mótis við Stafn (005) og réttina sem er á mótum Stafnsár og Skíðadalsár (026).

Afliðandi grasi vaxin hlið. Grjótskriður hafa greinilega fallið niður hliðina og myndað hæðir en á milli þeirra eru balar.


Réttin er ferhyrnd, einföld og með opi á miðjum suðurvegg. Hún er 13 X 9 m að stærð. Réttin er hlaðin úr grjóti sem er vaxið mosa og skófir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ódagsett og óhöfundargreint blað um Sveinsstaði meðal skjala er varða örnefnaskráningu í Svarfaðardal

**EY-157:008** smalakofatóft

65°44.607N 18°43.054V



"Framarlega á Vesturárdal er lítil kofarúst og mun það vera smalakofi frá Sveinsstöðum." segir í örnefnalýsingu. Smalakofinn er 30-40 m suðaustan við ystu hæðina á Vesturárdal og 10 m neðan við götuslóða sem liggur inn dalinn. Kofinn er 150-200 m ofan við Vesturá. Grasi vaxin, aflíðandi hæð, 60-80 m ofar tekur brött, lyngivaxin fjallshlíð við.

Byrgið er ferningslaga, hlaðið úr grjóti. Það er 4 X 3,5 m að stærð. Op er á suðurvegg. 4-5 m ofan við tóftina er hringlaga hleðsla um 1 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ódagsett og óhöfundargreint blað um Sveinsstaði meðal skjala er varða örnefnaskráningu í Svarfaðardal

**EY-157:009** renna vatnsból

65°45.191N 18°39.822V

"Bæjará heitir áin sunnan við Sveinsstaði og þaðan tekið neysluvatn er leitt var heim að bænum." segir í örnefnalýsingu. Vestan við 001 sést skurður sem liggur skáhallt til vesturs að Bæjaránni. Vatnsrennan er í þýfðum grasmóa sunnan og ofan við 001. Neðan við stóran og vel gróinn melhól við fjallsrætur.


Grafinn skurður sem liggur skáhallt í norðaustur að 001. Hraukar sjást beggja vegna skurðarins. Skurðurinn sjálfur er vel greinanlegur enda rúmlega 0,5 m á dýpt og 1 m á breidd. Hann er greinilegur í um 30 m ofan við 001 en svo verður hann óljósari á um 20 m kafla. Hefur legið neðan við 017 og beint í átt að rétt (sjá 017). Skurðurinn er um 60-70 m á lengd.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** ódagsett og óhöfundargreint blað um Sveinsstaði meðal skjala er varða örnefnaskráningu í Svarfaðardal

**EY-157:010** Kviahóll kvíatóft

65°45.199N 18°39.463V



"Kviahóll heitir hóll upp frá bænum." segir í örnefnalýsingu. Kvíar eru um 10 m sunnan við Kviahól og um 20 m norðan við Sveinsstaðaá. Þær eru 70-80 m suðvestan við syðstu útihúsin í túni Sveinsstaða og túngarð. Kvíarnar eru á grýttum árbakka sem nú er gróinn. Þær eru í skjóli af Kvíhóli að norðan

*Kvíatóft – horft til suðausturs*

en einnig í skjóli að sunnan sökum barðs sunnan við ána.

Kvíarnar eru 10 X 7 m að stærð. Þær eru einfaldar og hlaðnar úr grjóti. Op er nyrst á austurvegg.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** ódagsett og óhöfundargreint blað um Sveinsstaði meðal skjala er varða örnefnaskráningu í Svarfaðardal

**EY-157:011** fjárhústóft

65°45.205N 18°39.714V

500 m sunnan við afréttargirðingu í landi Krosshóls er tóft. Hún er um 80 m norðaustan við 001. Tóftin er á hæð ofan við mýrlendi sem er vestan Skíðadalsár, örlítið neðar en bærinn (001). Þýft er ofan við og sömuleiðis norðar og sunnar.

Tóftin skiptist í 3 hólf og er austur-hólflið með hlöðnum garði. Hún er 15 X 10 m að stærð. Hrúnið er úr veggjum og er hún blásin á stöku stað. Útveggir eru fremur útflattir.

**Hættumat:** engin hættu

**EY-157:012** útihústóft

65°45.210N 18°39.752V

Gróin tóft sem er orðin ill-greinileg er um 20 m suðvestan við 011 og 10 m norðan við 013. Tóftin er á grasivöxnu svæði þar sem eitt sinn var tún en er nú í órækt.

Tóftin er einföld 5 X 4,5 m að stærð. Op er á miðjum austurvegg. Veggir hennar eru alveg signir og grónir og hún er orðin mjög ógreinileg þó vel megi enn merkja að á þessum stað hafi verið kofi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-157:013** fjóstóft 65°45.203N 18°39.772V  
10 m sunnan við 012 og innan við 10 m norðan við bæinn (001) sjást fjósleifar. Tóftin er á bæjarhólnum. Um 20 m ofar er greinilegur túngarður 020 austan í löngum hól sem liggur frá Sveinsstaðaá og til suðurs. Fjósið er á hól ofarlega í túni.


Tóftin er nú hrunin og gróin. Erfitt er að greina nákvæmt lag. Hún hefur þó verið 11 X 4 m að stærð og líklega verið tvískipt. Grjóthleðslur sjást hér og þar í tóftinni sem er mest um 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:014** öskuhaugur óþekkt 65°45.190N 18°39.764V  
Um 10 m beint fram af bænum (001) er lítill hóll eða hæð, fagurgrænn og virðist gróinn öskuhaugur. Fagurgræn hæð sem er um 10 m í þvermál en um 1 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:015** fjárhústóft 65°45.193N 18°39.718V



Fjárhústóft er á hól 15-20 m sunnan við 011 og aðeins neðar (austar). Tóftin er 30-40 m neðan við fjósið (013), á hól í túni sem nú er í órækt.


Tóftin er tvískipt og samtals 12 X 9 m að stærð. Austar er hólf sem snýr austur-vestur. Eftir því endilöngu er garði og op er á miðjum austurvegg. Vestan við þetta hólf er annað sem snýr þvert á það (norður-suður) og virðist það vera hlöduleifar. Austara hólfid er grjóthlaðið.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:016** Bæjarhóll þúst bústaður 65°45.185N 18°39.818V  
Um 15 m sunnan við bæinn (001) er fagurgrænn hóll sem kallaður er Bæjarhóll. Ekki eru þar greinilegar rústir en greinilegt að þar hefur einhvern tíma verið byggt. Fagurgrænn hóll og er dæld er vestarlega í honum (um 5 X 3 m að stærð). Á háhólnum er nú grösugt og eilítið þýft.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:017** útihústóft 65°45.189N 18°39.881V




Fast ofan við 009 og 15 m sunnan við 018 er einföld tóft. Hún er 30-40 m norðan við Sveinsstaðaá og 80 m norðaustan við 010. Fast ofan við tóftina er langur hóll sem afmarkar tún að ofan og túngarður 20 liggur við vesturvegg tóftarinnar. Tóftin er efst í túni sem komið er í órækt.

Tóftin er 8 X 4,5 m að stærð. Op er syðst á austurvegg. Hún er alveg grjóthlaðin að innan og einnig sjást grjóthleðslur að utanverðu í norðurvegg. Tóftin er niðurgráfin í um 0,4 m. Hún er 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:018** fjárhústóft 65°45.197N 18°39.850V



Tóft er beint upp af Bæjarhólnum (001), um 30 m vestan við 001 og um 20 m norðan við 017. Hún er 2 m sunnan við 019. Tóftin er efst í túni sem komið er í órækt.

Sigin og vel gróin tóft. Hún er 8 X 9 m að stærð og viðist skiptast í 4 hólf. Garði er í suðvestasta hólfinu. Grjóthleðslur sjást á stöku stað en tóftin er blásin syðst.

**Hættumat:** engin hætta


**EY-157:019** útihústöft

65°45.201N 18°39.844V

2-3 m norðan við 018 og 10-15 m neðan við kálgarðinn (021) er aflangt útihús. Tóftin er efst í túni, fast neðan við hólinn sem afmarkar tún að ofan. Tóftin er efst í túni sem komið er í órækt.

Tóftin er gróin en þó sést í grjóthleðslur á stöku stað. Hún er 22,5 X 6 m að stærð og er tvískipt. Op er á austurvegg nyrðra og minna hólfsins.


**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:020** garðlag túngarður

65°

Túngarður hefur verið umhverfis tún á Sveinsstöðum. Garðinn má enn sjá ofan við túnið. Hann er hægt að greina á 15 m kafla ofan við 017 en þá verður hann ógreinilegur á um 20 m kafla þar til komið er að 019. Garðurinn liggur samsíða vesturvegg tóftarinnar og heldur svo áfram til norðurs þar sem húsinu sleppir. Hann má greina efst í túni sem komið er í nokkra órækt. Garðurinn er 2 m á breidd en 0,8 m á hæð. Hann er 85 m á lengd.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:021** gerði kálgarður

65°45.217N 18°34.845V

Kálgarður er í hólnum sem afmarkar tún að ofan. Gerðið er á mót austri. Það er 10 m ofan við túngarð (020), nálæga beint ofan við bæ 001 (40-50 m). Grasi vaxinn melhóll.

Gerðið er 11 X 15-16 m að stærð en það er blásið á köflum, sérstaklega suðurveggur.

**Hættumat:** engin hætta


**EY-157:022** útihústöft

65°45.232N 18°39.749V

Tóft er um 40 m suðaustan við 001, 20 m austan og neðan við melhól. Á grasi vöxnu svæði með þúfum ofan og neðan við. Að neðan er mýrarfláki.

Tóftin er sigin og hlaupin í þúfur. Hún skiptist í 4 hölf og er 15 X 6 m að stærð. Ekki er greinilegt hvar dyr hafa verið. Nyrst er allur veggurinn siginn og þar mun hrynja meira úr á næstu árum.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:023** þúst útihús

65°45.242N 18°39.727V

45 m norðan við 001 og 3 m norðvestan við 022 er þýfð hæð þar sem líklegt er að lítil bygging hafi verið þó ekki sé hægt að sjá lögum eða stærð. Mýri (þurr um mitt sumar). Þýft er neðan við hólinn. Þústin þekur um 8 X 5 m svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:024** garðlag óþekkt

65°45.184N 18°39.946V

Fast norðan við Sveinsstaðaá (Bæjará), beint sunnan við efstu hús í túni Sveinsstaða er garðlag meðfram árbakkanum. Garðlagið er á grasivöxnum árbakka. Garðlagið liggur meðfram árbakkanum á um 30 m kafla en í hann eru stór skörð. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnsaga

**EY-157:025** garðlag óþekkt

65°44.778N 18°40.825V

Sunnan við Langhóla og 25 m norðan við Stafnesá (Stafnsá) er garðlag suðaustan í hlið ofan við ána. Garðlagið er í lyngi- og mosavaxinni hlið ofan við Stafnsá þar sem foss er í ánni áður en hún rennur í Skíðadalásá. Mýri er norðan við. Er um 80 m vestan við 026 sem er sunnan við Stafnsá.




Garðlagið er um 1 m á breidd og 0,7 m á hæð. Það er víða úr sér gengið og útl flatt og á einum stað er rof í gegnum það. Er vel gróið mosa og lyngi. Garðlagið liggur annars vegar austur-vestur í 28 m en 10 m vestan við austurenda þess gengur annar garður til norðurs í aflíðandi boga til norðvesturs. Er þessi armur garðsins um 50 m en fjarar út í mýrinni. Ekki er ólíklegt að garðurinn hafi einhvern tíma náð utan um hólinn þar sem stekkurinn (004) er þó ekki sé hægt að greina það nú.

**Hættumat:** engin hætta

EY-157:026 hleðsla rétt

65°44.740N 18°40.764V



"Á grundunum á móts við Stafnsána er gömul fjárrétt hlaðin úr grjóti og á móti henni norðan við Stafnsána er önnur fjárrétt einnig úr grjóti." segir í örnefnalýsingu. Réttin er fast vestan við Skíðadalsá og fast sunnan við Stafnsá. Hún er 1,1 km austan við Stafnsbæinn og nálega á móti við aðra rétt austan við Skíðadalsá (007). Réttin er á sléttum árbakka. Ofar eru melar og hólar.


Skíðadalsá hefur brotið af austasta hluta réttarinnar. Réttin er nú tvískipt og 14 X 21 m að stærð. Syðra hólfið er opið til austurs en það nyrðra til vesturs. Veggir réttarinnar eru um 0,8 m á hæð og breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnsaga

**Heimildir:** ódagsett og óhöfundargreint blað um Sveinsstaði meðal skjala er varða örnefnaskráningu í Svarfaðardal

EY-157:027 tóft óþekkt

65°44.756N 18°40.880V




60-80 m ofan við réttina (026) og 50-70 m sunnan við garðlagið (025) norðan Stafnsár er fornleg tóft á melhól. Tóftin er um 100 m norðaustan við Stafnsbæ (005). Bærinn á Stafni (005) er á hæð en austan við hana er mýrarflói. Austan við flóann er hæðin sem þessi tóft er á. Tóftin er í grunnri lægð (litlum bolla) á toppi gróins melhóls.

Tóftin er alveg gróin. Hún er einföld og 13 X 7 m á hæð. Dyr virðast hafa verið nyrst á austurvegg. Veggir tóftarinnar eru um 1,5 m á breidd en 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-157:028 tóft óþekkt

65°44.770N 18°41.007V



Um 20 m norðan við Stafn (005) er tóft, norðar á sömu hæð. Tóftin er 10-20 m sunnan við Stafnsá og um 50 m sunnan við stekkin (004), aðeins neðar. Hún er á hæðarbrún, fast norðan við tekur við bratti að á.

Tóftin er tvískipt og snýr norður-suður eftir áttavita en skakkt á stefnu dalsins. Hún er 12 X 8 m að stærð og eru dyr á suðurhlið tóftarinnar.


**Hættumat:** engin hætta

**EY-157:029** tóft óþekkt

5 m vestan við Stafn (005) er tóft, sunnan við Stafnsá. Tóftin er í þýfðum mosa- og grasmóa sunnan Stafnsár. Uppi á bæjarhólum. Sunnan við er hár og mikill melhóll sem er gróinn mosa, grasi og lyngi. Tóftin er 9 X 7 m að stærð og er tvískipt. Op er austast á norðurvegg. Veggir eru mest 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

65°44.763N 18°41.045V



**EY-157:030** náma mógrafir

65°44.752N 18°41.169V

Ef fylgt er troðningi/götu frá 005 um 50-60 m í átt að stórum melhól suðaustan við 005 þá verður fyrir mógröf um 5 m vestan við troðning. Neðan við lyngþúfur neðst í melhólum að norðan, í dæld við lítinn hól. Einungis sést ein gröf. Hún er 3 X 3 m og er um 0,7 m djúp.

**Hættumat:** engin hætta


**EY-157:031** gerði óþekkt

65°44.766N 18°41.188V

Um 35 m ofan við 030 og rúmum 100 m suðvestan við 005 er gerði í dæld milli hóla. Gerðið er 30-40 m sunnan við Stafnsá. Í aflíðandi brekku móti norðri.

Gerðið er ferningslaga og snýr norðvestur-suðaustur. Það er 23 m á lengd en vesturveggur er 17 m, austurveggur 15 m. Það er fornlegt og hlaupið í þúfur að miklu leyti. Norður- og suðurhlíðar eru lyngivaxnar og þýfðar en austur- og vesturveggir eru grasi grónir og heillegir. Norður- og suðurveggir virðast að hluta myndaðir úr uppmokstri úr gerðinu.

**Hættumat:** engin hætta




**EY-157:032** hleðsla smalakofi

65°44.619N 18°43.162V

Rúst sem helst líkist smalakofa er 140-150 m innar og ofar á dalnum en 008. Hún er í grösugri dæld.

Kofinn er 2 X 3,5 m að stærð. Grjóthleðslurnar eru nú alveg hrundar inn í kofann og því er nákvæm lögun ógreinileg.

**Hættumat:** engin hætta




**EY-157:033** réttartóft

65°44.609N 18°41.136V

Vesturdalsá klofnar rétt áður en hún rennur út í Skíðadalsá. Sunnan við syðstu ársprænu Vesturdalsár er rétt. Hún er norðan í hæð, 20-30 m ofan við Skíðadalsá.


Réttin er 14 X 7 m að stærð. Hún er hlaðin úr stóru grjóti, nema suðurveggurinn en hann er



myndaður úr hæðinni sunnan við.

**Hættumat:** engin hætta

EY-157:034 gerði kálgarður



65°45.172N 18°39.822V

Gerði er 50 m sunnan og neðan við bæ (001) og 40 m sunnan við Bæjará. Það er í brekku móti suðri (í Bæjarhól).

Gerðið virðist hafa verið kálgarður og er 12 m á breidd. Vesturhlíð kálgarðsins er 10 m að lengd en austurhlíðin er 7 m.

**Hættumat:** engin hætta

## EY-158 Gljúfurárkot



*Bæjartóft Gljúfrárkots – horft til austnorðausturs*

**10 hdr. 1712.** Vallakirkjueign.


1461 er Gljúfrár (ekki Gljúfrárkots) er fyrst getið í heimildum (í máldaga Ólafs Rögnvaldssonar biskups) sem eign Vallakirkju. DI VI, 1461, einnig í Sigurðarregistri 1525 DI IX, 334  
1712 hafði jörðin verið í eyði frá 1707 og líklega lengur sbr. SSE, 90, en var byggð alla 19. öld og fór í eyði 1905.

**EY-158:001** *Gljúfurárkot* bæjarstæði býli

"Bærinn stóð skammt sunnan við Heiðinnamannadal og stutt frá Gljúfurá að sunnan. Skiðadalsá fellur neðan túnsins. Gat oft reynzt allörðugt að komast frá bæ þessum yfir árnar, sem lokuðu leiðum á þrjá vegu, einkum í leysingum á vorin." segir í örnefnalýsingu. Bærinn í Gljúfurárkoti er um 100 m ofan við Skiðadalsá og 150 m sunnan við Merkislæk. Hann er fremur neðarlega í túni sem nú er á kafi í grasi.

Bærinn er merktur með skilti. Hann fór í eyði 1905. Nokkuð hefur hrunið úr hleðslum og eru þær grónar. Grjóthleðslur má sjá á köflum í inn og útveggjum tóftarinnar. Bærinn er 15 X 12 m að stærð. Gangur er eftir honum miðjum (austur-vestur) en beggja vegna við hann eru hólf. Samtals eru 6 hólf merkjanleg. Stæðilegustu hleðslurnar standa enn í um 1,4 m hæð. Lítil hæð eða bæjarhóll er undir tóftinni, um 20 X 20 m að stærð.

65°45.485N 18°38.729V



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 287

**EY-158:002** *Heiðinamannahellir* þjóðsaga 65°44.636N 18°38.626V

"Ofarlega í öxl [Litlfjalls] er Heiðinamannahellir, sem um getur í þjóðsögum. Hrunið er nú fyrir hellisopið, til að sjá virðist þarna standa steinbogi mikill á tveim súlum, allhrikalegur." segir í örnefnalýsingu.

Ekki er um raunverulegan helli að ræða heldur steinboga "sem liggur yfir klettagljúfur, og sýnist til að sjá eins og opinn hellismunni." Árbók Ferðafélagsins, 63-64.

"Heiðinamannahellir heitir hellir nokkur innarlega í Skíðadal. Þar lá á sú trú að jötunn einn byggði. Krosshóll heitir bæ innarlega í Skíðadal. Eitt haust er sagt að þangað kæmi kýr sem enginn þekkti. Bóndinn tekur kúna, elur hana um veturinn og skoðar sem sína eigin. Eina nótt um vorið vaknar bóndi við það að hann heyrir hlátur mikinn og stórkaralegan. Hann ris upp og lítur út um glugga og sér hvar jötunn einn mikill fer og hefur kú þá á baki sér sem bóndi hafði alið um veturinn. Hlær jötuninn gríðarlega og heyrir bóndi að hann er hróðugur yfir því að bóndinn skyldi hafa alið fyrir hann kúnna heilan vetur, og haft ekki neitt fyrir. Síðar er sagt, þegar einhver hlær mjög hátt, að hann hlæi Krosshólshlátur. Eitt sinn tóku nokkrir sveitamenn sig saman og fóru til Heiðinamannahellis og vildu kanna hann. Þegar þeir komu inn í hellinn, urðu fyrir þeim grindur, sáu þeir geit bundna við grindurnar og vildu leysa hana. Heyrðu þeir þá að kallað var innan úr hellinum: "Látið þið kyrra kiðu mína." Við það urðu mennirnir hræddir, því röddin var ógurleg, og hlupu þeir á brott." Gríma hin nýja V

**Heimildir:** Ö-Svarf, 287, Árbók Ferðafélagsins 1990, 63-64 og Gríma hin nýja V, 165


**EY-158:003** *Kambur* heimild um leið 65°45.485N 18°38.729V

"Yzt á Heiðinamannadal, upp af Tungubrún, er hjalli sá, er Kambur nefnist. Lá um hann gönguleið, sem oft var farin milli Skíðadals og Hörgárdals, og komu menn þá niður að Sörlatungu í Skriðuhreppi. Haustið 1932 var rekið sláturfé þessa leið til Akureyrar." segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá frá bænum en ekki eru merki um hana greinileg nú. Melar grónir mosa og lyngi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 287

**EY-158:004** útihústöft 65°45.482N 18°38.712V




Ofan við bæinn er mjótt sund en 1 m ofan við bæjarvegginn er útihústöft. Tóftin er í túni sem nú er á kafi í grasi.

Tóftin snýr norður-suður. Hún er 8 X 3,5-4 m að stærð og op er á miðjum vesturvegg hennar. Hún er grjóthlaðin að innan og 0,7 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-158:005** gerði kálgarður 65°45.482N 18°38.730V



Fast sunnan við bæinn (001) er gerði. Það er í túni sem nú er á kafi í grasi.

Gerðið er 16 X 9 m að stærð. Grjóthleðslur sjást á köflum bæði að innan og utan. Hleðsluhæð mest 0,6 m.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-158:006** hleðsla óþekkt 65°45.502N 18°38.707V

Um 20 m norðan við vesturenda bæjarhólsins eru hleðsluleifar sem gætu verið leifar útihúss. Tóftin er í dæld milli tveggja hæða, 30 m suðaustan við kálgarð (016) og 40 m neðan við 007. Hleðslan er í dæld sem virðist þurr árfarvegur eða a.m.k. lítur úr eins og áin hafi stundum brotið sér leið þar niður.

Ekki er hægt að greina lögum tóftarinnar en hleðsluleifar um 2 m á lengd sjást í grasverðinum á

einum stað. Vestan við hleðsluna er þýft.

**Hættumat:** engin hætta


**EY-158:007** útihústöft

Um 20 m norðaustan við norðausturhorn bæjarins (001) og 40 m ofan við 006 er tóft í sömu lögð. Tóftin er í dæld sem virðist þurr árfarvegur eða a.m.k. lítur úr eins og áin hafi stundum brotið sér leið þar niður.

Tóftin er einföld með opi bæði á vesturhlið og suðurhlið og garðlagi (upphækkun) austan við. Alls er tóftin 10 X 17 m að stærð og sjást grjóthleðslur víða í henni.

**Hættumat:** engin hætta

65°45.481N 18°38.693V




**EY-158:008** útihústöft

Um 30 m ofan við 005 og 30 m sunnan við 007 er lítil útihústöft í túni. Í túni sem nú er á kafi í grasi. Tóftin er 4,5 X 5 m að stærð, einföld og gróin. Ekki er hægt að sjá hvar op hefur verið á henni.

**Hættumat:** engin hætta

65°45.467N 18°38.707V




**EY-158:009** fjárhústöft

Fjárhústöft er efst í túni, um 80 m beint ofan við 008. Tóftin er 10 m neðan við túngarð (017). Í túni sem nú er á kafi í grasi.

Tóftin er tvískipt, 11 X 6 m að stærð. Op er á miðjum vesturvegg hennar og einnig milli hólfanna veggja. Vestar er sjálft fjárhúsið sem er grjóthlaðið að innan og með garða eftir miðju en inn (austur) af því er hlaða eða heytóft.

**Hættumat:** engin hætta

65°45.450N 18°38.638V




**EY-158:010** kvíatóft

Fast norðvestan við þar sem túngarðurinn (017) fjarar út er grjóthlaðin tóft sem virðist hafa verið kvíar eða rétt í túnjaðri. Tóftin er um 100 m norðaustan við bæ og 60-80 m norðan við 009. Hún er 40 m sunnan við á. Í túni sem nú er á kafi í grasi, tóftin er á nesi út í ána.


Réttin er 10,5 X 5,5 m að stærð. Hún er tvískipt en samfast henni er þriðja hólfnið sunnan við.

**Hættumat:** engin hætta

65°45.475N 18°38.603V



**EY-158:011** útihústöft



65°45.485N 18°38.607V

15 m norðvestur af 010 er útihústöft. Hún er norðaustarlega í túni sem komið er í órækt. Í túni sem nú er á kafi í grasi, tóftin er á nesi út í ána.


Tóftin snýr austur-vestur. Op er á vesturvegg hennar. Hún er 11,5 X 6 m að stærð og er tvískipt. Greinilegt hólf er austar en vestar ógreinileg upphækkun, e.t.v. heytóft. Veggir eru

1,5 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

EY-158:012 fjárhústóft

65°45.489N 18°38.601V




Um 7 m norðan við 011 er önnur tóft á sama nesi. Í túni sem nú er á kafi í grasi, tóftin er á nesi út í ána.

Tóftin er tvískipt og 12,5 X 6,5 m að stærð. Tvö op eru á vesturvegg hennar. Vestara hólfíð er sjálft fjárhúsið en í því er gróinn garði eftir endilöngu. Austar er heytóft/hlaða. Grjóthleðslur sjást í suðurvegg innanverðum.

**Hættumat:** engin hætta

EY-158:013 útihústóft

65°45.489N 18°38.582V



4 m norðaustan við norðausturhorn 012 er önnur útihústóft, austast á sama tanga. Fast austan við er bratti niður að grýttum árbakka. Tóftin er um 15 m suðvestan við á. Hún er 30-40 m norðnorðvestan við réttina.


Í túni sem nú er á kafi í grasi, tóftin er á nesi út í ána.

Tóftin er 6 X 6 m að stærð. Op er á vesturvegg hennar. Austurveggurinn er horfinn og líklega hruninn niður brekkuna austan við. Veggir eru mest um 2 m á breidd en 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-158:014 fjárhústóft

65°45.518N 18°38.628V




40 m neðan (vestan) við 013 og 30 m suðaustan við kálgarð (016) er fjárhústóft. Hún er 100-150 m beint norður af bæ (001) og 40-50 m sunnan við á. Í túni sem nú er á kafi í grasi. Túnið nær um 5 m lengra til norðurs en svo tekur við snarbrött brekka að á.

Tóftin er tvískipt og 10 X 9,5 m að stærð. Sjálf fjárhúsið snýr austur-vestur og í því er hruninn garði eftir endilöngu. Austur af fjárhúsinu er annað hólf sem snýr þvert á það og þar hefur verið hlaða/heytóft.

**Hættumat:** engin hætta

EY-158:015 útihústóft

65°45.538N 18°38.686V




Útihústóft er 50-60 m beint neðan við 014 og 10 m norðvestan við hólinn sem 016 er í. Hún er neðsta tóftin í túninu norðarlega, 20-25 m norðan við þurran árfarveg þar sem 006 og 007 eru. Í túni sem nú er á kafi í grasi.

Tóftin virðist þrískipt. Hún er 7,5 X 7 m að stærð. Grjóthleðslur sjást í vestasta hólfinu en annars er tóftin mjög gróin. Veggir hennar eru mest 0,8 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-158:016 gerði kálgarður

65°45.525N 18°38.695V



Nokkur garðlög eru sunnan og austan í hól sem er norðan við þurran árfarveg í túni (þar sem 006 og 007 eru). Gerðið er um 30 m norðvestan við 006 og 50-60 m norðvestan við bæ (001). Á grónum melhól í túni sem nú er á kafi í grasi.

Gerðið samanstendur af ólögulegum ferningi (13 X 10 m) og garðlagi austar sem er 13 X 7 m.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-158:017** garðlag túngarður

65°45.490N 18°38.323V

Túngarður hefur verið umhverfis tún í Gljúfurárkoti og hann sést sunnan og ofan við bæinn (001). Túngarðurinn er fyrst merkjanlegur sunnan við bæ og 10 m ofan við Skíðadalsá. Þar er garðurinn um 20 m norðar en að vera til móts við girðingu sem liggur norður-suður í hlíðinni vestan megin við Skíðadalsá. Garðurinn liggur í jaðri túns sem nú er á kafi í grasi.


Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er mjög misgreinilegur. Víðast er hann 0,2-0,4 m á hæð en fyrir ofan tún hefur hann á kafla einnig gegnt hlutverki varnargarðs og þar er hann 0,8 m á hæð. Garðurinn er samtals um 290 m að lengd.

**Hættumat:** engin hætta**EY-158:018** gerði kálgarður

65°45.483N 18°38.789V

Um 40 m ofan við Skíðadalsá, fast norðan við túngarð (017) er gerði. Gerðið er á sléttlendi en byggt upp að hæð að norðan. Sunnan við gerðið er gróinn árfarvegur en norðan við tún.

Ekki er norðurveggur á gerðinu. Það er byggt upp í hæð að norðan og túngarður myndar suðurvegginn. Einu veggirnir sem hafa verið sérstaklega byggðir til að mynda mannvirkid eru austur og vesturhlíðar. Gerðið er 12 X 6 m að stærð.


**Hættumat:** engin hætta**EY-158:019** renna áveita

65°45.465N 18°38.700V

120-130 m ofan við Skíðadalsá er áveituskurður frá túngarði og í norðausturátt um túnið. Hann endar 8 m suðaustan við 008. Áveitan er í túni sem nú er á kafi í grasi. Skurðurinn er 43 m á lengd, dýpt 0,8 m.

**Hættumat:** engin hætta**EY-158:020** réttartóft

65°45.432N 18°38.642V



20-30 m suðaustan við túngarð (013) er rétt. Hún er rétt sunnan og ofan við tún. Umhverfis réttina er grýtt og svo virðist sem áin hafi stundum rutt sér leið niður á þessum stað. 30-40 m sunnar er hæð/barð upp af farveginum.

*Réttartóft – horft til norðnorðausturs*

Réttin skiptist í 3 hólf og er samtals um 22 m á lengd en 14 m á breidd. Op er á suður- og vesturveggjum hennar. Hún er byggð upp við barð sunnan við og því eru suðurveggur mun umfangsminni en aðrir hlutar réttarinnar. Breidd veggja er 1,5-2 m en hæð 0,7 m.

**Hættumat:** engin hætta**EY-158:021** renna áveita

65°45.476N 18°38.691V


Annar áveituskurður (en 019) er í túni ofan við bæ (001). Til norðurs endar hann í árfarvegi um 8 m sunnan við 007 en til suðurs 2-3 m ofan við kofann (008). Hann er 4-5 m norðvestan við 019 (norðurenda hans). Áveitan er í túni sem nú er á kafi í grasi. Skurðurinn er um 20 m á lengd, dýpt 0,8 m.

**Hættumat:** engin hætta



EY-158:022 tóft óþekkt

65°45.569N 18°38.724V



150 m norðan og neðan við bæ (001), utan og neðan við tún er ferhyrnt gerði sem er að mestu hlaupið í þúfur. Gerðið er á árbakka sem nær um 10 m lengra til vesturs áður en snarbrött brekka tekur við niður að á.

Gerðið er að mestu hlaupið í þúfur og veggir þess eru alveg útflattir og grónir. Það er 11 X 10 m að stærð og þýft er inni í því. Veggir eru um 2 m á breidd en 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hættu

## EY-159 Hóláarkot

10 hdr. 1712.


Urðakirkjujörð.

Einnig Hólaá. 1712

hafði jörðin verið í eyði frá 1703 og þá nýttuð frá Krosshóli.

Fór í eyði 1926 og er jörðin nú lögð til afreittar hreppsins.

1917: 2.34 ha. 1/3 slétt. Engir garðar.




EY-159:001 Hóláarkot bæjarhóll bústaður

65°46.537N 18°36.891V



*Hóláarkotsbær – horft til norðausturs*

Rústir Hóláarkotsbæjar eru 160-180 m austan við Skiðadalsá og um 100 m sunnan við Langhól. Bærinn er



efst í túni, nálega beint á móti gamla Krosshólsbænum (EY-156:001). Neðan við eru grasi vaxin, fagurgræn og smápýfð tún. Sunnar er grasivaxið deiglendi en ofar þýfðir hólar.


Tóftinni hefur verið rutt til. Bæjarhóllinn er greinilegur, 25 X 16 m að stærð, en um 1 m á hæð. Sjálf bæjartóftin er nú 14 X 17 m og mest 1,3 m á hæð. Skilti hefur staðið í bæjartóftinni en það er nú fallið og máð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-159:002** útihústóft

65°46.537N 18°36.861V



Fast ofan og utan við bæjarhól er annar hóll (Kvíahóll) og á honum, um 10 m frá bænum (001) er útihústóft. Útihús þetta er merkt inn á túnakort frá 1917. Tóftin er 15 m suðvestan við 003. Tóftin er á fagurgrænum ræktarlegum hól. Neðst í Kvíahól sem tekur við ofan við bæ (001).


Veggir tóftarinnar eru að töluverðu leyti hrundir inn í hana og grónir. Hóllinn er á er 22 X 28 m að stærð og nær tóftin yfir mestan hluta hans. Hún er 18 X 15 m að stærð og virðist hafa skipst í 4 hólf. Grjót sést á stöku stað. Tóftin er mest 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-159:003** fjárhústóft

65°46.549N 18°36.818V



Fjárhús, sem merkt eru inn á túnakort frá 1917, eru 15 m norðaustan við 002 og 45 m norðaustan við bæ (001). Þau eru 30-40 m sunnan við Langhól. Fjárhúsin eru neðst og nyrst í Kvíahól, nálega í sundi sem er á milli hólsins og Langhóls. Neðar er deiglend tún.


Sjálf tóftin snýr austur-vestur. Hún er þrískipt því einnig virðist hafa verið heystæði sunnan hennar sem snýr þvert á hin hólfín (þ.e. norður-suður í stað austur-vestur). Samtals er tóftin 13 X 13 m að stærð. Op hefur verið á vesturvegg. Vestara hólfíð er með garða en austur af því er annað einfalt hólf. Vestasta hólfíð er grjóthlaðið að innan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-159:004** útihústóft

65°46.560N 18°36.906V



Útihús, sem merkt er inn á túnakort frá 1917, er um 30 m norður og niður frá bæ (001). Það er um 50 m niður af 003 og aðeins innar. Slétt grasflöt, deiglend á köflum.

Óskýr tóft, alveg sigrin og hrunin á köflum, aðallega vesturhlið. Tóftin er 10 X 10 m að stærð og op hefur verið á vesturhlið hennar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-159:005** útihústöft


65°46.565N 18°37.053V

Útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917 er 130 m neðan (austan) við bæinn (001) og 30 m norðan við 017. Það er 20 m vestan við Skíðadalsá. Útihúsið er neðst í gamla túninu sem er grösugt en orðið nokkuð þýft. Vestan tóftarinnar er halli niður að grösugum árbakkanum. Hólmi er á ánni til móts við tóftina.

Tóftin er tvískipt og 15 X 8 m að stærð. Möguleiki er á því að þriðja hólfið hafi verið norðan við sjálfa tóftina en það er þó nær alveg hlaupið í þúfur. Syðsta hólfið er skýrast og í því eru grjóthleðslur. Op hefur verið á hólfið norðarlega á austurvegg en fleiri op eru ekki merkjanleg á tóftinni. Nyrðra hólfið er signara og grónara og gæti hafa verið hlaða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



**EY-159:006** Kviahól kvíatóft


65°46.516N 18°36.820V

"Skammt ofan við túnið er Kviahóll." segir í örnefnalýsingu. Kvíatóft er neðst og syðst í hólnum, 40-50 m ofan við bæ (001). Bæjarlækur rennur um 20 m sunnan við tóftina. Tóftin er í aflíðandi brekku, í brekkurótum.

Kvíarnar eru einungis eitt hól. Þær eru að hluta niðurgrafnar, hæð innanfrá er 0,8 m en að utan er tóftin einungis um 0,3 m. Kvíarnar snúa austur-vestur og er op á þeim vestast á suðurvegg. Þær eru grjóthlaðnar að innan en grjótið hefur mikið hrunið inn í tóftina, sérstaklega er austurveggurinn illa farinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 286



**EY-159:007** Gamlistekkur stekkjartóft


65°46.458N 18°37.029V

"Suður frá Undirvelli eru Bakkarnir, ofan við þá Engjaholt og litlu sunnar Stekkjarmelur. Rústir litlu sunnar heita Gamlistekkur." segir í örnefnalýsingu. Tæplega 300 m sunnan við bæ (001) og örlítið neðar (vestar) er stekkjartóft. Hún er um 40 m suðsuðvestan við vesturenda Stekkjarhóls og um 100 m ofan við Skíðaldalsá. Stekkurinn er á grasi gróinni og deiglendri sléttu. Umhverfis er mýri. Ofan við eru móar og holt með sundum á milli.

Stekkurinn er vel greinilegur þó hann sé nokkuð hruninn. Hann hefur verið stór (14 X 16 m) og upprunalega skipst í 2 hól. Austara hólfið er þó illgreinanlegt nú. Grjóthleðslur sjást að innan. Hæð veggja eru mest 0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 286




EY-159:008 Kot bæjarstæði býli



Rústir Kots – Horft til suðvesturs

65°46.741N 18°36.698V

"Nafnlausir smáhólar með mýrarsundum á milli eru [frá Langhóli] út að svonefndu Koti, en þar stóð býli einhvern tíma, og telja sumir að þar hafi heitið Hólakot eða Hólsárkot. Munnmæli herma, að Sigurður bóndi þar, hafi hengt sig í Hólárgili, en býlið lagzt í eyði sökum reimleika eftir atburð þennan. Neðan við þessar kofatóftir heitir Flötur, og sjást þar umhverfis greinilegar túngarðsleifar. Norðan til við garðbrot þessi rennur Kotslækur, skammt að kominn, því hann sprettur upp skammt ofan við tóftirnar. Vatnið er talið með afbrigðum gott." segir í örnefnalýsingu.



Næstum beint á móts við Hverhól eða um 100 m sunnar er Kot. Bæjartóftin er 250 m norðan við Langhól og 400 m norðan við bæ (001). Hún er um 80 m austan við Skíðadalsá en vallargarður er umhverfis túnið og nær hann niður að á. Umlykur hann túnið nema vestast, við ána. Bærinn er suðaustast í túninu.

Innan vallargarðs eru fremur slétt, grasi vaxin tún. Sunnar eru lyngivaxnar hæðir og ofar lyngivaxinn bratti. Norðar er grasivaxið deiglendi.

Bæjartóftin er 20 X 12 m að stærð og virðist hafa skipst í um 4 hólf. Tóftin er nú hrunin og gróin. Tvö op eru á vesturvegg. Í suðvesturhorni vallargarðsins er þríhyrnt gerði (10 X 12 X 10 m). Túnið er um 85 m í þvermál og vallargarður umhverfis. Við ána eru 3-4 þústir.

**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ó-Svarf, 286

EY-159:009 tóftir

65°46.969N 18°36.532V

"Norður við Hólá sést móta fyrir tóftum, sem sumir telja að kunni að vera eftir býli, en hæpið er að svo sé, og nafnlaus er sá staður." segir í örnefnalýsingu. Þúst er 30-40 m ofan við Skíðadalsá og um 40 m sunnan við girðingu sem liggur upp fjallið. Þýfð hæð, neðan við lækkar landið ört að ánni. Sunnan Hólár er þýfð og grasivaxin hæð en tóftirnar eru hlaupnar í þúfur.

Tóftirnar eru hlaupnar í þúfur en hólinn er 20-25 X 14 m að stærð en aðeins um 0,3 m á hæð. Um 20 m ofan við þær er annar hóll stórbýfður sem gæti verið mannvirkjaleifar en sýnu minni tóftarmynd er á þeim en þeim neðri. Girðing liggur norðan í hólnum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 286

**EY-159:010** *Hólárdalur* heimild um leið

65°46.957N 18°36.404V

"Fyrir á árum var algengt að Skíðdælingar stytta sér leið til Akureyrar með því að ganga Hólárdal, en sé upp úr botni hans farið, er skammt til bæjar í Hörgárdal utanverðum (Skríðu, Dagverðartungu)." segir í örnefnalýsingu. "Ekki var þó farið með hesta þá leið." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Leiðin var farin upp með Hólá og inn dalinn upp botninn og yfir í Hörgárdal. Grasi vaxinn fjallshlíð. Enginn slóði sést við gilið eða sunnan þess en leiðin hefur legið þar í námunda.

**Heimildir:** Ö-Svarf, 286; BE 1990, 206.

**EY-159:011** hleðsla brú

65°47.010N 18°36.477V

Steinhlaðin brú var á Hólsá, um 100 m ofan við göngubrú úr timbri sem nú er á ánni, og 150 m ofan við Skíðadalsá. Klettur er beggja vegna við Hólsá og er áin um 4 m að breidd þar.

Hleðslur eru beggja vegna árinna. Þær eru um 1,3 m á breidd en 1,6 m á hæð. Þær eru um 1 m á lengd beggja vegna.

**Hættumat:** engin hætta



*Brúarhleðsla – horft til norðvesturs*

**EY-159:012** náma mógrafir

65°46.466N 18°36.504V

20 m ofan við syðri enda 009 og 5 m utan við litla lækjarsprænu sem rennur niður hlíðina er svarðargröf. Gröfin er 7 m sunnan við suðurenda hóls. Hún er á deiglandu sléttlendi þar sem áður var mýri.

Gröfin er mjög greinileg og er 4 X 1,5 m að stærð en 0,7 m á dýpt. Hún er gróin.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-159:013** garðlag óþekkt

65°46.911N 18°36.431V

Miðja vegu milli Kots 008 og Holsár er garðlag sem liggur austur-vestur í hlíðinni. Garðurinn er nú mjög ógreinilegur og sést hann illa nema helst þegar staðið er vestan Skíðadalsár. Garðlagið er 50-60 m norðan við vesturenda Stórhóls. Nær yfir mela og mýrarfláka.

Garðurinn er slitróttur og sést illa á kafla en samtals nær hann yfir um 300 m bil. Hann er 1,5-1,8 m á breidd en 0,2 m á hæð og er gróinn lyngi.


**Hættumat:** engin hætta

**EY-159:014** þúst heytóft

65°46.677N 18°36.776V


50 m sunnan við syðri túngarð Kots (008) og þúst sem helst líkist heytóft. Þústin er í sundi milli hóla og er mýrlendi í kring. Annars eru þýfðir lyngivaxnir melar í kring. Þústin er 5 X 4 m að stærð, einföld í lögun.

**Hættumat:** engin hætta



EY-159:015 gerði kálgarður

65°46.608N 18°36.833V




100-120 m norðan við bæ (001), sunnan í Langhól er gerði. Kálgarðurinn er í halla móti suðri. Hann er 25 X 16 m að stærð og alveg gróið. Því er hins vegar skipt með grjóthlöðnum garði.

**Hættumat:** engin hætta

EY-159:016 gerði kálgarður

65°46.597N 18°36.823V




10 m austan við 015 í Langhól, 100-120 m beint sunnan við bæ (001) er gerði. Í lyngivöxnum mel.

Gerðið er langt og mjótt eða 16 X 4 m að stærð. Veggir eru 0,9 m á breidd en 0,3 m á hæð. Kálgarðurinn er að mestu vaxinn lyngi nema í brekkurótum þar sem hann er grasi vaxinn.

**Hættumat:** engin hætta

EY-159:017 útihústöft

65°46.537N 18°37.050V



30 m sunnan við 005 og um 140 m austan (örlítið sunnar) við bæ (001) er gróin tóft neðst í túni. Hún er 40 m ofan við á. Tóftin stendur í grasi vöxnu túni.

Tóftin er tvískipt, ferhyrnd og snýr norður-suður. Hún er 16 X 8 m að stærð. Í nyrðra hólfinu er mikið þúfnakraðak sem virðist vera síðustu leifar garða sem þar hefur verið. Tóftin er alveg gróin og engar grjóthleðslur sjást. Op er nyrst á vesturvegg. Veggir eru gróinir, 1,5 m á breidd en mest 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-159:018 garðlag túngarður


65°46.564N 18°36.907V

Túngarður hefur verið umhverfis tún í Hólárkoti og sjást leifar hans á köflum í kringum það. Hann er vel greinilegur norðan við 004 og niður með túninu, liggur norðvestur-suðaustur. Garðurinn liggur í túnjaðri en utan við er deiglent. Hann er merkjanlegur á 115 m kafla samfelld en einnig má merkja hann slitrótt á nokkrum stöðum. Garðurinn er alveg gróinn, 0,8 m á breidd og 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-159:019 þúst óþekkt

65°46.624N 18°36.998V



Lítill, einföld þúst er um 150 m neðan við kálgarðinn (016). 40-60 m sunnan við 005. Þústin er á hæð. Mýri er norðan við. Þústin er 6 X 5 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

## EY-160

### Klængshóll

20 hdr. 1712.

Hólastólsjörð.

Einnig

Blængshóll.

03.12. 1429 færir

Höskuldur

Árnason Ólafi

biskupi á Hólnum

og Hólakirkju

jörðina

(Blængshól) til

fullrar eignar "og

lofar þar til

tuttugu

hundraðum í

fullgildis

peningum fyrir

Michaelsmessu,

fyrir þær sakir að

hann sór rangan

bókareid með

Bjarna Ólafssyni

og fyrir óhlýðni

og þrjúzku við

biskupinn í

langan tíma" DI

VII, 150-151

1525 er bærinn

talinn upp sem

eign Hólakirkju í

Sigurðarregistri

(DI IX, 301)

1550 er

Klængshóll

(Blængzhol)

talinn með

eignum Hólastóls.


"Med Blængzholi

.iij kuguillde. landskyllde .j. c. og dagslatta. DI XI, 867

1569 kemur fram í reikningi Hólastóls að landskuld er 3 ær og 12 aurar. DI XV, 227


Blængs(hóls)gerði var hjáleiga á 19. öld.

1917: 5.8 ha. 7/8 slétt. Garðar 550 m<sup>2</sup>. 1990: "Túnið liggur með árbakkanum nokkurn spöl til beggja handa frá bænum séð." BE 1990, 206





EY-160:001 Klængshóll bæjarhóll bústaður 65°47.869N 18°36.311V



Bæjartóft Klængshóls – horf til suðvesturs

"Sunnan við Tungu er Bæjarhóllinn, beint niður frá bænum." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn var 20-30 m suðaustan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Klængshóli. Enn má sjá leifar fjóss sem samfast var bænum og kálgarðs sem einnig var fastur við bæinn. Á lágrí og mjög aflíðandi hæð. Hún á kafi í sinu, stórt reynitré stendur sunnan við fjósið.

Innangengt var úr gamla bænum í fjósið. Það stendur enn og er um 7,5 m að breidd en 23 m á lengd. Svo virðist sem vesturveggur þess hafi verið steypur en aðrir veggir eru úr torfi og grjóti. Breidd veggja er víðast allt að 3 m en hæð 1,6 m. Grjóthleðslur ná í um 1,3-1,4 m hæð en svo er tyrft ofan á (0,5 m). Fjósið er einfalt og er 10-15 m austan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Klængshól. Fast sunnan við fjósið eru kálgarðsleifar sem eru 9 X 8 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Svarf, 283

EY-160:002 heimild um fjós

65°47.875N 18°36.292V

Útihús var 4 m ofan við bæinn (001) samkvæmt túnakorti frá 1917. Útihúsið náði lengra til norðurs en bærinn (001). Á þessum stað var fjós áður en fjósið sem var sambyggt bænum (sbr. 001) var byggt. Grasi gróin flöt.

Upphaflega var fjóshlaða á þessum stað en síðar var byggður braggi og sjást ummerki hans enn. Grunnur braggans er 7 X 12 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-160:003 Hólhús heimild um fjárhús

65°47.879N 18°36.283V

"Syðst og efst í túninu er Hesthúsgerði. Norðan við það er Syðstahúshryggur og enn norðar Hólhús. Á þeim hólí standa fjárhús, sem Hólhús nefnast." segir í örnefnalýsingu. Útihús var um 20 m norðaustan við gamla bæinn (001) samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað voru fjárhús, nefnd Hólhús. Síðar voru steypst stór fjárhús á sama stað og var þá eldri leifum rutt alveg út. Húsin eru um 40 m ofan við íbúðarhúsið á Klængshóli. Þau stóðu á grasi vöxnum hól.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 283

EY-160:004 heimild um útihús

65°47.876N 18°36.213V

Útihús var rúmlega 50 m ofar og örlítið utar en gamli bærinn (001) samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið

var 50-60 m suðsuðaustan við kálgarð (029). Það var 5 m vestan við túngarð og var nefnt Kvíaból. Húsið var beint norðan við 005.

Útihúsið hefur verið á svipuðum stað og nú er steypur grunnur (bragga) ofan við útihúskofa. Húsin hafa verið um 20 m sunnan við bæjarlækinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-160:005** *Syðstahús* fjárhústóft

65°47.854N 18°36.230V


"Syðst og efst í túninu er Hesthúsgerði. Norðan við það er Syðstahúshryggur ..." segir í örnefnalýsingu. Útihúsið á Syðstahúshrygg er um 60 m suðaustan við gamla bæinn (001) samkvæmt túnakort frá 1917.

Tóftin er á hæð, um 5 m sunnan við lækjarsprænu sem rennur fast norðan við fjósið (001). Grasi vaxið aflíðandi svæði.

Tóftin er tvískipt, um 17 m á lengd en 6 m á breidd. Fast sunnan við hana er dæld, hugsanleg heytóft. Hún er grjóthlaðin að innan en gróin að utan. Hún er 1,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283



**EY-160:006** *Hesthúsgerði* hesthústóft

65°47.831N 18°36.223V


"Syðst og efst í túninu er Hesthúsgerði." segir í örnefnalýsingu. Enn sjást leifar hesthúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917 meira en 100 m suðaustan við 001. Útihúsið er um 40 m sunnan (og örlítið ofar) en 005.

Húsið stendur á hæð sem er á kafi í sinu ofan við sléttuð tún.

Húsið er einfalt og lítið eða 6,5 X 7 m að stærð. Op er á vesturvegg. Veggir þess eru að miklu leyti hrundir inn í tóftina og grónir. Í vesturvegg má greina grjóthleðslu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 283



**EY-160:007** heimild um útihús

65°47.963N 18°36.393V

Um 220 m norðaustan við 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það var um 130 m suðvestan við 008. Sléttuð tún í námunda við bæjarlækinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-160:008** *Syðrahúsgerði* heimild um útihús

65°47.973N 18°36.314V

"Litlu ofar [en Klængshólskot - 014] eru Kvíagerði og utar Syðrahúsgerði, ..." segir í örnefnalýsingu. Syðrahúsgerði var rétt neðan við heimreiðina að Klængshóli, við efstu tún og um 220 m norðan við 001 samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað er nú lítil hæð. Umhverfis eru sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 283

**EY-160:009** náma mógrafir

65°47.650N 18°36.367V

Mógrafir voru 20-30 m suðvestan við stekk (020), fast ofan við skurð sem afmarkar tún vestan við. Ofan við grafirnar er um 50 m deiglendi að fjallsrótum. Neðan við þær er skurður og ræktuð tún. Grafirnar eru um 40 X 10 m stórar og 0,5 m að dýpt. Þær eru grónar.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**EY-160:010** frásögn mógrafir


65°47.830N 18°36.452V

Svarðargrafir voru þar sem nú eru framræst tún 70-80 m ofan við Réttarhól (012 og 013). Sléttuð tún en nokkrar dældir eru í það á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-160:011** tóft óþekkt

65°47.828N 18°36.142V



Ferningslaga tóft er um 10 m neðan við fjallgirðingu og 30-40 m ofan við 006. Tóftin er á aflíðandi bakka fremur sléttum. Umhverfis er þýfð og sinuvaxin fjallshlíð. Um 10 m utar er lækjarspræna.

Tóftin er einföld, ferhyrnd og 7 X 7 m að stærð. Veggir hennar eru útflattir og um 0,3 m á hæð en 1,3 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-160:012** Réttarhóll heimild um rétt

65°47.842N 18°36.601V

"Syðst á Niðurvelli er Réttarhóll. Dregur hann nafn af fjárrétt, er stóð í hvamminum neðan við hólinn (Réttarhvamm)." segir í örnefnalýsingu. Þar segir enn fremur: "Gömul munnmæli herma, að eitt sinn hafi Klængur nokkur búið á Klængshóli, ásamt konu sinni, sem ekki er nafngreind. Er sagt, að hún sé að eigin ósk grafin í hólinn og með henni ýmsir munir og peningakútur. Vildi kerling þannig staðsett vera, að hún sæi sem best yfir." Neðan við Réttarhól er Réttarhvammur sem er beint upp af Skíðadalsá. Neðan við eru tún. Hvammurinn er smáþýfður en ekki sjást réttarhleðslur í honum.

Erna Kristjánsdóttir mundi ekki eftir rétt í hvamminum sem vissulega er tilvalin staðsetning fyrir rétt. Hvammurinn er 20-25 X 40-50 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

**EY-160:013** þjóðsaga legstaður

65°47.851N 18°36.556V



"Syðst á Niðurvelli er Réttarhóll. Dregur hann nafn af fjárrétt, er stóð í hvamminum neðan við hólinn (Réttarhvamm). Gömul munnmæli herma, að eitt sinn hafi Klængur nokkur búið á Klængshóli, ásamt konu sinni, sem ekki er nafngreind. Er sagt, að hún sé að eigin ósk grafin í hólinn og með henni ýmsir munir og peningakútur. Vildi kerling þannig staðsett vera, að hún sæi sem best yfir."


segir í örnefnalýsingu. Réttarhóll er um 190 m neðan við íbúðarhúsið á Klængshól en sjálft gerðið ríflega 200 m. Hóllinn er fast ofan við Skíðadalsá. Neðan við eru tún. Gerðið er sunnan í hólnum en sunnan við það er snarbratt niður að Skíðadalsá. Að norðvestan er Réttarballi. Austan við gerðið eru sléttuð tún. Hóllinn er fremur sléttur en sinuvaxinn

Hóllinn er fremur sléttur, sinuvaxinn en á honum er kálgarður. Gerðið er 22 m á lengd en mest um 14 m á breidd. Enginn suðurveggur er á því. Gerðið er mest um 1 m á breidd en 0,9 m á hæð.

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

**EY-160:014** kvíatóft

65°47.869N 18°36.177V



"Hraunhóll er neðan við Fossa, síðan þrjár Kvíhólar, Efsti-, Mið- og Neðsti-Kvíhóll. Sunnan þeirra voru kvíærnar "bældar" og heitir þar því Fjárnabæli." segir í örnefnalýsingu. Tóftin er 30-40 m ofan við 004 og aðeins utar. Tóftin

er 5 m sunnan við bæjarlækinn og rétt ofan við túnmörk. Hún er á grasi vöxnu, aflíðandi bletti ofan við tún. 15 m sunnan við tóftina er lækjarspræna. Talsvert grjóthrun er á þessum stað.

Tóftin snýr austur-vestur og er tvískipt. Hún er 13,5 X 4 m að stærð. Op er vestarlega á suðurvegg minna hólsins en ekki er greinilegt op á milli hólfanna tveggja. Grjóthleðslur eru inni tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-160:015** *Kvíagerði* heimild um kvíar 65°47.973N 18°36.403V  
"Litlu ofar [en Klængshólskot - 014] eru Kvíagerði ..." segir í örnefnalýsingu. Kvíagerði var áður rétt norðan við 007. Sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

**EY-160:016** garðlag túngarður 65°47.962N 18°36.211V  
Torfhlaðinn túngarður var umhverfis tún á Klængshól. Hann sést nú víðast ofan við tún, suður frá bæjarlæk á um 150 m bili. Túngarðurinn liggur í þýfðri hlíð, hann er fremur óljós. Garðurinn er um 150 m á lengd, mest um 1,5 m á breidd og um 0,8 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-160:017** *Ytrahúsgerði* heimild um útihús 65°48.031N 18°36.333V  
"Litlu ofar [en Klængshólskot - 030] eru Kvíagerði og utar Syðrahúsgerði, og Ytrahúsgerði enn utar." segir í örnefnalýsingu. Ystagerði var ysta útihúsið á Klængshól. Það var um 40 m neðan við veg og 300 m norðan við bæ (001). Hæð í sléttuðu túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

**EY-160:018** *Klænghóll* þjóðsaga um legstað 65°47.921N 18°36.224V  
"Norðan Bæjarár er hinn raunverulegi Klænghóll. Herma munnmælin, að þar sé heygður Klængur sá, sem bærinn er við kenndur. Þessi hóll er hár og víðsýnt af honum eigi síður en af Réttarhólnum." segir í örnefnalýsingu. Klænghóll er beint norður af fjárhúsunum sem standa ofan við íbúðarhúsið á Klængshól. Melhóll gróinn lyngi, mosa og grasi.

Á toppi hólsins hefur verið raðað einföldum steinum sem flestir eru innan við 15 sm í þvermál. Steinunum er raðað upp í litla hringi, ferninga og einfaldar steinaraðir. Var það leikur barna að raða steinunum á hólnum og gera sér þannig hús og reiti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283


**EY-160:019** *Blettur* heimild um ristu 65°47.166N 18°36.354V  
"Engjateigur ofan við Stórukinn nefnist Blettur. Þar sunnan við er Torfholt. Heyjatorf var rist á Bletti og flutt á holtið til þurrkunar." segir í örnefnalýsingu. Blettir eru þýft og rakt svæði sem nær til suðurs frá syðri sprænu Stóralækjar. Holtið er um 250 m ofan við á. Ekki sjást merki um torfristu. Þýft deiglendi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

**EY-160:020** *Stekkjarkjars* stekkjartóft 65°47.661N 18°36.314V  
"... við [Stekkjará] neðan Hallsins er Stekkjarhóll. Sunnan við ána er Stekkjargrund og Stekkjarskriða. Sunnar og ofar eru Ytra-Stekkjarsund, Stekkjarmelur og Syðra-Stekkjarsund. Stekkurinn var neðan við melinn, en þar er nú fjárhús, kallað Stekkjarkjars." segir í örnefnalýsingu. Leifar fjárhúss sjást enn 15-20 m ofan við tún og 380-390 m sunnan við bæ (001). Tóftin er í brekkurótum. Neðan við hana er deiglendi að skurði við tún en ofan við er þýfð fjallshlíð.

Tóftin er á hæð og er áberandi. Hún er einföld, 10 X 6 m að stærð. Erfitt er að greina op á henni en helst er að giska á að það hafi verið nyrst á vesturvegg. Grjóthleðslur eru greinilegar austast í tóftinni og í suðurvegg.



Svo virðist sem tóftin hafi verið grjóthlaðin í um 1,1-1,2 m hæð og síðan hafi verið tyrft ofan á. Hleðslurnar hafa nú hrunið og gróið víðast. Í tóftinni er stórt grjót.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

**EY-160:021** *Grænatóft* heimild um beitarhús 65°47.418N 18°36.265V  
"Beitarhús voru fyrrum frá Klængshóli sunnan við Pollalækjarholt. Þar heitir nú Grænatóft, ræktarlegur blettur." segir í örnefnalýsingu. Grænatóft er heiti á stórþýfðum óræktarbletti ofan við svarðargrafir (022) og næstum beint ofan við ósléttaðan hól í túninu fyrir neðan. Á þessum stað var áður tóft en hún er nú hlaupin í þúfur. Svæðið er grasi vaxið, á kafi í grasi og sinu. Það er stórþýft og nokkuð grænna en umhverfið. Svæðið er um 60 X 80 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

**EY-160:022** *Grafir* heimild um mógrafir 65°47.423N 18°36.348V  
"... niður með [Grænutóftarlæk], skammt frá tóftinni heitir Grafir. Mælt er, að í Móðuharöndunum (1785) hafi allir bændur úr Skíðadal tekið þar upp mó til eldsneytis, sökum skorts á sauðataði eftir fjárfellinn." segir í örnefnalýsingu. Grafirnar voru beint neðan við Grænutóft (021), ofarlega í því túni sem nú er á þessum stað. Grafirnar voru ofan við hól sem stendur einn ósléttaður upp úr túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

**EY-160:023** *Valavarða* varða 65°47.443N 18°36.078V  
"Nöfnin á [Ytra- og Syðra Valavörðusundi] eru dregin af Valavörðu á Valavörðuholti rétt utan og ofan við. Þaðan er mjög víðsýnt og sátu þar oft valir." segir í örnefnalýsingu. Rúmum 800 m sunnan við bæ (001) tekur við brött brekka, þýfð með mýrarflákum á milli. Töluvert ofar í hlíðinni er sylla eða slakki sem er sléttur og aflíðandi. Valavörðuholt er efst í brekkunni áður en slakkinn tekur við. Þýfðir hagar. Engin varða er nú á þessum stað og ekki man Erna Kristjánsdóttir eftir henni. Stór og gróinn steinn er hins vegar framan í brúninni á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283-84

**EY-160:024** *Forboðniblettur* álagablettur 65°47.239N 18°36.508V  
"Sunnan við Stórugrund er Stórilækur og norðan hans mýrarblettur, sem heitir Forboðni blettur, kenndur við álög þau, sem nú skal greina: Jón hét einn bóndi á Klængshóli, Oddsson. Hann sló blett þennan, þrátt fyrir varnaðarorð munnmælanna. Næsta haust missti hann fimm kindur. Förust þær í gili skammt þar frá, en þar höfðu eigi áður neinar skepnur farið sér að voða. Var álögunum auðvitað um kennt." segir í örnefnalýsingu. Bletturinn er rétt norðan við Stóralæk en sunnan við Grundirnar. Hann er um 1,2 km frá bæ (001). Grasi gróinn og rakur blettur.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 284

**EY-160:025** *Myllutunga* frásögn af myllu 65°47.914N 18°36.317V  
Myllutunga var neðan við heimreiðina, fast sunnan við bæjarlæk. Á þessum stað er nú þýfð tunga neðan við veg en umhverfis tunguna eru sléttuð tún. Engar mylluleifar sjást nú.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-160:026** *Klængshólssel* seltóftir 65°47.551N 18°35.951V



"[Hjallar ná] norður að Stekkjará. Þar er nokkurt slægjuland. Á þessu svæði eru gamlar rústir, sem nefnast Sel, Klængshólssel." segir í örnefnalýsingu. Selið er á hæð um 400 m ofan við tún og 340-360 m suðaustan við stekk (020). Það er um 650 m suðaustan við bæ (001). Ofan við tún sem ná um 1 km sunnan við bæ (001) eru víðast nokkuð brattar, lyngivaxnar brekkur. Ofan við þær tekur við aflíðandi grasi vaxinn slétta. Ofarlega á henni er deiglendi áður en þýfðar hlíðar taka

aftur við. Efst í sléttunni er selið.

Seltóftin er hlaupin í þúfur og ógreinileg. Hún er 14 X 10-11 m að stærð. Skýrast er austasta hólfíð en annars staðar sjást hvompur í tóftina þar sem hólf hafa verið. Tóftin virðist hafa skipst í 2-3 hólf.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 285

**EY-160:027** Þjóðsaga um draug

65°47.846N 18°34.945V

"Upp af [Skipi] er Skipadalsbrún neðan undir Skipadalnum. Því var löngum trúað, að þar leyndist útburður og heyrðist væl hans einkum á haustin á undan snöggum illviðrum." segir í örnefnalýsingu. Skipabrún er í rúmlega 1 km fjarlægð ofan við bæinn (001). Hún nær frá Bæjarlæk og alla leið að Stekkjarlæk, um 800 m langt svæði í hlíðinni. Melar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 285

**EY-160:028** tóft


65°47.336N 18°36.615V

Á Stórugrund er tóft sem er stekkarleg. Tóftin er um 1,1 km SSV við bæ (001) og um 50 m ofan við Skíðadalsá. Tóftin er á Grundinni sem er slétt og grasi gróin og nær frá fjallshlíð að bröttum árbakkanum.

Tóftin er tvískipt og er 12 X 8 m að stærð. Op er á vesturhlíð hennar og einnig milli stærra hólsins og þess minna. Ekki sjást grjóthleðslur í tóftinni enda er hún mjög hrunin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 285



**EY-160:029** gerði kálgarður


65°47.921N 18°36.224V

Sunnan og suðvestan í Klænghóli sjást leifar af kálgarði sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Gerðið er um 70 m norðaustan við bæ (001). Melhóll gróinn mosa og lyngi.

Gerðið er um 40 m á lengd en mest um 22 m á breidd. Hluti þess er mjög blásinn en veggirnir eru víðast um 1 m á breidd en 0,4-0,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta,

vegna ábúðar



**EY-160:030**

*Klængshólskot*  
heimild um býli

65°47.990N 18°36.455V

"Niðri við Skíðadalsá er Kotsvöllur kallaður. Þar var fyrrum býlið Klængshólskot." segir í örnefnalýsingu. Kotsvöllur var 200-250 m norðvestan við bæ (001). Þar eru nú sléttuð tún. Býlistóftin var um 50 m ofan við Skíðadalsá og á norðurbakka bæjarlækjarins sem rennur niður túnið á þessum stað. Í bakkanum norðan við lækinn má greina leifar grjóthleðslu á 1 m svæði.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 283

## EY-161 Hnjúkur

30 hdr. 1712. Möðruvallklostursjörð.

29. mars 1398. úrskurðar Steinmóður Þorsteinsson officialis Hóladómkirkju í máli Erlendr Bergþórssonar



sem setið hafði heimildalaust á Hnúki og haldið ófrjálsum 8 kúgildum jarðarinnar sem var eign klostursins á Möðruvöllum. Erlendr hafi setið á jörðinni ár en var gert að fara af henni á fardögum 1398. Hann sat enn heimildalaust 28. mars 1398. Hann var dæmdur til að fara af jörðinni innan 5 náttu og klaustrinu á Möðruvöllum voru dæmd öll þau hey og torf sem á Hnjúki voru og einnig 15 merkur á næstu fardögum, 12 aura í landnám og einnig áverkabót sem var ákvörðuð

af sex manna vottum. Fyrir hey og torf sem Erlendr hafið þegar notað eða gefið skyldi hann greiða á næstu fardögum eins mikið og vottar ákváðu eftir að hafa skoðað “huersu vitt ad slegin hefr verid jordin oc so torfgrafir huersu cidar vera kunna.” Erlendi var gert skylt að skila”oll þau kugilde sem hann hafde med þeirre jordu halldid nu nnan firsagdra. v. natta heima að hniuke. enn j avoxtu þar af skulldi hann kuka stadnum ad næstu fardogum vetrgamlan saud epter hueria a oc calf af huerri ku. enn xij alnir fridar af hueriu geldfiar hundradi oc þar til skyr. smior. oc syru oc vll af malnitunne so mikid huert vm sig sem dofir menn giora oc nefni til so langan tima sem hann hefr kugilldunum ofrialsum halldid. en adra peninga her firir ef ecki er skileyrir til.” DI III, 627-629

**11. júní 1398** eru sex vottar tilnefndir til að meta hversu mikið Erlendr Bergþórsson væri skuldugur klaustrinu á Möðruvöllum fyrir slátt, torfskurð og beit á Hnjúki á “fyrirfaranda ári”.

“firir hvad alt eitt med odru at ver gerum full xv(C). halft voru. en firir averka. sem hann hefir gert a sagdri jordu gerum ver V(C) j hafnarvodum edr odru frivirtu fe. en firir vll af. xv. am oc. x saudum. viij. fiordvnga

vllar. en smior af greindvm am oc. iij. kum gerum ver. xxxvj. fiordunga. en skyr xxxix skiolur oc þar til halfa ena fiordv tvnnv syru. en ef allr þessi skileyrir er ekki til gerdum ver þar firir. iij. kugildi oc. ije vadmala. oc verda nu þeir peningar allir eptir vorri giord. sem erledr begþorsson er klaustrinu skylldugr halft tolfra kugildi viijc vor oc halft siovnda hvndrad vadmala edr annat fe fridvirt. ef essi skileyrir er ekki til." DI III, 629-630

**06.11. 1447** stendur í reikningi Möðruvallaklausturs: Jtem med hnuke vj kogylde bykt ije j landskyld." DI IV, 701

1461 er bænhús sagt standa uppi á Hnúki í Mállega Ólafs biskups Rögnvaldssonar

1525 er Hnjúkur talinn upp sem eign Möðruvallaklausturs í Sigurðarregistri. DI IX, 319 og 1569 eru þar sögð 5 kúgildi í reikningi Möðruvallaklausturs. DI XV, 364.

1570 eru kúgildin sögð 4 og þar af ein kýr gömul. DI XV, 366.

Á Hnúki var bænhús. Sandagerði var eyðibýli utarlega í landareigninni 1712 og á þeim slóðum byggðist síðan nýbýlið Hlíð á þriðjungi jarðarinnar 1897. Einnig eru tóftir þar sem heitir Villingastaðir/Hávarðsstaðir.

1917: 7.0 ha. 1/2 slétt. Garðar 120 m<sup>2</sup>.

1990: "Túnið liggur á aflíðandi undirlendisbrík með fjallinu en neðan þess taka við breiðar áreyrar." BE 1990, 206

**EY-161:001** *Hnjúkur* bæjarstæði bústaður 65°48.590N 18°36.122V

Gamli bærinn á Hnúki sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stóð aðeins ofar en íbúðarhúsið á Hnúki gerir nú. Bærinn stóð að hluta þar sem steipt fjós stendur nú (en náði ofar í brekkuna). Þar sem fjósið stendur nú var baðstofa gamla bæjarins. Í gamla bænum var barnaskóli. Alveg var rutt úr bænum þegar fjósið var byggt. Ekki er greinanlegur bæjarhóll.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:002** heimild um bænhús 65°48.593N 18°36.117V


Bænhús var á Hnúki samkvæmt bænhúsaskrá frá 1487. Var húsið þá uppistandandi. Engar sagnir eru um hvar bænhúsið á Hnúki hefur staðið og ekki hafa menn í minni Erlu Kristjánsdóttir rekist á bein eða aðrar þær leifar sem gefið gætu vísbendingar um staðsetningu hússins. Gamli bærinn (001) var rétt ofan við íbúðarhús sem nú stendur á Hnúki og ekki er annað vitað en hann hafi alltaf verið á svipuðum slóðum. Bænhúsið hefur líklegast verið í námunda við bæinn. Á þessum stað eru útihúsbyggingar og hlað á milli.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** DI V 356

**EY-161:003** hesthús

65°48.576N 18°36.096V



10-12 m ofan við gamla bæinn (001) og örlítið

*Hesthús – horft til suðausturs*

sunnar er hesthús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Húsið er í mjög þýfðu túni fast sunnan við bæjarlækinn.

Hesthúsið stendur enn uppi. Það er torfbygging með timburþili og grind. Að utanmáli er húsið 12 X 8 m. Það er tvískipt. Nyrðri hlutanum (sem er 4 X 6 m að innanmáli) er skipt í miðju með garða en í þeim



syðri (sem er 2,5 X 6 m að innanmáli) er garði við norðurvegg. Op eru á vesturveggjum beggja hólfa. Aftan við húsin er dæld sem er um 10 X 3 m að stærð sem virðist vera leifar heytóftar. Húsið var upphaflega hesthús en það hefur verið notað fyrir kindur á allra síðustu árum.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:004** heimild um fjárhús 65°48.612N 18°36.111V

Um 40 m norðan við gamla bæinn (001) voru fjárhús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þau voru á svipuðum stað og nýrri fjárhús standa nú. Fjárhúskofi var á þessum stað þegar ný fjárhús voru byggð 1956. Þau hús standa enn.

Um 10 m sunnan við fjárhúsin sem nú standa sést það sem helst líkist garði. Hann er um 13 m langur og allt að 2 m breiður. Garðlagið liggur austur-vestur og er um 0,3-0,4 m á hæð. Líklegast verður að telja að það sé í einhverju samhengi við þau fjárhús sem áður voru á þessum stað.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:005** heimild um útihús 65°48.599N 18°36.127V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 10 m norðvestan við gamla bæinn (001). Húsið var í námunda við norðvesturhorn fjósbyggingarinnar sem nú stendur á Hnjúki. Engin merki um útihúsið eru nú greinileg og ekki man Erla Kristjánsdóttir eftir kofa á þessum stað.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:006** *Kollugerði* heimild um fjárhús 65°48.569N 18°36.123V

Á túnakorti frá 1917 er merkt útihús 15-18 m sunnan við gamla bæinn (001) og örlítið vestar. Á þessum stað voru áður fjárhús nefnd Kollugerði. Húsin voru skammt sunnan við bæjarlækinn. Fjárhúsin stóðu þar sem nú eru þýfðar brekkurætur. Engar leifar sjást um fjárhúsið en þeim var rutt út á svipuðum tíma og heimreiðin sem nú liggur að Hnjúk var gerð (1957).

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:007** *Hesthúsholt* heimild um hesthús 65°48.537N 18°36.132V

"Miklu utar [en Stórimelur], skammt frá bæ, er Hesthúsholt og utar Lambahvammur." segir í örnefnalýsingu. Tæpum 90 m sunnan við gamla bæinn (001) var hesthúsið á Hesthúsholti. Það er einnig sýnt á túnakorti frá 1917. Þýfð hæð en umhverfis er deiglent.

Engar leifar hesthússins sjást nú á yfirborði. Tún og útihús á þessu svæði voru sléttuð þegar heimreiðin var gerð 1957 og því sjást engar útihúsaleifar sunnan við bæ.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 282

**EY-161:008** heimild um útihús 65°48.504N 18°36.161V

Útihús var 160-170 m sunnan við gamla bæinn (001). Húsið var nálega þar sem túngarður fjarar út við heimreiðina. Á þessum slóðum er nú heimreið en svæðið ofan við heimreiðina er rakt og ekki slegið. Neðan við heimreið eru sléttuð tún. Engar leifar hússins eru merkjanlegar.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:009** *Syðsthús* heimild um fjárhús 65°48.460N 18°36.246V

250-260 m suðsuðvestan við gamla bæinn (001) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið sem kallaðist Syðsthús og var fjárhús var um 30 m neðan við heimreiðina og um 20 m norðan við skurð við enda túnsins. Á þeim stað sem húsið stóð er nú hæð í rennislétu túni. Engar leifar hússins eru merkjanlegar ofanjarðar.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:010** heimild um útihús

65°48.573N 18°36.112V

2-3 m sunnan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þýfð brekka. Engar leifar sjást nú um húsið enda man Erla Kristjánsdóttir eftir því þegar sléttað var úr kofa á þessum stað um 1942.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:011** *Kumbaldi* heimild um heystæði

65°48.602N 18°36.071V

"Hringlagaða hæðin utan og ofan bæjarins heitir Kumbaldi. Var þar oft sett saman hey, og mun nafnið af því dregið." segir í örnefnalýsingu. Kumbaldi var mitt á milli gamla bæjarins (001) og fjárhúsa norðan við (004) en um 50 m ofar. Þar sem áður var hringlaga heytóft eru nú sléttuð tún í halla upp frá bænum. Engin ummerki sjást nú um tóftina enda man Erla Kristjánsdóttir eftir þegar hún var sléttuð (líklega á 6. áratug 20. aldar).

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 282

**EY-161:012** réttartóft


65°48.573N 18°36.099V

"Ofan við bæ var Réttin ..." segir í örnefnalýsingu. Réttartóftin er byggð sunnan við hesthúsið (003) á Hesthúshóli. Réttin er á hól, allt umhverfis eru þýfð tún.

Réttin er einföld, byggð upp við hesthúsið. Hún er 8,5 X 6,5 m að stærð. Op er nyrst á vesturhlið hennar. Hæð réttarinnar er mest 0,8 m. Grjóthleðslur sjást á stöku stað.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 282



**EY-161:013** *Kvíaból* örnefni kvíar

65°48.530N 18°36.126V

"Ofan við bæ var Réttin og sunnan við hana Kvíholt, Kvíaból og Fjábælið (ofar). Utar er Kvíhóll og sunnan við hann Dýjagrænur." segir í örnefnalýsingu. Kvíholt og Kvíaból voru fast sunnan við réttina (012) og Kvíhóll enn sunnar. Engar leifar kvía sjást á þessum slóðum og er hugsanlegt er að örnefnin eigi í raun við réttina sem vel gæti hafa verið notuð sem kvíar. Þýfð, aflíðandi fjallshlíð, ofan við túngarð. Mýrarsvæðið er neðan við túngarð og heimreið. Erla Kristjánsdóttir mundi ekki eftir kvíum á þessum stað og engar frekar minjar fundust við leit.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 282

**EY-161:014** *Grásteinn* heimild um huldufólksbústað

65°48.307N 18°36.016V

"... ofan við [Grænahjalla] er Strýthóll og Grásteinn, sunnan undir Stórholti. Þessi steinn er burstmyndaður klettur og var talið að huldufólk byggi þar." segir í örnefnalýsingu. Grásteinn er um 50 m neðan við fjallgirðingu og 50 m sunnan við læk. Hann er 150-200 m norðan við Engjalæk og um 250 m ofan við heimreiðina (veginn heim að bæjunum). Steinninn er í þýfðri fjallshlíð. Grásteinn er þríhyrningslaga og um 2 m á hæð. Hann er um 4 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 282

**EY-161:015** *Grænutóftir*

65°48.327N 18°36.391V

"Í enginu meðfram Skíðadalsá heitir uppgróið framhlaup Skriða. Þar er hóll, sem nefnist Grænutóftir, og voru þar fyrir alllöngu húsarústir." segir í örnefnalýsingu. Grænutóftir voru 500-600 m suðvestan við gamla bæinn (001). Þær voru rétt um 30-40 m norðan við veginn sem liggur yfir Skíðadalsá. Fast norðan við veginn yfir Skíðadalsá eru tvö sléttuð tún. Tóftirnar voru ofarlega í neðra túninu, þar sem nú er hæð. Engar leifar Grænutófta eru nú sjáanlegar í sléttuðu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 282

EY-161:016 garðlag túngarður

65°48.502N 18°36.159V



Leifar túngarðs umhverfis tún á Hnjúki sjást enn á kafla sunnan við gamla bæinn (001). Garðurinn sést fyrst 6 m sunnan við réttina (012) og liggur þaðan skáhallt til suðvesturs í um 150 m. Garðurinn liggur í jaðri (neðan í) þýfðri brekku en neðan garðsins er mýrarsvæði.

Garðurinn er fyrst greinilegur um 6 m sunnan við réttina (012) og liggur þaðan í um 35 m til suðvesturs en þá kemur greinilegt rof í hann (um 16 m). Þaðan heldur garðurinn svo áfram í um 100 m en fjarar út þar sem hann liggur að heimreiðinni. Garðurinn er um

*Garðlag – horft til suðvesturs*

1,4 m á breidd en mest 0,5-0,6 m á hæð. Hann er alveg gróinn.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

EY-161:017 Sandagerði heimild um býli

65°49.019N 18°35.953V

1712: "Sandagerde, fornt eyðiból í landinu utarlega, og eru þar ljós byggíngamerki, en ekki búið frá gamalli tíð. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er mest allt í holt upp blásið og grasleysu móa." segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki er vitað hvar Sandagerði hefur verið en talið er sennilegt að býlið Hlíð hafi verið byggt á rústum þess. - Ö-Svarf, 281. Ekki eru aðrar tilgátur uppi um staðsetningu Sandgerðis en að býlið hafi staðið 200-300 m norðan við þar sem íbúðarhúsið í Hlíð stendur nú, þar sem gamli bærinn í Hlíð (018) var. Þar sem gamli bærinn í Hlíð stóð er nú sléttaður hóll og ummerki um Sandagerði og Hlíðarbæinn (018) eru alveg horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** JÁM X, 83-84

**EY-161:018** *Hlíð* bæjarstæði býli  
Nýbýlið Hlíð byggðist á þriðjung  
Hnjúkslands 1897 e.t.v. þar sem Sandagerði  
017 hafði verið áður. Hlíðarbærinn sem  
merktur var inn á túnakort frá 1917 var 200-  
300 m norðan við íbúðarhúsið sem nú  
stendur í Hlíð.

Enginn ummerki eru nú greinileg  
um eldri bæinn en hann stóð á hæð. Á  
þessum stað er nú rennilétt tún en þó er  
hæðin sem bærinn var á enn merkjanleg.

Á hæðinni miðri sést dokk þar sem  
bærinn stóð. Ekki er þó um eiginlegan  
bæjarhól að ræða þar sem ekki er um  
uppsafnaðar mannvistaleifar að ræða. Á  
hólnum stóð einungis bærinn frá 1897 til  
1952 en þá var íbúðarhús það sem enn  
stendur byggt. Hlíð er komin í eyði en  
íbúðarhúsið er notað á sumrin. Samkvæmt  
túnakorti var túni í Hlíð 3.9 ha árið 1917,  
slétt að 3/4 og garðar alls 680 m<sup>2</sup>. Þar voru  
þá 6 útihús innantúns, þ.a. þrjú í hlaðinu.

**Heimildir:** BE 1990, 210; Ö-Svarf, 281

**EY-161:019** *Villingastaðir* býli og  
vallargarður

"Líkur eru til að annað æva-fornt eyðibýli  
sé skammt fyrir sunnan Syðri-Sæluá og eigi  
alllangt frá Skíðadalsánni. Heitir þar  
Villingastaðir, eða Hávarðsstaðir, og sést móta þar fyrir fornum vallargarði." segir í örnefnalýsingu. Þar  
sem bæjarstæðið var eru nú sléttuð tún um 700 m norðan við íbúðarhúsið í Hlíð. Það var um 40 m  
suðvestan við stekinn (029). Um 60 m ofan við hæðina má hins vegar í túnjagri enn greina leifar  
vallargarðsins sem var umhverfis býlið.

Þar sem býlið var er nú sléttuð hæð í túninu. Garðlagið sést í þýfðri fjallshlíðinni ofan við tún, og  
að túnnum.

Garðlagið er greinanlegt á um 15 m kafla ofan við tún. Það liggur til suðvesturs en hverfur þar sem  
tún byrjar. Garðurinn er 2,2 m á breidd en 0,4 m á breidd.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 281 sbr. KK III, 75

**EY-161:020** *Torfhóll* örnefni rista

65°48.913N 18°35.947V

"Efri- og Neðri-Torfhóll eru beint upp frá bænum [í Hlíð], neðan við Háubrunn." segir í örnefnalýsingu. Á  
árunum 1951-1952 var nýtt íbúðarhús byggt í Hlíð nokkru sunnar (200-300 m) en eldri bærinn hafði staðið.  
Nýja íbúðarhúsið var byggt á Neðri-Torfhól. Allt umhverfis íbúðarhúsið hefur umhverfi nokkuð verið  
breytt, þar er heimreið, útihús og sléttuð tún.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar


**Heimildir:** Ö-Svarf, 281

**EY-161:021** heimild um fjárhús

65°48.619N 18°36.116V

ca. 1865: "Nú eru fjárhús á Hnjúki þar sem Möðruvellir [Ey-642:003] stóðu, og voru þau byggð snemma á  
þessari öld, og fundu menn þar ösku og ryðguð járnbot - það sagði mér bóndinn sem húsið byggði - sem  
sýndu að þar hefur bær verið. Hnjúkur er nú ein helsta jörðin í Skíðadal, landgóð og víðlend." Ekki er  
fulljóst hvar þessi fjárhús hafa staðið en líklegast að þau hafi verið þar sem fjárhús 004 eru, en einnig má  
vera að þau hafi verið nærri 015. Sléttuð tún. Það er tilgáta Þorsteins Þorsteinssonar að Möðruvellir, sem  
getið er í Svarfdæla sögu, hafi verið á þessum stað.

65°49.020N 18.35.984V



**Heimildir:** Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 124-25

**EY-161:022** heimild um útihús 65°49.022N 18°35.942V

Útihús er merkt inn á túnakort fyrir Hlíð frá 1917 um 5 m ofan við bæinn (018). Húsið var ofarlega á sama hól og gamli bærinn (018) stóð á. Þar eru nú sléttuð tún. Engar leifar sjást um útihúsið og það var horfið þegar Soffía Stefánsdóttir kom á bæinn um 1960.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort frá 1917

**EY-161:023** heimild um hlöðu 65°49.023N 18°35.938V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús þar sem hlaða var um 5 m suðaustan við gamla bæinn (018). Þar sem hlaðan stóð er dokk í sléttuðu túninu en önnur ummerki um hlöðuna sjást ekki.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort frá 1917


**EY-161:024** heimild um fjós 65°49.026N 18°35.930V

Um 20 m beint ofan við gamla bæinn í Hlíð (018) og um 8 m ofan við 023 var fjós samkvæmt túnakorti frá 1917. Einu ummerkin sem nú sjást um fjósið er dokk í sléttu túninu. Dokkinn er örllítið utar en sýnt er á túnakortinu.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort frá 1917

**EY-161:025** gerði kálgarður 65°49.027N 18°35.972V



Um 10 m neðan (og aðeins utar) en gamli bærinn í Hlíð (018) sjást enn merki um kálgarð sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Austur- og norðurhliðar garðsins eru enn greinilegar fast neðan við bæinn, vestan í bæjarhólnum. Garðurinn er vestan í bæjarhólnum. Umhverfis eru sléttuð tún. Austurhlið garðsins er um 27 m á lengd en norðurhliðin er 38 m. Austurhliðin er mjög útflött á kafla en norðurhliðin er mun stæðilegri, sérstaklega vestast þar sem garðurinn er 1,4 m á um 8 m kafla. Annars er garðurinn víðast um 0,4 m á hæð en 1,2 m á breidd. Kálgarðurinn er gróinn.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort frá 1917

**EY-161:026** heimild um fjárhús 65°48.965N 18°35.862V

Fjárhús er merkt inn á túnakort Hlíðar frá 1917, 110-120 m suðaustan við gamla bæinn (001). Húsið stóð á lágum hól norðan við Hólshús (028) sem eru á Efri-Torfhól/Hólshúshól. Úr húsunum hefur verið rutt en þau hafa staðið þar sem nú er þýfð og sinuvaxin hæð. Þýflent er þar sem húsin stóðu en greinileg merki þeirra sjást ekki.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort frá 1917

**EY-161:027** heimild um hesthús 65°48.942N 18°35.832V

Um 20 m ofar og innar við 026 var hesthús sem merkt er inn á túnakort Hlíðar frá 1917. Rutt var úr húsinu þegar riða kom upp í Hlíð 1988. Hesthúsið stóð 40-50 m norðaustan við fjárhúsið (028). Þar sem hesthúsið stóð er nú sinuvaxið þýflendi ofan við tún en greinileg merki um húsið eru engin.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-161:028** *Hólshús* heimild um fjárhús 65°48.934N 18°35.878V

160-170 m suðaustan við gamla bæinn í Hlíð (018) stóðu áður fjárhús samkvæmt túnakorti frá 1917. Nú standa nýleg fjárhús á sama hól um 100-150 m norðaustan við íbúðarhúsið í Hlíð. Höllinn sem húsin stóðu á hefur bæði verið nefndur Efri-Torfhóll og Hólshúshóll. Á honum standa nú steyp t fjárhús og hlaða.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917


**EY-161:029** stekkjartóft

Um 700 m norðan við íbúðarhúsið í Hlíð sjást leifar stekkjara um 40 m suðaustan við hólinn þar sem 019 stóð. Allt umhverfis stekkurinn hefur verið sléttað en tóftinni hefur verið þyrmt.

Stekkurinn er 12 X 6-6,5 m að stærð og er tvískiptur. Hann er að mestu grjóthlaðinn og standa hleðslurnar enn nokkuð stæðilegar. Ekki er greinanlegt op á milli hólfanna en op er á vestara hólfið (það stærra) á vesturhlíð. Að utan er stekkurinn gróinn. Hann er mest um 1,4 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

65°49.275N 18°35.733V



**EY-161:030** frásögn af útihúsi

Útihústóft var áður 5 m ofan við heimreiðina að Hnjúki og 5 m sunnan við Hesthúslæk. Tóftin var fast neðan við sléttuð tún. Á þessum stað er þýfður blettur neðst í túni. Erla Kristjánsdóttir man eftir tóft á þessum stað en nú sjást einungis þúfnaleifar og hefur tóftinni verið rutt út þegar tún voru gerð á þessum stað. Vel er hugsanlegt að þessi tóft hafi í raun verið það sama og 008 eða kviarnar 013 en ekkert er hægt að fullyrða um það.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

65°48.491N 18°36.164V


**EY-161:031** náma mógrafir

Mannaverk, líklega svarðargrafir, eru um 50 m ofan við veg (að Hnjúki). Svæðið er um 40 m sunnan við þar sem vegurinn liggur í átt að brúnni yfir Skíðadalsá, um 250 m frá bæ (001). Mýri með hvompum hér og þar. Austan og norðan við svæðið rennur lækur en að vestan er það afmarkað af hól. Í heild er svæðið um 25 X 25 m. Merki svarðargrafanna eru ógreinileg.

**Hættumat:** engin hætta

65°48.276N 18°36.169V

## EY-162 Sæla



**10 hdr. 1712.** Hólastólsjörð. Einnig Svæla.

**1550** er Sæla talin með eignum Hólastóls. "Med Sælu .iij kuguillde. landskyllid .xij. aurar." DI XI, 867

**25.12.1550** er Sæla talin með eignum Hólastóls og metin á 10 hundruð. DI XI, 874

**01.10.1552.** er Sæla talin með þeim jörðum sem Jón Arason biskup hafði fengið Hólastóli í stað annarra jarða sem hann hafði "fargað" DI XII, 462

**1569** kemur fram í reikningi Hólastóls að landskuld er 10 aurar og kúgildi 4. DI XV, 227

Var í eyði 1703-1712.

Syðri-Sæla var húsmannskot um aldamótin 1900.


Fór í eyði 1948 og hefur jörðin verið sameinuð Hreiðarsstaðakoti.

**1917:** 2.6 ha. 3/4 slétt. Garðar 350 m<sup>2</sup>.

**1990:** "... stóð kotið Sæla í bröttu túni rétt sunnan við Ytri-Sæluána ..." BE 1990, 252

### EY-162:001 Sæla bæjarhóll bústaður

65°50.291N 18°35.578V



Um 200 m sunnan við Sæluá og rúmlega 100 m ofan við Skiðadalsá eru leifar Sælu á grænum hól í túni. Bærinn stendur í aflíðandi fjallshlíð. Tóftin er fremur norðvestarlega í túni sem nú er komið í órækt þó fagurgrænt sé.

Bærinn stendur á náttúrulegum hól og því er erfitt að segja til um umfang uppsafnaðra mannvistaleifa á hólum. Þær eru þó án efa allmiklar. Bæjartóftin er allhrunin og óljós á köflum. Hún er 20 X 13 m að stærð. Greinileg eru 3 hólf en eins víst að þau hafi áður verið fleiri. Ekki eru greinileg op milli hólfanna en á öll hólfín hafa verið op á vesturveggjum. Grjóthleðslur má greina á stöku stað en víðast eru þær þó hrundar. Rof er komið í hluta tóftarinnar og blæs stöðugt úr því. Suðvesturhorn tóftarinnar er verst farið og má þar sjá dýrabein og viðarleifar í moldinni. Um 2 m norðvestan við bæjartóftina er hvompa í bæjarhólinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-162:002 útihústóft


65°50.299N 18°35.552V

Um 15 m ofan við bæinn (001) eru leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er á hæð, ofan við bæjarhólinn, í aflíðandi túni sem er komið í órækt. Um 15 m sunnan við tóftina rennur litill lækjarspræna.

Tóftin er 8 X 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Um 1,5 m langur veggspotti gengur til suðurs frá vesturvegg hennar. Op er syðst á vesturhlíð. Tóftin er niðurgráfin að hluta og voru hey sett upp á þessum stað síðast er hann var í notkun.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



**EY-162:003** fjárhústóft


Leifar fjárhúss, sem merkt eru inn á túnakort frá 1917 sjást um 60 m suður af bænum (001) og 20 m neðan við 010. Tóftin er á hæð í túninu sem er nú komið í órækt þó enn sé það fagurgrænt.

Fjárhúsið er 11 X 11 m að stærð. Það er tvískipt og að auki með hlöðu að baki. Eftir báðum framhúsunum ganga garðar sem eru nær alveg hrundir. Tóftin er opin til vesturs. Fremri hólfín tvö eru grjóthlaðin að innan en annars er tóftin gróin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917

65°50.259N 18°35.543V




**EY-162:004** hesthústóft

Leifar útihúss, sem merkt er á túnakorti frá 1917, eru enn greinilegar um 20 m sunnan við 003 og um 80 m sunnan við bæinn 001. Tóftin er á hæð í túninu sem er nú komið í órækt þó enn sé það fagurgrænt. Hún er í suðurjaðri túns.


Tóftin er um 13,5 m á breidd en 15 m á lengd. Hún skiptist í 5 hólf. Nyrðri hluti hennar var fjárhús og er þar vestast er hólf með garða í miðju og opi til vesturs. Inn af því er svo hlaða og enn austar dæld sem einnig virðist hafa verið hlaða. Sunnan við hesthúsið, sambyggt því, eru tvö lítil hólf og er innangengt í austara hólfíð úr því vestara. Op er einnig á vesturvegg þessa hólfis. Tóftin er í ágætu ástandi þó víða sé nokkuð hrunið úr veggjum og hún sé algróinn nema í fremstu (vestustu) hólfunum tveimur þar sem greina má grjóthleðslur víða.

65°50.240N 18°35.540V



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1917



**EY-162:005** *Syðri-Sæla* býlistóft

65°49.808N 18°35.571V

"Syðri-Sæla hét húsmannskot í landi Sælu sem búið var í fyrir og um aldamótin síðustu." segir í Byggðum Eyjafjarðar. "Niður sunnan við [Dýjabakka] fellur Stórilækur. Hann var líka merkjalækur fyrrum, því að kotin voru tvö á einhverju tímabili, a.m.k. um aldamótin 1900. Nefndust þau þá Ytri-Sæla og Syðri-Sæla, og var syðri bærinn spottakorni sunnan við Stóralæk." segir í örnefnalýsingu. Syðri-Sæla er á aflöngum hól 400-450 m norðan við merki við Hlíð og fast sunnan við syðri sprænu Stóralækjar. Tóftin er tæpum 200 m ofan (austan) við Skíðadalsá. Syðri-Sæla er um 900 m sunnan við Sælu (001). Aflíðandi fjallshlíð þar sem skiptast á þúfnakragar og lyngivaxnir móar.

Tóftin er um 23 m löng og 10 m breið þar sem hún er breiðust (um



miðju). Stærsti hluti tóftarinnar er óskýr og hlaupinn í þúfur en þó virðist sem hún hafi skipst í 5-7 hólf. Um tóftina miðja er ferningslaga hólf sem virðist endurbyggt og yngra en tóftin umhverfis. Þetta hólf er grjóthlaðið að innan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** BE 1990, 253; Ö-Svarf, 280

**EY-162:006** *Afglapaskarð* heimild um leið

65°49.555N 18°34.575V


"Upp úr Sæludal hinum syðri liggur Afglapaskarð yfir á Þorvaldsdalsfrétt. Heitir Sælufjall norðan skarðsins, en Kistufjall að sunnan. Uppi á skarði þessu kallast Þröskuldir, og sumir kalla þar Rangala, bak við Þröskuldinn. Um þetta skarð var oft farið til að stytta sér leið til Akureyrar og innsveita." segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá upp fjallshlíðina sem er að mestu lyngivaxin. Síðan liggur hún inn dalinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 280

**EY-162:007** hleðsla rétt

65°50.366N 18°35.636V




Á suðurbakka Sæluár stendur rétt sem að hluta er hlaðin úr gjóti en hefur verið endurbætt og stækkuð með bárujárni. Réttin er 150-200 m norðan við bæ (001).

Réttin er byggð upp í hæð til suðurs en er á árbakka sem gróinn er lyngi og grasi. Hleðslurnar mynda hluta af einu hólfu og eru 10 X 11 m að stærð og op er á það til austurs.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-162:008** gerði kálgarður

65°50.326N 18°35.628V




Leifar kálgarðs sem merktur er inn á túnakort frá 1917 sjást um 60 m norðvestan við bæinn (001). Gerðið er sunnan í brekku sem er fremur gróðursnauð. Gerðið er mjög greinilegt og er að mestu gróið þó greina megi grjóthleðslur hér og þar. Kálgarðurinn er 12 X 25 m að stærð og er suðurveggurinn óskýrastur.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-162:009** gerði kálgarður

65°50.331N 18°35.567V




Leifar kálgarðs sem merktur er inn á túnakort frá 1917 eru um 50 m utan og örlítið ofar (austar) en bærinn (001). Kálgarðurinn er um 30 m austan við 008. Gerðið er sunnan í brekku sem er fremur gróðursnauð. Það er 26 X 10 m að stærð en austurhlíð þess er einungis 8 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-162:010** útihústöft

65°50.259N 18°35.510V

Um 20 m ofan við 003 er tóft af útihúsi. Tóftin er á fagurgrænum hól. Ofan við er deiglent sund en ofan við það tekur við þýfð fjallshlíð. Neðan við er túnið og hefur tóftin verið rétt ofan við túnmörk.



Tóftin er 7 X 4 m að stærð. Grjóthleðslur má greina í henni syðst. Op er austast á suðurhlið. Veggir tóftarinnar eru 1,5 m á breidd.


**Hættumat:** engin hætta

Útihústöft – horft til suðvesturs

**EY-162:011** Stekkjarlækur stekkjartóft

65°50.063N 18°35.493V

Stekkur var norðan við Stekkjarlæk og um 500 m sunnan við bæinn (001). Stekkurinn er á hæð 150-200 m ofan við Skíðadalsá. Stekkurinn er á lágri hæð. Ofan við hann skiptast á lyngivaxnir melar og grasi vaxnir flákar. Neðan við er mýri.




Stekkurinn er tvískiptur og er syðra hólfíð hærra og greinilegra. Stekkurinn er 12 X 7 m að stærð og virðist helst sem op hafi verið á austurhlið. Hann er alveg gróinn og engar grjóthleðslur eru greinilegar.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-162:012** fjárhústöft

65°49.753N 18°35.494V

Fjárhús var sunnan og ofan við Syðri-Sælu, 110-130 m frá bænum. Tóftir hússins eru vel greinilegar um 20 m sunnan við 014 en 20 m norðan við 013. Fjárhústöftin er á lágri hæð. Neðan við hana er mýri en ofar lyngivaxinn fjallshlíð.




Tóftin skiptist í þrjú hólf. Hún er 12 X 9,5 m að stærð. Aðeins er greinilegt eitt op á tóftinni og er það á vesturvegg stærsta hólfins. Í því miðju er garði. Að baki þessu hólfu er annað hólf sem líklega er heytóft og þriðja hólfíð er svo sunnan við fjárhúsið.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-162:013** útihústöft

65°49.743N 18°35.505V

150-200 m suðaustan við Syðri-Sælu (005) og um 20 m 012 eru leifar af útihúsi. Neðan við útihústöftina er mýrlent en ofar tekur lyngivaxin fjallshlíðin við. Tóftin er mjög gróin og sigin og er hún 13 X 5,5 m stærð. Hún er tvískipt og op er á vesturhlið hennar. Svo virðist sem minna hólfíð (það austara) að baki hafi verið heytóft.



**Hættumat:** engin hætta

**EY-162:014** útihústöft


65°49.769N 18°35.505V

Útihústöft er tæpum 100 m suðaustan við Syðri-Sælu (005) og um 20 m norðan við 012. Tóftin er á þúfnakraga. Neðan við útihústöftina er mýrlent en ofar tekur lyngivaxin fjallshlíðin við. Tóftin er 8,5 X 5 m að stærð og er tvískipt. Op er á norðurhlið hennar.



**Hættumat:** engin hætta

## EY-163 Hjaltastaðir



20 hdr. 1712. Möðruvallaklaustursjörð. Talin 12 og 17 1/6 hdr 1847.

06.11. 1447 er Hjaltastaðar fyrst getið í reikningi Möðruvallaklausturs. "Jtem hieltastadom v aurar." DI IV, 712.

1525 eru Hjaltastaðir taldir upp sem eign Möðruvallaklausturs í Sigurðarregistri. DI IX, 319

1569 kemur fram í reikningum Möðruvallaklausturs að á Hjaltastöðum eru 3 kúgildi. DI XV, 364

1570 eru kúgildin enn sögð 3 en öll gömul. DI XV, 366

Fór í eyði 1961 og hefur verið sameinuð Syðra-Hvarfi og nytjuð þaðan.

1917: 3.4 ha. 1/3 slétt. Engir garðar.

1990: "Túnið er lítið og nokkuð bratt, klemmt milli fjallsins og árbakkans háa." BE 1990, 253

**EY-163:001** *Hjaltastaðir* bæjarhóll bústaður

65°50.781N 18°35.681V

"Nokkru framan við Syðra-Hvarf standa rústir Hjaltastaða og eru útihús enn að nokkru uppistandandi." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Steypt fjós stendur enn upp á Hjaltastöðum en bærinn (001) var um 15 m suðvestan við það. Fast sunnan við bæinn var rabbarbarabeð sem enn sést. Nú hefur verið sléttað úr bæjarleifunum en bæjarhóll er enn á þessum stað. Hóllinn er á kafi í arfa, sóleyjum og grasi. Bæjarhóllinn er 1-1,5 m á hæð. Hann er 22-23 m á lengd en 15-20 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 253



*Fjárhúsveggur- horft til suðurs*

**EY-163:003** heimild um fjárhús

**EY-163:002** fjárhústóft 65°50.807N 18°35.585V  
50 m norðaustan við bæ (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað voru fjárhús en einu leifarnar sem sjást nú á þessum stað er 8 m löng grjóthleðsla. Húsið hefur staðið á hæð sem nú er á kafi í grasi. Það hefur verið rífið nema suðurveggur þess. Hann er um 8 m langur hlaðinn úr grjóti en steypt á milli. Fast austan við vegginn er og samfastur honum er steypur 6 m langur veggur.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

65°50.743N 18°35.604V

55 m suðaustan við bæ (001) og mitt á milli 004 og 002 var fjárhús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það er nú horfið af yfirborði. Tún á kafi í grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-163:004** *Hesthúsgerði* hesthústóft

"Sunnan bæjar heitir Hesthúsgerði ..." segir í örnefnalýsingu. Hesthúsgerði er merkt inn á túnakort frá 1917. Það er um 150 m sunnan og ofan við bæ (001). Efst í mjög grösugu túni.

Tóftin er á kafi í grasi og heldur ógreinileg. Hún er um 8 X 6 m að stærð en ekki er hægt að greina nákvæmt lag hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 279

65°50.691N 18°35.590V



**EY-163:005** náma mógrafir

Fast ofan við Akurhól (006) og um 250 norðnorðaustan við bæ (001) eru svarðargrafir. Grafirnar eru í mýrlendi en ofan við tekur fjallshlíðin við. Grafirnar eru enn greinilegar og 30 X 50 m að stærð. Þær eru mest um 1,5 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna skógræktar

**EY-163:006** *Akurhóll* gerði

"Sunnan bæjar heitir Hesthúsgerði en rétt sunnan við túnið er Akurhóll og sjást leifar garðhleðslna sunnan í hólnum. Kynni þar að hafa verið "akur" sá, sem hóllinn hefur tekið nafn af. Norðan hólins er Akurhólslaut ..." segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er 250 m norðnorðaustan við bæinn (001) og 100-150 m ofan við Skíðadalsá. Gerðið er sunnan í hólnum.


Akurhóll er stór og gróinn melhóll. Hann er gróinn grasi og lyngi en í honum er einnig nokkur trjárækt.

Gerðið er ferningslaga. Norðurhliðin sem er efst í brekkunni er mjög óljós en aðrar hliðar eru skýrari. Norðausturhornið er alveg sigið og ógreinilegt. Hægt er að greina nokkuð nákvæmlega hvar garðurinn hefur verið sökum þess að þar er gróður öðruvísi (lambagras vex einmitt þar sem garðurinn var). Gerðið er um 50 X 18 m en allt að 2 m á breidd. Í norðvesturhorni þess er stór steinn.

**Hættumat:** hætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 279

65°50.631N 18°35.653V



**EY-163:007** *Stekkur* stekkjartóftir og garðlag

65°50.529N 18°35.410V

"Suður og upp frá Akurhól [006] eru tóftarbot, sem heita Stekkur." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarleifar eru um 200 m suðaustan við Akurhól og um 30 m ofan við fjallgirðingu. Leifarnar eru um 450 m norðaustan við bæ (001). Stekkurinn er á þýfðri hæð milli mýrlendis (neðar) og lyngivaxinnar hliðar ofar.

Á stekknunum eru tvær tóftir. Hin eiginlegi stekkur er 13 X 6 m að stærð og er tvískiptur. Op er á suðurvegg hans en ekki er greinilegt op á milli hólfanna tveggja. 16 m norðan við hann er önnur, lítil tóft. Hún er 2 X 2 m að stærð og er op á norðurvegg hennar. Sveitalangur 014 er greinilegur tæpum 20 m sunnan við tóftirnar og hefur hann legið rétt neðan við þær. 18 m langt garðlag liggur í boga frá syðri tóftinni og að Sveitalang.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 279

**EY-163:008** *Hjaltastaðagötur* gata leið

65°50.782N 18°35.681V

"Hjaltastaðagötur lágu norður frá bænum. Ofan við þær heitir Ytrimór en neðan við þær,




norður við merkin, Merkismór." segir í örnefnalýsingu. Engin merki sjást nú um göturnar sem lágu norður frá bænum að hlaði Syðra-Hvarfs. Þar sem göturnar lágu áður eru nú víðast sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 279

**EY-163:009** *Hjaltastaðasel* seltóft

65°50.428N 18°35.499V



"Kollóttur höll ofan við Tungu heitir Kollumelur, en þar fyrir ofan kallast "Uppi á fossi". Enn ofar eru Selhaus og Selkinn. Þar sjást rústir Hjaltastaðsels." segir í örnefnalýsingu. Selið er við fjallgirðingu, um 650 m sunnan við bæ (001) og 100 m norðan við Sæluá. Þar sést nú tvískipt tóft. Fossar eru ofar í Sæluá en þessi tóft og einnig melar við ána á svipuðum stað en þar er engin tóft og muna kunnugir ekki eftir tóft þar, enda er tóftin við fjallgröðinguna þekkt sem selið. Á þessum stað eru aflíðandi hæðir, grónar lyngi. Tóftin sjálf er hinsvegar gróin grasi.

Tóftin er tvískipt og 13 X 9 m að stærð. Op virðist hafa verið í suðvesturhorni hennar. Tóftin er sigin og gróin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 279

**EY-163:010** *Dagmálavarða* varða eyktamark

65°50.695N 18°34.664V


"Í Brúninni sunnan við Skriðugil er Dagmálavarða og sunnan við hana Sjónarhöll ..." segir í örnefnalýsingu. Dagmálavarða er sunnan við bæði Skriðugil og Bæjargil og um 780 m ofan við bæ (001). Er á melhól í fjallshlíðinni, rétt innan við gilskorning. Varðan er nú hrunin en steinahruga er enn greinileg þar sem hún stóð áður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 279

**EY-163:011** *Heymelur* heystæðistöft

65°50.837N 18°34.691V



"Við Skriðulækjargil að norðan heitir Miðbrún ofan við Neðribrún, og á henni er Heymelur. Þar var sett saman hey, þegar heyjað var uppi í fjallinu." segir í örnefnalýsingu. Fast norðan við Skriðulæk, fram á brún Miðbrúnar eru tvö heystæði um 760 m ANA við 001. Deiglendi. Ofan og neðan við eru lyngivaxnar hlíðar.

Tvö greinileg heystæði sjást á þessum stað en má vera að þau hafi upphaflega verið fleiri. Nyrðra heystæðið er 5,5 X 3,5 m að stærð en 0,5 m suðvestan við suðvesturhorn þess er annað heystæði stærra (5,5 X 7 m).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 279

**EY-163:012** gripir

65°50.743N 18°35.604V

1876: "Hnappur úr sinki og úr föturinn; á honum stendur í kring utan með: Pétur Jónsson (?). Hann fannst í jörðu þegar sléttað var á Hjaltastöðum í Skíðadal." segir í Skýrslu Forngripasafnsins. Ekki er vitað hvar í túni hnappurinn fannst. Þjms. 1062.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Skýrsla FÍ III, 80

**EY-163:013** garðlag túngarður

65°50.690N 18°35.575V

Túngarður sést ofan við 004. Garðurinn er um 140 m langur þar sem hann sést í suðausturhorni túnsins. Beint ofan við 004 gengur 10 m langt garðlag til austurs úr honum. 20 m bútur af garðinum sést einnig við norðan við bæjarlækinn norðvestast í túni. Umhverfis sléttuð tún. Garðurinn er greinilegastur á um 140 m kafla suðaustast í túni. Þar er hann um 1 m á breidd en 0,3 m.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-163:014** garðlag vörslugarður


65°50.529N 18°35.410V

Stekkjjarleifar (007) eru um 200 m suðaustan við Akurhól og um 30 m ofan við fjallgirðingu. Leifarnar eru

um 450 m norðaustan við bæ (001). Fast vestan við stekkjjarleifarnar gengur Sveitalangur norður-suður í hlíðinni. Þýfð hæð milli mýrlendis (neðar) og lyngivaxinnar hlíðar ofar.

Garðurinn er greinilegur tæpum 20 m sunnan við tóftirnar 007 og hefur hann legið rétt neðan við þær. 18 m langt garðlag liggur í boga frá syðri tóftinni og að Sveitalang en hann má greina á um 100 m kafla á þessu svæði.

## EY-164 Syðra-Hvarf



**30 hdr. 1712.** Hólastólseign. Aðeins 20 hdr. 1847. Lækur íb. hús og nokkrir sumarþústaðir hafa risið undir Hvarfinu.

**1394** tilheyrir Hvarf Vallakirkju í máldaga Pétr's biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi. DI III, 512. Sjá einnig 1429 Vístaziugerð Jóns Hólabiskups Vilhjálmssonar, DI IV, 372, máldaga Ólafs Rögnvaldssonar biskups frá 1461, Sigurðarregistri frá 1525 DI IX, 334.

**1461** getið í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar að bænhús standi upp á Hvarfi. DI V, 356

**1543** virðist jörðin enn óskipt en það má sjá af bréfi sem skrifað er á Hvarfi í sambandi við erfðamál bænum óviðkomandi

**1569** kemur fram í reikningi um presttekjur á Völlum að landskuld Hvarfs er  $i\%c$ . DI XV, 345 en sama ár er hún í öðrum kirkjureikningi sögð  $i \frac{1}{2} . c$ . í landskuld en kúgildi 4. DI XV, 352.

**1917:** 4.7 ha. 1/2 slétt. Garðar 750 m<sup>2</sup>.

**1990:** "Túnið liggur fram með háum bakka Skíðadalsárinnar, en sunnan við heimatúnið tekur Hjaltastaðatúnið við." BE 1990, 212

**EY-164:001** Syðra Hvarf bæjarstæði bústaður

65°51.184N 18°35.806V

"Gripahúsin eru nú öll þar, sem heitir á Efragerði, en bæjarhúsin á Neðragerði. Gamli bærinn stóð aðeins ofar í túninu og sunnan Bæjarlækjar." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn (001) var á svipuðum stað og yngra og syðra íbúðarhúsið á Syðra-Hvarfi er nú, sunnan við bæjarlæk. Gamli bærinn stóð á aflíðandi hæð neðan við Smiðjuhól 015. Nú hefur timburhús verið byggt á sama stað og bærinn var. Sunnan við íbúðarhúsið má sjá hleðslu á einum stað í bakgarði. Eldhús gamla bæjarins var þar sem nú standa tré í garðinum sunnan íbúðarhússins.

Ekki er greinanlegur eiginlegur bæjarhóll. Hins vegar er húsið sem nú stendur á þessum stað ekki með kjallara og því líkur til að neðanjarðar séu leifar eldri bæjarhúsa óhreyfðar. Engar skýrar bæjartóftir sjást utan við 15 m langa hleðslu sem skilin hefur verið eftir til að afmarka garðinn til austurs.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Svarf, 277

**EY-164:002** heimild um fjós

65°51.248N 18°36.049V

Fjós, sem merkt er inn á túnakort frá 1917 var um 20 m norðan við bæ (001) og örlítið neðar. Fjosið var þar sem nú er heimreið að syðra íbúðarhúsinu (timburhúsinu).

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-164:003** *Lambhús* heimild um lambhús

65°51.227N 18°35.819V

50 m norðvestan við bæ (001) var Lambhús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Eldra íbúðarhúsið á Syðra-Hvarfi var síðar byggt á þessum stað. Þar sem fjósið var er nú íbúðarhús.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-164:004** heimild um hesthús

65°51.239N 18°35.760V


Hesthús var 80 m austan við bæ (001) og tæpum 20 m norðan við 005 samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem húsið stóð er nú óræktarblettur. Húsið var rétt ofan við þau útihús sem nú standa á Syðra-Hvarfi og var það eyðilagt þegar þau voru byggð.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-164:005** fjárhústóft

65°51.227N 18°35.762V



50 m norðaustan við 001 sjást enn leifar niðurgraffinnar hlöðu. Hún stóð samföst við fjárhús sem tóku á annað hundrað fjár en litlar sem engar minjar sjást nú um húsið. Hlaðan er greinileg en aðeins sjást leifar torfhleðslu hér og þar eftir fjárhúsin. Hlöðutóftin er í grasi gróinni brekku.

*Fjárhústóft – horft til norðurs*

Hlaðan er alveg niðurgrafin um 1,6 m. Að innan er hún grjóthlaðin. Hún er 10,5 X 4 m að innanmáli. Ekki sést op á henni. Ofan (austan) við hlöðuna sjást slitróttar hleðsluleifar sem eru ummerki fjárhússins.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-164:006** *Ranahús* fjárhústóft


65°51.182N 18°35.710V

60 m ofan (og aðeins innan) við bæinn (001) er tóft Ranahúss á löngum og mjóum hólrana sem teygir sig norður-suður fyrir ofan bæ (001). Tóftin er á hól sem er á kafi í grasi.

Erfitt er að greina útlínur tóftarinnar sökum þess að hún er mikið hrúnin og hlaupin í þúfur. Auk þess er hún á kafi í grasi. Þó virðist hún hafa verið tvískipt. Nyrðra hólfíð snýr norður-suður og virðist hafa haft garða eftir miðju en aftan við er annað hólf sem snýr þvert á það fyrr nefnda og hefur væntanlega verið hlaða. Samtals er tóftin 12-13 X 8 m að stærð.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1917





EY-164:007 gerði kálgarður

65°51.182N 18°35.792V



Kálgarðsleifar eru fyrir ofan bæ (001) og sjást í brekkunni ofan við bakgarð íbúðarhússins (þess syðra) á Syðra-Hvarfi. Gerðið er í grasi gróinni brekku mót vestri. Gerðið er 13 X 12 m stórt en það er mjög óskýrt á köflum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

EY-164:008 Sundpollur stífla sundlaug

65°51.417N 18°35.952V

"... sunnan við [Sprengibrekumel] má sjá garðhleðslu eigi alllitla og heitir sá staður Sundpollur, því að þar var látið renna í stóra tjörn fyrir á árum og kennt sund í köldu lækjarvatninu."

segir í örnefnalýsingu. Sundpollurinn var fast sunnan við Sprengibrekumel en fast norðan við leifar 009. Hann var 50-70 m neðan við heimreiðina að Syðra-Hvarfi. Svæðið hefur nú verið eyðilagt. Pollurinn er þornaður og ummerki um hann ógreinileg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

EY-164:009 Hvarfsskot býlistóft og gerði

65°51.403N 18°35.928V



"Sunnan við tjarnarstæðið [sbr, 008] stóð einhvern tíma býlið Hvarfsskot og Kotsmelar eru þar neðan við." segir í örnefnalýsingu. Nú hefur hluta af býlinu og garðlagi því sem lá utan um tún verið rutt út. Enn má þó greina stóran hluta vallargarðs og tóftir í norðvesturhorni hans. Norðurhlið vallargarðsins er rofin af heimreið heim að Syðra-Hvarfi um 370 m norðan við bæ (001).

Vallargarðurinn liggur yfir mýri, í jaðri túns (er rofinn af vegi) og um melasvæði ofan heimreiðar. Tóftirnar sem sjást í norðvestur hornivallargarðsins eru í lyngmóa. Austar hefur verið malarnám milli tófta og þjóðvegjar.

Tóftir eru tvær og eru báðar einfaldar. Í horni vallargarðsins er lítil, ferhyrnd tóft, 3 X 3 m að stærð. Fast sunnan við hana er önnur stærri eða 7 X 6 m. Vallargarðurinn er greinanlegur neðan vegar á um 200 m parti og svo aftur skammt ofan við veg í um 150 m áður en hann verður óskýrari. Hann má þó greina ofar í hliðinni á 200-250 m kafla langur en víða rofinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

EY-164:010 Ytrigrafir heimild um mógrafir

65°51.131N 18°35.946V

"Þar sem túnið nær til árinna heitir Höfðatá. Ofar er Höfðalaut og enn ofar Höfðinn, sem nær upp að Ytrigröfum (fornum mógröfum)." segir í örnefnalýsingu. Um 150 m neðan við heimreiðina að Syðra-Hvarfi voru áður svarðargrafir þar sem nú er tún. Voru 330-340 m norðvestan við bæ (001). Þar sem grafirnar voru eru nú sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277


**EY-164:011** gerði kálgarður

65°51.237N 18°35.702V

Kálgarður er sunnan í Kvíhól 022 um 40 m ofan við 005. Hann er um 10 m norðan við 013. Grasi vaxin höll. Kálgarðurinn er tvískiptur. Hann er 17 x 6 m að stærð, 0,6-0,8 m á breidd en 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277



**EY-164:012** tóft óþekkt


65°51.626N 18°35.112V

Um 70 m neðan við gamla veginn að Syðra-Hvarfi, fast við Skíðadalsánnu er tóft. Hún er í sléttum, hálf hringlaga bala, um 1 km norðan við gamla bæinn (001). Í sléttum en grasi vöxnum bala, á árbakka. Umhverfis sléttuna (sem er hálfhringur) eru snarbrattar brekkur. Vestan við er hins vegar áin.

Tóftin er á brún balans, við ána. Fast vestan við tekur við þverhnipt gil/bakki að á. Tóftin virðist einföld en mögulegt er að áin hafi brotið af henni. Hún er á kafi í grasi en er 5 X 5 m að stærð. Veggir hennar eru 1,5-2 m breiðir og 0,8 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnsaga

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277



**EY-164:013** náma mógrafir

65°51.222N 18°35.699V

40 m ofan við 005 og 10 m sunnan við 011 voru svarðargrafir, um 10 m norðan við bæjarlæk. Mýrlendi.

Enn má greina hvar grafirnar hafa verið. Þar er 6 X 10 m stór hvompa í mýrina

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

**EY-164:014** Syðrigrafir heimild um mógrafir

65°51.340N 18°36.038V

"Niður frá gamla bæjarstæðinu var aðalhluti túnsins og náði túnið niður að Gröfum (Ytrigröfum [010] og Syðrigröfum)." segir í örnefnalýsingu. Syðri-Grafir voru þar sem nú er tún um 100 m suðsuðvestan við yngra íbúðarhúsið á Syðra-Hvarfi (001). Nú sléttuð tún og eru engin ummerki grafanna merkjanleg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

**EY-164:015** Smiðjuhóll smiðjutóft

65°51.196N 18°35.732V

"Ofan gamla bæjar er Smiðjuhóll neðan til við svonefndan Rana ..." segir í örnefnalýsingu. Um 50 m ofan við norðurhorn yngra og syðra íbúðarhússins á Syðra-Hvarfi er smiðjutóft. Hún er á Smiðjuhóli sem er fast sunnan við Bæjarlæk en ofan við 001. Grasi gróinn höll.

Tóftin er á kafi í grasi og fremur ógreinileg. Hún er 4-5 m á breidd en 9-10 m á lengd. Hugsanlega hefur henni verið skipt upp en




Þess sjást ekki skýr merki nú. Op virðist hafa verið á austurhlíð. Veggir tóftarinnar eru hrundir inn og grónir, vesturhlutinn er greinilegastur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

**EY-164:016** *Stórhúshóll* gerði kálgarður

65°51.098N 18°35.630V



"Neðan við [efsta hluta túnsins fyrrum - Völl] er Stórhúshóll ..." segir í örnefnalýsingu. Stórhúshóll er 110-120 m suðaustan við bæ (001) og fast neðan við Halldórshól. Hóllinn hefst 30-40 m neðan við fjallgirðingu. Sunnarlega á hólnum er gerði/kálgarður en nú má aðeins greina vestur- og norðurhlíðar hans. Ekki sjást nú útihústóftir á hólnum.

Gerðið er í brekku sem komin er á kaf í gras.

Gerðið er mjög misgreinilegt og má nú aðeins greina vestur- og norðurhlíðar. Norðurveggurinn er mjög útflattur og hlaupinn í þúfur en vesturveggur er skýr. Gerðið er 17 X 26 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277 og túnakort frá 1919

**EY-164:017** *Sauðhúshóll* frásögn af fjárhúsi

65°51.122N 18°35.731V

"Neðan við [efsta hluta túnsins fyrrum - Völl] er Stórhúshóll, en ofar á Velli Sauðhúshóll, efri og neðri. Halldórshóll er annað (yngra) nafn á efsta hólnum." segir í örnefnalýsingu. Stórhúshóll er neðsti hóllinn beint ofan við vegarslóða sem liggur til suðurs frá bæ (001). Hóllinn er grasi vaxinn en engar leifar fjárhúss sjást þar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

**EY-164:018** *Efrabyrgi*

65°51.077N 18°35.829V

"Sunnan túns var Efra- og Neðrabyrgi, tóftabrot, en þarna heitir Byrgismóar." segir í örnefnalýsingu. Um 200 m beint suður af bænum (001) var Efrabyrgi áður. Á þessum stað er nú hóll í túni um 30 m ofan við vegarslóða sem liggur inn túnin, til suðurs frá Syðra-Hvarfi og í átt að Sæluá. Hóllinn er 20-30 m sunnan við Sauðhúshól. Þar sem byrgið var er nú slétt hæð í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

**EY-164:019** *Neðrabyrgi*

65°51.053N 18°35.878V

"Sunnan túns var Efra- og Neðrabyrgi, tóftabrot, en þarna heitir Byrgismóar." segir í örnefnalýsingu. Neðrabyrgi var um m 50 m suðvestan við 018, um 250 m beint sunnan við þar sem gamli bærinn stóð (001). Það var 15-20 m ofan við vegslóða sem liggur inn túnin, til suðurs frá Syðra-Hvarfi og í átt að Sæluá. Þar sem byrgið var er nú slétt hæð í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

**EY-164:020** *Stekkjarkhóll* stekkjartóft

65°51.630N 18°35.608V

"Við norðurmerkin ofan Græntóarhæðar eru hólur tveir, er heita Ytri- og Syðri-Stekkjarkhóll. Er aðeins hinn síðarnefndi í landi Syðra-Hvarfs. Græntóarlækur rennur milli hólanna. Þar heitir Stekkjarmelur ofan við




*Stekkjartóft og garðlag – Horft til vesturs*

hallið, en Stekkjarmóar sunnan melsins." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhóll er 100-150 m ofan við heimreiðina að Syðra-Hvarfi og um 100 m austsuðaustan við sumarbústaðinn Kvistás.

Á þessum stað er tóft og garðlag umhverfis. Þau eru í afliðandi fjallshlíð, þýfðri og lyngi vaxinni.

Sjálf tóftin virðist yngri en garðlagið en vel er hugsanlegt að stekkurinn hafi verið byggður upp af eldri leifum, jafnvel eyðibýli. Tóftin er tvískipt og gengur innra hólfíð norðvestan við það syðra. Hún er um 20 X 6 m og er að mestu grjóthlaðin að innan. Frá suðurvegg tóftarinnar gengur garðlag til suðausturs í um 13 m ofan við vallargarðinn. Tóftin er norðaustast í vallargarðinum sem er sporöskjulaga.

Innanmál stekkarflatarinnar er um 70 X 54 m. Garðurinn umhverfis er alveg gróinn. Hann er 2-2,5 á breidd en 0,3-0,4 m á breidd. Garðurinn er vaxinn lyngi. Hann er víðast vel



greinanlegur þó hann sé hlaupinn í þúfur hér og þar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277

**EY-164:021** *Gildruhóll* örnefni refagildra 65°51.411N 18°35.379V

"... sunnan við [Stekkjarmóa] er Gildruhólslautin, sem nær niður að Skíðadalsá. Gildruhóllinn er rétt ofan við Sprengibrekkuna og rennur [Gildruhólslækur] sunnan til við hólinn." segir í örnefnalýsingu. Gildruhólslækur er sami lækur og veitt var í Sundpoll 008. Gildruhóll er stór, stakur melhóll í hlíðinni, milli syðstu sumarbústaðanna og Syðra-Hvarfs en nokkru fyrir ofan. Rætur hólsins eru grónar lyngi en annars er hann grýttur melhóll. Enginn ummerki greinanleg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277-78

**EY-164:022** *Kvíhóll* þúst kvíar 65°51.255N 18°35.734V

"Út og upp frá bænum eru Efri- og Neðri-Kvíhóll, en Kvíhólamyri utar." segir í örnefnalýsingu. Kvíaból er beint neðan við Neðri-Kvíhól og 30 m ofan við fjárhús úr bárujárnri. Það er um 100 m norðan við 005.

Grasi grónar og þýfðar brekkurætur.

Þústin er alveg sigin og illgreinanleg en hólinn sem hún er á er fagurgrænn. Ekki er hægt að greina stærð eða umfang þeirra rústa sem þarna hafa verið enda eru þær á kafi í grasi. Einungis er hægt að merkja staðinn þar sem tóftin hefur verið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 277-78

**EY-164:023** *Sveitarlangur* garðlag 65°51.598N 18°35.452V


"Greiðfær grasgrund ofan við [Kvíhóla - 022] heitir Hvítiflötur. Þar yfir hefur legið hinn mikli Sveitarlangur, garðurinn, sem e.t.v. hefur legið um endilangan dalinn. Sést fyrir garðinum út frá Kvíhólum." segir í örnefnalýsingu. Sveitarlangur sést best norðan við Gildruhól 021 og langleiðina að Stekkjarhól 020. Lyngi vaxin fjallshlíð.

Garðlagið er útflatt en greinilegt neðan frá. Hann er 0,4 m á hæð en 2-3 m á breidd. Hann er 200-300 m langur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 278

**EY-164:024** þúst óþekkt 65°51.111N 18°35.600V



Fast ofan við Halldórshól 029 sem er rúmum 200 m suðaustan við 001er þúst.

Þústin er í grasi gónum haga.


Þústin er 5 X 6 m að stærð, einföld. Hún er nú hrúin og útflött.

Vesturhlið hennar er sérstaklega óskýr og virðist mynduð úr brekkunni austan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 278

**EY-164:025** *Sellaut* seltóft 65°51.033N 18°35.305V



"Sunnan við Skakkahjalla er nafnlaust hlíðarstykki, allt suður að Sellaut. Sunnan og ofan við hana er hólbugan Selhaus. Eftir Sellautinni rennur Gerðamelslækurinn."

segir í örnefnalýsingu. Sellautin er 400-500 m suðaustan við bæ. Tóftir eru ofan við mel í hlíðinni þar sem heitir Sellaut. Melurinn neðan við lautina er hins vegar Gerðamelur. Í lautinni eru tvær tóftir og er sú syðri fast ofan við Sveitarlang 023 sem er greinilegur á þessum slóðum. Lautin er grasi gróin, neðar er melur en ofar er lyngivaxin fjallshlíð.

Í lautinni eru tvær tóftir. Sú syðri er tvískipt og er fast austan við Sveitarlang, honum sambyggð. Frá honum

ganga tvö hólf, hlið við hlið. Er tóftin samtals um 8 X 7 m að stærð. 4 m norðaustan við þessa tóft er önnur. Hún er 5 X 5 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 278

**EY-164:026** *Kofamelur* hleðsla smalakofi


65°51.433N 18°33.924V

"Neðan Miðflatar [efst í fjallinu, ofan við Sjónarhóla] er Kofamelur, en Fletirnir eru grasbalar, vaxnir finnungsgróðri, allir sléttir og nokkuð láréttir." segir í örnefnalýsingu. Miðflötur/Fletirnir eru grasbakkar fast upp að efsta hluta fjallsins (Hnjúks) sem er snarbratt. Merkin eru talin þar sem tvö gil eru í fjallinu í þessum efsta hluta og eru tvö smalabyrgi um 100 m sunnan við syðra gilið.

Byrgin eru í um 550 m. y. s. Þau eru á grýttri melhæð eða hrygg. Umhverfis er mosavaxin urð. Syðri kofinn er mun skýrari og greinilega yngri. Hann er 3,5 X 3,5 og hlaðinn úr hellugrjóti. Ekki er greinanlegt op á honum en hann er mest. 0,3-0,4 m á hæð. 4 m norðan við kofann er annar kofi sem einnig er hlaðinn úr hellugrjóti en mun óskýrari og hrundari. Hann er 2,5 X 2 m að stærð. Norður- og austurveggir hans eru sérstaklega ógreinilegir en suðurveggur skýrastur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 279



**EY-164:027** frásögn af sundlaug

65°51.464N 18°35.937V

Jóhannes Kristjánsson man eftir eldri sundpoll (en 008). Hann var á sjálfum Sprengihól, nálæga þar sem vegarslóði beygir, hjá vörðu. Pollurinn var eyðilagður við vegagerð og eftir það var 008 búin til. Melur, grasi gróin að hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**EY-164:028** útihústóft

65°51.182N 18°35.741V

Á Smiðjuhóli voru tvær tóftir, 015 og önnur tóft 40 m sunnar. Hún er 40 m ofan við 001. Tóftin er á kafi í grasi og gróðri og mjög ógreinileg.

Tóftin er niðurgráfin að hluta. Erfitt er að greina ytri vegg hennar en að innan frá eru veggir um 1 m háir. Hún er 6 X 13 m að stærð og op er vestast á suðurhlið hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**EY-164:029** *Halldórshóll* útihústóft

65°51.124N 18°35.640V

Tóft er um 170 m suðaustan við bæ (001) og 50 m neðan við girðingu sem girðir af fjallshlíð. Hún er í norðvesturjaðri Halldórshóls (024) og 10-20 m ofan við suðurenda Rana. Tóftin er nálæga beint norður af Neðri-Sauðhúshól. Tóftin er í grösugum hól.

Tóftin er tvískipt og 7-8 X 10-11 m að stærð. Hún er á kafi í grasi. Í vestara hólfinu eru tveir flennistórir steinar sem taka mikið rými. Ekki er greinanlegt op á henni en hún er sigin og ógreinileg, mest 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



**EY-164:030** gerði kálgarður

65°51.219N 18°35.756V


Fast suður af 005 er merktur kálgarður á túnakorti frá 1917. Nú sjást aðeins merki eins veggjar sem liggur frá útihúsinu (005) og suður að læk. Gerðið er í grasi gróinni brekku á móts suðri.

Kálgarðsveggurinn sem enn sést er greinilegt og 22 m á lengd. Grjóthleðslur sjást í því en það er þó gróið. Veggurinn er 0,6 m á hæð en um 1 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

EY-164:031 hleðsla

65°51.621N 18°35.463V



Hlaðið byrgi er á Stekkjarhóli 020 og 20 m sunnan við Græntóarlæk eru leifar byrgis. Hleðslan er um 20 m norðan við horn fjallgirðingar sem beygir upp með læknum á þessum stað. Ofan á Stekkjarhóli eru miklir steinar á víð og dreif vaxnir lyngi og grasi.

Byrgið er hrúnið. Það var hlaðið úr grjóti en er nú einungis 0,1-0,2 m á hæð. Það er byggt upp við kletta að austan. Byrgið er 2,2 X 2 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

EY-164:032 heystæðistöft

65°51.048N 18°34.809V



Tæpum 800 m suðaustan við bæ (001) er heystæðistöft, nokkru norðan við merki. Heystæðið er á aflíðandi syllu í fjallshlíðinni. Umhverfis er lyngi vaxið.


Tóftin er einföld og 7 X 5 m að stærð en 0,3 m á hæð. Hún er nærri fjallsbrún en ofan við er lyngvaxin, aflíðandi brekka.

**Hættumat:** engin hætta

EY-164:033 gerði

65°51.405N 18°35.375V

Sunnan í Gildruhól 021, ofarlega er grjóthlaðið gerði. Það er nálega 500 m ofan við veginn heim að Syðra-Hvarfi. Gerðið er í berum melhól og snýr á móti suðri.



Gerðið er 12 X 7 m að stærð. Nú stendur einungis eftir einföld steinaröð en mól er innan í gerðinu sem og víða annars staðar á hólnum. Hæð 0,1-0,2 en breidd 0,3 m.

**Hættumat:** engin hætta

## EY-165 Ytra-Hvarf

40 hdr. 1712.

Bændaeign.

Bænhús var á Hvarfi og hefur það líklega verið Ytra-Hvarf sem seinna var hærra metin en Syðra-Hvarf.

1394 tilheyrir Hvarf Vallakirkju í máldaga Pétrs biskups

Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi.

DI III, 512. Sjá einnig 1429

Vístazíugerð Jóns Hólabiskups

Vilhjálmssonar, DI IV, 372, máldaga Ólafs

Rögnvaldssonar biskups frá 1461, Sigurðarregistri frá 1525 DI IX, 334.

1461 er getið í máldaga Ólafs biskups

Rögnvaldssonar að bænhús standi upp á Hvarfi. DI V, 356

1543 virðist jörðin enn óskipt en það má sjá af bréfi sem skrifað er á Hvarfi í sambandi við erfðamál bænum óviðkomandi


1569 kemur fram í reikningi um presttekjur á Völlum að landskuld Hvarfs er i%. DI XV, 345 en sama ár er hún í öðrum kirkjureikningi sögð í ½ . c. í landskuld en kúgildi 4. DI XV, 352.

13.10.1545 gaf Jón Oddsson syni sínum Þorgilsi presti um 10 hundruð upp í jörðina "til fullrar eignar þa strax. með þui fororde at hann skyllde hafa greindan iardarpart. til fullrar leigu medan hann villde þar bua. enn ef ecki være so myklir peningar ..." DI XI, 406-407

1847 var jörðin aðeins talin 15 hdr.

Skriðukot var hjáleiga á 10 hdr. 1712 og fram á seinni hl. 19. aldar og var þá sameinað Ytra-Hvarfi. Þar var þó húsmannskot til 1929. Sumarbústaðabyggð er risin framan í Hvarfinu.

1917: 5.9 ha. 5/6 slétt. Garðar 820 m<sup>2</sup>. "Framan við Ósinn voru til skamms tíma hólmar, sem oft voru slegnir. Voru þeir síðustu minjar víðlendra og góðra engja, sem áinnm hefur að mestu lagt undir sig. Í áreiðargerð frá árinu 1702, sem enn er til, er sagt, að næstliðin 10 ár hafi Skíðadalsá eyðilagt 40 engjadagsláttur og er jörðin þá talin nær engjalaus. Hefur þá sennilega ekki verið slegið ofan melbarðanna annað en túnið, sem þá var mjög takmarkað. Eftir þetta hefur verið farið að heyja upp um hæðir og sund, gil, drög og bolla furðuleg langt upp eftir fjalli, og hefur sá háttur haldizt fram á síðustu tíma, eða þar til





túnræktin óx að marki." Ö-Svarf, 265.

1990: "Túni liggur meðfram hlíðrrotunum suður að Hvarfinu ..." BE 1990, 214

**EY-165:001** *Ytra Hvarf* bæjarhóll bústaður 65°52.669N 18°35.335V

Gamli bærinn stóð nálega á sama stað og íbúðarhúsið á Ytra-Hvarfi nú. Gamli bærinn, sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stóð þó heldur austar og hefur náð þangað sem bakgarðurinn, austan íbúðarhússins sem nú stendur, er.

Íbúðarhúsið sem nú stendur er tveggja hæða steinhús án kjallara. Það stendur á lágri, um 1 m hárrí, hæð sem er nokkuð afgerandi (20 X 30 m) nema að austan þar sem hæðin rennur saman við brekkuna ofan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-165:002** heimild um hlöðu 65°52.669N 18°35.361V

Fjóshlaða var um 20 m vestan við gamla bæinn (001). Húsið er merkt inn á túnakort frá 1917 en engin merki sjást um það nú. Þar sem húsið hefur staðið er grasflöt vestan við íbúðarhúsið á Ytra-Hvarfi. Á þessum stað er sléttaður grasflötur vestan við íbúðarhúsið og sunnan heimreiðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-165:003** heimild um hjall 65°52.660N 18°35.315V

Um 10 m ofan við gamla bæinn (001) var áður hjallur sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Hjallurinn stóð þar sem vesturjaðar verkfærageymslu er nú. Hjallurinn vék þegar verkfærageymsla var byggð á svipuðum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-165:004** heimild um smiðju 65°52.652N 18°35.302V

Um 20 m ofan við gamla bæinn (001) (og örlítið sunnar) stóð áður smiðja. Hún er merkt inn á túnakort frá 1917 en engin ummerki sjást nú um hana. Þar sem smiðjan var er nú suðausturhluti verkfærageymslu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-165:005** *Þorgeirshús* heimild um fjárhús 65°52.643N 18°35.274V

"Á Úthólnum, þar sem nú eru aðalfjárhúsin, stóðu Miðhús og Þorgeirshús." segir í örnefnalýsingu 40-45 m ofan við gamla bæinn (001) og rúmum 20 m beint ofan við 004 voru áður fjárhús nefnd Þorgeirshús. Húsin voru merkt inn á túnakort frá 1917 en hafa nú vikið fyrir nýjum fjárhúsum á sama stað.

Húsin sem nú standa eru á mjög myndarlegum grasi grónum hól, fast norðan við bæjarlækinn.

Þorgeirshús og Miðhús voru sambyggð og var Miðhúsið sunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 267

**EY-165:006** *Syðstihúshóll* heimild um útihús 65°52.642N 18°35.307V

"Yzti hóllinn ... sunnan og ofan við bæinn heitir Syðstihúshóll ..." segir í örnefnalýsingu. Tæpum 50 m suðaustan við gamla bæinn (001) og beint sunnan við 004 (örlítið ofar) var Syðstahús á Syðstahúshól. Engin merki hússins sjást önnur en þau að dokk er í Syðstahúshól. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttað og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Hóllinn er fast sunnan við bæjarlækinn. Umhverfis eru sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 266

**EY-165:007** *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°52.603N 18°35.323V

"... neðan réttarinnar heitir Hesthúshóll, ..." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m suðvestan við gamla bæinn (001) og um 50 m sunnan við 006 var Hesthúshóll og hesthús við hann. Engin merki eru nú um húsin í

sléttuðu túninu. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttað og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Á þessum slóðum er fremur hæðótt en sléttað tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 266 og Túnakort 1917

**EY-165:008** réttartóft


65°52.589N 18°35.291V

"Fjárréttin var í horni gamla túnsins, syðst og efst ..." segir í örnefnalýsingu. Um 125 m innan og ofan við gamla bæinn (001) og 20-30 m ofan við 007 (og aðeins innar) sjást enn leifar réttarinnar sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Réttin er í túnjaðri og standa norður- og vesturveggir hennar enn. Norðan við réttina eru tún en sunnar eru móar.

Réttin er á þýfðu svæði. Op er á miðjum vesturvegg hennar. Réttin er nær alveg hlaðin úr grjóti sem þó er nokkuð gróid, sérstaklega að utan. Tóftin er um 7 X 12,5 m að stærð og um 1,2 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 270 og Túnakort 1917



**EY-165:009** heimild um útihús

65°52.677N 18°35.196V

Um 70 m norðaustan við gamla bæinn (001) og 10 m neðan við mörk túns frá 1917 og beint ofan við Ysthús (020) var útihús skv. túnakorti frá 1917. Engin merki sjást nú um útihúsið og Ólafur Tryggvason man ekki eftir húsi á þessum stað. Þar sem húsið hefur staðið er nú grasflöt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-165:010** heimild um útihús

65°52.746N 18°35.070V

Um 200 m norðaustan við gamla bæinn (001) og um 150 m norðan við 009 (og örlítið ofar) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin ummerki eru nú um þetta hús. Þar sem húsið stóð er nú sléttað tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-165:011** Tröð heimild um traðir

65°52.674N 18°35.342V

"[Tungan sem bærinn stendur á] takmarkaðist af Bæjarlæknum að sunnan, en að norðan af Tröð (til heimreiðar um túnið)." segir í örnefnalýsingu. Tröðin er merkt inn á túnakort frá 1917. Hún lá skáhallt upp að gamla bænum og sker því heimreiðina sem nú liggur upp að bænum. Engin merki eru greinanleg um gömlu heimreiðina en þar sem hún var eru nú sléttuð tún og ný heimreið. Tröðin var upphlaðinn vegur. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttað og nefnist einu nafni Suðurvöllur."

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 266

**EY-165:012** frásögn af stekk


65°52.579N 18°35.361V

Um 40 m neðan við 008 og örlítið utar er hvammur rétt sunnan við túnjaðar. Í þessum hvammi er mjög þýft en svo virðist sem þar hafi verið tóftir sem nú eru næstum alveg hlaupnar í þúfur og ógreinilegar. Talið er líklegt að tóftirnar séu af stekk.

Tóftin hefur verið í bolla en umhverfis eru hólur. Í jaðri hólanna má greina garðlag í námunda við hina meintu tóft. Ógerningur er að greina lag eða stærð þeirra tófta sem í bollanum hafa verið.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917



**EY-165:013** heimild um túngarð

65°52.606N 18°35.244V

"Yzti hóllinn ... sunnan og ofan við bæinn heitir Syðstihúshóll, en efsti hluti [Suðurhóla] ofan við fornan túngarð nefnist Hrutagerði." segir í örnefnalýsingu. Á Hrutagerði voru tóftar brot fast ofan við túngarðinn. Hvorki sjást nú leifar túngarðsins né tóftar brotanna enda eru tún á þessum slóðum. Merki túngarðsins sjást

hvergi en hann lá í boga sunnan við Hrutagerði og að réttinni. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttað og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Túngarðurinn er kominn undir tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 266

**EY-165:014** *Hrutagerði*

65°52.605N 18°35.244V

"Yzti hóllinn ... sunnan og ofan við bæinn heitir Syðstihúshóll, en efsti hluti [Suðurhóla] ofan við fornan túngarð nefnist Hrutagerði." segir í örnefnalýsingu. Á Hrutagerði voru tóftarbrott fast ofan við túngarðinn. Hvorki sjást nú leifar túngarðsins né tóftarbrottanna enda eru tún á þessum slóðum. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttað og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Tún eru nú þar sem Hrutagerði var.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 266

**EY-165:015** frásögn af mógröfum

65°52.293N 18°35.747V

Svarðargrafir voru áður 750-800 m sunnan við gamla bæinn (001). Þær eru nú horfnar í tún. Þær voru ofan við þjóðveg, fremur norðarlega í syðsta túninu á Ytra-Hvarfi. Þar sem grafirnar voru er nú sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-165:016** *Kofalaut* frásögn af útihús

65°52.613N 18°35.347V

"... neðan réttarinnar heitir Hesthúshóll, og enn neðar Kofalaut." segir í örnefnalýsingu. Fast norðan við Kofalaut er Kofalautarhóll og á honum voru tóftir í minni Ólafs Tryggvasonar. Þessar tóftir hafa verið 50-60 m neðan við réttina 008. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttað og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Á þessum slóðum er fremur hæðótt en sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 266

**EY-165:017** *Mánastaðir* örnefni

65°52.693N 18°35.352V

"Norðurhluti túnsins heitir Útvöllur og er nú allur sléttuður, nema lítill hóll, sem kallast Mánastaðir." segir í örnefnalýsingu. Mánastaðir voru hóll í túni sem lengi vel var ósléttuður. Hann var um 50 m norðvestan við gamla bæinn (001). Alveg hefur nú verið rutt út úr hólum og engin merki hans eru greinileg en hann hefur verið fast norðan við heimreiðina sem nú liggur heim að bænum. Þar sem hóllinn var eru nú rennislétt tún norðan heimreiðarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 266

**EY-165:018** frásögn af stekk

65°52.176N 18°35.865V

Ólafur Tryggvason man eftir þremur stekkjartrotum í landi Ytra-Hvarfs. Einn þeirra stóð nálægt Hvarfinu, 900-1000 m sunnan við gamla bæinn (001). Engin merki eru nú greinileg um þennan stekk en hann hefur verið syðst í syðsta túninu sunnan Ytra-Hvarfs. Tóftin hefur verið þar sem nú er hæð í sléttuðu túni, um 10 m norðan við skurð sem afmarkar túnið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-165:019** *Merkjagarður* garðlag

65°52.845N 18°35.350V

"Norðan við Pollalækinn er nú ca. 4 ha slétt tún út að svonefndum Merkjagarði, ..." segir í örnefnalýsingu. Merkjagarður milli Ytra-Hvarfs og Skriðukots var um 330 m beint norðan við íbúðarhúsið á Ytra-Hvarfi þar sem nú eru sléttuð tún.

Engar leifar garðsins eru nú greinilegar en þar sem hann var eru sléttuð tún. Ofan þjóðvegur eru sléttuð tún en neðan hans er raskaður melur þar sem kuml fannst (022).

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-165:020** *Ysthúsgerði* heimild um útihús 65°54.682N 18°35.282V

"Norðan við Pollalækinn er nú ca. 4 ha slétt tún út að svonefndum Merkjararði, þar sem áður var Yzthúsmór og Yzthúsgerði, og er hlaðan, sem þar stendur enn kölluð Yzthús." segir í örnefnalýsingu. Ysthús voru 40-50 m norðan við gamla bæinn (001). Þar sem þau voru er nú suðurjaðar hlöðu.

**Hættumat:** hættu, vegna byggingar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-165:021** *Troðningur* heimild um leið 65°52.534N 18°35.357V

"Sunnan við bæjarlækinn er götuslóðinn Troðningur, en þær götur lágu þvert yfir nafnlausu keldu á hellubru." segir í örnefnalýsingu. Ekki man Ólafur Tryggvason eftir Troðningi og ekki sjást merki hans sunnan bæjarlækjar þar sem eru sléttuð tún. Sunnan við tún er þó vegarslóði sem liggur til suðurs og var mest notaður til að flytja hey. Vegarslóði þessi er upphleypur og liggur yfir grasi gróid hólsvæði sunnan við tún og í gegnum Uslaréttina.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-165:022** kuml legstaður 65°52.842N 18°35.329V

"Á merkjunum milli Skriðukots og Hvarfs er Merkjaklauf, lítil og lækjarlaus. Þar eru fornmannahaugar. Komu þar eitt sinn upp mannabein og a.m.k. eitt spjót. ... Um [mel þennan] liggur þjóðvegurinn." segir í örnefnalýsingu.

"Haustið 1949 var unnið við vegagerð með jarðýtu á bökkunum í túnfætinum á Ytra-Hvarfí, um 350 m norður af bænum. Varð þá vart kumlaleifa, sem ýtan hafði skafið ofan af, er hún hrugaði grjóti og mold upp í veginn. Hefur þar að líkindum grafið eitthvert haugfé. Þó er enginn efi á, að kumlategur sá, sem þarna hefur verið, hefur fyrir ævalöngu verið ræntur. [KE] rannsakaði hauginn skömmu eftir að hann fannst. / Kumlategurinn er alveg fremst á gömlum snarbröttum árbakka, og hefur vegur lengi legið á bakkabrúninni, frammar en nýi vegurinn. Skammt ofan við bakkabrúnina var mjög gamall vallargarður, sýnilega frá þeim tíma er tún var stærra en seinna varð. Á milli bakkabrúnarinnar og garðsins voru kumlín. Fyrir nokkrum árum hafði verið sléttuð yfir þau við túnrækt, en áður höfðu þarna sézt haugar litlir eða stórar þáfur með miklu af ársorfnu grjóti, sem að töluverðu leyti var rífið upp og velt fram af bakkunum við sléttunina. Jarðýtan skóf miklu dýpra, svo að bert varð, að mannaverk voru á. Á kumlategnum funduzt tvær greinilegar grafir og nokkrar fleiri leifar."

Kumlategurinn var þar sem þjóðvegurinn liggur nú 330-350 m norðvestan við bæinn (001) og beint neðan við merkjararðinn (019). Kumlategurinn var þar sem þjóðvegurinn liggur nú en náði aðeins lengra til vesturs þar sem raskaður melur er nú milli þjóðvegur og vegarslóða nokkru vestar.

"1. kuml. Mjög aflöng gröf. 4.75 m að lengd, 80 sm að breidd, skýrt afmörkuð og ferköntuð, sneri því sem næst N-S. Dýpt hennar var um 65-70 sm, þar af um 25 sm ofan í hreina sjávarmöl, en upprunalega hefur dýptin verið meiri. Gröfin var full af margvíslegum malar- og moldarblendingi, og voru þar í margir stórir steinar, allir aðfluttir, fletir í norðurenda. Í gröfinni höfðu verið maður og hestur, maðurinn í suðurenda á 2 m löngu svæði, með höfuðið í suður. Engin fundust þó bein hans, en þetta má með vissu ráða af því, að inn undir grafarbakkanum að austan lá spjót, og vísaði oddurinn í norður og þá einnig fætur mannsins. Spjótið ber líklega að telja til hinnar spengilegu I-gerðar, Sverd 20. Það er nú 42 sm að lengd, en þó vantar á það því nær allan falinn, svo að aðeins er eftir efsti geirnaglenn. Hann er úr bronsi og stendur langt út úr báðum megin. Annars fannst í grafrými mannsins sproti úr bronsi, með stílfærðum dýrhaus, og jármolar óskilgreinanlegir. / Í norðurenda grafarinnar hafði verið heygður hestur, og var þar mjög mikið af hrossbeinum og grjóti, óvenjuleg stóru. Beinir voru þó aðeins úr einum hesti, nema hvað tennur voru úr tveimur, og kunna þær að hafa borizt úr öðru kumli við jarðraskið. Með hrossbeinum voru mjög ryðguð járnstykki úr söðli, gjarðarhringja og bólur margr úr söðli, gerðar sem kúptir hnappar úr bronspýnnu. / Augljóst er, að 1. kuml hefur verið rífið upp fyrir löngu, mannsbeinin fjarlægð, hrossbeinum raskað, haugfé rænt, en spjótið eitt skilið eftir, líklega af því að það hefur falbrotnað þegar til þess var gripið. / 2. kuml. Þetta kuml var rúmum 5 m vestar og lítið eitt sunnar en 1. kuml. Það var gröf með líku sniði og hin, grafin álíka djúpt, 3.5 m að lengd, 75-100 sm að br. Sneri N-S. Í norðurendanum var mikið hrossbeinahrafl ásamt gjarðarhringju og ruðkökkum og nöglum úr söðli, en í suðurenda ekki annað en ryðmolar. Sýnilega var gröfin uppgráfin fyrir löngu, og virðist hafa hagað eins til og í 1. kumli, maðurinn í suðurenda, hestur til fóta. / Á þremur stöðum utan þessara grafa voru mannabeinaleifar, á einum fjórar tennur, öðrum óskilgreinanlega leifar, en nyrzt, ærið langt frá, hrafl af

beinum manns og hests. Auk þessa fundu jarðýtumenn í vegarfyllingunni einn vel varðveittan lærlegg, eina heillega mannsbeinið úr kumlateignum. Vera má, að sumt af þessum beinum hafi upprunalega verið í gröfunum tveimur, en þó verður ekki með vissu um það sagt né upprunalegan fjölda grafa á kumlateignum."

**Hættumat:** hættu, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267; KEKH, 115-17

**EY-165:023** heimild um leið

65°52.858N 18°35.366V

"Kumlateigurinn er alveg fremst á gömlum snarbröttum árbakka, og hefur vegur lengi legið á bakkabrúninni, framur en nýi vegurinn. ... Á milli bakkabrúnarinnar og garðsins voru kumlin." segir í lýsingu Kristjáns Eldjárns á kumlinu 022. 15-20 m neðan við þjóðveg og um 350-360 m norðvestan við bæinn er vegarslóði sem er síðustu leifar eldri vegar. Hann sést á kafla hér og þar en melnum sem hann liggur á hefur annars verið mikið raskað.

**Hættumat:** hættu, vegna vegagerðar

**Heimildir:** KEKH, 115

**EY-165:024** *akrar* garðlag

65°51.864N 18°35.949V

"... sunnan under Hæd nokkurre edur Leite, Hvarf nefndu, þar sem Skídadalur skér sig frá þeim eiginliga Svarfadardal, í góðu skjóle fyrir Nordannæðingum, finnast og síást Merke til margra Garda sem ímsliga liggja og hvör um annan. Einn einaste Madr í Bygdarlagénu hefir gétad géfid mér þá Upplisingu hérur, at hann af Forfedrum sínum - greindum Mönnum - heyrnt hafe, þat slíker Gardar hafe af fornmönnum brúkader verit til Sánings og Ræktunar Vaxta þeirra er þeir skylldu hafa gért Öl edur Munngát sitt af." segir í fornleifaskýrslu frá 1818. Hvarf nefnist hæðasvæði syðst í landi Ytra-Hvarfs en Syðra-Hvarf er á sjálfu Hvarfinu. Í Hvarfinu eru nokkrar hæðir en ekki vitað um neinar akurgirðingar og er hugsanlegt að þær hafi verið í landi Syðra-Hvarfs. Á Hvarfinu hefur nú risið sumarbústaða-byggð. Svæðið er nokkuð þýft, eilítið grýtt og lyngivaxið. Þar er hafin skógrækt.

**Heimildir:** FF II, 540

**EY-165:025** *Elinargerði* heimild um býli

65°52.454N 18°35.508V

"Elinargerðislækur fellur fram um Suðurmela niður í Flóa ..." segir í örnefnalýsingu, og ennfremur: "Elinargerðismór ... er beint suður af túni. Efst í honum stóð býlið Elinargerði, kennt við Elinu, sem munnmælin segja að Þorbjörn illi, bóndi á Ytra-Hvarfi hafi banað. Á þarna að vera leiði Elinar þessarar." [sbr. 034].


Elinargerði var þar sem nú eru sléttuð tún um 400 m sunnan við bæinn (001). Engin merki sjást um býlið en þar sem það var er nú hæð efst í túni. Ólafur Tryggvason man eftir myndarlegum vallargarði sunnan, vestan og norðan við þennan stað en það er nú horfið í tún.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 268, 269

**EY-165:026** *Ytra-Hvarfsstekkur* stekkjartóft

65°52.132N 18°36.075V



"Ytra-Hvarfsstekkur er sunnan í Stekkjarmel. Þar heitir Stekkjarhvammur. Í hvamminum er Stekkjarbolli og Stekkjarbakk. Hann nær suður að Yztubrekkumel. Í ánni var Stekkjarhólmi og Stekkjareyri (sunnar)." segir í örnefnalýsingu. Ytra-Hvarfsstekkur var einnig stundum nefndur Gamli-Stekkur. Hann er rúmlega 1 km innan og neðan við bæinn (001). Hann sést enn greinilega um 15 m neðan við þjóðveg, norðarlega í Hvarfinu. Stekkurinn er nálega til móts við Réttarhvamm í landi Tungufells. Stekkurinn er um 100 m sunnan við syðstu tún á Ytra-Hvarfi.

Stekkurinn er í hvammi ofan árbakkans. Umhverfis eru lyngivaxnir móar. Stekkurinn er 15 X 6 m að stærð og op er á austurhlíð hans. Hann virðist tvískiptur. Garðlag liggur skáhallt meðfram norðurhlíð stekksins (042).

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 268

**EY-165:027** *Kofamelur* heimild um smalakofa 65°52.081N 18.36.083V  
"Á [ár]bakknum er Kofamelur, kenndur við hjásetukofa, sem þar stóð fyrrum." segir í örnefnalýsingu. Ólafur Tryggvason kannast ekki við örnefnið Kofamel en það hefur þó verið sunnan við stekkið 026. Engar tóftir eru hins vegar greinanlegar þar, neðan þjóðveggar. Lyngi vaxinn, þýfður melur.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 268

**EY-165:028** *Brúarmelur* hleðsla brú 65°51.869N 18°36.176V  
"Yztubrekkurmelur er snarbrattur ofan í á. Sunnar er Brúarmelur, kenndur við brúna, sem byggð var 1896. Neðan hans er Brúarhvammur." segir í örnefnalýsingu. Enn sjást hlaðnar leifar brúar sem byggð var 1896 beggja vegna árinna. Gamla brúin var um 120 m norðan við þá brú sem nú er á veginum og rúmum 200 m neðan við þjóðveginn.

Brúin var í Brúarhvammi sem er nokkuð þýfður og gróinn grasi og víði. Nokkuð bratt er upp úr hvamminum. Austanmegin er brúarhleðslan um 9-10 m löng og 2 m á hæð og breidd. Á móti virðist hleðslan nokkru styttri.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 268


**EY-165:029** frásögn af öskuhaug 65°52.653N 18°35.302V  
Öskuhaugur fyrir Ytra-Hvarf var fyrst sunnan við bæinn en var síðar færður ofar, sunnan við smiðju (004). Öskuhaugurinn hefur verið fast norðan við bæjarlækinn. Þar sem haugurinn var er nú sléttuð svæði en örlítið af timbri og rusli er þar enn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 268

**EY-165:030** *Geldingatóftir* tóft 65°52.707N 18°34.891V  
"Vallgrónar tóftir upp af Yzthússundi og neðan við Stórholtið heita Geldingatóftir." segir í örnefnalýsingu. Geldingatóftir eru beint upp af af 010 og liggur fjallgirðingin beint yfir tóftina. Tóftin er um 350 m norðaustan við gamla bæinn (001). Tóftin er á hæð á grasi grónu þýfðu svæði ofan við efstu túni.

Tóftin er 12 X 7 m og er tvískipt. Svo virðist sem garði gangi eftir stærra hólfinu (vestara) endilöngu. Fjallgirðingin gengur þvert yfir austasta hluta tóftarinnar.


**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 269



**EY-165:031** seltóft 65°52.673N 18°34.780V  
"Sunnan [Merkisgils] eru aðrar tóftir, Seltóftir." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m ofan við Geldingatóftir 030 og um 20 m sunnar er seltóft. Tóftin er efst og nyrst í eins konar bolla. Selið er 410-430 m ofan og utan við gamla bæinn (001). Í balanum er nokkur grasvöxtur en það fer fjarri að vera eins þýft og lyngivaxið og er umhverfis balann (nema vestan hans). Tóftin er þó lyngivaxin.

Tóftin er 7 X 5 m að stærð og tvískipt. Op er á bæði hólfin til vesturs. Norðan við tóftina virðist mega sjá móta fyrir þriðja hólfinu en það er mjög óljóst.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 269



**EY-165:032** *Álfhóll* heimild um huldufólksbústað

65°52.490N 18°35.156V

"Ofantil í [Ennum] heitir Miðholt og suður af því er Ytra-Álfhólsholt. Hjallabrúnnin þar sunnan við er r Álfhólshausinn, en ofan við hann er Álfhólssund." segir í örnefnalýsingu, og ennfremur: "Elínargerðisund nær upp undir Álfhólinn, sem er langur melhóll ... Framan í Álfhóli er geysistór steinn, Álfhólssteinninn, talinn mikill huldufólsbústaður. Hóll þessi er þrískiptur ofantil og heita hlutarnir Yzti-, Mið- og Syðsti-Álfhólskollur, og er hinn síðastnefndi hæstur." Álfhóll er um 350 m suðaustan við bæinn, nokkuð ofan við efstu tún.

Hóllinn er langur og liggur norður-suður. Álfhólssteinninn er nyrst eða norðvestast í hólnum. Steinninn er ekki hár en liggur í brekkunni og er 2-3 m á lengd. Álfhóll er melhóll sem að hluta er gróinn lyngi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 269, 270

**EY-165:033** Þjóðsaga um legstað

65°52.456N 18°35.486V


"Elínargerðismór ... er beint suður af túni. Efst í honum stóð býlið Elínargerði, kennt við Elínu, sem munnmælin segja að Þorbjörn illi, bóndi á Ytra-Hvarfi hafi banað. Á þarna að vera leiði Elínar þessarar." segir í örnefnalýsingu. Elínargerði (025) var þar sem nú eru sléttuð tún um 400 m sunnan við bæinn (001). Engin merki sjást um býlið en þar sem það var er nú hæð efst í túni. Austarlega á hólnum var dæld sem þótti "grafarleg". Þegar hóllinn var sléttaður var farið sérstaklega varlega á þessum stað en ekkert kom upp.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 269

**EY-165:034** Uslarétt gerði

65°52.535N 18°35.365V



"Sunnan við Efsta-Steinhól heitir afmarkað svæði Uslarétt, vafalaust forn nátthagi. Þetta er h.u.b. dagsláttu að stærð, hringlagað og garðhleðslur umhverfis. Hólkollur er þar inni og húsatóft á honum, en nafn vita menn ekkert á þeim stað." segir í örnefnalýsingu. "Fyrir sunnan og ofan bæinn á Ytrahvarfi, 250-300 m, og ofan gamla túnsins eru nokkrir töluvert fyrirferðamiklir hólar og heita Steinhólar, sá efsti þeirra Efsta-Steinhóll. Standa hólar þessir í brekkum, sem verða frá lárétta megingtúninu á Ytrahvarfi. Sunnan við Efsta-Steinhól er gamall torfgarður mjög greinilegur, óreglulega hringlagaður og nokkru meiri upp og ofan eftir brekkunni en þvert yfir um. Girðing þessi er um það bil ein dagsláttu að stærð. Innan í henni er allt í þýfi en þar ber þó mest á dálitlum

hólkollu og efst á honum er svolítill hústóft. Girðing þessi á Hvarfi heitir Uslarétt ... Staðinn skoðaði [KE] með Ólafi Tryggvasyni bónda á Ytrahvarfi 26 sept. 1975. Uslarétt er enn í góðu gildi og verður ekki skert, en yfir hana liggur nú upphækkaður heyflutningsvegur og á einum stað hefur malargryfjubarmur seilst ögn yfir garðinn. Ólafur á Ytrahvarfi hefur fullan hug á að láta þetta mannvirki ekki verða fyrir frekara hnjaski." KE: Uslaréttir, Árbók 1980, 106. Uslaréttin er beint neðan við Álfhólsstein í Álfhóli á hólsvæði sunnan og ofan við tún.

Hólarnir eru mjög þýfðir og á kafi í grasi en ekki er óhugsandi að fleiri garðlög hafi legið um þá. Tóftin er ógreinileg en hefur verið um 6 X 4 m að stærð. Uslaréttin er hins vegar um 70 m á lengd en 40-45 m á breidd og sporöskjulaga. Breidd veggja er um 2 m en hæð þeirra er 0,3 m. Tóftin er á litlum hól fast neðan við heybandsveginn. Hún er nálægt því að vera í réttinni miðri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 269; KE: Uslaréttir, Árbók 1980, 106.

**EY-165:035** *Torfholt* örnefni rista 65°52.307N 18°35.704V  
"Neðan Hallanna eru Torfholtin: Litla-, Ytra- og Syðra-Torfholt. Þá er Torfholtslækur og sunnar Torfholtssund, en neðar Króksmóar (Torfholtsmóar) og Torfholtflói." segir í örnefnalýsingu. Torfholtin voru þar sem nú er sléttað tún um 120 m ofan við þjóðveg og um 700 m sunnan við bæ. Engin merki um torfristuna eru nú greinileg en þar sem hún var er nú sléttað tún.  
**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 269

**EY-165:036** frásögn af öskuhaug 65°52.568N 18°35.332V  
Sunnan við gamla bæinn (001) var öskuhaugur þar sem matjurtagarður er nú í bakgarði íbúðarhússins. Öskuhaugurinn var síðar færður ofar í hlíðina (sjá 029). Alveg hefur verið sléttað úr öskuhaugnum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-165:037** *Kvíamór* örnefni kvíar 65°52.567N 18°35.213V  
"Fjárréttin var í horni gamla túnsins, syðst og efst, en þar ofan við Kvíamór upp að Kvíhóli, sem er sunnan við Bæjarlækjargil." segir í örnefnalýsingu. Kvíahóllinn er fast sunnan við bæjarlækinn og beint 60-70 m ofan við réttina (008). Ekki eru tóftir á eða við hólinn en hugsanlegt að nafn hans sé annaðhvort dregið af réttinni (008) eða stekkjartóftunum sem voru neðan við réttina. Hóllinn er grasi gróinn en neðan hans er þýfður hagi ofan túns.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 270

**EY-165:038** *Þórarinsbolli* álagablettur 65°52.407N 18°35.165V  
"Sunnan undir [Ysta-Álfhólskollu] er Þórarinsbolli, graslaut, talin álagablettur. Heitir hann svo af því, að Þórarinn sló lautina, án þess að mein yrði að, en það þótti svo miklu tíðindum sæta, að nafn mannsins festist á staðnum. Þarna ofan við er graslendisflæmi, sem var talið 100 hesta heyland, Álfhólsengið." segir í örnefnalýsingu. Álfhóll er um 350 m suðaustan við bæinn nokkuð ofan við efstu tún. Hann er langur og liggur norður-suður. Álfhóll er eiginlega myndaður úr 3 hóltoppum og er Þórarinsbolli ofan við hólinn í skjóli milli syðri hóltoppanna tveggja. Ofan við hólinn er rakt og sléttað svæði.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 270

**EY-165:039** náma mógrafir 65°52.414N 18°35.872V  
Svarðargrafir voru innan og neðan við gamla bæinn (001) um það bil sem nýi vegurinn kemur til með að liggja. Grafirnar eru enn merkanlegar um 100 m neðan við þjóðveginn og um 550 m suðvestan við íbúðarhúsið á Ytra-Hvarfi. Á svipuðum stað liggur vegarslóði frá þjóðveg og í sveig niður á árbakkann. Grafirnar koma til með að lenda fast sunnan við nýja veginn. Svarðargrafirnar eru á sléttum bakka. Þær eru mjög rakar og vaxnar grasi.  
**Hættumat:** mikil hætta, vegna vegaframkvæmda  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 270

**EY-165:040** *Álagabólí* álagablettur 65°52.617N 18°34.684V  
"Merkishryggur er sunnan við Yztagil, en sunnar er Merkishryggur. Á honum er Álagabólí (Heimildarmaður sló hann þó einu sinni og varð ekki fyrir öðru tjóni en að brjóta orfið)." segir í örnefnalýsingu. 500-600 m norðaustan við gamla bæinn og 120-130 m ofan við fjallgirðingu er Álagabólí. Hann er beint ofan við selið 031. Bollinn er vaxinn grasi og er nokkuð rakur.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 270

**EY-165:041** *Sveitarlangur* garðlag 65°52.403N 18°35.167V  
"Sveitarlangur er ævafornt mannvirki, sem víða sér fyrir. Hefur þetta verið mikil garðhleðsla



(sameiginlegur göngugarður?), sem e.t.v. hefur legið um endilangan dalinn. Í Ytra-Hvarfslandi liggur Sveitarlangur í fjallskrikanum, um það bil sem hlíðinni sleppir." segir í örnefnalýsingu. Sveitarlangur sést víða í landi Ytra-Hvarfs. Hann er nokkuð greinilegur fast ofan Álfhóls. Umhverfis garðinn er grasi vaxin og þýfð hlíð.

Garðurinn er 2-3 m á breidd en um 0,5 m á hæð. Hann er alveg gróinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Svarf, 271

**EY-165:042** garðlag

65°52.144N 18°36.014V

"Utan við Yztubrekku liggur svo annar garður af [Sveitarlangi] þvert niður til árinna og stefnir á svipaðan garð hinum megin ár, um það bil sem heitir Kaupstaðarhvarf. Bendir þetta til eins konar vegagerðar og samgangna yfir Skíðadalsá á þessum stað." segir í örnefnalýsingu. Garðlag liggur frá brekkunni ofan við flatan árbakkann og skáhalt fram hjá Gamla-Stekki norðan hans. Garðlagið fjarar út í námunda við þjóðveg og er mjög óljóst ofan hans. Það hefur þó líklega legið norðan í Hvarfinu þar sem túnjaðar er nú. Garðurinn liggur yfir mel.

Garðlagið er a.m.k. 50-60 m á lengd og 1,5-2 m á breidd en 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Svarf, 271

**EY-165:043** heimild um bænhús

65°52.672N 18°35.335V

Bænhúss á Hvarfi er getið í bænhúsatali frá 1487. Það var þá uppistandandi. Ekki er full víska fyrir á hvoru Hvarfinu bænhúsið var en talið líklegt að það hafi verið á Ytra Hvarfi. Ekki er vitað hvar bænhúsið hefur staðið og engar kenningar eru upp um staðsetninguna. Ekki eru heimildir fyrir því að bærin hafi staðið á öðrum stað en hann gerir nú og líklegt verður að teljast að bænhúsið hafi verið í námunda við bæinn. Þar sem hnit voru tekin er nú hlað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** DI V, 356.

## EY-166 Skriðukot

10 hdr. 1712 eða 1/4 af Ytra-Hvarfi og hafði byggst í úthögum fyrir manna minni en hafði verið úrskift að landsnytjum fyrir fáum árum.

Skriðukot taldist lögbýli fram á seinni hluta 19. aldar en var þá sameinað Ytra-Hvarfi aftur. Á

bæjarstæðinu var þó húsmannskot til 1929.

1917: 2.2 ha. 2/3 slétt. Garðar 324 m<sup>2</sup>.

### EY-166:001 Skriðukot

bæjarhóll bústaður

Bærinn í Skriðukoti var norðan við bæjarlæk og 60-80 m sunnan við Skriðulæk.

Bærinn er um 100 m ofan við þjóðveg, 5-10 m neðan við raflínu og 40-50 m

neðan við greinilegan kálgarð. Þar sem bærinn stóð er nú hæð ofarlega í sléttuðu túni. Sambyggt bænum var fjós.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-166:002 Ærhús fjárhústóft

Um 30 m norðaustan við bæ (001) og 30 m norðvestan við kálgarð (008) má enn sjá tóft Ærhúsa. Tóftin er ofarlega í þýftu túni. Um 5 m sunnar er girðing sem girðir af tún sem enn eru slegin.

Tóftin er tvískipt og er op á vesturhlíð hennar og einnig milli hólfanna tveggja. Hún snýr austur vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917


### EY-166:003 Miðkofi fjárhústóft

"Heiman við Puntskák eru fjárhúsbrott, sem heita Miðkofi. Talið er, að hann hafi einn allra húsa í Skriðukoti, staðið af sér hlaup mikið, er rann úr Skriðulæk (líklega) á fyrri hluta 18. aldar. Í þessum kofa var um síðustu aldamót útskorin fjöl í stokki garðahöfuðsins, því miður glötuð nú. Á henni sáust allvel gerðir upphafsstafirnir TKIRK, en sagað hafði verið báðum megin af fjölinni og þar með letrinu." segir í örnefnalýsingu. Tóftin er tæpum 50 m norðan við bæ og 15 m norðan við girðingu sem girðir af tún sem enn eru slegin. Húsið er um 100 m ofan við þjóðveg. Þýft tún.


Tóftin er tvískipt, snýr norður-suður og er 14 X 14,5 m að stærð. Op er nyrst á vesturvegg. Garði er í nyrðra hólfinu en aftan við er hlaða og op er á milli hólfanna við garðann.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar


**Heimildir:** Ö-Svarf, 267 og túnakort 1917



65°52.941N 18°34.724V



65°52.964N 18°34.765V



**EY-166:004** *Tóftarhóll* örnefni

65°52.912N 18°34.786V

"Sunnar og neðar [en Stykkið] beint suður af bænum er Tóftarhóllinn ..." segir í örnefnalýsingu. Tóftarhóll var 40-50 m innan við og örlítið ofar en í stefnu frá bæ (001). Hann var fast sunnan við bæjarlæk. Á þessu svæði eru nú sléttuð tún og engin ummerki sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-166:005** *Húsgangsvegur* heimild um leið

65°52.923N 18°34.813V

"Sunnar og neðar [en Stykkið] beint suður af bænum er Tóftarhóllinn, niður að Húsgangsvegi (svo nefndust götur, sem mynduðust milli bæja utan alfaravegar)." segir í örnefnalýsingu. Húsgangsgötur lágu til suðurs frá Stykkinu neðan við bæ (001) svotil beina leið að Ytra-Hvarfi. Þar sem götur lágu eru nú sléttuð tún.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-166:006** *Neðstikofi*

fjárhústóft

65°52.985N 18°34.952V



"Neðsti hluti Útvallar, eða neðan við svokallaðan Neðstakofa, sem nú er fallinn, heitir Hornið." segir í örnefnalýsingu. Neðstikofi er um 50 m neðan við Þjóðveg. Hann er 50 m ofan við 007.


Begga vegna við kofann (norðan og sunnan við) eru djúpar lautir. Tóftin er á þýfðri, grasi vaxinni hæð eða tungu. Um 10 m neðan við nyrðri hæðina eru tvær minni hæðir og er sú syðri fagurgræn og þessleg að mannvistarleifar gætu leynst þar. Greinilegt er að tóft hefur verið á tungunni. Hún hefur verið nálega 16 X 8 m að stærð en er orðin illgreinanleg. Hún snýr norður-suður og virðist hafa skipst í 2-3 hólf.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-166:007** útihústóftir

65°52.991N 18°35.030V



Tóftir eru 30-40 m beint niður af Neðstakofa (006) (og örlítið utar), skammt ofan við gamla veginn. Brotin eru 100-150 m neðan við Þjóðveg. Tóftirnar eru á hæð sem er gróin grasi. Um er að ræða tóft sem er 13 X 7 m að stærð og skiptist í 2-3 hólf. 1, 5 m frá henni er gerði 11 X 11 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta


**EY-166:008** *Efstikofi* gerði kálgarður  
 "Efstikofi var beint upp frá bænum. Þar var sáðgarður eftir að kotið fór í eyði." segir í örnefnalýsingu. Um 30-40 m ofan við bæ (001) og fast sunnan við bæjarlækinn sjást enn greinileg merki um kálgarð sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Gerðið er ofan túna (í túnjaðri) á grösugri en þýfðri flöt.

65°52.919N 18°34.701V

Gerðið er 18 X 52 m að stærð og virðist sem grjóthleðslur séu í því.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267



**EY-166:009** *Hesthúsið* heimild um hesthús

65°52.942N 18°34.746V

"Kofi út og upp frá Skriðukotsbæ hét Hesthúsið ..." segir í örnefnalýsingu. Hesthús var mitt á milli bæjarins (001) og Ærhússins (002). Þar sem húsið stóð eru nú sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-166:010** *Gerði* fjárhústóft

65°52.946N 18°34.672V

"Kofi út og upp frá Skriðukotsbæ hét Hesthúsið, og enn utar og ofar heitir Gerði, ræktarblettur umhverfis fjárhúsatóftir." segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóftin er greinileg um 10 m sunnan við Skriðuá, fast sunnan við girðingu sem liggur austur-vestur meðfram ánni. Hún er 30-40 m beint norðan við kálgarðinn (008). Tóftin er á grasi grönu en þýfðu túni (sem ekki er slegið lengur).

Tóftin skiptist í tvö hólf sem snúa þvert á hvort annað. Hún er 12 X 10 m að stærð. Austara hólfíð snýr norður-suður en hið vestara austur-vestur. Op er vestast á norðurvegg. Tóftin er grjóthlaðin að innan. Hún er niðurgráfin.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267



**EY-166:011** herminjar

65°52.825N 18°35.017V

Hringlaga tóft var á Efri-Fitinni sem var um 70-80 m ofan við Þjóðveg, næstum á merkjum við Ytra-Hvarf. Á þessu svæði eru nú sléttuð tún. Á hernámsárunum byggði og notaði herinn þessa tóft. Hún var eyðilögð þegar tún voru sléttuð en hæðardrag er nú þar sem hún var.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-166:012** frásögn af tóft

65°52.847N 18°34.951V

Ólafur Tryggvason man eftir tóft norðan við Efri-Fit, tæpum 100 m ofan við Þjóðveg og fast sunnan við Kofalæk/Kotalæk en honum er leitt í skurð niður túnið. Tóftin var þar sem nú er hæð í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-166:013** garðlag túngarður

65°52.843N 18°35.340V

"Kumlateigurinn [Ey-165-022] er alveg fremst á gömlum snarbröttum árbakka, og hefur vegur lengi legið á bakkabrúninni, framar en nýi vegurinn. Skammt ofan við bakkabrúnina var mjög gamall vallargarður, sýnilega frá þeim tíma er tún var stærra en seinna varð. Á milli bakkabrúnarinnar og garðsins voru kumlin." Garðlag lág frá merkjagarðinum og til norðausturs. Engin merki eru nú greinileg um garðinn en

þar sem hann lá eru nú sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** KEKH, 115

**EY-166:014** *Selgil* seltóft



65°52.671N 18°34.125V

"Ofarlega í Selgili eru seltóftir og á móti þeim að norðan Selhausinn." segir í örnefnalýsingu. Efst í Selgilinu, á móts við Selhausinn og um 700 m ofan við bæ (001) sést seltóftin enn. 15-20 m norðar rennur Skriðulækur. Tóftin er í litlum, þýfðum bala við gilið.


Þegar staðurinn var skoðaður í júní 2001 var 50 sm þykkur snjór í balanum og því var erfitt að greina tóftirnar nákvæmlega. Þó virðist sem seltóftin skiptist í tvö hólf og sé um 9 X 4,5 m að stærð. Op er á norðurvegg þess vestara.

*Seltóft – horft til vesturs*

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

**EY-166:015** *Skriðukot*




"Ofan Efrifitjar er Skriðuholt og nær suður að Yzthúsholti, en uppi á Skriðuholti heitir Skriða, framburðardyngjan, sem bærinn var heitinn eftir. Talið er, að kotið hafi farizt í krapavatnsflóði fyrir 1700 og bærinn eftir það verið fluttur þangað, sem hann stóð þar til býlið fór í eyði." segir í örnefnalýsingu. Eldri bærinn var fáa metra utan og ofan við skurð sem nú er þar sem Skriðulæk er veitt niður túnið, um 150 m ofan við þjóðveg. Tæpum 100 m sunnan við 012. Engin ummerki eru greinanleg um kotið en þar sem það stóð er nú er hæð í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 269

**EY-166:016** *Skriðukotsstekkur* stekkjartóft

65°52.797N 18°34.474V



"Suður og upp frá [Neðriklöpp] er Skriðukotsstekkur í Stekkjarholtum og neðst í þeim er Steinhóllinn." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er upp af Steinhól, um 340 m austan við bæ (001).

Tóftin er í bala milli tveggja hóla. Mjög þýft er á þessum stað. Fast vestan við stekkurinn rennur lækur.

Stekkurinn er mjög gróinn og fornlegur á að líta. Hann er 15 X 8 m að stærð en hleðslur eru hrundar og mest er hann 0,7 m á hæð. Á einstaka stað má sjá grjóthleðslur. Stekkurinn snýr norður-suður og op er á norðurhlið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 267

## EY-167 Hofsáarkot

8 hdr. 1712 byggð á fornu eyðibóli um 1660 í landi Hofsár.

Möðruvallaklaustursjörð.

1917: 3.0 ha. 2/3 slétt. Garðar 340 m<sup>2</sup>.

1990: "Túnið er nokkuð bratt og teygir sig neðan af láglendinu upp fyrir bæinn. Neðan við veginn er gróinn malarbakki en framundan honum taka við slétt tún á grónum eyrum." BE 1990, 216

### EY-167:001 *Hofsáarkot*

bæjarhóll bústaður  
Enn stendur uppi gamalt íbúðarhús þar sem gamli bærinn stóð og var það smám saman byggt þar upp úr gamla bænum. Framhús var byggt 1920 en baðstofa stóð áfram fram til 1934 en þá eyðilagðist hún í jarðskjálfta. Þá var timburhús sem enn stendur byggt.

Bæjarhóllinn er greinilegur og að mestu óraskaður þar sem íbúðarhús sem síðast var byggt á hólnum er án kjallara. Hann er um 40 X 25-30 m og mest um 1,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-167:002 heimild um fjárhús

65°53.033N 18°34.486V

Um 45 m ofan við gamla bæinn (001) var áður fjárhús úr torfi og grjóti og er það merkt inn á túnakort frá 1917. Steypt fjárhús eru á grösugri hæðinni. Gamla húsið var rífið þegar ný fjárhús voru byggð 1953.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-167:003 *Pílhús* heimild um lambhús

65°53.022N 18°34.508V

Pílhús hét lambhús sem var 20 m suðvestan við 002 og um 40 m ofan og innan við bæinn (001). Það er merkt inn á túnakort frá 1917. Nú er sléttuð hæð í túninu þar sem húsið stóð.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-167:004 *Hesthúshóll* heimild um hesthús

65°53.004N 18°34.527V

"Sunnan Hryggjar er Hesthúslaut, grunn skál en allvíð. Upp frá þessari laut sunnanverðri er Hesthúshóll og



sunnan hans Hesthússléttur. Þaðan liggur nafnlaus skriða að merkjunum." segir í örnefnalýsingu. Um 15-20 m sunnan og örlítið ofar en 003 var áður hesthús á Hesthúshóli. Húsið var 65 m suðaustan við bæ (001) og er merkt inn á túnakort frá 1917. Þar sem húsið var er sléttuð hæð í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 273

**EY-167:005** garðlag landamerki 65°53.287N 18°34.477V

"Nú er þetta kot kallað lögbýlisjörð, og hefur allt það land, sem eyðibólinu hafði fylgt að fornu, so sem líklegt sýnist af fornum merkjagarði." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "... að norðan ræður merkjagarður að mestu." segir í örnefnalýsingu. Enn sjást leifar garðsins um 20 m ofan við þjóðveg, í hól sem þar er. Garðurinn liggur í þýfðum hólum, þar til sléttuð tún taka við.

Garðurinn sést í um 50 m áður en hann hleypur í þúfur og hverfur í sléttuð tún. Hann er þýfður og gróinn og er allt að 2 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** JÁM X, 87; Ö-Svarf, 273 sbr. leiðrétta örnefnaskrá eftir Sigvalda Gunnlaugsson í Hofsráarkoti.

**EY-167:006** Svarðarmór frásögn af mógröfum 65°53.205N 18°34.771V

"[Hofsáarkotslækur] rennur í gegnum Börðin um Svarðarklauf og Svarðarmó ... Sunnan Svarðarklaufar er Svarðarmelur, nú að mestu eyðilagður af malarnámi." segir í örnefnalýsingu. Svarðarmelur er um 80 m neðan við þjóðveg fast neðan (og örlítið utar) en heimreiðin að Hofsráarkoti. Melurinn er nú að mestu horfinn í malarnám. Fast neðan við melinn voru áður svarðargrafir þar sem nú eru framræst tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 273

**EY-167:007** Usla 65°53.073N 18°34.676V


"Bratt nokkuð er fram af Dagsláttubarðinu niður að ferhyrnu svæði, er var óræktarmór, umluktur melbörðum á allar, fjórar hliðar og garðar hlaðnir meðfram börðunum. Er þetta stykki allt að því dagsláttustærð, en hefur ugglaut verið náthagi ... Þessi staður heitir Usla, en melurinn að norðan Rani." segir í örnefnalýsingu. "Dagsláttubarð ... takmarkar að ofan nokkurn veginn ferhyrnt svæði, nálægt einni dagsláttu að stærð, nú sléttuð og ræktað en var áður óræktarmór, þar sem meðal annars uxu ber. Sunnan við þetta svæði eru myndarlegir hólar, en að norðan náði það að heimreið sem nú liggur beint upp að gamla íbúðarhúsinu. Að neðan voru takmörk svæðisins skammt ofan við þjóðveginn. Á þessum mörkum var á allar hliðar hlaðinn garður úr torfi, gamallegur og sjást enn talsverðar leifar hans. Yst og efst í þessu afgirta svæði var svo sem króuð af rétt. Svæðið heitir Usla og hafa bændur í Hofsráarkoti talið að þetta hafi verið náthagi." segir Kristján Eldjárn í grein um Uslaréttir.

Réttin var um 100 m vestan við bæ. Usalaréttin var þar sem nú er sléttuð grasflöt, umkringd hólum á 3 vegu (norður, suður, austur) en neðar er þjóðvegur. Sléttuð tunsvæði, umkringt hólum. Usla var ekki mikið mannvirki, einungis var hlaðið upp í glufur á hólsvæðinu,

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 273; KE: Usalaréttir, Árbók 1980, 106.

**EY-167:008** Usla hleðsla rétt 65°53.076N 18°34.649V



"Bratt nokkuð er fram af Dagsláttubarðinu niður að ferhyrnu svæði, er var óræktarmór, umluktur melbörðum á allar, fjórar, hliðar og garðar hlaðnir meðfram börðunum. Er þetta stykki allt að því dagsláttustærð, en hefur ugglaut verið náthagi, og sést enn fyrir réttarbroti, er var yzt og efst á blettinum. Þessi staður heitir Usla, en melurinn að norðan Rani." segir í örnefnalýsingu. Enn sjást réttarbrotin norðaustast í Usla. Réttin hefur verið fast sunnan við gömlu heimreiðina og 60-70 m ofan við þjóðveg.

Fast norðan við réttina er brekka sem gamla heimreiðin liggur í og fast austan við réttina er önnur brekka en annars eru tún umhverfis.

Réttin er byggð upp í brekku til norðurs. Hún er sigin og aðeins 0,3-0,4 m á hæð en veggir um 1,5 m á breidd. Op virðist hafa

verið austast á suðurhlið. Réttin er 9 X 9 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 273

**EY-167:009** *Lágistekkur* heimild um stekk 65°53.199N 18°34.601V  
"Utar [en Fitjamór] eru svo Berjaholt og utan við þau var Lágistekkur og Lágastekkjarmór, sem nú er allt orðið að túni." segir í örnefnalýsingu. Lágistekkur var þar sem nú eru tún. Hann var 10-20 m ofan við þjóðveg á hæð sem er á milli heimreiðar og afleggjara (fast sunnan við afleggjara) frá þjóðvegi og niður á engjar aðeins neðar. Hæð í sléttuðu tún.

1985: "Á að giska 200 metra út og niður frá bænum var Lágistekkur stutt ofan við núverandi þjóðveg, nú búið að slétta yfir hann. Veggir voru þar mjög greinilegir, tvær tættur hver við endann á annari og sýnilega dyr á milli. Ég get hugsað mér stærðina á stærri tóftinni 3x2 metra. Veggir voru mjög heillegir, hlaðnir grjóti." Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 2.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 273; Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 2.

**EY-167:010** *Stekkjarkjartóft* stekkjartóft 65°53.263N 18°34.382V  
"Rétt sunnan við merkin er hár hól, sem heitir Stekkjarkjartóft, og eru þar greinileg tóftarbrot." segir í örnefnalýsingu. Fast sunnan við merki og 150-200 m ofan við þjóðveg er Stekkjarkjartóft. Þar sem áður voru 4 tóftir er nú sléttuð hól.

1985: "Hér um bil mitt á milli bæjanna Hofsráks og Skeggsstaða er allstór hól, kallaður Stekkjarkjartóft. Yfir hann norðanverðan lágu merkin milli bæjanna. Á þessum hól voru greinileg merki um allmiklar húsa- eða réttartóftir. Greinilegar voru þrjár tóftir, gætu hafa verið fjórar, fornlegar mjög samfallnar og grónar. Ekki var gott að gera sér grein fyrir stærð þeirra, en allmiklu stærri voru sumar þeirra en önnur stekkjarkjartóftir í landareigninni." Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 3

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 273; Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 3

**EY-167:011** frásögn af sundlaug 65°53.044N 18°34.728V  
50-70 m ofan við þjóðveg og 30-40 m sunnan við Usla (008) er dæld inn á milli hóla. Í þessa dæld var vatni veitt og þannig útbúinn sundpollur. Pollurinn er í dæld milli grasi gróinna hóla. Hann er náttúrulegur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 273

**EY-167:012** frásögn af mógröfum 65°53.086N 18°35.107V  
Svarðargrafir voru rétt norðan við landamerkin við Skriðukot og um 250 m neðan við veg. Á þessum stað eru nú framræst tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-167:013** *Kvíalaut* heimild um kvíar 65°53.011N 18°34.448V  
"Kvíalaut er norðan við [Strýtuhol allangt suður og upp frá túninu]. Nær hún frá túni allt til fjalls." segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru ofan við 003 þar sem nú eru sléttuð tún. Þær voru rétt ofan við túngarð (025) sem einnig er sléttuð ofan við tún. Sléttuð tún.

1985: "Kvíaréttir voru tvennar ca. 40 metra suður og upp frá bænum og hinar um 40 metrum ofar. Eftir þessum réttum man ég báðum á meðan þær voru í notkun. Ekki munu þær hafa verið í notkun eftir 1920 og nú búið að slétta yfir þær." Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985]. Sjá einnig 020 sem eru neðri kvíarnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 273-74; Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985]

**EY-167:014** *Háistekkur* heimild um stekk 65°33.161N 18°34.898V  
"Utan við [Jarðfall] er Háistekkur ..." segir í örnefnalýsingu. Háistekkur var ofarlega í túninu norðan við bæ, um 170 m og næstum beint ofan við 009. Háistekkur var 200-250 m norðan við 001. Þar sem stekkurinn var er sléttuð hæð í túninu.

Það er rangt að Háistekkur heiti líka Gamlistekkur. Gamlistekkur er 018 - "Neðan Hallsins voru bæði Háimór og Háistekkur, þó báðir séu nú horfnir." Leiðrétt örnefnaskrá eftir Sigvalda Gunnlaugssonar í




Hofsáarkoti. 1985: "Háistekkur. Á háum mó um 150 metra norður frá bænum, voru nokkuð greinilega veggjabrot og svipaði mjög til veggjabrotsins á Lágastekk [009]." Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 4

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 274; Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 4

**EY-167:015** *Skriðugilsstekkur* stekkjartóft 65°52.885N 18°34.315V



"Útan við [Jarðfall] er Háistekkur, og svo er Skriðugilsstekkur í Skriðugili, rétt við merkin." segir í örnefnalýsingu. Um 10 m norðan við Skriðugilsá, í dæld milli hóla og árinna er Skriðugilsstekkur. Hann er um 350 m frá bæ (001). Þýfður og grýttur árbakki vaxinn grasi og lyngi.

Leifar stekkjans sjást enn en hann er þó mikið hruninn. Ekki er greinilegt nema suðausturhorn tóftarinnar, 2,5 X 4 m að stærð. Greinilegt er þó að stekkurinn hefur verið mun stærri. 1985: "Hleðslubrot úr grjóti upp í svonefndu Skriðugili gekk undir nafninu Gilstekkur, aðeins ein tóft, en gæti hafa verið lítil rétt." Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 6

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 274; Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 6

**EY-167:016** *Garðshóll* heimild um kálgarð 65°53.045N 18°34.637V

"Bæjarmegin við [Leyning] er Garðshóll, nefndur eftir sáðreit sem þar var." segir í örnefnalýsingu. Nýjasta íbúðarhúsið í Hofsáarkoti stendur á Garðshóli. Kálgarðurinn hefur verið vestan í hólum en lítil merki sjást um hann nú þó greina megi hvar hann hefur verið. Þýfður hóll.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Leiðrétt örnefnaská eftir Sigvalda Gunnlaugsson í Hofsáarkoti


**EY-167:017** *Geitagerði* heimild um geitakofa 65°53.114N 18°34.292V

"Enn einn stekkur var utan og ofan við bæ, eða tünhlutann út og upp þaðan, er hét Ytri-Sléttur, og heitir raunar enn svo." segir í örnefnalýsingu. "Í túnparti utan og ofan við bæinn var tóftarbrot sem hét Geitagerði nú löngu horfið, en túnparturinn Ytri-Sléttur." segir í Leiðréttri örnefnaskrá eftir Sigvalda Gunnlaugsson í Hofsáarkoti. Ekki er nákvæmlega vitað hvar á efsta tünblettinum Geitagerði var. Tóftarbrotin voru á hæð í túninu um 230 m norðan við bæ (001).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Leiðrétt örnefnaskrá eftir Sigvalda Gunnlaugsson í Hofsáarkoti

**EY-167:018** *Gamlistekkur* stekkjartóft 65°53.076N 18°34.161V



"Gamlistekkur er út af Syðrigrænum neðan til, en Ytrigrænur út og upp af honum ..." segir í örnefnalýsingu. Gamli stekkur er um 350 m norðaustan við bæ (001). Hann er um 20 m neðan við fjallgirðingu og örlítið sunnar en á móts við vegarslóða frá þjóðvegi til vesturs. Grasi gróinn hagi.

1985: "Gamlistekkur. Á að giska 300 metra út og upp frá bænum, nokkuð greinilegar húsatóftir, virðast vera í tvennu lagi og heldur minni en á hinum stöðunum. Tóftir þessar eru orðnar allmjög grónar og samfallnar og hafa mjög látið á sjá síðan ég man eftir þeim fyrst óhreyfðum." Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 5

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Leiðrétt örnefnaskrá eftir Sigvalda Gunnlaugsson í Hofsáarkoti; Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985] nr. 5.

**EY-167:019** heimild um rétt 65°53.083N 18°34.520V

1985: "Auk þess sem nú hefur verið talið [þ.e. 006, 007, 009, 010, 014, 015, 018] eru fjölmörg veggjabrot

eða húsarústir í landareigninni sem ekki hafa verið kennd við neitt sérstakt. Gætu hafa verið húsatóftir og sumt voru greinilega hesta- eða fjárréttir." Gæti vel verið eitthvað að því sem annars staðar er skráð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985]

**EY-167:020** heimild um kvíar

65°53.028N 18°34.506V

1985: "Kvíaréttir voru tvennar ca. 40 metra suður og upp frá bænum og hinar um 40 metrum ofar. Eftir þessum réttum man ég báðum á meðan þær voru í notkun. Ekki munu þær hafa verið í notkun eftir 1920 og nú búið að slétta yfir þær." Neðri kvíarnar voru nær 002 en 001 en örlítið utar en báðir þessara staða. Þar sem kvíarnar voru eru nú sléttuð tún. Sjá einnig 013 sem eru efri kvíarnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985]

**EY-167:021** heimild um tóft

65°52.990N 18°34.642V

1985: "Nr. 7 og 8 voru tóftabrot, áreiðanlega mjög forn en voru mjög greinilegir veggir. Ekki vitað hvað hefur verið. Nú búið að slétta yfir." segir í fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar frá 1985. Á korti sem fylgir skránni eru þessar tvær tóftir sýndar beint suður frá bænum meira en hálfá leið að Skriðulæk, 7 er sýnd sem ferningur en 8 (022) sem hringur vestan við hann. 80-100 m sunnan við íbúðarhús var umrædd, ferningslaga tóft. Í sléttuðu túni. Neðan við er melur þar sem raflínustaur er og vélar eru geymdar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985]

**EY-167:022**

65°52.990N 18°34.648V

1985: "Nr. 7 og 8 voru tóftabrot, áreiðanlega mjög forn en voru mjög greinilegir veggir. Ekki vitað hvað hefur verið. Nú búið að slétta yfir." segir í fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar frá 1985. Á korti sem fylgir skránni eru þessar tvær tóftir sýndar beint suður frá bænum meira en hálfá leið að Skriðulæk, 7 (021) er sýnd sem ferningur en 8 sem hringur vestan við hann. 80-100 m sunnan við íbúðarhús og fast vestan við 021 var áður hringlaga tóftarbrott þar sem nú eru tún.

Í sléttuðu túni. Neðan við er melur þar sem raflínustaur er og vélar eru geymdar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar [1985]

**EY-167:023** hleðsla óþekkt

65°52.918N 18°34.489V

Fast norðan við Skriðugilsá og 100-150 m neðan við stekkin 015 er hleðsla að læknum. Á grösugum árbakka.

Hleðslan er L-laga. Hún er 9 X 10-11 m. Hún er hlaðinu úr stórum steinum en er einungis 0,3-0,4 m á hæð en 0,6 m á breidd.

**EY-167:024** öskuhaugur

Sunnan og vestan við gamla bæinn (001), á bæjarhólnum hefur Gunnlaugur Sigvaldason grafið niður á öskuhaug. Bæjarhóllinn er um 40 X 25-30 m að stærð og er grasi gróinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-167:025** frásögn af hlöðu

Um 20 m norðan við norðurenda gamla bæjarins (001 þ.e. þess íbúðarhúss sem nú stendur) þar sem suðurendi fjóss og hlaða er nú var áður torfbygging. Fjós var sambyggt gamla bænum en hlaðan fyrir fjósið var á þessum stað. Á þessum stað eru nú byggingar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**EY-167:026** frásögn af túngarði

65°53.016N 18°34.463V


Túngarður var umhverfis tún á Hofsráskoti. Þegar Gunnlaugur Sigvaldason man fyrst eftir sér var þó einungis hluti hans eftir. Þá sást garðurinn ofan við 002 og 003.

Þar sem garðurinn var eru nú sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



## EY-168 Hofsá



**30 hdr. 1712.** Möðruvallaklaustursjörð. Getið í Valla-Ljóts sögu. Útkirkja var á Hofsá á 12. öld. Hofsárkot var 10 hdr hjáleiga

**1712** þá byggð á ný fyrir um 50 árum. Þá voru Skeggjastaðir eyðiból og Kringlugerði mögulega líka. Skeggjastaðir byggðust á ný eftir 1759 og fyrir 1847.

Hofsár er fyrst getið í reikningi Möðruvallaklausturs 6. nóvember 1447 (“Jtem hofsaa ix. kogylde. bykt ijc j landskyld”) DI IV, 711 og sömuleiðis í Sigurðarregistri 1525 DI IX, 319. 1569 er bærinn áfram í reikningi Möðruvallaklausturs og þar eru þá sögð 3 kúgildi DI XV, 364 en ári seinna eru þar sögð 0 kúgildi DI XV, 366

Í Svarfdælu er minnst á bæinn: “Guðmundr mælti: “Þat er einn Valla-Ljótr, sonr Ljótólfs goða. er mestr maðr er í dalnum, ok Þorgrímr, bróðir hans; inn þriði er Björn á Hofsá,...”” ÍF IX, 239

Bæjarins er getið í biskupasögum (Guðmundarsaga) en Guðmundur er sagður hafa sungið messu á Hofsá. Biskupasögur I, 440.

**1917:** 5.1 ha. Garðar 1150 m<sup>2</sup>.

**1990:** "Túnið liggur á breiðri skák frá Hofsánni fram með fjallinu og einnig niður á grónum bökkum

**EY-168:001** *Hofsá* bæjarstæði bústaður 65°54.009N 18°33.627V

Samkvæmt túnakorti virðist sá bær sem staðið hefur á Hofsá 1917 hafa verið heldur norðar en eldra steinhúsið á jörðinni. Bærinn hefur verið nær eldra steinhúsinu en því yngra sem nú er búið í. Verið getur að eldra steypuhúsið hafi að hluta verið byggt á sama stað og gamli bærinn en víst er að gamli bærinn hefur náð nokkuð lengra til norðurs, nálega þangað sem nú eru snúrastaumar sunnan við íbúðarhús á Hofsá. Húsið hefur e.t.v. náð langleiðina suður að eldra steinhúsinu sem stendur á Hofsá. Nú er vegarslóði yfir hluta svæðisins og sléttuð flöt með snúrastaumum í norðurjaðri þess svæðis þar sem bærinn var. Ekki er greinanlegur bæjarhóll.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-168:002** mannabein útkirkja 65°54.042N 18°33.574V

Fara má nærri um staðsetningu kirkju á Hofsá sökum tíðra beinafunda þar á bæ. Beininn hafa öll fundist á hæð þar sem nú stendur bílskúr/vélageymsla um 20-30 m norðaustan við íbúðarhúsið á Hofsá. Á svipuðum slóðum voru fjárhús og hlaða sem merkt eru inn á túnakort frá 1917.

Þar sem beinin fundust er hæð og á henni er malarhlað og bílskúr/vélageymsla. Aldrei hefur verið komið niður á hleðslur sem gætu verið af kirkju á þessum slóðum en útihús var á svipuðum stað og er vel hugsanlegt að það hafi verið byggt á leifum bænhússins.

Um kirkju á Hofsá er getið í Prestssögu Guðmundar Arasonar en þar er frá því sagt að Guðmundur söng þangað messu frá Völlum á árunum 1190-96: "þar var enge sacrarium hjá altare ger, ok varþ at þvá sér á gólf niðr. En þar lágu pálmar iij bundnir saman..." Aðrar miðaldaheimildir eru ekki um kirkju á Hofsá og er hennar ekki getið í bænhúsatali frá 1487 og hefur það þá verið löngu aflagt.

Um aldamótin 1900 komu menn niður á beinagrind þegar grafið var fyrir hlöðu skammt vestan við bílskúrinn/vélageymslu sem nú stendur. Eftir 1990 var svo grafið fyrir vélageymslu með jarðýtu skammt austar. Gísli Þorleifsson stóð að verkinu og veitti því athygli að ýtan hafði farið í gegnum 2-3 grafir og voru beinin úr þeim sett niður norðan við bílskúrinn. Þegar grafið var fyrir skolplögn skömmu síðar vestur af bílskúrnum var svo enn komið niður á beinagrind sem virtist vera af barni eða unglingi. Beinagrindurnar voru allar á um 0,5 m dýpi og í ágætu ástandi. Ekki var látið vita um fundinn en beinin grafinn aftur norðvestur af bílskúr.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bsk I, 440.

**EY-168:003** heimild um útihús 65°53.981N 18°33.631V

Rúmum 40 m suðvestan við 001 var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þegar framkvæmdir áttu sér stað við byggingu mjólkurhúss við fjós var komið niður á hleðslur á svipuðum slóðum. Þar sem útihúsið var áður er nú mjólkurhús og hlað framan við.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-168:004** heimild um fjárhús 65°53.975N 18°33.567V

Fjárhús voru áður um 30 m ofan við 003 og 70-80 m ofan við bæinn samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsin hafa staðið á svipuðum stað (aðeins neðar) og fjárhús eru nú og man Gísli Þorleifsson eftir kofa á svipuðum stað. Þar sem fjárhúsin stóðu áður eru nú nýleg útihús og hlað.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-168:005** *Gerðin* heimild um fjárhús 65°53.900N 18°33.650V


"Nyrztur melanna var Sandmelur, en upp af honum Gerðaholt og Gerðin, sem var sérstakur tünblettur sunnan og ofan við mýrarsundið Gerðamýri." segir í örnefnalýsingu. Um 180 m sunnan við gamla bæinn (001) voru Gerðin og þar stóð útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.

Gerðin stóðu á hól en þar var ræktaður túnskiki aðskildur frá aðaltúnunum. Nú er allt svæðið orðið að einu samfelldu túni og ekki sjást önnur merki um Gerðin en hæðin sem þau stóðu á. Gísli Þorleifsson man eftir því að á þessum stað voru fjárhús og hesthús samanbyggð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 263

**EY-168:006** stekkjartóft

65°53.917N 18°33.110V



Á Stekkjarmel, fast ofan við fjallgirðingu eru alveg fallnar tóftarleifar, hugsanlega af stekki. Tóftin er 2 m ofan við fjallgirðingu og um 100 m sunnan við stekkin (012). Nokkuð þýfð og grasi vaxin landræma neðst í hinni eiginlegu fjallshlíð. Tóftin er í skjóli við hlíðina á litlu aflíðandi svæði. Fast ofan við hana tekur við brattari, lyngivaxin fjallshlíð.

Tóftin er mjög óljós. Hún er á þýfðri hæð og er erfitt að greina nákvæma lögun hennar enda er hún að nokkru hlaupin í þúfur. Hún virðist þó hafa verið nálægt 13 X 8 m að stærð og skiptast í 3 hólf. Austan við tóftina er þýfi þar sem hugsanlegt er að fleiri tóftir hafi verið.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-168:007** garðlag landamerki

65°53.639N 18°34.204V

"Að sunnan eru merkin á fornum merkjagarði til fjallsins allt niður á Hofsárþakka." segir í örnefnalýsingu. Merkjarðurinn sést enn á kafla ofan við veg. Fast ofan við þjóðveg hefur hins vegar verið grafinn skurður á merkjum og var uppmokstrinum hent á garðinn þannig að hann er að mestu hulinn þar til komið er upp fyrir tún. Garðurinn lá þar sem nú eru sléttuð tún og upp í þýfða fjallshlíðina.

Garðurinn er vel greinanlegur á um 200 m kafla (en uppmoksturinn nær yfir um 300 m til viðbótar). Hann er mest um 0,4 m á hæð en 1,5 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 263

**EY-168:008** Flóðgarðar garðlag áveita

65°53.960N 18°34.250V

"Austan við Skíðdalsársíki er fyrst að telja Syðstu-Mýrar, þá Ytri-Mýrar, en Mið-Mýrar eru ekki nefndar. Áveituengi var í mýrum þessum og sjást víða garðarnir ennþá, nefndir Flóðgarðar, en engjablettirnir milli þeirra Yztahólf, Miðhólf og Syðstahólf, eða einu nafni Flóðhólfín." segir í örnefnalýsingu. Flóðgarðarnir voru vestan við skógræktarhólfíð. Nú hafa verið grafnir skurðir á þessu slóðum og næstum öll merki um garðanna eru horfin. Garðarnir voru þar sem nú eru tún vestan við skógræktarhólfíð í landi Hofsár og náði einn garðurinn að Hofsá. Þar sem garðarnir voru eru nú ræktuð tún.

Á svæðinu voru 3 stórir garðar og var Ystigarður þeirra mestur. Merki eins garðsins sjást enn. Hann liggur skáhallt yfir ysta hólfíð (NA-SV) og er um 150 m á lengd, 0,3 m á hæð og 0,7 m á breidd. Merki annars garðs sem er um 120 m er einnig merkjanlegur og saman mynda garðarnir V.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 263

**EY-168:009** Hofsárskriða sögustaður

65°54.047N 18°34.314V

"utan [Grænamós] er Hofsárskriða, uppgróið skriðusvæði, er nær út að merkjum og upp að Börðum. Þarna á skriðunni var haldin mikil þjóðhátíðarsamkoma árið 1874 ..." segir í örnefnalýsingu. "Árið 1874 héldu Svarfdælingar íburðarmikla og fjölmenna þjóðhátíð í tilefni 1000 ára Íslandsbyggðar á Hofsárskriðu og vakti hún verðskuldaða athygli víða um land." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Samkoman var haldin á Hofsárskriðu, við merki, neðan (vestan) við þjóðveg. Skriðan er gróin og hefur m.a. verið ræktað upp tún á hluta hennar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 263; BE 1990, 220

**EY-168:010** Kringlugerði heimild um býli

65°53.821N 18°33.961V

"Nokkru utar [en Breiðasund] var Kringlugerði, þar sem nú heitir Kringlugerðisnýrækt. Þarna voru húsatóftir og sléttur blettur umhverfis, en greinilegur vörslugarður umhverfis blettinn. Vafalítið hefur þarna verið kotbýli." segir í örnefnalýsingu. 1712: "Kringlugerde kallast ein lítil girðing fyrir sunnan sjálfan völlinn hjer í landinu, með nökkrum tóftarústum innan garða. Flestir atla þetta sje fornt fjárhússtæði en ekki eyðiból. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er í holt komið." segir í jarðabók Árna og Páls. Kringlugerði er 400 m suðvestan við gamla bæinn (001) og 20-30 m ofan við þjóðveg, þar sem nú er hæð í túni. Engin ummerki sjást um býlið nú en það hefur horfið við vegagerð og túnasléttun. Þar sem það var áður eru nú rennislétt tún.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 263; JÁM X, 88.

**EY-168:011** náma mógrafir

65°53.741N 18°34.184V


Fast sunnan við skógreitinn í landi Hofsár og um 20 m neðan við þjóðveg er mýri þar sem svörður var tekinn. Beint neðan við þjóðveginn voru Hofsármelar en svarðargrafirnar eru norðan og norðvestan við melinn.

Grafirnar voru þar sem enn er mýri norðan og norðvestan í melhól. Ekki sjást greinileg merki hvar þær voru en þó má sjá dældir hér og þar.

**Hættumat:** hætta, vegna skógræktar

**EY-168:012** Hofsárstekkur stekkjartóft

65°53.968N 18°33.100V



"Utan og ofan gamla túnsins var stór, nafnlaus mór, sem náði upp undir

*Stekkjartóft – Horft til norðausturs*

Hofsárstekkur neðst í Hofsárgili." segir í örnefnalýsingu. Hofsárstekkur er 300-400 m austan við íbúðarhúsið á Hofsá, í Hofsárgili. Hann er um 150 m ofan við kvíarnar (015). Stekkurinn er neðst í Hofsárgili, á mjóum árbakka. Fast ofan við stekkin þrengist Hofsárgilið mikið og allt undirlendi hverfur.

Stekkurinn er á sléttum, grasivöxnum árbakka, fremur deiglendum. Hann er grjóthlaðinn, sumpart hruninn. Hann er 19 X 9 m að stærð og op er á austurhlíð hans. Hann er einfaldur en út úr honum gengur garðlag um 9 m til austurs. Inni í tóftinni er talsvert af grjóti sem hrúnið hefur úr veggjum hennar. Stekkurinn var notaður til 1935-1940 en þá var hann og umhverfi hans orðið of deiglent til þess að hann þætti hentugur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 263

**EY-168:013** Gamlistekkur heimild um stekk

65°53.650N 18°33.607V

"Suður við merkin eru Efri- og Neðri-Votihvammur. Utan til við þessa hvamma og hálfgerð á milli þeirra er Gamlistekkur." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er heiti á þýfðu svæði milli Efri- og Neðri-Votahvams, um 700 m suðaustur af gamla bænum (001). Ekki er hægt að greina augljósar leifar á þessum stað og ekki mann Gísli Þorleifsson eftir stekk á þessum slóðum. Umhverfis skiptast á þúfnabakkar og votlendisteigar. Staðsetning "Gamlastekkjjar" er ekki í efa, bæði vissu heimildamenn um staðinn auk þess sem hann er merktur á örnefnakorti. Ekki sjást greinilegar stekkjjarleifar á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 263


**EY-168:014** *Svarðarsund* heimild um mógrafir 65°53.814N 18°33.529V

"Rétt utan við stekkin [013] er Svarðarsund, þar var mótekja." segir í örnefnalýsingu. Svarðarsund er rakt og þýft sund sem er 200-250 norðaustan við Gamlastekk (013) rétt suðvestan við bæjarlækinn. Þýft mýrarsvæði. Ekki sjást greinileg merki um grafirnar en hvompur sjást þó í mýrinni hér og þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 263

**EY-168:015** *Kvíhólar* kvíatóft 65°54.022N 18°33.279V



"Er bratt niður af [Melum] að norðan og heitir þar utan í Kvíhólar." segir í örnefnalýsingu. Kvíar eða stekkur er 150 m neðan við Hofsárstekk (012), á suðurbakka Hofsár. Tóftin er rúmum 100 m ofan við garðlagið (023). Hún er við rafstöð á árbakknum. Tóftin er á grösugum en votum árbakka, norðan við Kvíhóla.

Tóftin er byggð norðan undir hæð á sléttum árbakka. Norðurhlið hennar er því afmörkuð með hæðinni. Hún er 11,5 X 6,5 að stærð, einfaldur og með opi á austurhlið. 1,5 m norðan við vesturenda hennar er þó einnig garðlag sem er um 11 m langt og nær að ánni. Hún er alveg grjóthlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 263

**EY-168:016** *Sneiðingamelur* gata leið 65°53.808N 18°32.998V

"Út [Hofsár]hálsinn liggur ævaforngata neðst um svonefndan Sneiðingamel." segir í örnefnalýsingu. Sneiðingamelur heitir melur ofan og innan við Djúpulaut sem er skeifumyndað mýrarsvæði fast ofan við fjallgirðingu. Sneiðingamelur er lyngivaxinn. Í melnum er nú einungis að sjá óljósa kindaslóða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 264

**EY-168:017** *Vörðumelur* örnefni 65°33.834N 18°32.700V

"Út við Hofsá er Vörðumelur og á honum allstór steinn, sem gnæfir þar yfir, Vörðumelssteinninn. Ofan við stein þennan er Vörðumelslaut og nær hún nokkurn veginn að árgilinu." segir í örnefnalýsingu. Vörðumelur er beint fyrir ofan bæinn í hlíðinni. Melurinn er við árbakka Hofsár og 800-900 m ofan við bæ. Vörðumelur er lyngivaxinn í hlíðunum en ber í toppinn.

Engin varða er nú á Vörðumel og ekki man Gísli Þorleifsson eftir að þar hafi staðið varða. Hins vegar stendur steinn á brúninni (0,5 X 0,5 m) sem sést víða að.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 264

**EY-168:018** *Sellautir* örnefni sel 65°53.440N 18°32.276V

"Ofan við [Hofsár]hálsinn eru Sellautir, ná ekki alveg að gili árinna, og Selmýrar sunnan og ofan við lautirnar, allstórt svæði." segir í örnefnalýsingu. Ofarlega í Selmýrum er þýft svæði þar sem hugsanlegt er að sel hafi áður verið. Ekki sjást þó greinileg merki um selið né heldur í námunda við önnur sel-örnefni á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 264

**EY-168:019** frásögn fjós 65°54.017N 18°33.629V

Fjós og hlaða voru sunnan við núverandi íbúðarhús og var þröngt sund á milli. Þar sem fjós þetta stóð eru nú snúrustaurar. Svæðið er hæðótt og fagurgrænt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-168:020** frásögn mylla

65°54.017N 18°33.627V

Bæjarlækurinn rann áður 5-7 m sunnar en hann gerir nú, fast norðan við fjósið (019). Við lækinn var myllukofi úr torfi og grjóti. Svæðið er hæðótt og fagurgrænt. Fyllt var upp í lækinn og farvegi hans breytt og myllukofanum þá rutt út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-168:021** náma mógrafir

65°53.826N 18°30.086V

Djúpalaut er skeifulaga mýrarsvæði sem liggur skammt ofan við fjallgirðingu, 700-800 m austan við bæ. Lautin liggur í skeifu umhverfis melhól en austan hólans eru greinilegar mannvistaleifar. Líklega eru það leifar svarðargrafa. Deiglendi umhverfis melhól. Sverði hefur verið hlaðið upp umhverfis grafirnar og hann þannig myndað hrauka.

**EY-168:022** gerði kálgarður

65°53.997N 18 34.094V

Kálgarður sem merktur er inn á túnakort frá 1917 sést enn fast utan við skógreitinn í landi Hofsár og 50-60 m neðan við þjóðveg. Gerðið er greinilegt frá þjóðvegi. Gerðið er á grasi vaxinni hæð.

Gerðið er um 22 X 22 m að stærð en norðurhlið þess er lang skýrust og þar sjást grjóthleðslur.

**Hættumat:** hætta, vegna skógræktar


**EY-168:023** garðlag óþekkt

65°54.025N 18°33.418V

50-70 m neðan við rafstöðina og beint undir raflínu er um 10 m langt garðlag sem liggur frá Hofsá og upp á sléttlendið skammt sunnan við ána. Garðlagið er einnig greinilegt norðan ár í landi Hofs. Grýttur en gróinn árbakki.


Garðurinn er grjóthlaðinn en í landi Hofsár er hann gróinn. Um 1,3 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta





## EY-169 Skeggjastaðir



Hjáleiga frá Hofsa. Var í eyði 1712 en byggðist eftir 1759 og fyrir 1847. Þá töldust Skeggjastaðir 5 hdr. af Hofsa. Í Svarfdæala sögu er Skeggjastaða getið á þessum slóðum og Þorkell Skeggjason sagður búa þar. ÍF IX, 152. Jörðin tilheyrir nú Hofsórkoti og ekki er þar lengur stundaður búskapur. Nokkrir sumarbústaðir hafa risið í Skeggsstaðalandi.

**1917:** 2.4 ha. 4/5 slétt. Garðar 660 m<sup>2</sup>.

**1990:** "Túnið er mjó ræma milli fjallsins og þjóðveggarins en neðan hans undir börðunum eru sléttar nýræktir sem teygja sig fram á árbakkann." BE 1990, 218

**EY-169:001** Skeggjastaðir bæjarhóll bústaður

1877: "... á síðari tímum hefur bærinn verið reistur að nýju á tóftum gamals eyðibæjar með sama nafni og er sýnilega hinn sami og Skeggjastaðir í Svarfdælu, ..." segir Kristian Kaalund í riti sínu um íslenska sögustaði. Bærinn sem nú stendur á Skeggjastöðum er byggður upp úr gömlum torfbæ sem var á sama stað. Eldhúsið í íbúðarhúsinu er gamla eldhús torfbæjarins þó torfið hafi verið fjarlægð.

Vart er hægt að tala um raunverulegan bæjarhól en greina má lága hæð þar sem bær, garður og hlaða eru. Þessi hús standa á einni af fjölmörgum náttúrulegum hæðum í túninu.

Þau hús sem nú standa voru byggð í áföngum milli 1940-1950. Sambyggt bænum var fjós úr timbri en þegar bærinn

fór í eyði á 7. áratug 20. aldar var því húsi breytt í geymslu og stendur það enn.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917; KK III, 75

**EY-169:002** hlaða

65°53.458N 18°34.262V

10-15 m vestan við íbúðarhúsið á Skeggjastöðum stendur um 100 ára gömul hlaða sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Umhverfis eru sléttuð tún.

Hlaðan sem nú stendur á þessum stað (og hefur staðið í um 100 ár) er timburbygging um 72 m<sup>2</sup> að stærð.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-169:003** heimild um fjárhús

65°53.487N 18°34.170V

Útihús var um 50 m utan og örlítið ofan við bæinn (001) samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var rífið rétt fyrir 1990 þegar sumarbústaður var byggður á svipuðum slóðum. Bústaðurinn hefur nú verið fjarlægður en grunnurinn sést enn.

**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-169:004** heimild um útihús 65°53.472N 18°34.136V  
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 20 m ofan við 003 og rúmlega 60 m utan og ofan við bæ (001).  
Fagurgræn hæð og eru steypuleifar þar nú. Svo er að sjá sem tóftaleifar hafi verið á þessum stað áður.  
Þær leifar sem nú sjást eru að mestu steypar, 10 X 6 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-169:005** heimild um útihús 65°53.495N 18°34.131V  
Sléttuð hæð er um 90 m utan og ofan við 001 og um 30 m utan og ofan við 003. Um 40 m beint utan við  
sumarbústað í landi Skeggsstaða.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-169:006** heimild um fjárhús 65°55.5653 18°34.211V  
Fjárhús, sem merkt er inn á túnakort frá 1917, var áður um 30 m ofan/austan við þjóðveg og 130-150 m  
utan og neðan við bæ (001). Sléttaður en kúptur hóll með dæld.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-169:007** gerði kálgarður 65°53.418N 18°34.249V  
Leifar kálgarðs sem merktur er inn á túnakort frá 1917 sjást  
enn 40-50 m sunnan við bæ (001). Kálgarðurinn er norðvestan  
í hól. Á hólnum er trjágróður.

Garðurinn er 14 X 14 m að stærð. Hann er grasi  
gróinn. Inni í honum og við hann er trjávöxtur.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**EY-169:008** *Brúarnef* heimild um brú 65°53.535N 18°34.519V  
"Annað nef [út í Farveg/Skiðadalsá] heitir þar Brúarnef, kennt  
við brú, sem þar lá yfir." segir í örnefnalýsingu. Brúarnef er  
heiti á nesi vestan megin við litla ársprænu sem rennur út í  
Skiðadalsá/Svarfaðardalsá. Sléttur árbakki. Á þessum stað eru  
nú sléttuð tún.


Gunnlaugur Sigvaldason man eftir kláf á þessum stað  
en engin ummerki er þar nú að sjá.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 275

**EY-169:009** *Hlóðarhóll* heimild um 65°53.512N 18°34.129V  
"Norður frá Rana er dálítill hæð yzt og efst á gamla túninu, er heitir Hlóðarhóll og yzt á honum tveir  
jarðfastir steinar (Hlóðirnar?)." segir í örnefnalýsingu. Á Hlóðarhóli stendur nú ysti sumarbústaðurinn í  
landi Skeggsstaða. Á hólnum eru 3 stórir steinar, um 15 m suðvestan við sumarbústað. Grasi gróinn hóll  
sem hefur verið raskað af síðari tíma framkvæmdum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 275

**EY-169:010** *Hvammur* álagablettur 65°53.496N 18°34.308V  
"Litlu neðar en bærinn stendur myndast djúp og skeifulaga hvilft allstór, sem heitir Hvammurinn. Honum  
fylgja þau álög, að þegar hann hefur verið sleginn, koma ævinlega óþurrkar. Má eiga það víst að erfiðlega  
gangi að ná upp þurru heyi þar og stundum má segja, að það hafi verið ómögulegt. Enga sögn muna menn  
þó í sambandi við þessi álög." segir í örnefnalýsingu. Álagabletturinn er fast sunnan heimreiðar en austan  
þjóðvegjar. Álagabletturinn er hvammur en svæðið er nú allt orðið að sléttuð túni.



**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 275

**EY-169:011** Sveitarlangur garðlag

65°53.365N 18°34.109V


"Eins og á öðrum bæjum þarna í sveit liggur garður sá hinn mikli, er Sveitarlangur nefnist uppi í hliðarkrikanum og er allgreinilegur víðast hvar." segir í örnefnalýsingu. Sveitarlangur er merkjanlegur um 20 m austan við norðurhorn þess sumarbústaðar (Álfasteinn) sem er syðst í landi Skeggsstaða. Garðurinn liggur NNA-SSV og er hann mjög greinilegur á um 70 m svæði að öðrum sumarbústað norðar. Hann er í þýfðum haga og hafa tré verið gróðursett á honum og umhverfis hann.

Garðurinn er um 3 m á breidd, 70 m á lengd og 0,8 m á hæð. Hann er gróinn lyngi og mjög þýfður. Á köflum fellur hann alveg saman við umhverfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 275

**EY-169:012** útihústóft


65°53.439N 18°34.229V



Um 10 m utan við bæinn (001) og aðeins ofar er nýleg tóft. Fast austan við tóftina er þýfð brekka en vestan við hana er sléttuð hæð þar sem bærinn (001) og hlaða (002) standa.

Tóftin er einföld og alveg opin til vesturs. Hún er 6 X 5 m að stærð og er grjóthlaðin að innan (innamál 4,3 X 3,2 m). Grjóthleðslan nær í um 0,9 m hæð og þar er tyrft ofan á í 0,6-0,7 m. Svo virðist sem tóftin sem mjög nýleg.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar



**hdr. 1712.** Hólastólseign. Landnámsjörð. Einnig getið í Svarfdæla sögu og Valla-Ljóts sögu.  
**1461** er Hofs fyrst getið í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar en þá er sagt að bænhús standi þar ekki upp. DI V, 356  
**12.09.1478** fær Magnús Magnússon bóndi Ólafi Hólabiskupi jörðina Ljósavatn í Ljósavatnshreppi í skiptum fyrir Hof í Svarfaðardal. DI VI, 159-160.  
**24.05.1486** fær Sveinn Sumarliðason jörðina í arf eftir afa sinn Eirík Loftsson DI VI, 569-572  
**1525** er jörðin í eigu Hólabiskups samkvæmt Sigurðarregistri DI, IX, 301  
**1550** er Hof talið með eignum Hólastóls. "Med Hofi .vj kuguillde. landskyld .ij. c." DI XI, 867  
**1569** kemur fram í reikningi Hólastóls að landskuld er 2 hundr. og kúgilidi 6. DI XV, 227  
Í Svarfdælu segir: "Byggði Þorsteinn sér þar bæ, sem hann kallaði Grund, en Karl inn rauði tók sér bústað at Karlsá. Fór hann síðan landa á milli hvert sumar, en helt þó ávallt bú. Þetta var þeim megin ár, er Ljótólfr átti eigi byggð, en þat hét at Hofi, er hann bjó." ÍF IX, 211. "En er skipit var algert, var þat fært ofan eptir ísum um vetrinn gegnt Hofi, ok létu þar standa skipit ok skorðuðu; heitir þar Skorðumýri síðan," ÍF IX, 156  
"Ok fara þeir út eptir þetta alvápnadir ok ætla að snúa yfir til Hofs. Þá sá þeir ekki lítinn grepp suðr við garðinn,..." ÍF IX, 175.  
"Allt fór Ljótólfr til þess, er hann kom heim at garðinum at Hofi; eigi var þá kostur at fara í hliðit, því at Klaufi var þar fyrir." ÍF IX, 180.  
"Ljótólfr bjó at Hofi, þar til hann lézt, ok fannst hann í óþökkadæl nokkurri á ofanverðum vellinum..." ÍF IX, 206.  
Á bæinn er minnst í biskupasögum (í Jónssögu) í tengslum við kraftaverk Jóns biskup á fátækri konu sem bjó á Hofi. Biskupasögur I. bindi (Jónssaga) bls. 198-204  
**1917:** 6.9 ha. 4/5 slétt. Garðr 1382 m2.  
**1990:** "Túnið teygir sig upp frá bænum sunnan frá Hofsbánni á breiðri skák út með fjallinu. Niður undan bænum taka við grónar áreyrar Svarfaðardalsár." BE 1990, 222

**EY-170:001** Hof bæjarhóll bústaður 65°54.301N 18°33.662V  
Gamli bærinn var þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Steypt íbúðarhús. Sunnan við það er ræktaður garður með nokkrum trjám. Svo taka við ræktað tún. Ofan við er ræktað tún brekka upp á Húsavöll þar sem fjárhús standa. Norðan við er lítill lækur sem er á milli 001 og 013.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:002** heimild um bænhús 65°54.301N 18°33.662V  
Bænhús var á Hofi og er þess getið í bænhúsatali frá 1487. Það var þá ekki uppistandandi. Enginn veit hvar bænhúsið var en líklegast hefur það verið í námunda við bæinn.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** DI V, 356

**EY-170:003** heimild um smiðju 65°54.294N 18°33.638V  
10 m ofan við núverandi íbúðarhús stendur lítil skemma, bárujárnsklædd. Gengur hún undir nafninu Smiðjan þar sem hún er á svipuðum stað og smiðjan var áður. Neðst og nyrst í ræktaðu túni sunnan og ofan við 001. Norðan við er vegur sem liggur upp á tún í suðaustur og niður að þjóðvegi. Norðan vegar er lækur og taka svo við tún að merkjum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:004** heimild um útihús 65°54.278N 18°33.645V  
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m suðaustan við 001 (og núverandi íbúðarhús), mitt á milli þess og fjárhúsa sem nú standa, 15-20 m suðaustan við 003. Í ræktaðu túni, brekka neðan við Húsavöllinn. U.þ.b. í miðri brekku. Um 80 m eru niður að þjóðvegi.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:005** heimild um fjárhús 65°54.263N 18°33.646V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 10 m vestan við 006, fremst á sléttum Húsvellinum. Staðurinn er beint vestur af núverandi fjárhúsum miðjum, um 50 m suðaustan við 001. Í grasi grónu túni sem nær vestur að þjóðvegi. Ofan við er fjárhús og hlaða. Norðan við er tún að læk og áfram norðan lækjar að merkjum. Um 100 m eru niður að þjóðvegi. Afliðandi brekka er neðan við Húsvöllinn. Sést vel í túninu þar neðan við og til suðurs hvar vegurinn lá en hann hefur nú verið færður vestar svo að ekki þurfi að keyra um hlaðið á Hofi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:006** heimild um hesthús 65°54.249N 18°33.632V  
Hesthús stóð á Húsavelli þar sem nú er steipt fjárhús og hlaða. Grasi gróið er umhverfis fjárhús og hlöðu en sunnan við er laut (Óþokkalaut). Neðan við hæð þá er hesthúsið stóð á er ræktað tún að þjóðvegi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:007** heimild um útihús 65°54.247N 18°33.602V  
Um 70 m suðaustur frá 001 og um 20 m austan við 006 var útihús á Húsavelli. Það var beint austur af syðri hluta steyptrar hlöðu sem þar stendur nú. Grasi gróið svæði norður af Óþokkalaut. Tún ofan við og sunnan við. Er í afgirtu hólfi þar sem nautgripum hefur verið beitt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:008** *Syðstu-Hús* heimild um fjárhús 65°54.233N 18°33.639V  
Beint suður af hlöðu og fjárhúsum sem standa ofan við 001 er laut. Á hólnum sunnan við hana var fjárhús um 4 m frá norðausturhorni garðs (016). Norðan í hólí við grasi vaxna laut. Ræktað tún er neðan hól og lautar að þjóðvegi og ofan lautar er einnig ræktað tún. Norðan við lautina er fjárhús og hlaða (steipt) og grasi gróið þar í kring.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:009** *Gerðið* heimild um fjárhús 65°54.341N 18°33.418V  
Fjárhús voru á Gerði 150-200 m norðaustur af 001 uppi á háum, ræktuðum hólí í túni. Er á háum hólí í ræktuðu túni norðaustan við Hof. Tún nær að merkjum við Gröf og að fjallsrótum. Tún er vestan við þjóðveg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:010** heimild um hesthús 65°54.354N 18°33.419V  
Um 20 m norðvestur af 009, uppi á háum, ræktuðum hólí í túni var hesthús. Það var um 180 m norðaustan við 001 og 160 m austan þjóðvegjar. Á háum hól miðjum. Hann er í ræktuðu túni norðaustan við Hof. Tún nær að merkjum við Gröf og að fjallsrótum. Tún er vestan við þjóðveg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:011** heimild um fjós 65°54.318N 18°33.665V  
20 m norðvestan við núverandi íbúðarhús, þar sem nú er fjós og hlaða mun eldra fjósið hafa staðið. Grasi vaxið svæði er í kringum húsin. Hægt er að keyra frá þjóðvegi og heim að bæ, bæði norðan og sunnan við og eru því þessar byggingar alveg afmarkaðar af akveginum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-170:012** heimild um landamerki 65°54.528N 18°32.817V  
"Landamerki jarðarinnar að norðan (móti Gröf) eru frá Svarfaðardalsá eftir svonefndum Merkjalæk og slitróttum merkjagarði beina línu á fjall upp." segir í örnefnalýsingu. Ef fylgt er Merkjalæk upp fyrir


Völkuhól, beygir hann til norðurs og rennur í landi Grafar. Ekki sést lengur garður á merkjum. Grasi gróið svæði þar sem girðing er á merkjum alveg til fjalls. Lítil lækur rennur um 8 m sunnan við og Merkjalækurinn um 20 m norðan við. Grasi gróin mýri sem reynt hefur verið að þurrka upp. Þar sem girðingin stendur er eins og ýtt hafi verið í garð með efni norðan og sunnan við. Veggur 1 m breiður og 1 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-170:013 Godatóft tóft

65°54.325N 18°33.595V



"Á hæð nokkurri í túni jarðarinnar norðan bæjarins, er vallgróin húsatóft, sem Godatóft nefnist, afgirtur staður og friðlýstur." segir í örnefnalýsingu. Godatóft er 50-60 m norðnorðaustan við núverandi íbúðarhús, norðan lækjar. Neðst í horni ræktaðs lands norðan við bæ. Sunnan við tóftina er lækur sem rennur norðan við fjós. Tóftin er á ávalri hæð sem hallar til suðvesturs.

Friðlýstar minjar. Um hofrúst að Hofi í Svarfaðardal er til skýrsla eftir Stefán Þorsteinsson, sóknarprest á Völlum. Hann skrifar svo árið 1818:

"Á Jördunne og Bænum Hofe - áður Biskupstóls- nú Bónða - eign, -skamt frá kyrkjustadnum, skal - sem Nafnid ávísar - Godahof verit hafa í Heidne, þar á Túnenu, Spölkorn frá bænum, hvar Merke siest til Tóttar, sem enn er köllud Godatóft, Med Gardhring umhverfis. Einge Blótsteirn, edur nockud slíkt finst þar leingr hiá." Þorsteinn Þorsteinsson fjallar einnig um hofið í ritgerð frá 1865: "Enn sést móta fyrir hofinu og garði í kringum það, og önnur girðingamót sjást í hálfhring nokkuð út frá hofgarðinum, sem mætti geta til að verið hefði dómhringur. Hofið stendur fyrir norðan bæinn á Hofi á hæð rétt austan til við götuna heim að bænum. ... ofgarðurinn [er] alveg í hring eins og kirkjugarðar nú eru." Kaalund segir einnig frá þessum sömu minjum. "Som stedet for "gudehuset" påviser man i tunet, kort nord for gården, en lav høj, hvis kant for oven er omgivet med et græstörvsgærde, inden for dett ses igen en mindre kredsrunder tomt

"goðatóft"; diametren af de to indhegninger eller tomter er 10 og 5 fv. Oppe i Hovsåen findes desuden en lille foss "Goðafoss." (Kålund 1879-82, 99). sbr. KK III, 75: ("Svarfdæla segir að þar hafi búið Ljótólfur goði, og er bærinn því einn þeirra sem er oftast nefndur í sögunni. Nafnið bendir til að þar hafi staðið hof í fornöld. Er talið að hofið hafi staðið skammt fyrir norðan bæinn. Er þar lágur hóll, og er torfgarður um efri brún hans en fyrir innan er lítil kringlótt tóft "goðatóft"; þvermál þessara tveggja girðinga og tófta eru 10 og 5 faðmar. Auk þess er lítill foss uppi í Hofsa, Goðafoss. Í Valla-Ljóts sögu (239) er nefnt Hof en á sömu síðu Hofsa, bústaður Bjarnar Þorgrímssonar, sem kemur þar við sögu.").

Matthías Þórðarson friðlýsti þessar minjar árið 1930. "Hof. Svonefnd "goðatóft" og girðing umhverfis, á litlum hól norður frá bænum." (Skrá um friðl. forn. 1990, 47).

"Við komum að Hofi 31. júlí 1991 (Dagb. A.F. 1991, 51). Að sögn Elínar Stefánsdóttur sem hefur búið þar síðan 1986, heitir hóllinn (og rústin á honum) Goðatóft. Hefur hún þetta eftir fyrri ábúanda. Það mun bera saman við heimildir okkar, en sá hóll er við hittum er þó í austur frá bænum. Ekki vitum við hvort bærinn stóð annarsstaðar á síðustu öld. Að öðru leyti er fullt samræmi við eldri heimildir. Hóllinn er ávalur og grasi vaxinn, og stendur nú í horni ræktaðs lands, en utan ræktunar (Mynd 11). Upp á hólum er garður umhverfis, nánast órofinn, en tvö skörð eru í hann norðaustan megin. Norðvestan megin hefur lítið svæði verið sléttá út, líkt og að staðið hafi til að slétta allan hólinn, en verkinu hætt. Hringurinn virðist um 18 m í þvermál. Inn í miðjum hringnum er tóft, en var hún heldur óglögg (Mynd 12). Hóllinn er vaxinn háu grasi og var því ekki auðvelt að greina það sem á honum var. Innri tóftin virðist hafa mjórri vegg í garðurinn umhverfis og er nánast ferhyrnt, með rof í suðurgafli. Svo virðist sem tóftin snúi í austur-vestur. Norðvesturhorni hennar hefur verið raskað þegar garðurinn utanvið var sléttáður að hluta. Þar er stór hola, með hvössum brúnum, og er það ekki ósennilegt að hér hafi menn stundað uppgroft. Þess er þó ekki getið í heimildum um fornleifarannsóknir.

Á ferð sinni um Svarfaðardal sumarið 1900, hefur Brynjúlfur ekki heyrt Goðhóls eða hofminja getið. Um rústir of örnefni á Hofi segir hann aðeins: "Óþokkadæl heitir enn hjá Hofi. En um tótt hofsins er ekkert hægt að segja, því síðar hefir verið bygt ofaná hana." (1901, 19). DBFJ 1909,312 "Herom gælder omtrent det samme som om de nærmest foregaaende; nogle synlige rester findes her ikke af hovet, men dettes sted paavises paa den nordlige side af gaarden (i tunet); 1898 saa D. Bruun her en lille tomt, 6 skridt l., og 5 skr. br., indenfor en rund indhegning, 20 skridt i tværmaal. I en tværelev, Hofsa, kaldes en foss for Goðafoss."

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261; FF, 539-540; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 115;

**EY-170:014** Þjóðsaga um legstað

65°54.263N 18°33.847V

"Áður en túnið var sléttá mótaði fyrir garði, sem lá frá Goðatóftinni [013] suður og niður túnið, að svonefndu Baði, kaldavermslalind, sem aldrei frýs. Þetta er í túnjaðrinum við hól, þann sem Baðhóll nefnist." segir í örnefnalýsingu. ca. 1865: "Hólar tveir aflangir eru í túninu upp undan baðinu, þeir heita Baðhólar. Það er almæli, að Ljótólfur liggir í þeim öðrum hvörjum, og hafa menn helst tiltekið þann efri (ekki sjást nein merki til legstaðar nú á dögum) ... Baðhólararnir eru skammt suður og ofan frá bænum, en Óþokkadæl efst á túninu suður og upp frá bænum." segir Þorsteinn Þorsteinsson í ritgerð um fornleifar í Svarfaðardal. Suðvestur frá 001 (um 100 m) er tún og eru þar tveir hólar vestan þjóðveggar. Staðarpunktur var tekinn suðaustan við 015 (á hæðinni) þar sem hólarnir koma saman. Í ræktuðu túni rétt vestan þjóðveggar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 115

**EY-170:015** Bað laug

65°54.274N 18°33.845V

"Áður en túnið var sléttá mótaði fyrir garði, sem lá frá Goðatóftinni [013] suður og niður túnið, að svonefndu Baði, kaldavermslalind, sem aldrei frýs. Þetta er í túnjaðrinum við hól, þann sem Baðhóll nefnist." segir í örnefnalýsingu. ca. 1865: "Blótbað heitir fen eður díki sem er í mýrinni fyrir neðan túnið á Hofi og hefur það líklega verið mikið stærra áður en skriðan hljóp út í það, sú sama sem hlaupið hefur á Skorðumýri ..." segir Þorsteinn Þorsteinsson í ritgerð um fornleifar í Svarfaðardal. Frá þjóðvegi liggur vegar slóði til suðvesturs niður að á og er staður þessi um 100 m suðvestan við 001 og beint neðan við Óþokkalaut. (Ræktað tún og þjóðvegur á milli).

Baðið er suðvestan við Baðhól. Upphornuð mýri (að hluta) og er skurður um 3 m vestan við.




Stærri hóll er suðaustan við. Einnig segir í ritgerð Þorsteins: "Hólar tveir aflangir eru í túninu upp undan baðinu, þeir heita Baðhólar. Það er almæli, að Ljótólfur liggi í þeim öðrum hvörjum, og hafa menn helst tiltekið þann efri (ekki sjást nein merki til legstaðar nú á dögum) ... Baðhólarnir eru skammt suður og ofan frá bænum, en Óþokkadæl efst á túninu suður og upp frá bænum." Baðið er líkt og drullupollur sem lítil spræna rennur í gegnum og út í skurð sem er um 3 m vestan við. Vestan við er þornuð mýri og sunnan við er hóll. Garðlag liggur ofan við dýið í suður í um 30 m og upp á hólinn og hverfur þar sem tún byrja þar ofan við. Hólarnir eru bogadregnir austan við lind þessa og mynda ágætis skjól. Þessi staður sýnist ekki þess legur að þar væri hentugt að baða sig en ómögulegt er þó að segja til um það hvernig þar var umhorfs áður en skurður var grafinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 116

**EY-170:016** gerði kálgarður

65°54.232N 18°33.668V



Sunnan við bæ og fjárhús á Hofi er laut (Óþokkalaut) uppi á hólnum. Sunnan við lautina er kálgarður. Hann eru m 60 m suðaustan við 001. Uppi á grasi grónum hól sunnan við laut. Þar norðan við eru fjárhús. Vestan í hólnum er smá dæld og er eins og grafið hafi verið þar í. Annar gróinn hóll er síðan að sunnan en að austan og vestan eru svo ræktuð tún.

Garður þessi er hlaðinn úr torfi, ekki sjást neinar grjóthleðslur. Hann er vel gróinn og eru skörð í honum á a.m.k. fjórum stöðum bæði vegna rofs og hruns. Austurhlíð garðsins er bogalöguð og í norðvestur horni er lítil tóft sem er mjög gróin og er einungis eitt hól (4 X 4 m).

**Hættumat:** engin hætta

**EY-170:017** Óþokkalaut sögustaður

65°54.247N 18°33.635V

"Efst í sunnaverðu túninu er dæld sú, sem Óþokkalaut heitir. Þar segir Svarfdæla, að Ljótólfur goði hafi fundizt veginn." segir í örnefnalýsingu. Óþokkalaut er 6-8 m sunnan við núverandi fjárhús og efst í henni að sunnan er garður. Grasi gróin laut sem liggur austur-vestur og beygir lítillaga til norðurs. Hún er mjó efst (5 m) en breikkar og dýpkar eftir því sem komið er neðar í hana. Austan við lautina er ræktað tún eins og að vestan. Lautin liggur milli tveggja hóla. Standa fjárhús á þeim nyrðri en garður á þeim syðri.

"Ljótólfr bjó at Hofi, þar til er hann lézt, ok fannst hann í óþokkadæl nokkurri á ofanverðum vellinum, ok stóð í gegnum hann saxit, er gert var or sverðinu Atlanaut, er Klaufi hafði átt ok Ljótólfr fekk eptir bardaga þeira Karls ins rauða. Ljótólfr var færðr suður ok ofan á völlinn." ÍF IX, 206-207. Nmgr: "Suður og upp á túninu á Hofi er nú kölluð Óþokkalág, og á hún að vera sama og óþokkadæl sú, sem hér er nefnd; en nafnið er vafalaust gefið eftir sögunni á seinni tímum." sbr. ritgerð Þorsteins Þorsteinsonar um fornelfar Í Svarfaðardal frá um 1865: "Það er kölluð af flestum lautin rétt fyrir ofan túnið á Hofi, stutt fyrir sunnan og ofan bæinn, og liggur upp á milli tveggja hóla. Nokkrir kalla Óþokkadæl sunnan og neðan Gerðahólma, út og upp frá Hofsbæ, út og upp frá hofinu, og er það ótrúlegra ..."

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 131

**EY-170:018** mannabein legstaður

65°54.193N 18°33.553V

"Þegar Gísli Jónsson, sem enn býr á Hofi, var að slétta suðurvöllinn þar, komu menn niður á mannsbeinagrind suður og ofan frá enda lautar nokkurrar, sem að sögn er kölluð Óþokkalaut. Þúfa í stærra lagi var yfir beinunum. Beinafundur þessu var settur í samband við frásögn Svarfdælu af vígi og greftan Ljótólfs goða. Samsvörunin er eftirtektafverð, en frásögn af fundinum annars of óskýr til að heimilt sé að telja hann með fornum kumlum." segir Kristján Eldjárn í riti sínu um Kuml og haugfé. Þessi staður er 150-200 m aust-suð-austan við 001, vestast í ræktaðu túni. Suðvestanvið er stór, þýfður hóll með sléttaðu túni efst. Um 15 m norðvestar er garðlag sem liggur í norðvestur.

"Ljótólfr bjó at Hofi, þar til er hann lézt, ok fannst hann í óþokkadæl nokkurri á ofanverðum vellinum, ok stóð í gegnum hann saxit, er gert var or sverðinu Atlanaut, er Klaufi hafði átt ok Ljótólfr fekk eptir bardaga þeira Karls ins rauða. Ljótólfr var færðr suður ok ofan á völlinn." ÍF IX, 206-207

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** KEKH, 115 sbr. KE í Árbók 1941-42, 25-26

**EY-170:019** *Skorðumýri* sögustaður

65°54.358N 18°34.180V

"Neðan við túnið er mýri sú, sem Skorðumýri heitir, og getið er í Svarfdælu." segir í örnefnalýsingu. Ekki er nákvæmlega vitað hvar mýrin var en líklegasti staðurinn er á mýrunum austan við Svarfaðardalsá en vestan við Hofsa. Grasi vaxin mýri vestan Hofsa þar sem víðir vex á stangli. Er beint vestan við 016 gengt Grund. Mýrarlækur norðar og fen rétt norðan við hann (20-25 m).

"En er skipit [Íslendingur] var algert, var þat fært ofan eptir ísum um vetrinn gegnt Hofi, ok létu þar standa skipit ok skorðuðu; heitir þar Skorðumýrr síðan; ok á því skipi heir Karl utan farit." ÍF IX, 156 sbr. þó 186. 4. nmgr s. 156: "Það mun þjóðsaga ein, að haffært skip hafi verið gert úr íslenskum viði. Örnefni Eikisík og Skorðumýrr hafa glatazt, en menn hafa reynt að finna þeim staði. Skorðumýri er nú nefnd neðan við Hof, en nafnið mun gefið eftir sögunni, því að Kaalund (II, 99-100) þekkir það ekki, en vitnar í eldri staðalýsingu, þar sem mýri þessi er nefnd Skriðumýri." Það mun vera lýsing Þorsteins Þorsteinssonar frá um 1865: "Skorðumýri, er nú oftast nefnd Skriðumýri, eins og líka stendur í einu handriti af Svarfdælu, og hefur síðan fengið það nafn, því Hofsaín hefur rífið annan farveg en hún hefur haft til forna, út og ofan mýrina og borið á hana grjót. Þessi mýri er suður og ofan frá Hofi og í Hofslandi gegnt Grund."

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 114

**EY-170:020** *Torfhólar* örnefni rista

65°54.548N 18°33.556V

"Neðan túnsins er mýrlendi allt til Grafarmerkja. Á því svæði eru þrír melhólar, einu nafni eru þeir nefndir Torfhólar." segir í örnefnalýsingu. Torfhólar eru neðan og vestan við ræktað tún 50-70 m austan við Svarfaðardalsá. Þeir eru einu hólarnir vestan þjóðvegjar. Tún, mýri að vestan og norðan.

Tveir hólar sjást ennþá. Sá nyrsti er horfinn vegna efnistöku og túnræktar. Þeir sem eftir eru mjög svipaðir að stærð. Þýfðir og grasi vaxnir. Mýri er sunnan og vestan við. Skurður er vestan við nyrsta hólinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261

**EY-170:021** *Torfhólavað* heimild um vað

65°54.625N 18°33.571V

"Út og fram af yzta Torfhólum er Torfhólavað á Svarfaðardalsá. Líkur benda til að þetta vað sé hið sama og í Svarfdælu er nefnt Þingvað." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m norðvestan við ysta Torfhólinn mun vað þetta hafa verið. Rétt sunnan við enda eyrnar. Milli Torfhóls og ár er mýri, grasi og mosavaxin. Árbakkar, lágir og grasivaxnir, hrúnið er úr þeim á stöku stað. Áin rennur á þessum stað í sveig til norðurs. Ekki sést neitt gott vað á ánni á þessum stað en áður fyrr var hún hentug til yfirferðar á Torfhólavaði. Eyrar eru út í ánni aðeins norðar og má vera að vaðið sé hentugra í lok sumars (þegar áin er vatnsminni) þegar eyrnar koma betur í ljós.

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261

**EY-170:022** *Litlahof* heimild um býli

65°54.534N 18°33.265V

"Neðarlega í landi jarðarinnar eru tóftarbrott mjög forn, sem nefnd eru Litlahof." segir í örnefnalýsingu. Á merkjum við Gröf rennur lækur og frá honum liggur skurður í suðaustur og svo beint til austurs. Um 80 m sunnan lækjar er hóll í ræktuðu túni neðst við þjóðveg (30 m ofan vegar). Litlahof mun hafa verið á honum. Á hólum í ræktuðu túni. Skurður er um 50 m norðaustan við. Hóllinn er um 50 m norðan við þar sem keyrt er inn á túnið. Túnið er sunnan við bæ og austur að fjallsrótum. Vestan þjóðvegjar er vegur sem liggur niður að Svarfaðardalsá. Er talið að býlið hafi átt þriðjung Hofsa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261

**EY-170:023** *garðlag*

65°54.508N 18°33.306V

"Neðarlega í landi jarðarinnar eru tóftarbrott mjög forn, sem nefnd eru Litlahof. Skammt fyrir sunnan það er garður, sem liggur samhliða Hofsa- og Grafarmerkjum. Heitir spildan þar utan við Þriðjungsengi." segir í örnefnalýsingu. Þar sem garður þessi er horfinn vegna túnræktar er erfitt að segja nákvæmlega hvar hann hefur verið. Líklegast hefur hann þó verið um 50 m sunnan við 022, beint ofan við þar sem keyrt er af þjóðvegi og inn á tún. Í ræktuðu túni austan þjóðvegjar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261

**EY-170:024** *Gildruhóll* hleðsla refagildra

65°54.413N 18°32.675V

"Norður við Grafarmerki, ofan engjanna, er stór melhóll, sem Gildruhóll er nefndur ..." segir í örnefnalýsingu. Gildruhóll er um 150 m sunnan við Grafarmerki, stór og áberandi melhóll. Neðan við háar melskriður sem fallið hafa úr Hofskál. Mýrar eru við hólinn á alla vegu nema ofan við. Hóllinn hefur runnið úr þessum háu melskriðum sem eru ofan við. Lækir renna bæði sunnan og norðan við. Grasi gróið er við hólinn að norðan. Norðan lækjar eru lyngivaxnar þúfur norður fyrir merki. Vestan við er skurður og svo tún að þjóðvegi.


Efst á Gildruhól er vörðubrot. Lyng- og mosagróið er í kring. Hóllinn er strýtulaga að vestan en kemur eins og rani úr hlíðinni. Hóllinn er mjög ber, aðeins lyng. Varðan er 0,4 m á hæð. Grjóthúgan er 2 X 2 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261

**EY-170:025** *Réttarhóll* hleðsla rétt

65°54.009N 18°33.199V



"Syðst og neðst í Hofshólum er Réttarhóll, kenndur við fjárrétt, er lengi stóð neðan við Hofsaárgljúfur, norðan árinna. Þar var lengi skilarétt Svarfdælinga og markaðsstaður meðan kaupmenn frá Akureyri keyptu fé á fæti." segir í örnefnalýsingu. Réttin er í hvammi skammt norðan við Hofsa. Grasi vaxinn hvammur sem afmarkast af háum brekkum.


Réttin er heillegust að vestan. Suðausturhlutinn er það nálægt ánni að hún mun taka af honum, þar er hún gróin og mest hrunin. Réttin er 34 X 11,5 m að stærð, 5 hólfi og sjást 5 umför.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Svarf, 261

**EY-170:026** beitarhústöft

65°54.185N 18°32.901V




"Rétt upp undan bænum að Hofi, alveg uppi undir hólnum, stóðu frá fornu fari fjárhús fyrir beitarfénað." segir í örnefnalýsingu. Beitarhústöftin er neðan við Rauðamel (rauður melur í fjallsrótum), nærri því beint upp frá bænum, aðeins norðar, 350-400 m aust-norða-austur frá honum. Neðan við melhóla, vel gróna og þýfða. Þýft og gróið svæði, grasi vaxið. Mýri er norðan við og lækur. Mýri er einnig sunnan við.

Tóftin er vel gróin og sigin. Þúfur eru farnar að myndast og þó er enn hægt að greina 4 hólfi. Hlaða er austan við, minni hólfi sunnan við. Um 10 m sunnar eru 2 litlar tóftir (044). Ekki sést þó hvar dyr hafa verið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 262



"...

fyrir sunnan [Rauðamel] er Selhóll. Þar standa gömul tóftarbot. Upp frá Selhóli er Sellaut ... Upp af Sellautini eru Selgrænur kallaðar ..." segir í örnefnalýsingu. Beint upp af núverandi íbúðarhúsum (006) er hár melhóll neðst í fjallinu sunnan við Rauðamel. Efst á Selhóli eru tóftir, um 500 m austan við 001. Efst á grasi vöxnum melhóli sem er sunnan við Rauðamel, liggur þó aðeins lægra. Neðan við eru þýfðir melhólar með mýrarflákum að ræktuðu túni. Ofan við er grasi gróin laut og mýrarflákar. Allstórar tóftir vel grónar, ekki sést í grjóthleðslur en þó sést hvar op hefur verið á milli hólfa.

#### Seltóftir – horft til suðvesturs

Upp frá Sellautini eru Selgrænur kallaðar ..." segir í örnefnalýsingu. Beint upp af núverandi íbúðarhúsum (006) er hár melhóll neðst í fjallinu sunnan við Rauðamel. Efst á Selhóli eru tóftir, um 500 m austan við 001. Efst á grasi vöxnum melhóli sem er sunnan við Rauðamel, liggur þó aðeins lægra. Neðan við eru þýfðir melhólar með mýrarflákum að ræktuðu túni. Ofan við er grasi gróin laut og mýrarflákar. Allstórar tóftir vel grónar, ekki sést í grjóthleðslur en þó sést hvar op hefur verið á milli hólfa.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 262

#### EY-170:028 Selið seltóft

65°53.438N 18°31.816V

"Fram með [Hofsá á Hofsárdal] alllangt eru kallaðir Bakkar, en framan við þá eru fornar seltóftir, vallgrónar, en nafnlausar. Af ýmsu má þar sjá, að þar hafi lengi verið selför, m.a. hafa þar fundizt öskuhaugar. Framan við selið heitir Engi, allviðlent svæði." segir í örnefnalýsingu. Ef fylgt er götu frá Sjónarhóli (045) og 50-70 m suður frá 046 eru þessar tóftir uppi á hóli. Austan í grasi- og lyngivöxnum hól. Að norðan er lítið gil eftir læk, mikill uppblástur er í því. Gatan liggur svo til vesturs í hólnum og suður fyrir hann þar sem tóftirnar eru. Ofan og sunnan við eru 4 aðrar tóftir í um 1-10 m fjarlægð. Engið liggur austan við allstóra og grasi vaxna mýri.



Tóftin er vel gróin og sigin og þó sjást greinilega þrjú hólfa í henni. Ekki sjást op milli hólfa eða dyr. Tóftin er 10 X 9 m að stærð. Breidd veggja er um 1 m. Fast austan við norðaustur enda selsins er önnur tóft (B=047). Tóftin er einföld (4 X 3,5) með dyr til vesturs. Hún er mosa- og grasi vaxin. 2 m austan við selið og 2,5 m sunnan við (B) er önnur tóft (C). Hún er einföld 5 X 4 m að stærð. Dyr eru í suðvestur. Um 5 m suðaustan við selið og 3 m sunnan við (C) er enn önnur tóft (D=049). Tóftin er sigin og grasi gróin. Hún er 9 X 8,5 m að stærð. Óljóst er hvar hún endar í austri en hún mjókkar

að dyrum í vestri. Hún skiptist í tvö hólf en það stærra er vestar. 7 m sunnan við (D) er svo síðasta tóftin (E=50) hún er 12 X 4 m að stærð, vel sigin og grasi gróin. Sjást tvö hólf, svipuð að stærð. Vestara hólfíð er dýpra og mjókkar í endann þar sem dyr eru.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 262

**EY-170:029** *Goðafoss* örnefni

65°53.902N 18°32.622V

"Nökkru neðar í gljúfrunum [en þar sem Stórilækur fellur í Hofsa] er hinn svonefndi Goðafoss." segir í örnefnalýsingu. Goðafoss er stærsti fossinn í gljúfrum Hofsa. Djúp klettagljúfur, annar foss minni er rétt ofar.


ca. 1865: "Hofsa ... kemur ofan af dalnum og rennur skammt fyrir sunnan túnið á Hofi, og er mikið klettagil að ánni, þar sem hún rennur ofan úr dalnum ... og afar hár foss og tignarlegur, sem almennt er og hefur verið kallaður Goðafoss, helgaður goðunum; hvar mjög í honum undan veðraskiptum." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 115

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 262; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 115

**EY-170:030** *Völkuhóll* heystæðistöft

65°54.535N 18°32.987V



Nyrst, við merkin við Gröf er óhreyfður hóll norðan við ræktuð tún. Hóll þessi ber nafnið Völkuhóll. Hann er um 150 m austan þjóðvegjar. Milli hólans og vegjar eru 2 skurðir. Tóftin er suðaustast í hólnum. Á grónum hólum í óræktuðu landi. Norðan við tún og rétt sunnan merkja. Þar sem lækur rennur. Bæði að austan og vestan eru skurðir. Neðan við eru svo ræktuð tún að þjóðvegi en að ofan mýrlendi að fjallsrótum.

Tóftin er hlaðin úr torfi, og er vel gróin. Rof sést í henni við vesturendann. Mosa og grasi vaxin. Tóftin er 4,5 X 2,5 m að stærð. Veggjabreidd


er 0,6 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 262

**EY-170:031** *stekkjartóft*

65°54.197N 18°34.015V



30 m sunnan við Hofsa og 60 m vestan við brúna yfir hana er tóft. Grasi gróið, ræktað land ofan (austan) mýrar sem er austan Svarfaðardalsár.

Tóftin er sigin og farin að hlaupa í þúfur. Hún virðist vera eitt hólf með kró vestan við. Uppblástur er við op inn í kró og skarð er í tóftina að austan. Erfitt er að greina nákvæmlega króna þar sem hún er mikið sigin og þýfð. Tóftin er 10 X 11 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-170:032** *Hofmannafloetur* örnefni leikvöllur

65°54.001N 18°30.592V

"Hofmannafloetur heitir sléttur og fagur floetur hátt upp á fjalli, langt fyrir utan og ofan Hof. Ekki vita menn fyrir vís af hvörju hann ber það nafn, en munnmæli eru, að í fornöld hafi Hofsmenn haft þar glímur og leiki." segir Þorsteinn Þorsteinsson í ritgerð um fornleifar í Svarfaðardal frá um 1865. Ofan við Hofskálina er grænn floetur, tiltölulega sléttur. Uppi á Neðra-Fjalli. Þar eru hrjóstrugir melar og snjóskafar í nokkrum lautum fram á sumar.

Hofmannafloetur er fremur lítill grasvöllur í dalverpi á milli tveggja fjalla (ofan Skálar og Efra-Fjalls). Beint upp af merkjum er enginn grasfloetur einungis ógrónir eða lítt grónir melar og snjóskafar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 115


**EY-170:033** tóft óþekkt

65°54.564N 18°33.419V

Um 50 m vestan við þjóðveg og um 15 m norðan við veg sem liggur að ánni er tóft. beint niður frá Gildruhóli (024). Á grasi gróinni hæð. Vestan við er mýri að ánni. Norðaustar og sunnar er ræktað tún. Austan þjóðvegur er einnig ræktað tún. Austan við tóftina/hólinn hefur verið malarnám.

Tóftin er á 1,3 m á hæð og er vel grösug. Hún er 10 X 8 m að stærð og eitt hólf, nokkuð djúp í miðju. Ekki sjást á henni dyr.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-170:034** *útibúr* heimild um skemmu

65°54.238N 18°33.857V

"Nú fara þeir svá, þar til er Ljótólfr náði dyrunum á útibúri sínu, því er hann átti þar í túninu." segir í Svarfdæla sögu. Í ritgerð frá um 1865 segir Þorsteinn Þorsteinsson um þennan stað: "Útibúrið á Hofi, sem Ljótólfr varði sig í, þegar hann flúði af fundinum á Kumlateig. Það hafa verið almæli að það hafi staðið syðst í túninu á Hofi, skammt fyrir vestan (neðan) hliðið í túngarðinn, sem enn sjást merki til, þar sem tröðin liggur frá heim í Hofshlað. Það hefur sést móta fyrir stórri tóft, en fyrir nokkrum árum hefur verið byggt sumarfjós, og sést þó enn partur af tóftinni suður undan fjósinu." Þessi staður er í ræktaðu túni um 20 m vestan þjóðvegur. Er í ræktaðu túni um 20 m vestan þjóðvegur.

**Heimildir:** ÍF IX, 182; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 123

**EY-170:035** garðlag

65°54.242N 18°33.879V

Suðvestur frá bænum er tún alveg við þjóðveginn (að vestan). Það mun vera á svonefndum Baðhólum (sjá 014 og 015). Vestan við þar í er garðlag sem liggur frá túni og niður hólinn í vestnorðvestur. Það er um 150-200 m suðvestan við 001. Vestan í grasi vöxnum hól. Liggur í norðvestur að mýri sem hefur að mestu verið þurrkuð með skurðum.

Garðurinn er um 40-50 m langur, 1,2 m á breidd og hæð er 0,5 m. Skörð eru í hann þar sem gata liggur vestan í hólnum. Garðurinn liggur síðan neðan í hólnum og að öðrum minni norðan við og virðist hafa legið upp á honum til norðurs. Liggur um 3 m austan við Baðið (015). Garðurinn er mjög illa farinn neðan við hólinn, rofinn og horfinn á sumum stöðum og er síðan lítt greinilegur ofan á norðanverðum Baðhólum uns hann hverfur nyrst á honum. Garðurinn er skemmdur vegna átroðnings nautgripa á stórum hluta neðan við hólinn. Mögulegt er að þetta sé sami garðurinn og sagður er hafa legið frá Goðatóftinni (013) og niður að baðinu (sjá 015).

**EY-170:036** heimild um traðir

65°54.263N 18°33.761V

"Það hafa verið almæli að [útibúrið] hafi staðið syðst í túninu á Hofi, skammt fyrir vestan (neðan) hliðið í túngarðinn, sem enn sjást merki til, þar sem tröðin liggur frá heim í Hofshlað." segir í ritgerð eftir Þorstein Þorsteinsson frá um 1865. Í ræktaðu túni sunnan við 001. Gamalt vegarstæði sem er orðið grasi gróið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 123

**EY-170:037** heimild um túngarð

65°54.222N 18°33.823V

"Allt fór Ljótólfr til þess, er hann kom heim at garðinum at Hofi; eigi var þá kostur at fara í hliðit, því at Klaufi var þar fyrir." segir í Svarfdæla sögu. Um garðinn getur Þorsteinn Þorsteinsson í ritgerð frá um 1865: "Það hafa verið almæli að [útibúrið] hafi staðið syðst í túninu á Hofi, skammt fyrir vestan (neðan) hliðið í túngarðinn, sem enn sjást merki til, þar sem tröðin liggur frá heim í Hofshlað." Engin merki sjást um túngarðinn en þessi staður er neðst í sléttuðu tún suð-suð-vestur frá 001. Vestan þjóðvegur er ræktað tún. Er um 100 m norðan við Hofsa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** ÍF IX, 180-81; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 123

**EY-170:038** garðlag

65°54.133N 18°33.619V


Austan við þar sem nú er fjárhús og hlaða, norðan lautar sem þar er sést garðlag sem liggur í átt að Hofsa. Liggur á milli ræktaðs túns austar og vestar. Að vestan er stór ræktaður hól og liggja tún upp á hann. Suður frá hólnum liggur garðurinn um þýft, grýtt og gróið svæði að Hofsa.

Garðurinn er mjög siginn og farinn að fletjast út og jafnvel hlaupa í þúfur. Ekki sést grjót í honum og er troðningur/gata efst á honum. Liggur frá norðurhluta fjárhúss í 43 m þar sem honum hefur verið rutt út vegna túnræktar. Næst liggur garðurinn svo austur í stórum, ræktuðum hól og nærri beina leið að Hofsa. Við suðausturhorn hólsins liggur garður beint í vestur út frá megin garðinum og myndar lítið þríhyrningslaga hól sem afmarkast af garði og hól að norðan. Rof er í garðinum á nokkrum stöðum. Liggur girðing ofan á honum við fjárhúsin sem nú standa. Garðurinn er alls um 200 m langur en ógreinilegur á um 60 m kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**EY-170:039** tóft

65°54.206N 18°33.573V



Tóft er 70 m beint upp af 016, efst og syðst við Óþokkalaut (017), um 120 m suðaustur frá 001.

Í grasi grónu landi ofan og sunnan við laut en vestan ræktaðs túns. Sunnan við er þýft land á stórum hól og er ræktað slétt tún efst á honum. 5 m norðaustan við er garðlag sem liggur til norðurs. Sunnan við er vel þýft og sést í grjót sem rutt hefur verið til við túnasléttun.

Tóftin er sigin og hlaupin í þúfur, virðist hafa skipst í tvö hól. Liggur norður-suður og er 5 X 2 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**EY-170:040** náma mógrafir

65°54.523N 18°32.941V

Um 50 m sunnan við merkin á Gröf, ofan Völkuhóls og skurðar er svarðargröf ofan við syðstu og efstu tún. Ofan skurðar, fast við hann. Mýrin nær að merkjum. Hún er gasi gróin og nærri þurr að sunnan að túnnum. Völkuhóll er um 20 m vestan við. Lækur rennur í skurðinn vestan við. Er þurr og grasi gróin, dýpt um 1 m. Hallar til vesturs að skurði. Mógrafirnar eru 7 X 5 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-170:041** Sveitarlangur garðlag vörslugarður

65°54.316N 18°32.868V

Um 300 m austan við þjóðveg og um 400 m norðaustan við 001 er Sveitarlangur. Hann er um 50 m suðvestan við 024. Garðurinn liggur í mýri neðan við hól. Þar sem garðurinn virðist enda í norðri er lækur. Hann liggur hlykkjóttur í mýrinni neðan (vestan) við hólinn og í átt að næsta hól (sem er skeifulaga) og fer austur og sunnan fyrir hólinn. Ræktuð tún eru um 70-100 m neðan við garðinn.

Garðurinn er mjög flatur á þeim hluta sem er í mýrinni og er farinn að hlaupa í þúfur á ýmsum stöðum. Hann er 2-3 m á breidd og mest 0,8 m á hæð en er lægstur í mýrinni eða 0,1-0,2 m. Garðurinn sést á um 200 m kafla, þó misvel, verst í mýrunum.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-170:042** náma mógrafir

65°54.329N 18°32.888V

Ofan við efstu tún, beint upp af Mið-Torfhólum (sem reyndar er nú sá nyrsti þar sem sá sem var fyrir norðan hann er horfinn) er skeifulaga hól, inn af honum eru svarðargrafir. Þær eru um 500 m norðaustan við 001. Í grasi vöxnum skeifulaga hól (opið snýr í austur). Grasi vaxið svæði með mýrum. Lækur rennur sunnan við. Mýrarsvæði eru í kring. Grafirnar eru um 70 m austan við skurð og efsta tún.

Ferhyrningslaga svæði þar sem grafið hefur verið. Grafirnar eru misdjúpar og misstórar. Er nú þurr og grasi gróið svo hægt er að ganga í gröfunum. Dýpst um 3-4 m. Skeifunni er lokað að austan með garði (041). Þær eru 21 X 17 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-170:043** náma mógrafir

65°54.265N 18°32.836V

Um 50 m aust-suð-austan við 042 er dálítill hæð með svarðargröfum. Hún er beint suður af Gildruhól (012). Mýrar eru allt í kring en þetta er þó þurr staður. Lækur rennur sunnan og vestan við.

Þurrir og grasi grónir hraukar sem ekki líta út eins og hleðslur heldur meira eins og uppmokstur úr gröfum. Engar gryfjur sjást þó en þar sem mýrar eru allt í kring og lækur rennur í gegnum suðurhlutann er líklegast að um svarðargrafir sé að ræða. Svæðið er 15 X 7 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta


**EY-170:044** tóftir

65°54.167N 18°32.903V

Um 400 m austan við 001 eru tóftir. Þær eru um 10 m sunnan við 026. Neðan við háan og þýfðan melhól, neðan við Rauðamel. Tiltölulega slétt er næst hólnum austan við tóftirnar en vestan við þær er þýft að mýri sem nær niður að ræktuðu túni. Þýfðir hólur eru í suðri. Norðan við 026 er mýrarsvæði norður að Grafarmerkjum.

Tvær litlar tóftir, 3 X 4 og 2 X 2 m að stærð. Á milli þeirra er 1 m. Suðri tóftin er minni. Hleðslur eru svipaðar og í beitarhúsinu (026), vel grónar og nokkuð útflattar.

**Hættumat:** engin hætta



65°55.707N 18°32.110V

**EY-170:045** varða

Varða er efst á melhóli þar sem Hofsa beygir til vesturs úr Hofsaárdal. Af honum sést vel út á fjörðinn, nær Múlanum inn dalinn og nokkuð vel inn Svarfaðardal. Efst á melhól. Á rennur beggja vegna við.

Varðan er hrúnin, 2 X 1,5 m að stærð. Gæti verið Efri- eða Neðri-Sjónarhóll sbr. Ö-Svarf bls. 262: "Ofan við Hrutálaut eru Efri- og Neðri-Sjónarhóll."

**Hættumat:** engin hætta


**EY-170:046** smalakofatóft

65°53.473N 18°31.886V

Tóftir eru utarlega á Hofsaárdal, utan við stórt mýrarengi. Ef fylgt er götum frá Sjónarhóli (045) eru þær ofan við götuna. Austan við lyngivaxin hól. Austan við er grafinn farvegur eftir læk og þar fyrir austan er allstórt mýrarengi.

Tóftirnar eru vel grónar. Þær eru svipaðar að stærð og snúa eins, í suðvestur. Sú eystri virðist vera eldri. Þær eru lyngi- og grasi vaxnar. Eystri tóftin er 3 X 3 m að stærð og hleðsluhæð er 0,4 m. Innanmál er 1 X 1 m. Vestari tóftin er einnig 3 X 3 m að stærð en 0,6 m að hæð, að innanmáli 1 X 0,8 m. 3 m eru á milli tóftanna.

**Hættumat:** engin hætta



**EY-170:047** Sveitarlangur garðlag vörslugarður

65°54.066N 18°33.186V

Þar sem réttin (025) er við Hofsa sést garðlag uppi í hlíðinni og liggur það rúmlega 280 m til norðurs. Þetta virðist vera sami garður og liggur suður frá Gildruhóli (sjá 041). Grasi vaxið.

Garðurinn sést mjög greinilega á rúmlega 180 m kafla og hverfur svo við læk norðan við 048. Hann er farinn að hlaupa í þúfur. Gata er efst á garðinum og eins austan við. Hann er um 2-2,5 m breiddur og hleðsluhæð er allt að 1,3 m.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-170:048** Hrutálaut tóft


65°53.885N 18°32.432V

Ef farið er upp með Hofsa, ofar en fossarnir er stór grasi- og lyngigróin laut sem afmarkast af háum melhólum. Rétt ofan við miðja laut er tóft í norðanverðum hólnum og önnur er framarlega í sömu laut

Í laut milli lyngivaxinna hóla. Lautin er vel gróin og þurr að mestu nema allra neðst. Lyngivaxinn þúfnahaugur er vestan við, nokkuð uppblásin. Litill mýrarflói er norðaustan við.

Önnur tóftin er í miðri lautinni. Hún er einföld og eru hleðslur mjög grónar og signar. Ekki sjást dyr og er garður vestan við sem myndar L-laga aðhald að háum, grónum melhól. Tóftin er 2,5 X 4,5 m að stærð en veggjabreidd er 1 m. Garðlagið er um 9 m á lengd en 0,4 m á breidd. Hin tóftin er framarlega á lautinni. Hún er líka einföld og virðist hafa snúið norður-suður. Sunnan við er erfitt að greina hvort annað hól hafi verið. Tóftin er hlaupin í þúfur en er 9 X 5 m að stærð.


**Hættumat:** engin hætta





EY-170:049 tóft

65°54.165N 18°33.050V



Tóft er um 350 m austan við bæ (001), beint upp af honum ef bein lína er tekin á milli fjárhúss og íbúðarhúss. Á grasi vöxnu og þýfðu svæði um 50 m ofan við tún Hofs. Hóll að sunnan, lækur að norðan. Melhólar, hækkandi til fjalls.

Tóftin er vel grasi gróin og byrjuð að springa í þúfur. Hún er 13 X 8 m að stærð og tvískipt. Ekki sjást op milli hólfa eða dyr. Garður (047) liggur að tóftinni að sunnan og frá henni að norðan. Rof er á henni norðvestast.

**Hættumat:** engin hætta

EY-170:050 tóft

65°54.022N 18°33.190V



Ofan við réttina við Hofsa (025) er grashæð og er tóft þar uppi á um 10 m norðan við réttina. Grasbarð og mýri vestar. Háar, brattar hlíðar.

Tóftin sýnist vera eitt hólf og snúa austur-vestur og er 7 X 4 m. Veggjubreidd er 1 m.

**Hættumat:** engin hætta

## EY-171 Brautarhóll

20 hdr. 1712.

Vallakirkjufjörð.

Einnig

Brautarholt.

Upphaflega

hjáleiga frá

Völlum.

1525 er fyrst

minnst á

Brautarhól

(Brautarholt) í

Sigurðarregistri.

Þá tilheyrir

bærinn

Vallakirkju. DI

IX, 334

1569 segir í

reikningi um

preststekjur á

Völlum


“Brautarholt er

so sem heimaland. ny bygd vpp.” DI XV, 345.

Gröf var hjáleiga, fyrst nefnd 1802 og síðan metin á 10 hdr.

1917: 3.0 ha. 5/6 slétt. Garðar 880 m<sup>2</sup>.

1990: "Túnið er frekar mjó landræma frá árbakkanum upp í fjallið ..." BE 1990, 226



**EY-171:001** Brautarhóll bæjarhóll bústaður

65°54.822N 18°33.059V

"Bærinn á Brautarhóli stendur á Bæjarhóli nokkurn spól austan við Svarfáðardalsá ..." segir í Bygðum Eyjafjarðar. Sunnan við núverandi íbúðarhús er ræktaður garður með um 6 m háum trjám og litlum kartöflugarði austast. Suðaustast í þessum garði mun bærinn hafa staðið, um 10 m sunnan við íbúðarhús. Í rækтуðum heimagarði með háum trjám, rífsberjarunnum og blómagróðri, ásamt litlum kartöflugarði.

Íbúðarhúsið er 15 m norðan við á hól sem hallar í suðvestur í átt að á. Sunnan við garðinn er ræktað tún, að austan er þjóðvegur 20 m ofan við og taka svo við rækтуð tún til fjalls.

Ekki sést til fornleifar en þó sjást nokkrar dældir á grasblettinum vestan við kartöflugarð og milli trjánna sem þar eru að vestan. Mun það vera eftir kjallara hússins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og BE 1990, 226

**EY-171:002** heimild um fjárhús

65°54.831N 18°33.046V

Fjárhús voru um 20 m norðan við 001. Þar sem núverandi íbúðarhús stendur er áföst skemma og svo hlaða þar sem þetta hús var. Bæjarhlaðið lítt gróíð en þó einkum upp við hlöðuna. Er um 10-15 m vestan þjóðvegur og þar ofan við eru rækтуð tún. Norðan við hlöðu er áfastur súrheysturn (steypturn) og skemma nokkrum metrum þar norðan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-171:003** heimild um fjárhús

65°54.773N 18°32.933V

80 m austan við og sunnan við 001 voru fjárhús á litilli hæð. Þau voru 30 m norðan við skjólbelti sem er á merkjum við Gröf. Í rækтуðu túni þar sem eru litlar hæðir. Framan við þessa hæð er nokkur halli vestur að þjóðvegi. Fjárhúsin voru rifin 1992-1993.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-171:004** *Hesthúsvöllur* heimild um hesthús 65°54.762N 18°32.868V  
"Í gamla túninu var Miðstykki kallað og einnig Hesthúsvöllur." segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið var 120 m suðaustur frá 001 og um 40 m austan við 003. Það var um 30 m norðan við skjólbelti, um 100 m austan þjóðvegjar. Í ræktuðu túni sem er hæðótt. Norðan við trjáræmu á merkjum við gróf. Húsið var rífið upp úr 1930.  
**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 259

**EY-171:005** heimild um mógrafir 65°54.719N 18°32.761V  
"Ofan vegjarins hét Mór og ofar Hvilft á fornu mógrafasvæði." segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar voru utan við skjólbeltið sem nú er á merkjum, efst í því. Þar sem grafirnar voru er nú framræst tún og skurður.  
**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 259

**EY-171:006** *Legulaut* hleðsla hlóðir 65°54.462N 18°31.625V  
"Á merkjum Brautarhóls og Grafar ofan Brúnar er Stórapúfa og nokkru ofar Legulaut. Þar voru ær bældar. Í lautinni eru kofarústir og hlóðir." segir í örnefnalýsingu. Legulaut er á merkjum Brautarhóls og Grafar, hátt í fjalli, þó neðan við neðsta klettabelti. Hún er ofan fjallgirðingar og mýra sem eru neðan við, 800-1000 m frá Brautarhóli. Lautin er slétt og grasi gróin milli tveggja lyngivaxinna hóla. Tvennar hlóðir eru í þeim efri (stallur í lautinni). Sunnan við er lyngivaxin laut. Norðan við er laut með mýrarpólli.  
Er u.þ.b. 0,6 X 0,8 m. grjóthlaðið. Stærri grjót er í miðju hlóðanna. Úr lautinni sést ekki niður að bæjunum Brautarhóli og Gróf. Ekki sjást neinar kofarústir í lautinni, einungis hlóðirnar norðaustast í henni. Ekki sést grjót, allt er grasi eða lyngivaxið. Þarna bjuggu smalar til blóðbergste.  
**Hættumat:** engin hættu  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 259

**EY-171:007** *Dómhringur* 65°54.787N 18°32.997V  
"Suður og upp frá Brautarhólsbæ voru fyrrum hringmyndaðar rústir, sem kallaðar voru Dómhringur, en hann er löngu eyðilagður." segir í örnefnalýsingu. 60-70 m suðaustan við 001 og 30 m ofan þjóðvegjar var dómhringurinn. Mun hann hafa verið á hæð sem þar er, beint neðan við 003. Í ræktuðu túni, austan þjóðvegjar. Suðvestan við er laut sem afmarkast af þjóðvegi að vestan. Trjábelti liggur ofan við þ.e. í suðaustur (50 m) á merkjum.  
**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 259

**EY-171:008** *Gamlistekkur* heimild um stekk 65°54.501N 18°32.361V  
"Efst í Stekkjarmó [ofan við Hallið] eru tveir Stekkir og kallast annar Gamlistekkur." segir í örnefnalýsingu, og ennfremur: "...Kúalautin nær upp undir Stekk." Annar stekkurinn var norðar við skógreitinn sem er í túni ofan við Brautarhól sbr. 009. Ekki sjást merki hans.  
**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 259

**EY-171:009** heimild um stekk 65°54.692N 18°32.495V  
"Efst í Stekkjarmó [ofan við Hallið] eru tveir Stekkir og kallast annar Gamlistekkur." - "...Kúalautin nær upp undir Stekk." Stekkurinn var norðan við skógreitinn sem er í túni ofan við Brautarhól. Engin ummerki sjást um hann nú. Hann var á svipuðum slóðum og 008. Sléttuð tún eru umhverfis.  
**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svarf, 259

**EY-171:010** *Stekkjarmór* náma mógrafir 65°54.702N 18°32.583V  
"Mógrafir eru yzt í [Stekkjarmó]mónum, en Enni ofan þeirra ..." segir í örnefnalýsingu. Mógrafir voru fast neðan við stekkina (008 og 009) og skógræktina. Þar sem grafirnar voru er dæld í sléttuðu túninu.  
Merki grafanna sjást enn. Þau eru 30 X 25 m að stærð en um 1 m á dýpt. Grónar.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 259

**EY-171:011** *Sel* frásögn af seli


65°54.651N 18°32.324V

"Ofan Girðingar var áður slæggjuland, allt upp á Brún, en engjanýting sú lagðist niður, þegar girt var. Rétt við merkjalínuna þar efra er hóll, sem heitir Sel. ... Utan Grafarlækjar eru Selmóar." segir í örnefnalýsingu. Selið var við hól sem er enn vel greinanlegur efst í túnunum ofan við Brautarhól. Hóllinn er fast norðan við merki og 600-700 m ofan við Þjóðveg. Sléttuð tún eru umhverfis hólinn og er selið horfið í tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 259

## EY-172 Gröf



Hjáleiga frá Brautarhóli. Vallakirkjueign. Fyrst getið í jarðabók 1802 og taldist seinna helmingur Brautarhólslands eða 10 hdr. Bæjar með þessu nafni nálægt Völlum er þó getið í Guðmundar sögu biskups. Skriða þurrabúðarkot frá seinni hl. 19. aldar til 1929.

“Austmaðr fór jafnan upp til Hofs um veturinn at letia um sættir með þeim Karli ok Ljótólfi, ok því kom hann á leið, at sættarfundr var lagðr með þeim niðri á brekkunum hjá Grafarhúsum.” ÍF IX, 188 (Svarfdæla) **1917**: 3.0 ha. Garðar 300 m<sup>2</sup>. 1990: "Jörðin er mjó landræma frá ánni upp til fjallsins og nær túnið upp að fjallsrótunum ofan við bæinn." BE 1990, 224

**EY-172:001** Gröf bæjarhóll bústaður

65°54.727N 18°33.119V

"Grafarbær stendur á hóli þeim, sem venjulega er nefndur Bæjarhóll og hallast út í Lautina ..." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m ofan við núverandi íbúðarhús stendur steypt fjós sem byggt var á þar sem baðstofan stóð. Hún er um 30 m vestan þjóðvegjar. Grasi vaxið í kring. Tjáreitur sunnan við íbúðarhúsið er um 20 m suðvestar.

**Hættumat**: hætta, vegna ábúðar

**Heimildir**: Túnakort 1917; Ö-Svarf, 260

**EY-172:002** heimild um útihús

65°54.721N 18°33.143V

Útihús var 20 m suðvestan við 001, frá því sem nú er trjáreit. Það er um 20 m sunnan við núverandi íbúðarhús. Sunnan í hól sem 001 stendur á, grasi vöxnum. Þar er lítill trjáreit með um 5 m háum trjám, suðaustan við íbúðarhús og eru trén niður og sunnan við hólinn. Að sunnan og vestan eru ræktuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-172:003** heimild um fjárhús

65°54.707N 18°33.050V

Ofan þjóðvegjar, um 40 m suðaustur frá 001, beint ofan trjáreits stendur nú steipt fjárhús og hlaða þar sem fjárhús, sem merkt eru inn á túnakort frá 1917 voru áður. Í ræktuðu túni, neðst, m 30 m austan þjóðvegjar. Sunnan við er lítið og grasi gróið gil sem lækur rennur í.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-172:004** *Miðhúsgerði* heimild um útihús

65°54.688N 18°33.116V

"Sunnan við Bæjarlæk neðan vegar heitir Miðhúsgerði." segir í örnefnalýsingu. Miðhúsgerði er 10-20 m sunnan við bæjarlæk. Vestan og neðan við þjóðveg er lítil hæð sem útihúsið stóð á.

Í túni rétt vestan þjóðvegjar (um 10 m). Húsið var á litlum hól/hæð og hallaði í átt að bæjarlæk. Á hólnum sést enn ofurlítill dæld.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort frá 1917 og Ö-Svarf, 260

**EY-172:005** heimild um hesthús

65°54.642N 18°33.072V

"Syðst á túninu er Hesthúsið og gömul rétt við það." segir í örnefnalýsingu. 120 m suður af 003 var hesthús. Þar er allangur og vel gróinn melrani. Syðst í túninu norðan hans mun hesthúsið hafa staðið. Þar (norðan við hólinn) er skurður. Reykkofi stendur nú norðan í hólnum. Í túni, syðst. Hóll er sunnan við, þjóðvegur 50 m vestan við. Dældir eru í túninu þar sem húsið mun hafa verið - þó ekkert greinilegt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 260 og Túnakort 1917

**EY-172:006** *Kvíamór* heimild um kvíar

65°54.661N 18°33.221V

"Kvíabrot eru skammt frá veginum sunnarlega á túninu og hét þar áður Kvíamór." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar kvíarnar voru, en líklegasti staðurinn er um 10 m austan við skurð sem nú er í túni, 150-200 m suðvestan við 001 og um 70 m neðan þjóðvegjar. Í túni. 10 m austan við skurðinn er lítil hæð og hallar til suðvesturs að túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 260

**EY-172:007** *Smiðjubót* örnefni smiðja

65°54.700N 18°33.074V

"Smiðjubót hét fyrrum ofan vegarins suður við lækinn, en það nafn er nú horfið úr notkun." segir í örnefnalýsingu. Ekki er nú vitað hvar smiðjan var nákvæmlega. Líklegasti staðurinn er neðan við þjóðveg og um 7 m norðan við læk, rúmlega 40 m suðaustan við 001. Grasi gróið svæði austan þjóðvegjar og norðan lækjar þar sem hann rennur undir veginn. 10-20 m frá suðvesturhorni núverandi fjárhúsa (003).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Svarf, 260

**EY-172:008** tóft

65°54.501N 18°32.361V

Tæpum 100 m norðan við merki Hofa og fast norðan við Skriðulæk er tóft. Hún er í dæld norðan við Langhól sem er langur hól sem nær til norðvesturs frá merkjum og suður að öðrum hól.

Tóftin er fremur stekkjjarleg. Hún er 10 X 5 m að stærð og er tvískipt. Hún er grjóthlaðin að innan og frá henni gengur um



3 m langt garðlag að Skriðulæk.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-172:009** garðlag óþekkt

65°54.618N 18°32.246V

Garðlag er merkjanlegt um 450 m ofan/austan við Þjóðveg og 100 m norðan við merki. Garðurinn er fast norðan við skurð. Hann er fremur óljós fyrstu 25 m en verður skýrari eftir því sem sunnar dregur.

Garðurinn nær um 60 m að túni. Hann er 2 m á breidd en 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-172:010** gerði kálgarður

65°54.582N 18°32.722V

Leifar kálgarðs eru sunnan í Stekkjarhól (011) efst en norðan við þar sem Skriða (012) var. Gerðið er 100-150 m sunnan við merki. Gerðið er í grasi grónum melhól.

Gerðið er mjög óskýrt, 10-11 X 10-11 m að stærð. Hæð þess er 0,2 m.


**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**EY-172:011** Stekkjarmelur örnefni stekkur

"Ofan við Járnhrygg er Stekkjarmelur, næstum samfastur við hann. Liggja þessir hólar sunnan að Skriðukjálkunum. Rétt sunnan við Stekkjarhólinn stóð býlið Skriða ... Syðst og neðst í Skriðutúni heitir Stekkjarmór." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarmelur er melurinn syðst og efst í hólrananum sem Skriða (012) stóð á. Engar stekkarleifar eru greinilegar. Umhverfis eru sléttuð tún. Stekkjar-örnefnið í kringum Skriðu (012) gætu bent til að bærinn hafi verið byggður á stekkstæði frá Gröf.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 260



**EY-172:012** Skriða heimild um býli

65°54.596N 18°54.749V


"Rétt sunnan við Stekkjarhólinn stóð býlið Skriða, þar er nú fjárhús. Syðst og neðst í Skriðutúni heitir Stekkjarmór." segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsið sem stóð á sama stað og býlið er nú einnig horfið. Engar leifar sjást um býlið. Hægt er að sjá hvar það hefur staðið því að enn sjást leifar kálgarðs 010 sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Býlið hefur verið 40-50 m sunnan við kálgarðinn, rúmlega 300 m ofan við Þjóðveg.

Býlið var sunnan við Stekkjarhólinn þar sem nú eru tún. Stekkjar-örnefnið (011) í kringum Skriðu gætu bent til að bærinn hafi verið byggður á stekkstæði frá Gröf.

"Húsmannskot með þessu nafni var byggt í Grafarlandi rétt fyrir aldamótin síðustu og fór í eyði 1929. Stóð það sunnan og ofan við Gröf. Einhverjar sáralitlar grasnytjar hafði kotið en íbúar þess voru í húsmennsku á bæjunum í kring eða stunduðu sjóróðra." Skv. túnakorti var Skriðutún 1.3 ha og allt slétt. Garðar 50 m<sup>2</sup>.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 260; BE 1990, 254



**EY-172:013** Sel seltóft

65°54.602N 18°32.317V

"Utan [Merkja]lækjar eru Selholtin út að Grænum og upp að Seli, en svo nefnist hóll rétt utan við Merkjälæk. Sunnan undir þeim hóli eru tóftarústir." segir í örnefnalýsingu. Selið var sunnan undir Hlóðarhóli, 70-80 m sunnan við merki. Ekki sést lengur til selsins en það stóð þar sem nú eru efstu tún í Gröf. En þau ná að Hlóðarhóli. Sléttuð tún sunnan í grasi vöxnum melhól. Engin merki sjást nú um selið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 260

**EY-172:014** *Hlóðarhóll* örnefni hlóðir 65°54.612N 18°32.310V  
"Utar [en Selið - 013] er Hlóðarhóll og svo Merkisklaufin." segir í örnefnalýsingu. Hlóðarhóll er fast sunnan við merki og einnig fast ofan við efstu tún, 300-400 m ofan við skjólbelti sem er á merkjum. Grösugur og þýfður hóll, ofar er fjallshlíðin en neðar sléttuð tún.

Engin merki eru um hlóðir á þessum stað og má vera að örnefnið standi í sambandi við hlóðirnar í Legulaut í Brautarhólslandi.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Svarf, 260

**EY-172:015** garðlag 65°54.734N 18°33.093V  
8 m norðan við 001 (beint norður frá húsi sem þar stendur) er garðlag, 10 m vestan Þjóðvegur. Á grasi vöxnu svæði norðan frá 001. Að austan er Þjóðvegurinn og er halli upp á hann. Grasi gróið er niður að skurði og ræktuðu túni sem nær að Svarfaðardalsá.

Garðlagið er 14 m á lengd en 1 m á breidd. Hleðsluhæð er 1,2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar





Staður. Landnámsjörð. Getið Í Valla-Ljóts sögu. Vallakirkja átti aftrétt á Skíðadal hjá Stafni og þar fram af. “Guðmundur prestur Arason var fæddur 26. septbr. 1161, en var vígður til prests af Brandi biskupi annan sunnudag í föstu (17. Marts) 1185; þá varð hann þingaprestur að Hofi í Höfðaströnd, en síðan á Miklabæ, þá Viðvík, þareptir á Völlum í Svarfaðardal...” DI I, 321

“Úr sögu Guðmundar biskups höfum vér eitt dæmi, að þræfatio var þá súngin á Latínu, og var það þegar hann var prestur á Völlum í Svarfaðardal (um 1190; Guð. S. Kap. 19: Bisk. S.I, 438).” DI I, 428

1318 Máldagi fyrir Vallakirkju DI II, 455-456

**1318** eiga Vellir allt heimaland og auk þess tilheyra jörðinni Uppsali, Kónsstaðir, Hánefsstaðir og Stafn. “Þetta j rekum. j orgeyrs firdi firi vestann aros. þad er attungur j hual. fra aros til Torfdældar. enn fiordung vestur þadann til sulna. halfa reka allra oc flutning vid Birnunes.” DI II, 455-456

**12.6.1386** gefur Þorsteinn lögmaður Eyjólfsson í testamenti sínu Völlum eitt kúgildi: DI III, 392. 1391 segir í skrá um Grundarreka sem Bjarni Ásgrímsson seldi Benedikt Brynjúlfssyni “...til mots vid fiardar botns reka. aa vallastadr attung j hualreca enn benedicht allt annat hual oc. vid. en þandan ut til torfdæl (ar) a vallastadr attung j hual enn Venidicht halfan hual oc cid. enn landi fylgir halft ad fiardar botni. en þadan ut til sulna aa vallastadr fiordung enn annan hofdamenn. enn A sinn foirdung sagdir menn oc fiardarbotn.” DI III, 458-459

**1394** eiga Vellir enn allt heimaland og auk þess jarðirnar Uppsali, Kónsstaði, Stafn, Hól, Hánefsstaði og Hvarf. Að auki “þetta j rekum. j þorgeyrsfirdi fyrer vestann aros. þad er attungur j hual fra arosi til Torfdældar. Enn fiordung vestur þadan til svlna. halfa reka alla og fluttningar vidur Byrnunes.” IF, III, 512 “Þar er lamba eldi vm allann Svarfaðardal jnn til haga og strönd. Lysistolur og heytollur af. xxx Bæjum.” DI III, 513

“En fra Torfdældarlæk og vestur til Svlna a hofdi halfann vidreka. Enn vallnastadur fiordung i hualreka.” DI III, 568

**8. desember 1403** gefur Haldór Loptsson í Sáluhjálparbréfi sínu kirkjunni á Völlum jörðina Selá og “sua mikinn bordvid ok langraund og spærrur sæm nægir firir norðan framm aa midkirkjuuna.” DI III, 684-685

**6. júní 1409** kemur segir í sölubréfi um Tungufell: “en kirkian a vollum lambeseldi ok at tvngvfelli veri bænhvskýlld.” DI III, 722.

**8. apríl 1414** selur Finnbofi Jónsson Einari Bergþórssyni Sökku og Skáldalæk með kvöðum og hlunnindum en Einar selur á móti Klifshaga, Hafrafellstungu og Þverá í Öxarfirði með gögnum og gæðum. “sagdi finnboghi til bænhvss skylldar aa jaurdvne ok sitt lambselde aa huori jaurdvne er valla kirkia aa ok til halfsmanatag teig j skalldalækjar jaurd er hals ættl valla teighar ok vpsateighar slikir sem profazt j sauckv jaurd.” DI III, 753-754

**1429** á Vallakirkja heimaland allt og að auki Uppsali, Hánefsstaði, Brinunes, Selá, Hól, Kónsstaði, Hverárgljúfur og Stafn (í neðanmáls grein stendur að ekki sé ljóst hvort um tvo bæi Á og Stafn sé að ræða eða meiningin hafí verið á Stafni). “Heytollar oc lysætollar af .xxx. bæia. laamsældi vm allan suarduadadaal.” DI IV, 372

Í kirknatali í Hólabiskupsdæmi er árið 1429 sagdir tveir prestar og djákn DI IV, 318

**1431** Vísitazíugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar “summa sextige hundrot oc flogur hundrot mæir.” DI IV, 465.

**1431** færir Jón Vilhjálmsson biskup Ólafí Eyjólfssyni umboð yfir þeim peningum, sem “standandi” voru á Völlum þegar Páll Teitsson dó. DI IV, 486

**21.10. 1454** er kveðinn dómur á Völlum um að kirkjan eigi rétt á lambeldi í öllum Svarfaðardal og inn til haga á strönd. DI V, 125-126

**1461** á Vallakirkja Uppsali, Kónsstaði, Stafn, Hverhól, Hánefsstaði, Hvarf, Gljúfrá, Selá. Birnunes og allan Skíðadal og Vesturárdal fram frá Hólármerkjum til Sveinsstaðamerkjara og “trionvbaka firir handan a. oc tvo teiga firir neðan socku aa bokunvm er heita naustateikr og breidateigr. oc einn holma j anne er lambhage heiter. oc annar heiter hrutholmr ar vpp fra þride eyio(l)fs holmur. “ samkvæmt máldaga Ólafs Rögnvaldssonar biskups. Kirkjan á einnig “þetta j rekum j þorgeyrsfirde firir vestan aaros. þat er attungur i hval fra aarose til torfdælara. enn fiordungur vestr þadan til sulna. DI V, 260-261

Sama ár eru sagdir tveir prestar og djákn á Völlum DI V, 360.

**23.02.1473** staðfestir Ólafur Rögnvaldsson biskup á Hólum um lambeldi til Vallakirkju.

**1525** Sigurðarreglistri “Wallastadur beneficium” DI IX, 294

**1525** tilheyra jarðirnar Selá, Birnunes, Hánefsstaðir, Uppsali, Brautarholt, Hvarf, Krosshóll, Sveinsstaðir, Stafn, Hverá, Kónsstaðir, Þverá, Gljúfrá og “tungufell stendru til lausnar erfingium sira gudmundar heitens. a”, ennfremur á Vallakirkja allan Skíðadal og Vesturárdal fram frá Hólármarki til Sveinnstaðamarks og “tiornubacka fyrir handan aa og .ij. teiga fyrer nedan sokku aa bockunum er heita

nastateigr og breidateigr. og einn holma j aanne er lambhagi heiter og annar er heiter hrutholmur þar upp fra. þridie.” Áfram á Vallakirkja “þetta j rekum j þorgeirsfirde fyrir vestan aaros. þat er attungur i hual fra aarosi til torfdælar. enn fiordungur vestur þadan til sulna. DI IX, 334.

**30.05.1551** kemur fram í “virðingu” um kirkju, hús og staðarfé á Völlum að kirkja er metin á 15 hundruð en staðurinn með þremur útihúsum og tveimur fjósum fyrir 16 hundruð. DI XII, 254-255

**1569** kemur fram í reikningi um preststekjur á Völlum að kirkjan á völlum eigi “jord Sela. landskylld x aurar þar með iiij kugilldi. Vppsalar landskylld c. kugillde iiij. Huarf landskylld i%c. kugillde iiij. Krossholt landskylld c. kugillde iij. Brinines landskylld c aurar eckert kugillde med. Hanefstader landskylld iiij. agilldi. eckert kugillde med. oc eingin landskylld fæst af þeim ef sa prestur leggur eigi til kugilldin er stadinn heldur. Brautarholt er so sem heimaland. ny bygd vpp.” DI XV, 345

**1570** stendur í virðingu kirkjunnar á Völlum. “Þui j fyrstu hafdi sijra Biorn (Thomasson) latid giora alla nya veggi vmm krikiuna og smida hana vpp ad mestum aullum myim vidum. vtann iiij. stauplum og sperrum. þilvidi og þaki nockru. enn ladid j kirkiuna nya staupla. atta bita alla og syllar allar. og ij stafgolf skylldi hann lata j nytt þil o j kor var mest allur nyr þakvidur. biuijsadi hann þar þa firir oss ad kirkiann hefði verid komen ad nidurfalli. þa hann medtok. ad veggjum og vidum og þa virt verid firir xv c. var nu farkirkiann ei vpp aptur smidud. skodudum vier invirdeliga greinda kirkiu og hennar forbedrunn. þui ad gudz nafni til kollidi leist oss og virtum nu greinda kirkiu med vidum og veggjum og þaki fyrir xxx c og v c og kirkiuna skyllduga sijra Birni xx c. þui dun hafdi þa hann medtok virt verid fyrir xv c sem fyrr segir.” DI XV, 394

Bæjarins er getið í Svarfdælu.

“Ljótr tók við mannaforræði eptir föður sinn ok bjó á Völlum.” ÍF IX, 207.

“Þat er einn Valla-Ljótr, sonr Ljótólfs goða, er mestr er maðr í dalnum,....” ÍF IX, 239

“...föru þeir út í dalinn ok námu staðasr eigi alllangt frá Völlum í skógi nökkrum.” ÍF IX, 255

Á Velli og Vallarkirju er minnst í biskupasögum (Guðmundarsögu) og var Gumundur þar prestur 1191-1196.

Í Prestasögu Guðmundar Góða er Guðmundur sagður koma fyrst til Valla 1190 í boði frændkonu sinnar Arnþrúðar Fornadóttur. Sturlunga I, 139.

06.08.1201 var fjölmennur fundur á Völlum sem Kolbeinn Tunason boðaði til enn hann vildi Guðmund Arason næsta Hólabiskup. Biskupasögur I, Guðmundarsaga, 470.

1218 kenndi Þórðr meistari sem áður hafði kennt sveinum á Hólum á Völlum samkvæmt Guðmundarsögu. Biskupasögur I, 508.

Í Guðmundar sögu Góða segir “Þeir Arnþrúðarsynir, Brandr ok Klængr, váru at Sökku í Svarfaðardal, en Eyjólfir, faðir þeira, hafði búit á Völlum ok hafði svá tekid staðinn handsölum, at í erfð skyldi hverfa. En þá er Eyjólfir andaðist, kallaði Brandr biskup sonu Eyjólfis eigi til færa ok byggði þá Þorsteini Þraslaugarsyni. Hann átti frændkonu biskups. Nú kalla Anrþrúðarsynir til staðarins, en Þorsteinn vill eigi láta lausan. Þat var dróttinsdag einn á Völlum, at hvárr þeira hljóp at öðrum, Klængr ok Þorsteinn, ok gættu menn svá til, at hvárgi varð fyrir áverkum.” Guðmundar saga Góða/Sturlungasaga I, 210-211. Af þessu skapast vígaferli og fá þeir bræður Ögmund sneis og fleiri menn til liðs við sig. “Ok hann fór við þeim ok lét bera út ór húsum all þat, er fémætt var, í kirkju – ok í kirkjugarðinn þat, er eigi mátti í kirkjunni vera. Kirkjugarðurinn var bæði góðr ok mikill ok eigi svá nær húsum, at þanan mætti sækja. Síðan víggirðluðu þeir kirkjugarðinn með röftum ok bjuggust þadan til viðnáms. Síðan skiptu þeir garðinum með sér til varnar, ef þyrfti. “ Guðmundar saga Dýra/Sturlunga I, 211 Sættir urðu í malinu og endaði svo að Þorsteinn var burtu rekinn og biskiup fékk Þorkel Þórarinsson til að varðveita staðinn á meðan hann lifði en eftir hans dag fengur Arnþrúðarsynir staðinn Guðmundar saga Dýra/Sturlunga I, 212

Garðakot hjáleiga byggð fyrir manna minni 1712. Fór í eyði en byggdist á ný 1880-1915.

**1847:** "... landkreppujörð einhver en mesta, hefir tún stór, kölluð 30 dagsláttur, en ógrasgefín og illa löguð, sem föðra í meðalári 6 kúr og 2 kálfa. Engjareiturinn heimavið liggur við óverjandi ágangi, og sómuleiðis engjaítakið á Sökkubökkum, en Trjónubakki má teljast fóturinn undir heyskapnum utan túns, og má á honum föðra 60 ær, 20 lömb og 7 hross. Beithagi er heima við eigi annar enn brún ein neðantil í fjallinu, og afréttarkorn kirkjunnar í Skíðadal gengur árlega af sér af skriðum og snjóflóðum, og má meta hagræði af lambatollum og grasatekju þar á 6 rbd. árlega." JJ, 310

**1917:** 11.2 ha. 2/3 slétt. Garðar 1420 m2.

**1990:** "Túnið liggur milli fjallshlíðarinnar og vegarins til beggja handa frá bænum. Undir bakkanum neðan við veginn eru engjarnar á hörðum árbakka en einnig á jörðin land vestan árinna." BE 1990, 228

EY-173:001 *Velli* bæjarstæði bústaður

65°55.192N 18°32.591V

Bærinn sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stendur enn á Völlum og eru ekki heimildir fyrir því að hann hafi áður verið á öðrum stað. Íbúðarhúsið er nú nýuppgerð og var þá byggð viðbygging austan við. Timburhús á steiptum grunni byggt 1901 en uppgerð árið 2000. Ekki er merkjanlegur bæjarhóll.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-173:002** kirkjugarður kirkja  
Kirkjan á Völlum er á sama stað og sýnt er á túnakorti frá 1917. Kirkjan var byggð 1861 en er nú nýuppgerð og stendur á milli kirkjugarðsins (nýja) og bæjarins 001. Umhverfis kirkjuna er kirkjugarður (35 X 25 m) sem notaður var þar til plássleysis olli því að ný garður var vígður um 40 m norðar. Hefur það verið fyrir 1917 því sá garður er teiknaður inn á túnakort frá því ári.

Timburkirkja með klukknaðhúsi vestan við stendur enn nýuppgerð. Kirkjugarðurinn umhverfis kirkjuna hefur nú verið sléttaður (um miðja 20. öld). Þau leiði sem enn eru merkt (4-5) eru frá seinni hluta 19. aldar til um 1920.

Kirkjugarðurinn er 35 X 25 m að stærð. Hann er sléttaður og girtur af með timburgirðingu. Engin tré eru í garðinum.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**EY-173:003** kirkjugarður legstaður

65°55.239N 18°32.627V

Þegar rými í kirkjugarði umhverfis kirkju var uppuríð var nýr garður vígður um 40 m norðaustar. Garðurinn er ósléttaður og enn í notkun. Í honum er nokkuð um trjágróður. Garðurinn er 31 X 35 m að stærð. Hann er afgirtur með steiptum stólpum og vírgirðingu á milli. Elstu leiðin í garðinum er frá 1915.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-173:004** *Garðakot* heimild um býli

65°55.358N 18°32.694V

1712: "Gardakot, hjáleiga. Bygð í fyrstunni utarlega í staðarins túni fyrir manna minni, afdeild einasta að túni og útslægjum. ... Fóðrast kann ii kúa þungi." segir í jarðabók Árna og Páls. "Nyrzt og neðst í túninu var fyrrum hjáleigan Gardakot, og var búið þar fyrir fáum áratugum. Gardakotstún nær suður að Ytri-Bæjarlæk, sem rennur norðan Vallabæjar. Sunnan við lækinn heitir Flötur, og nær hann að Gardakotslaut." Gardakotslækur er einnig á merkjum milli Valla og Hánefsstaða segir í örnefnalýsingu. Síðast var byggð í Gardakoti 1880-1915 - BE 1990, 254.

Þar sem Gardakot stóð var síðar útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Kotið var um 200 m norðvestan við nýrri kirkjugarðinn 003 og um 40 m ofan við þjóðveg. Það var um 280-300 m norðvestan við bæ 001. Það er merkt með skilti við þjóðveg. Þar sem býlið stóð er nú sléttuð hæð í túni.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM X, 89-90; Ö-Svarf, 258; 256; BE 1990, 254; Túnakort 1917

**EY-173:005** heimild um hesthús

65°55.208N 18°32.438V

Hesthús var um 150 m austan (ofan) við kirkjugarð 003 og tæpum 50 m ofan við Lögréttu (012) samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið fast neðan við túngarð, við lækinn sem nú rennur niður um 10 m sunnan við heimreið.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

65°55.204N 18°32.606V



*Vallarkirkja – Horft til norðurs*

**EY-173:006** heimild um útihús 65°55.184N 18°32.579V  
Um 10 m ofan við bæinn 001 var áður útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Útihúsið var þar sem nú er viðbygging við íbúðarhús. Þegar ábúendur grófu fyrir henni komu þeir niður á hleðsluleifar. Undir byggingu. Útihúsið náði lengra til suðausturs en viðbyggingin.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-173:007** *Neðstuhús* heimild um útihús 65°55.154N 18°32.777V  
Útihús var rúmum 80 m neðan við 008 og tæpum 50 m suðvestan við bæ (001) samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var um 10 m ofan við þjóðveg og 10 m sunnan við heimreið. Þar sem húsið stóð er nú hæð í túni. Hún er sléttuð en neðan við hana er steinahrúga sem rutt hefur verið úr tóftinni.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917


**EY-173:008** *Lækjarhús* heimild um fjárhús 65°55.153N 18°32.677V  
Útihús var um 80 m ofan við 007 og 80-90 m suðvestan við bæ (001) samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem húsið stóð er nú hæð í túni.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-173:009** *Hornhús* heimild um fjárhús 65°55.084N 18°32.742V  
Hornhús voru 190 m suðsuðvestan við bæ (001) og eru þau merkt inn á túnakort frá 1917. Þau voru 30-40 m suðvestan við 010. Þar sem húsin voru er nú hæð í sléttuðu túninu.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-173:010** *Miðhús* heimild um fjárhús 65°55.090N 18°32.673V  
Miðhús voru um 170 m beint sunnan við bæinn (001) og um 30 m neðan við 011. Þar sem húsin stóðu er nú hæð í túni.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-173:011** *Efstuhús* heimild um fjárhús 65°55.086N 18°32.611V  
Efstuhús voru 170 m sunnan við bæ (001) og örlítið ofar. Þau eru merkt inn á túnakort frá 1917. Sléttuð hæð í túni.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-173:012** *Lögrétta* tóft 65°55.214N 18°32.494V



"Nyrzt í túninu neðan við Hóladagsláttu er Hánefsstaðasláttur og suður af honum Lögrétta. Þar sjást veggjaleifar .." segir í örnefnalýsingu. Þorsteinn Þorsteinsson segir svo frá Lögrétta í ritgerð frá um 1865: "... Lögrétta heitir þar enn hólmi eður tunga litil á milli tveggja lækjargilja í túninu á Völlum rétt út og upp frá kirkjunni og stór grasgróin tóft í miðri tungunni ...". Kristian Kaalund ritar einnig um staðinn 1877: "Á Völlum er lágur hóll með stórra ferhyrndri tóft, sem nefnist lögrétta." - Friðlýst 1930 sem "Svo-nefnd "Lögrjetta", stór ferhyrnd tóft á lágum bala." Tóftin er enn greinileg á fagurgrænum hól um 100 m ofan við nýrri kirkjugarð (003), 50 m neðan við túngarð og 20-30 m sunnan við heimreið að Uppsölum. Neðan við er skurður sem afmarkar túnblett ofan við kirkjugarð. Ofan við er þúfnabakki og enn ofar sléttuð tún.

Ekkert friðlýsingarskilti er í tóftinni. Hún er ferhyrnd og einföld, 20 X 8-9 m að stærð. Hún lætur lítið yfir sér en er þó fornleg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 258; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 18; KK III, 76; Fornleifaskrá, 47.

**EY-173:013** frásögn af brunni

65°55.201N 18°32.576V

Hlaðinn brunnur var fast ofan við gamla kirkjugarðinn (002) og 10-15 m norðaustan við bæ (001). Grasi vaxið svæði ofan garðs. Nú hefur verið fyllt upp í brunninn og ummerki hans eru horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-173:014** *Tröð* heimild um traðir

65°55.210N 18°32.258V

"Frá [Garðakotslaut] og suður að Tröð (heimreiðinni) heitir nú Stykki, síðan sléttað var þar yfir." segir í örnefnalýsingu. Heimreiðin á Völlum lá frá Þjóðvegi á svipuðum stað og hún gerir nú en svo áfram til austurs milli bæjar og kirkju og svo áfram upp túnmörk. Þaðan lá gatan svo í sveig til norðausturs í átt að Uppsölum. Merki heimreiðarinnar eru vel greinileg ofan við tún í átt til Uppsala.

Tröðin er upphlaðin (hæð mest um 1 m) og 3-4 m á breidd. Hún er alveg gróin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 258

**EY-173:015** *Svarðarhóll* náma mógrafir

65°55.019N 18°31.907V

"Upp frá Vallamó er Svarðarhóll." segir í örnefnalýsingu. Svarðargrafir eru um 500 m ofan við bæ (001). Nýrækt er á þessum slóðum en merki svarðargrafanna sjást beggja vegna (norðan og sunnan) við. Umhverfis eru víðast móar. Nýrækt um svæðið mitt.

Svarðargrafirnar eru 30-40 X 20 m. Dýpt þeirra er 0,4 m. Þær eru grónar.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 258

**EY-173:016** *Sveitarlangur* garðlag

65°54.908N 18°31.956V

"Upp af Vallatungu er Merkisholt við merkin og liggur hinn forni garður, Sveitarlangur, neðan við holtið." segir í örnefnalýsingu. Sveitarlangur sést á 200-300 m kafla syðst í landi Valla. Hann er 710-720 m ofan við bæ (001). Garðurinn liggur að mestu yfir mýrarsvæði.

Garðurinn er mikið hlaupinn í þúfur og siginn. Hann er allt að því 4 m á breidd þar sem hann er breiðastur og 200-300 m langur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 258

**EY-173:017** *Vallastekkur* stekkjartóft


65°54.953N 18°31.818V

"Vallaskriða er norðan Skriðulækjar, Vallastekkur utar og Vallabratti upp af honum." segir í örnefnalýsingu. Vallarstekkur er um 50 m suðvestan við 018. Hann er á hæð fast neðan við Vallabratta og um 730 m suðaustan við bæ og um 200 norðan við merki. Ofar tekur við gróinn melur en neðar er deiglendi.

Stekkurinn er fornlegur. Hann er algróinn og samanhruninn. Stekkurinn er 13 X 14 m að stærð og tvískiptur. Ekki er greinilegt op á milli hólfanna en op er á suðausturhorni stærra hólfans.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 258



EY-173:018 stekkjartóft

65°54.965N 18°31.741V



50 m ofan við Vallastekki er allstæðilegur stekkur í dæld milli tveggja mela. Hann er um 770 m suðaustan við bæ (001). Stekkurinn er í grasi gróinni laut en norðan og sunnan við eru grónir (lyngivaxnir) melar.

Stekkurinn er í aflíðandi halla. Tóftin er sigin en þó greinileg og alveg gróin. Hún er 10,5 X 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í 4-5 hólf og er op á suðurhlíð hennar.

**Hættumat:** engin hætta

EY-173:019 *Elínarstekkur* frásögn af stekki

65°54.997N 18°32.813V


"Suður og upp frá Vallatúni er sund eitt sem kallað er Elínarsund. Hafði prestekki nokkur á Völlum haft sund þetta til slagna um eitt skeið. Elínarstekkur heitir norðan við sundið." segir í örnefnafrásögu Halls Jóhannessonar. Elínarsund er enn greinilegt milli tveggja túna. Sunnan við sundið er hæð sem nú er komin í tún en þar var Elínarstekkur áður, um 450 m sunnan við bæ (001). Þar sem stekkurinn var er nú hæð í sléttuðu túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 258

EY-173:020 tóft

65°55.021N 18°31.927V




30-40 m neðan við svarðargrafirnar (015) og 10 m sunnan við nýrækt eru leifar af tóft sem gæti verið mókofi. Tóftin er 600 m norðaustan við bæ (001). Tóftin er í þýfðum grasi vöxnum bala.

Tóftin er einföld og 6 X 4 m að stærð. Veggir hennar eru burðarlitlir og hæð einungis um 0,3 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

EY-173:021 tóft

65°55.022N 18°31.978V



Stór tóft er um 30 m sunnan við efsta tún Valla (nýrækt) og 30-40 m suðvestan við 020. Tóftin er um 560 m ofan (og örlítið sunnan) við bæinn (001). Lækjarspræna rennur 3 m sunnan við tóftina. Umhverfis eru deiglendir móar.

Tóftin er vel merkjanleg en þó er hún mjög sigin og hlaupin í þúfur. Hún er 21 X 10 m að stærð og er tvískipt. Op er á vesturenda.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

EY-173:022 garðlag túngarður

65°55.173N 18°32.454V

Túngarður var umhverfis tún á Völlum og sést hann enn um 100 m ofan við bæinn á um 200 m kafla. Garðurinn liggur í jaðri túns. Ofar er víðast þýft graslendi.

Garðurinn er alveg gróinn og mest rúmlega 1 m á hæð. Hann er um 2 m á breidd. Á garðinum er hálfhrunin virgirðing. Hann liggur úr suðri ofan við bæ í um 100 m. Þar er um 10 m rof í garðinn þar sem lækur rennur niður hlíðina. Túngarðurinn heldur svo áfram til norðurs í um 25 m að heimreiðinni að Uppsölum. Þar er garðurinn aftur rofinn á um 10 m kafla en heldur síðan áfram um 45 m til norðurs áður en hann fjarar út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

EY-173:023 frásögn af tóft

65°55.268N 18°32.417V

Gróskumikil hæð er tæpum 200 m norðaustan við bæ (001), 60-70 m norðan við heimreið að Uppsölum og

20 m neðan við túngarð (022). Á hæðinni var eitt sinn tóftarbrot. Ekki eru tóftarleifar greinilegar á hólnum nú en hann er stórbýfður mjög. Ofan við er sléttuð tún. Hóllinn er um 80 X 25 m að stærð og hefur áður verið innan túns á Völlum.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar


**EY-173:024** réttartóft

Um 20 m sunnan við litla, manngerða tjörn, ofan við fjósið á Völlum er þýfður grasblettur. Á honum er tóft, 80-100 m norðaustan við Efstuhús og 10-15 m suðaustan við 025. Á þessu svæði er mjög þýft og vel hugsanlegt að tóftin hafi verið meiri en sé nú að mestu hlaupin í þúfur.

Tóftin er 5,5 X 4,5 m að stærð og einföld. Hún er 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

65°55.108N 18°32.518V




**EY-173:025** gerði óþekkt

65°55.117N 18°32.537V

Fast sunnan við tjörnina og um 100 m suðaustan við fjósið sem nú stendur er ferningslaga gerði (e.t.v. kálgarður). Gerðið er 15 m norðvestan við 024 og fast ofan við skurð sem afmarkar tún neðan við. Víðast umhverfis eru sléttuð tún.

Gerðið er 11,5 X 12,5 m að stærð. Veggir gerðisins eru aðeins 0,5 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



**EY-173:026** frásögn af útihúsi

Um 60 m norðnorðvestan við 010 er stór steinn í sléttuðu túninu. Ofan við hann var tóftarbrot en þar eru nú sléttuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-173:027** heimild um fjós

65°55.141N 18°32.570V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 10-15 m norðaustan við bæ (001). Þar stóð áður fjós á svipuðum stað og steinsteypt fjós nú.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-173:028** þúst heystæði

Vellir eiga landræmu vestan Svarfaðardalsár, til móts við Brekku. Þarna liggja merki Valla og Grundar saman þar sem nú er þurr árfarvegur og Svarfaðardalsá hefur áður legið. Engjasvæði, heystæðið er nálægt því að vera í miðjum landskikanum. Heystæðið var ekki skoðað 2001.



## EY-174 Uppsálar



**1917:** 3.5 ha. 4/5 slétt. Garðar 225 m<sup>2</sup>.

**1990:** "Túnið er í halla umhverfis bæinn og meðfram fjallinu." BE 1990, 230

**20**      **hdr.**      **1712.**

Vallakirkjueign.  
**1318** tilheyrir bærinn Vallakirkju DI II., 455. Samanber 1394. DI III, 512, 1429 Vístaziugerð Jóns Hólabiskups Vilhjálmssonar, DI IV, 372, 1525 Sigurðarregistri DI IX, 334.

**18.05.1431** er Stefáni Hallssyni dæmdur til að greiða sekt fyrir hald hans á prests og kirkjutíundum af Uppsölum (til Möðruvallaklausturs) tvær tíundir, í næstum þrjú ár.

**1569** kemur fram í reikningi um preststekjur á Völlum að landskuld er "c. kugillde iiiij." DI XV, 345 Byggð fyrir löngu úr Vallalandi. Uppsalakot hjáleiga 1894-1940 og Miðbær þurrabúðarkot 1921-65. Órnefnaskrá vantar

EY-174:001 Uppsalir bæjarhóll bústaður  
Gamli

65°55.218N 18°32.120V



*Uppsalabær – horft til norðvesturs*

Uppsalabærinn stendur enn uppi að hluta. Baðstofan er nú ein eftir og í henni er enn búið. Baðstofan er fast (um 3 m) austan við steinsteypt íbúðarhús. Gamli bærinn náði lengra til vesturs en baðstofan eða þangað sem nú stendur nýtt íbúðarhús.

Hluti gamla bæjarins (001) stendur enn en stærst hluti bæjarins er þó horfinn undir nýrra íbúðarhúss. Hlað er umhverfis. Bærinn hefur staðið á náttúrulegri hæð og er ekki hægt að dæma um hversu mikið af uppsöfnuðum mannvistarleifum gæti verið þar undir sverði. Nýrra íbúðarhúsið er lítið niðurgrafið. Baðstofan var byggð um aldamótin 1900. Að utan eru hlaðnir torfveggir en baðstofan er klædd að innan. Torfveggirnir eru mest um 1,4 m á hæð. Á byggingunni er bárujárnsþak. Húsið er um 9 X 7 m að stærð og 50 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Í því hefur verið búið alla tíð og var fyrst tekin inn rafmagnskynding fyrir nokkrum árum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-174:002 heimild um fjárhús

65°55.222N 18°32.096V

Um 30 m norðaustan við gamla bæinn (001) voru áður fjárhús sem merkt eru inn á túnakort frá 1917.

Þar sem húsin voru er nú slétt grasflöt ofan við hlaðið sem er við íbúðarhúsið á Uppsölum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-174:003 heimild um hesthús

65°55.294N 18°32.113V

Um 90 m norðvestan við bæ (001) var hesthús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Húsið var á hæð norðan við sundið þar sem áður rann bæjarlækur. Þar sem húsið stóð er nú sléttá tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

EY-174:004 Uppsalakot heimild um býli

65°55.323N 18°31.999V

"Uppsalakot hét þurrabúðakot byggt í landi Uppsala [1894] og hélst þar byggð til 1940. ... Stóð það skammt norðan við Uppsalabæinn ..." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Uppsalakot var um 250 m utan og örlítið ofan við Uppsalabæ (001). Kotið var um 50 m neðan við girðingu sem girðir af tún. Bærinn stóð á hæð sem enn

er greinileg en þar eru nú sléttuð tún.

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túnið 0.64 ha og garðar 142 m<sup>2</sup> en engin útihús innantúns. Samfastur bænum var kálgarður og annar var nokkru norðar. Garðlag var umhverfis túnin en öll ummerki um býlið, gerði og garða eru horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; BE 1990, 230, 255

**EY-174:005** *Miðbær* frásögn af býli

65°55.296N 18°32.108V

Býlið Miðkot var byggt upp úr 1930 um 80 m norðan við Uppsali og fast framan við kofa sem nú stendur á sömu hæð. Bærinn var byggður úr torfi og grjóti en búskapur þar stóð stutt. Sléttað tún, hæð milli tveggja sunda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-174:006** hleðsla sundlaug

65°55.292N 18°32.150V

Í sundi sem liggur austur-vestur 40 m norðan við fjárhúsin sem nú standa er garðhleðsla sem stíflar sundið og myndar dokk. Þangað var veitt vatni og pollurinn notaður sem sundpollur. Nú er alveg þurr í sundinu en það er grasi gróið.

Hleðslan er um 1,5 m á hæð en 2-3 m á breidd. Hún er gróin en þó má sjá grjóthleðslur hér og þar í henni. Hún er um 15 m á lengd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-174:007** frásögn af hrútakofa

65°55.224N 18°32.083V

Um 10 m ofan við fjárhúsin sem enn standa var áður hrútakofi. Þar sem kofinn stóð er nú sléttað tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-174:008** náma mógrafir

65°55.346N 18°31.879V

Svarðargrafir voru 70-80 m ofan við Uppsalakot 004, fast ofan við skurð og girðingu sem nú afmarka tún. Ofar eru þýfðir en grösugir hagar, neðar sléttuð tún. Enn sést vel móta fyrir gröfum á 16 X 10 m svæði ofan við skurð. Líklegast er að þær hafi áður náð nokkru lengra til suðurs þó að ummerki þar séu heldur óljós. Grafirnar eru grónar en þó um 1 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**EY-174:009** frásögn af stekk

65°55.006N 18°31.366V

Um 700 m ofan við bæ (001) voru áður leifar stekkjara í fjallsrótum. Afliðandi, þýft svæði neðan við melhóla en spottakorn ofan við efstu tún. Tóftirnar eru ekki lengur merkjanlegar en líklegast verður að telja að þær hafi hlaupið í þúfur því á þessum stað er kargabýfi.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-174:010** frásögn af túngarði


65°55.213N 18°32.075V

Túngarður var hlaðinn umhverfis tún á Uppsölum. Garðurinn hefur nú alveg verið sléttaður og eru merki hans hvergi greinileg. Garðurinn hefur legið þar sem nú eru tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-174:011** tóftir

65°55.368N 18°31.861V



Nokkrar tóftir eru um 15 m norðan við svarðargrafir (008) og 20 m ofan við skurð/girðingu/tún. Tóftirnar eru einnig fast norðan við aðra girðingu sem liggur austur-vestur. Tóftirnar eru á grasi gróinni, þýfðri hæð, ofan við tún. Samtals eru á þessum stað 4 tóftir eða þústir. Þær eru allar ferhyrndar og einfaldar og er má giska á að þær hafi verið mókofar.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

## EY-175 Hánefsstaðir

20 hdr. 1847. 1712  
undirréttadist jarðardýrleikinn  
ekki greinilega.


Vallakirkjueign. 1318 tilheyrir  
þeir Vallakirkju DI II, 455,  
einnig 1394 DI III, 512, 1429  
(getið í Vístaziugerð Jóns  
Hólabiskups Vilhjálmssonar),  
DI IV, 372, sömuleiðis 1525 í  
Sigurðarregistri, DI IX, 334.

1569 kemur fram í reikningi  
um preststekjur á Völlum að  
landskuld er "iiij. algildi. eckert  
kugillde med oc eingin  
landskyld fæst af þeim ef sa  
prestur leggur eigi til kugilldin  
er stadinn helldur." DI XV,  
345.

Uppsalakot hjáleiga 1894-  
1940; Miðbær þurrabúðarkot  
1921-65.

1917: 3.7 ha. Garðar 420 m<sup>2</sup>.

1990: "... eru túnin í aflíðandi  
halla ofan við veginn suður af  
bænum." BE 1990, 232



**EY-175:001** *Hánefsstaðir* bæjarhóll bústaður 65°55.473N 18°32.545V

"Stóri hóllinn í miðju túninu heitir Bæjarhóll, enda stóð bærinn þar fyrrum, en hóllinn, sem íbúðarhúsið stendur nú á er gamli Hesthúshóllinn [010]." segir í örnefnalýsingu. Um 50 m sunnan við íbúðarhúsið er stór og mikill hóll. Sunnarlega á honum er kartöflugeymsla og þar mun bærinn hafa staðið, eilítið sunnar. Í túni um 80 m austan og ofan við syðra hlið á skógreit sem er vestan þjóðvegjar. Austan og sunnan við hóllinn er grafinn skurður.

Á þessum stað er kartöflugeymsla sem er hrunin að stórum hluta og sunnan við hana er dæld þar sem rusli hefur verið hent í. Svæðið er 14 X 20 m að stærð.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Svarf, 256

**EY-175:002** *Smiðjuhóll* heimild um smiðju 65°55.449N 18°32.555V

"Ofan [Hánefsstaðamýrar] var Smiðjulækur og rann í Merkjalækinn sunnan við Bæjarhól. Smiðjan stóð þar fyrrum á litlum hól, Smiðjuhóli, sunnan við Smiðjulæk." segir í örnefnalýsingu. Um 30 m sunnan við 001 er lítil hóll sunnan við skurð og mun það vera Smiðjuhóll. Í túni og er skurður fast norðan við sem liggur suður-vestur. Norðan skurðar er lítil kvos neðan við (sunnan við) 001 sem hallar í suður. Sunnan túns er mói að mörkum Valla.

Erfitt er að segja hvar Merkjalækurinn rann en líklega hefur hann verið á svipuðum stað og skurðurinn er nú, sunnan við 001 en norðan við 002. Á hólnum er lítil dæld, 2 X 2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 256

**EY-175:003** heimild um útihús 65°55.459N 18°32.455V  
40 m austan við 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Staðurinn er á litlum hól, beint á móti þar sem nú er hálfhrunin geymslukofi. Í túni og stendur rafmagnslínustaur á hólnum um 5 m austar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-175:004** heimild um útihús 65°55.476N 18°32.447V  
Um 40 m norðaustan við 001 voru samkvæmt túnakorti frá 1917 útihús á litlum hól. Hússtæðið er austan við skurð er liggur norður-suður. Í túni austan bæjarhóls. Skurðir eru norðan, sunnan og vestan við. Ofan við túnið er grasi gróid þýft svæði að stórum melhól, velgrónum (grasi, mosi, lyng).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-175:005** *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°55.544N 18°32.494V  
"... hóllinn, sem íbúðarhúsið stendur nú á er gamli Hesthúshóllinn." segir í örnefnalýsingu. Steypt íbúðarhús stendur á hól norðan við bæjarhólinn (001) en þar var hesthúsið áður. Austan þjóðveggar eru ræktuð tún. Heimreið er norðan við hólinn og þar er steypt fjós og hlaða. Sunnan við íbúðarhús eru 5-6 m há tré.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 256


**EY-175:006** *Torfmelur* heimild um ristu 65°55.623N 18°32.897V  
"Sunnan við [Arnarfellsmýri] er stór og ber melur, ýmist kallaður Torfmelur eða Stekkjarmelur og eru bæði nöfnin réttnefni. Á þessum mel var þurrkað torf, sem rist var í múrunum fyrir utan og sunnan." segir í örnefnalýsingu. Torfmelur er neðst í skógreit neðan við Hánefsstaði. Ef farið er inn um syðra hlið á skógreitnum er fylgt stóð til norðurs þar til sést niður að hól þessum.

Alllangur melur neðan við skóginn, tré eru þó bæði norðan og sunnan við hann. Á hólnum vex lyng og mosi ásamt lúpínu og um tré á stangli. Svarfaðardalsá rennur um 150 m neðan við hólinn, beygði að honum að sunnan og frá að norðan. Mýri er við.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 256

**EY-175:007** *Stekkur* stekkjartóft 65°55.561N 18°32.894V



"Sunnan við [Arnarfellsmýri] er stór og ber melur, ýmist kallaður Torfmelur eða Stekkjarmelur og eru bæði nöfnin réttnefni. ... Þar er lítill hvammur og í honum mjög gamalt tóftarbrot, og heitir þar Stekkjarhvammur og tóftirnar Stekkur." segir í örnefnalýsingu. Fyrir neðan Hánefsstaði, vestan þjóðveggar er skógreitur. Neðst í honum miðjum er Stekkjarmelur. Sunnan í honum er tóft.

Stekkjjarhvammur er umlukinn greni- og lerkitrjám á alla vegu. Hvammurinn sjálfur er grasi gróinn. Norðan við tóftina vex lúpína í hallanum að tóftinni.

Tóftin er vel gróin og sigin og virðist standa á dálitilli hæð. Illt er að greina hvernig hún hefur skipst í hólf. Dyr eru í norður og þar er líka veggur sem nær aðeins upp í brekkuna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 256

**EY-175:008** *Ferjubakki* örnefni ferja 65°55.514N 18°32.957V  
"Liggur [Svarfaðardalsáin] nærri börðunum þar sem heitir Ferjubakki, ..." segir í örnefnalýsingu. Við

Svarfaðardalsá sunnarlega, í trjáreitnum er mjór grasbakki milli trjáreits og ár. Það er Ferjubakki. Þar eru nokkur tré við árbakkann.

Neðan við skógreit. Við grasigróinn bakka. Sunnan við 4 m há tré við árbakkann. Þar byrjar girðing sem nær sunnan fyrir skógreit og að þjóðvegi. Norðan við er skurður frá á og liggur norður með neðan við skógreitinn. Sunnan við er steipt göngubrú yfir skurðinn.

**Heimildir:** Ö-Svarf, 256

**EY-175:009** *Hánefsstaðavað* heimild um vað

65°55.535N 18°32.969V

"Liggur [Svarfaðardalsáin] nærri börðunum þar sem heitir Ferjubakki, og um þetta bil er brot í ánni, sem heitir Hánefsstaðavað." segir í örnefnalýsingu. Neðan við skógreitinn, sunnanlega, er grasi gróinn bakki að á. Þar við eru tré alveg við ána.

Grasigróinn bakki neðan skógreitar þar sem tré vaxa við ána á um 10 m löngum kafla. Norðan við þau tré sést í grjóteyri (lítið) upp úr miðri á. Um 20 m norðan við er steipt göngubrú yfir skurð sem liggur í norður, neðan við skóginn. Skógurinn er þéttur þarna ofan við. Áin hefur breytt sér töluvert og færst austar.

**Heimildir:** Ö-Svarf, 256

**EY-175:010** heimild um útihús

65°55.490N 18°32.532V

Um 10 m norðan við 001, þar sem hruninn kartöflukofi er, er dæld á hólnum sem að líkindum er eftir byggingu. Á ræktuðum hól í túni, sunnan við núverandi íbúðarhús. Skurður er 20-30 m ofan við hólinn sem liggur norður-suður og skurður sem kemur niður á hann beint ofan við þennan stað. Vel gróin dæld sem er um 30-40 sm djúp. Stærð 4 X 5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-175:011** *Grafarmýri* náma mógrafir

65°55.404N 18°31.807V

"Neðst í [Hánefsstaðaengi] er Grafarmýri. Þar var mjög góð svarðartekja fyrir á árum." segir í örnefnalýsingu. Ofan við Hánefsstaði er allstór melhóll, lyngi og grasi vaxinn. Ofan við hann norðarlega (mitt á milli hólins og neðsta skurðar) eru mógrafir. Á grasi vöxnu mýrarsvæði sem hefur verið þurrkað upp, mitt á milli tveggja skurða. Grasi vaxinn hóll sunnan við að merkjum Uppsala.

Á þessum stað sjást greinilega tvær grafir sem liggja austur-vestur. Dýpt er um 1,60 m. Grafirnar eru að mestu þurrar en eru hættulegar dýrum í leysingum. Á þessu svæði sem áður var mýri var aðal svarðartekja Hánefsstaða og því hafa eflaust verið grafir á stærra svæði en nú sést.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 256

**EY-175:012** *Beitarhúsin* beitarhústóft

65°55.336N 18°31.246V

"Efst og utarlega í [Hánefsstaðaengi] eru Beitarhúsin, fornar húsatóftir." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóft er um 400 m beint upp af 001 og 20 m suðaustur af 014. Í þýfðum grasmóa. Lyngivaxinn melur er ofan við og lítill hvammur milli melrana. Að norðan og vestan eru mýrar.

Tóftin er vel gróin og farin að hlaupa í þúfur á stöku stað. Þó sjást 4 hól og líklega lítill rétt austan við. Dyr hafa verið í vestur. Garðlag hefur að líkindum verið í um 14 m frá tóftinni. Tóftin er orðin mjög þýfð.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 256

**EY-175:013** þúst

65°55.499N 18°32.535V

Um 6 m norðvestur frá 010 og um 20 m norðan við 001 er dæld á bæjarhólnum. Hún er um 40 m frá núverandi íbúðarhúsi. Á ræktuðum hól í túni sunnan við núverandi íbúðarhús. Austan þjóðvegjar. Tún að landamerkjum og að stórum hól austan við. Skurðurinn er ofan við hólinn og liggur norður-suður.



Norðaustarlega í hólnum er hringlaga, vel gróin dæld. 7 X 8 m að stærð, dýpt 40 sm. "Veggjabreidd" er um 2 m.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-175:014** náma mógrafir

65°55.368N 18°31.294V

Mógröf er 250-300 m ofan við Hánefsstaði. Ef farið er austur frá núverandi íbúðarhúsi og fylgt merkjum á móts við Sökku að norðan, ofan efsta skurðar og fjallgirðingar. Þar er mýri og er gröf þessi ofan hennar. Ofan við mýri og neðan við nyrsta hluta melanna sem er við fjallsrætur. Grasi gróið umhverfis en ofan við er einnig mýri (norðaustan við). Lækur rennur sunnan við í mýrina.

Gröfin er nærri ferhyrnd en þó misdjúp og virðist sem hún hafi sífellt verið stækkuð, þó sjást ekki stígar á milli eða hólf. Er grasi gróin en þó blaut. Lengd 17,5 en breidd 11 m. Dýpt 1 m.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-175:015** náma mógrafir

65°55.325N 18°31.121V

300-350 m ofan við Hánefsstaði, efst í landinu er mýri og efst og syðst í henni er svarðargröf. Mosa- og grasivaxinn melhóll. Sunnan og austan við eru lyng- og grasimóar. 6 m sunnar rennur lækur neðan við hól og rennur hann neðanjarðar að stórum hluta. Norðan við sjást skurðir á merkjum við Sökku, 800-1000 m norðar. Blaut svarðargröf, mosa- og grasi vaxin. Í henni vex fífa. Er um 1,5 m þar sem dýpst er, 26 X 20 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

## EY-176 Sakka

60 hdr. 1712. Bændaeign.

8. apríl 1414 selur Finnbogi Jónsson Einari Bergþórssyni Sökku og Skáldalæk með kvöðum og hlunnindum en Einar selur á móti Klifshaga, Hafrafellstungu og Þverá í Öxarfirði með gögnum og gæðum.

“sagði finnboghi til bænhwss skylldar aa jaurdvne ok sitt lambselde aa huori jaurdvne er valla kirkia aa ok til halfsmanatag teig j skáldalækiaur jaurd er hals ættl valla teighar ok vpsateighar slikir sem profazt j sauckv jaurd.” DI III, 753-754

1461 á Vallakirkja “tvo teiga firir nedan socku aa bokunvm er heita naustateikr oc breidateikr. oc einn holma j anne er labhage heiter. oc annar er heiter hrutholmr þar vpp fraa. þride eyio(l) holmur. DI V, 260.

1461 var bænhúsið í Sökku lítt standandi samkvæmt máldaga Ólafs Rögnvaldssonar biskups DI V, 356.

1525 tilheyrir Sakka Vallakirkju (í Sigurðarregistri) DI IX, 334.

Á bæinn er minnst í Prestasögu Guðmundar góða (1195) þar segir. “Nú er þat at segja fra Guðmundi presti Arasyni, at þá er hann hafði verið á Völlum nökkura vetr ok Arnþrúðr húsfreyja var komin til Sökku í Svarfaðardal ok synir hennar Brandr og Klængr...” Sturlungasaga I (Prestasaga Guðmundar Góða) bls. 140.

1197 er Arnþrúður Fornadóttir enn sögð búa á Sökku með sonum sínum . . .” Sturlungasaga I (Prestasaga Guðmundar Góða) bls. 187.

Í Þórðar sögu Kakala er Guðmundur frá Sökku talinn upp á meðal þeirra manna sem létust í Flóabardaga og mest voru virði. Prestasaga Guðmundar góða (Þórðar saga Kakala), II, 64.

Bænhús var í Sökku. Ölduhryggur og Saurbæjarkot voru eyðihjáleigur 1712 og var Ölduhryggur í byggð til 1966.

1917: 6.0 ha. Garðar 535 m<sup>2</sup>.

1990: "Túnið er allbratt fram undan bænum og norður í átt til Skáldalækjar. Sunnan við bæinn er Ölduhryggjartúnið meira aflíðandi og er það nú hluti af Sökkulandi. Neðan þjóðvegarins taka við miklar engjar meðfram ánni sem sveigir til vesturs á þeim slóðum." BE 1990, 234


EY-176:001 Sakka bæjarhóll bústaður

65°55.723N 18°32.144V

"Bærinn stendur á bæjarhól." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn sem sýndur er á túnakorti frá 1917 var á svipuðum stað og steinsteypt íbúðarhús með kjallara stendur nú. Gamli bærinn náði þó lengra til austurs. Íbúðarhúsið á Sökku stendur á náttúrulegum hól og því er erfitt að meta hversu miklar mannvistarleifar gætu enn verið undir yfirborði. Engar leifar sjást um gamla bæinn en hann stóð á hól sem enn virðist nokkuð óraskaður.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Svarf, 254





**EY-176:002** heimild um fjós 65°55.573N 18°32.175V

Sambyggt fjós og hlaða sem merkt eru inn á túnakort frá 1917 voru um 30 m vestan við gamla bæinn (001).

Húsið hefur verið rétt sunnan við hlöðuna sem nú stendur. Þar sem húsið var er nú grasflötur.

Rutt var úr þessu húsi 1942.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-176:003** *Lækjarhús* heimild um útihús 65°55.849N 18°32.135V

"Þar sem heitir á Gerðum eru eftirtalin húsbrot: ... Lækjarhús ..." segir í örnefnalýsingu. Lækjarhús var á Gerðum og er húsið merkt inn á túnakort frá 1917. Það var um 200 m NNV við bæinn (001) þar sem nú er sumarbústaður. Þar sem Lækjarhús stóðu er nú sumarbústaður í afgirtu hólfi sem umkringtt er trjám.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 254

**EY-176:004** *Lambhús* heimild um lambhús 65°55.873N 18°32.136V

"Þar sem heitir á Gerðum eru eftirtalin húsbrot: ... Lambhús ..." segir í örnefnalýsingu. Um 230 m norðan við gamla bæinn (001) og NNV við 003 var Lambhús en ysti hluti þess var jafnan nefndur Ysthús. Lambhús stóð þar sem nú er hæð í sléttuðu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 254

**EY-176:005** *Nýhús* heimild um hesthús 65°55.895N 18°32.171V

"Þar sem heitir á Gerðum eru eftirtalin húsbrot: hesthús ..." segir í örnefnalýsingu. Nýhús, sem merkt er inn á túnakort frá 1917, var um 250 m NNV við gamla bæinn (001), 40-50 m vestan við 004. Þar sem hesthúsið var er nú sléttuð hæð í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 254

**EY-176:006** mannabein bænhús 65°55.732N 18°32.169V

Bænhús var á Sökku og er bænhússkyldar getið þar 1414 og var húsið lítt standandi samkvæmt bænhúsaskrá frá 1487. Hægt er að áætla staðsetningu bænhússins á Sökku þar sem komið hafa upp beinagrindur við framkvæmdir á bænum. Beinagrindurnar komu upp á svæði um 30 m norðnorðvestan við íbúðarhúsið á Sökku, í suðurhluta hlöðunnar sem nú stendur. Bænhúsið hefur verið á svipuðum slóðum. Beinagrindurnar fundust þar sem nú er hlaða. Á svæðinu komu upp 18 beinagrindur á árunum 1942-1945.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** DI III, 753; DI V, 356

**EY-176:007** garðlag landamerki 65°55.553N 18°30.224V

"Landamerki milli Sökku og Skáldalækjar eru ... eftir garðbroti upp Hamarinn á yzta stall í fjallsöxlinni ..." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn sést ofan við gamla veginn í hlíðinni og til suðausturs. Hann er í framhaldi merkjaskurðar sem liggur frá loðdýrabúi og til suðausturs.

Garðurinn liggur um móa. Hann er 2-3 m á breidd og 0,7 m á hæð. Lengd 500-700 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:008** garðlag landamerki 65°55.962N 18°32.938V

"Milli Sökku og Öldulækjar eru merkin ... Á engjunum eftir flóðgarði frá Sökkuhólmavaði suður í ós Deildarlækjar ...." segir í örnefnalýsingu. 30-40 m austan (ofan) við Svarfáðardalsá og 600 m norðvestan við gamla bæinn (001) er garðlag sem liggur NNV-SSA í um 150 m. Garðlagið liggur um engjarnar.

Garðlagið er óverulegt en gróið og um 150 m á lengd. "Milli Sökku og Ölduhryggjar eru merkin ... Á engjunum eftir flóðgarði frá Sökkuhólmavaði suður í ós Deildarlækjar, þaðan austur eftir garðbroti yfir sunnanvert Reiðholt og þaðan í lækjarsprænu ..." Garðlagið á Reiðholti var lengi greinanlegt neðan þjóðveggar rétt norðan við lækjarsprænu sem þar er. Það var hins vegar einnig þar sem þjóðvegurinn liggur nú og þar sem eru tún norðan við heimreið og ofan við þjóðveg. Það var framhald flóðgarðsins sem enn

sést.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:009** *Sökkuhólmavað* heimild um vað 65°55.981N 18°32.989V

"Milli Sökku og Öldulækjar eru merkin ... Á engjunum eftir flóðgarði frá Sökkuhólmavaði suður í ós Deildarlækjar ...." segir í örnefnalýsingu. Vað var á Svarfaðardalsá á svipuðum stað og nú er norðurendi hólma á ánni, um 900 m frá gamla bænum.

Ekki er áin hentug til yfirferðar á þessum stað nú og engin merki um vaðið eru merkjanleg enda hefur áin breytt sér mikið í tímans rás.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:010** *Ingólfshöfði* þjóðsaga legstaður 65°56.449N 18°32.845V

"Neðan við þjóðveginn eru blautar engjar og flatar nema hvað hóll einn mikill stendur einn og sér upp úr flatneskjunni niður við ána. Heitir hann Ingólfshöfði og segir sagan að þar sé grafinn Ingólfur Bjarmalandsfari ásamt skipi sínu. Hafa menn reynt að grafa í hauginn en þá hefur þeim verst Vallakirkja standa í björtu báli. Landamerki Sökku og Skáldalækjar liggja um þveran hólninn." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Ingólfshöfði er um 20 m austan við Svarfaðardalsá á merkjum Sökku og Skáldalækjar. Í austanverðum hólnum, norðarlega eru tvær dokkir þar sem virðist hafa verið grafið í. Umhverfis eru rök engi.

1753: "Í Svarfaðardal, langt fram í sveitinni, stendur haugur nokkur, á sléttlendi, ærið stór, sem heitir Skiphóll. Í hann hefir grafið verið, og fundist skírnarfonturinn, sem nú er á Völlum og hringur stór af gamalli messing, sem þar er í kirkjuhurðinni. Þetta lá í stafninum; en inn í skipið gátu þeir ekki komist fyrir forynjulátum." Jón Ólafsson: Um fornanna hauga, sbr Súlu 7, 5.

1772: "Um Ingólfshaug í Svarfaðardal er sagt hið sama [þ.e. hið sama og um Helgahól í Fljótum, að í honum sé grafinn maður]. Hann er ávallt holt á austurbakka Svarfaðardalsár og er almennt kallaður Ingólfshöfði. Holtið er náttúrumyndun, 5 faðma hátt, 36 faðma langt og 16 faðma breitt, nógu stórt til að vel mætti heygja þar einn mann eða fleiri. Sagt er að skírnarfatíð í Vallakirkju hafi verið grafið upp úr þessum hól, enda má sjá þar merki eftir gröft. Við litum á þetta fat. Það er úr messingu og barmurinn allt um kring undirlagður áletrun sem er endurtekin fjórum sinnum. Enginn gat lesið þetta letur, og þess vegna hafa menn haldið að þetta væru einhvers konar tákni eða rúnir úr heiðni. Stafirnir líkjast mjög því letri sem enn er notað á Íslandi og kallast höfðaletur ... Sumir þessir stafir eru þekktanlegir; að minnsta kosti höfum við lesið: Nw veiter enher." Reise, 734-35 - þýðing KE í Súlu 7, 7.

1777: "Nokkru fyrir utan miðja sveit í Svarfaðardal stendur eitt sér á flatlendinu holt eða grasivaxinn hóll með sandi og grjóti innan í. Fornkappinn Ingólfur, sem Svardæla saga segir frá, á að vera heygður þarna ásamt með skipi er hann átti, og þess vegna á hólninn að hafa hlotið nafnið Ingólfshöfði og því nafni hefur hann haldið fram á þennan dag. Skammt austan við þennan hól er annar miklu minni, nefndur Haushóll .... Í tilefni af orðrómi þessum kom mér til hugar að kippa með mér mönnum til að grafa í Ingólfshöfða, en ég fékk aðeins sex smástráka, af því að menn í þessari og næstu sóknum voru við sjóróðra. Ég varð því að hætta við áform mitt. Ekki er heldur víst (þó að Haushóll gæti til þess bent) að neinar fornleifar sé að finna í Ingólfshöfða, því að hann lítur sannast sagna allt of náttúrulega út til að geta verið mannaverk. Samt sem áður heldur fólkið í sveitinni að í honum sé fölginn fjársjóður, og þess vegna hefur það tvisvar í manna minni tekið sig saman um að grafa í hann; greinileg merki þess er gryfja sunnan í honum, 20 faðmar í þvermál. Síðasti hvatamaður þess arna er sagt að hafi verið ríkur bóndi, sem kallaður var Jón smiður [líkl. Oddsson, á Melum, uppi 1610-80], en hann á að hafa hætt við gröftinn vegna þess að honum sýndist kirkjan á Völlum standa í ljósum loga, og gryfjan sem hann hafði látið gera er sögð hafa lokast af sjálfri sér; hún hlýtur reyndar að hafa verið orðin talsvert djúp áður en ruðningur fór að hrynja ofan í hana aftur. Það er augljóst mál að þetta er tilbúningur, en sagan um Ingólf virðist aftur á móti mjög sennileg, því að máldaginn eða gamla jarðabókin um jörðina Sökku segir skýrum stöfum að land hennar nái að Ingólfsnausti, eða hústóft þar sem skip fyrrgreinds kappa stóð uppi, en leifar af því húsi eiga að hafa sést upp í ánni rétt hjá til skamms tíma, en skuluðust þá burt." OO, 292-93 sbr KE í Súlu 7, 6-8.

1818: "Á Böckunum við Svarfaðardalsá austanverdt, nálægt því sem mætast Landamerke Jardanna Sacka og Skáldalæk, stendr Hóll edur Höfde Ingólfshöfde nefndr, hérum 130 Fadmar í kring, hvari Fornmadr nockr, Ingólfr ad Nafne skal, effter Munnmælunum /. secundum Traditionem./ Skiplagdr

hafa verið í Fornöld. Síá hér um KammerSecretara Olavii Oeconomisku Reisubók yfer Island Pagg. 292 sq. Enn þar sem Rithöfundur tíær - á tilgreindum stað - frá þessum Ingólfi skírt vera í Svarfdæla Sögu Jslendinga, þá verðskuldar þat at adgætast, at KammerSecreterin hlítr hafa hafft fyrir sér nockurskonar annad - og at líkindum fullkomnara - Exemplar af Svarfdæla Sögu, enn eg meina nú víða til vera hér innanlands. Þaug er eg hefe líta feingid - hvará medal er eitt sem enn er til hér í Svarfadardal og fullkomid haldid - minnst á eingan slikan Ingólf; ecke heldr finst hans gétið - svo eg mune - í Islands Landnámabók. ... Hitt vitna Munnmælin, at í Ingólfshöfðan hafe ádr fyrrum optar en eittsinn verit grafid, og at í eitt skipte hafe madr enda komest ofaná Skipskut Ingólfs, og náð þadan þremr hlutum: a) Skírnarfate því enn í dag brúkad er í Vallnakyrkju og henni tilheyrer, b) Hring af Kopar sem ogso er enn í nefndrar Kyrkju Hurd, c) einhvörum hlut enum þridja, sem er úr minne fallid hvad verit hafe; enn einmidt þá svolejdis hærst stóð á, skyllde Mönnum - eins og vant er vid slík Atvik - hafa sínst Kyrkjan ad Völlum í líósum loga!! og þessvegna hætt og í burt hvorfid í skynde, enn sú gerda gröf lokist til af síalfre sér og Krapte Ingólfs!!! - Hringrin í Kyrkjuhurðinne er ecke stór né merkeligir Síónum, af dimum Kopar edur Koparblende, ej ölldungis sívalr heldr nockud so med Köntum. Um Skírnarfatið er annad og mejra Mál: Þat er af Messing, púchlad, med Letre í kring á Botninum innanverdum; eru Staferner allsieliger, enn sem hvörke eg þecke - og hefir eg þó nockur þaug gömlu letur sied - né nockur annar sá hvörum eg hefe þat sínt gétad ..." FF II, 538-39.

ca. 1865: "Ingólfshaugur eður -höfði stendur út og yfir frá Ingvörum að austanverðu við Svarfaðardalsá á sléttum bökkum, sem Sökkubakkar heita ... Haugurinn stendur skammt frá ánni og er engin hæð eður höll þar nokkurs staðar nálægt á bökkunum. Hann er grasi vaxinn allur sunnan, en holt allur að norðan og vestan. Hann er hár mjög, hér á að giska 5 fæðma, á lengd um 30 fæðma, og snýr eftir sveitinni norður og suður. Á breidd er hann, þar sem hann er breiðastur, hér um bil 16 fæðmar. Lægð er ofan í hann sunnarlega, sem er annaðhvört af því að þar hefur verið grafið í hann eður að haugurinn hefur sigið, þegar víðir hans hafa fúnað. Auðséð er að grafið hefur verið nokkrum sinnum austan í hauginn, því það sést móta fyrir gryfjunum, og síðast var grafið í hann fyrir hér um 30 árum af nokkrum sjómönnum um sumarið fyrir slátt, þegar ógæftir gengu. Þeir grófu einn dag, en þá komu sjógæftir aftur, svo þeir hættu við, og varð ekki meira af því. Undir grasrótinni er sandur og smámöl, svo illt er að grafa í hann, því hrynja vill aftur í gröftinn. Munnmæli segja, og eru þau mjög gömul (en engin saga getur þessa Ingólfs, sem ég hefi séð, eður neitt um Ingólfshaug), að Ingólfur þessi hafi komið gamall út til Íslands í heiðni og lagt skipi sínu inn í Svarfaðardalsá og látið búa sér til haug þennan og sett skip sitt í og lagt þar í mikið fé og látið svo menn sína setja sig í hauginn dauðan og mælt svo um, að engum skyldi takast að brjóta hauginn, meðan jaxlar í sér væru ófúnir. Einnig segja munnmæli að í fyrri tíð hafi verið grafið í hauginn og þá hafi náðst úr honum skírnarfatið á Völlum og altarisljósastjakar og hringur, sem lengi var í kirkjuhurðinni á Völlum og sem nú er í klukknastræng þar ['tapaður' skr. ofan línu], og þá hafi þeim sem grófu í hauginn sýnst Vallakirkja standa í björtu báli og hætt svo við og haugurinn lukst svo saman ... Skírnarfatið í Vallakirkju er úr látúni eður koparblendingi, kringlótt, mjög stórt og fornaldarlegt, upphleypt í botninum, en á flata barðinu allt í kring er að sjá nokkurs konar rúnir eður stafir, ekki að öllu ólkar höfðaletri. Ekki veit ég neinn, sem hafi getað lesið það eður ráðið í það, en ég hefi heyrt að Eggert Ólafsson lýsi þessu fati í ferðabók sinni og þar sé uppdráttur af rúnunum [Reise, 734, tab. XVII]. Ljósastjakarnir, sem sagðir eru úr Ingólfshaug, eru úr líkum málm, stórir, en eki merkilegir og svipaðir nokkrum öðrum ljósastjökum, sem ég hefi séð. Hringurinn, sem var í kirkjuhurðinni á Völlum, er flatur og þunnur en nokkuð stór ummáls, og sést fyrir kroti á hliðunum, sem er nú mjög máð. Svo er að sjá sem sé kopar í honum eður eirblendingur." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 132-34 Dokkirnar eru tvær og greinilegt er að þar hefur verið grafið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** BE 1990, 236; KE: Ingólfshaugur, Súalur 7: 3-25; Gríma hin nýja I, 7-9; FF, 538-9

**EY-176:011** *Reiðholt* frásögn leið

65°55.891N 18°32.501V

"Milli Sökku og Öldulækjar eru merkin ... austur eftir garðbroti yfir sunnanvert Reiðholt og þaðan í lækjarsprænu ..." - "Við suðausturhorn engjanna er melhryggur (4-6 m hár), sem heitir Reiðholt." segir í örnefnalýsingu. Um Reiðholtið lágu áður götur og var það þjóðleiðin um sveitina. Holtið var fast neðan við þjóðveg. Tæplega á við að kalla þenna stað holt. Svæðið er rakt en þó má greina ofurlitla hæð í deiglendið þar sem holtið var.

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254


**EY-176:012** heystæðistöftir

68°56.460N 18°56.885V

Suðvestan í Ingólfshöfða sem er 20 m ofan við Svarfaðardalsá, á merkjum, eru töftir í höfðanum á mótis við suður. Grasi vaxinn hóll.

Töftirnar eru tvær, fagurgrænar og þýfðar. Sú vestari er 9 X 4 m að stærð en hin 14 X 4,5 m. Báðar eru einfaldar og liggur vírgirðing yfir nyrðri hluta stærri töftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta



**EY-176:013** *Tjarnarkot* töftir  
bústaður 65°56.222N 18°37.763V  
"Þar ytra [við merkin] er Lambhaginn, stórpýfður hris- og lyngmói, ca. 5 ha að flatarmáli og í honum húsarústir, sem heita Tjarnarkot." segir í örnefnalýsingu.

"Tjarnarkot átti rétt til silungsveiða í Saurbæjartjörn og metið til jafns við gagn af einni snemmbæru." bréf Gunnlaugs Gíslsonar í Sökku til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 9.1.1967. Tjarnarkot stóð fast sunnan við Saurbæjartjörn, um 250 m neðan við þjóðveg og 1 km norðvestan við Sökku. Þar sem kotið stóð er nú hæð í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:014** *Kýrauga* þjóðsaga

65°55.858N 18°32.688V

"Heimasti hluti engjanna heitir Sléttibakki. Á honum miðjum er pyttur, sem nú er reyndar að mestu uppfylltur, kallaður Kýrauga. Honum fylgir sú munnmælasaga, að í pyttinn hafi einhvern tíma í fyrndinni horfið kýr, sem næsta dag á svo að hafa fundizt rekin af sjó á Litla-Arskógssandi." segir í örnefnalýsingu. Kýraugað er í engi um 150 m neðan við þjóðveg og 150-200 m norðan við malarnámu/ruslahaug.

Mýri og þar sem Kýraugað er sést dökkur blettur og er svæðið signara en umhverfis.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:015** *Torfnes* örnefni rista

65°55.986N 18°32.514V

"Þurrlandisrani, sem liggur frá brekkurótum fram í Sökkuna, heitir Torfnes." segir í örnefnalýsingu. Torfnes er varla lengur hægt að kalla nes. Um er að ræða þúfnabakka í mýri, um 50 m neðan við þjóðveg og 500-600 m norðvestan við bæ. Torfið var rist neðan við engi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:016** *Hesthúsgerði* frásögn af hesthúsi

65°55.206N 18°32.003V

"Örnefni í túni: Austan bæjarhóls er Lausamannateigur ... og Hesthúsgerði." segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið var um 150 m ofan við gamla bæinn (001). Þar sem húsið stóð er sylla í grasi gróinni brekku og má sjá að þar hefur húsið staðið, umhverfið er nokkuð raskað. Húsið var efst í túnjaðri.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:017** *Ingólfsnaust* heimild um naust

65°56.477N 18°32.943V

1777: "... máldaginn eða gamla jarðabókin um jörðina Sökku segir skýrum stöfum að land hennar nái að Ingólfsnausti, eða hústóft þar sem skip [Ingólfs] stóð uppi, en leifar af því húsi eiga að hafa sést upp í ánni rétt hjá til skamms tíma, en skuluðust þá burt." OO, 292-93 sbr KE í Súlum 7, 6-8. Um Ingólfsnaust egir Þorsteinn Þorsteinsson í ritgerð frá 1865: "Ingólfsnaust. Þau hafa verið talin til forna landamerki frá Sökku, en nú sjást ekki merki til þeirra, hafi þau nokkurn tíma verið hlaðin; má vel vera, að áin hafi brotið þau af í leysingum, en skörð eður djúp keldudrög sjást í árbakkanum, þar sem skemmst er til haugsins [þ.e.

Ingólfshóls 010], sem mætti geta til að skipið hafi verið sett upp í, þegar það var fært til haugsins." Ingólfsnaust var við Svarfaðardalsá vestan við Ingólfshaug þar sem styst er á milli hólsins og árinna. Áin hefur breyst mikið á þessum slóðum og engin merki naustsins sjást. .

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 134

**EY-176:018** garðlag túngarður 65°55.899N 18°32.189V

Túngarður var umhverfis tún og lá hann lengi yfir Gerðatúnin (norðan þeirra). Garðurinn lá að mestu þar sem nú eru tún. Enn má greina tvo búta túngarðsins, sá eystri er um 15 m langur og liggur norður-suður en í svoltinn sveig. Hinn garðspottinn er nokkru vestar og liggur austur-vestur niður úr Gerðishæðinni. Garðurinn fjarar út þar sem er skurður en vestan hans er nýrækt. Hann er um 1,5 m á breidd og svipaður á hæð. Hægt var að greina samtals um 35 m kafla af honum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-176:019** frásögn af öskuhaug 65°55.717N 18°32.147V

Um 20 m suðaustan við gamla bæinn (001) kom Þorgils Gunnlaugsson niður á öskuhaug. Engin ummerki um öskuhauginn eru nú merkjanleg enda var hann þar sem nú er bakgarður íbúðarhússins á Sökku.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:020** frásögn af útihúsi 65°55.7171 18°32.157V

Húsbrot var þar sem bakgarður er nú, fast sunnan við íbúðarhúsið á Sökku. Brotið var sunnan við íbúðarhúsið, þar sem blóm og tré eru.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-176:021** *Miðhús* heimild um útihús 65°55.869N 18°32.128V

"Þar sem heitir á Gerðum eru eftirtalin húsbrot: ... Miðhús ..." segir í örnefnalýsingu. Miðhús var rúmum 200 m NNV við gamla bæinn (001), milli 003 og 004. Þar sem húsið var er nú sléttuð hæð í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:022** frásögn af smiðju 65°55.736N 18°32.199V

Þegar grafið var fyrir yngsta (vestasta húsið í samstæðunni) fjósinu á Sökku kom í ljós járnbræðingur í jörðinni og fleira það er benti til að smiðja hefði verið þar áður. Yngsta fjósið er sambyggt stórri útihúsasamstæðu rétt norðan við íbúðarhúsið í Sökku. Þar sem leifarnar fundust í jörðu er nú steinsteypur fjós.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-176:023** myllutóft 65°55.752N 18°32.014V

Fast austan við kvíarnar (026) var mylla. Hún var þar sem nú er skógreitur, 100-150 m norðaustan við gamla bæinn (001). Myllan hefur verið í brekku móti suðri þar sem nú er lítill skógreitur. Um hann rennur lækjarspræna.

Þar sem myllan var er nú 3 X 5 m stór dokk og úr henni liggur um 7 m löng renna (dæld) út í lækinn sem rennur niður skógreitinn. Engar hleðslur eru greinilegar.

**Hættumat:** hætta, vegna skógræktar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:024** *Saurbæjarkot* bæjarstæði býli 65°56.333N 18°32.209V

1712: "Saurbæarkot, forn eyðihjáleiga. Bygð fyrir manna minni í úthögum, en eyðilagðist hjer um fyrir 50 árum, og er þar nú stekkur heimajarðarinnar. ... Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er mjög lítið og heyskapur enginn, nema hann sje tekinn frá heimajarðunni." segir í jarðabók Árna og Páls. "Gamalt bæjarstæði ofan Saurbæjartjarnar heitir Saurbæjarhóll, og er hann norður við landamerki Sökku og Skáldalækjar." segir í örnefnalýsingu. Saurbæjarhóll er nú alveg eyðilagður en hann var tekinn í malarnám þegar loðdýrabú var byggt skammt fyrir ofan árið 1982. Þá voru bæjarrústirnar alveg eyðilagðar. Enn sjást nokkur merki um hólinn en hann er ofan við nyrsta hluta Saurbæjartjarnar, fast ofan við Þjóðveg en sunnan

við vegarslóða að loðdýrahúsi. Vegarslóðinn liggur yfir norðausturhluta hólsins. Gróinn melhóll sem nú hefur að mestu horfið í malarnám.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM X, 95; Ö-Svarf, 254

**EY-176:025** *Svarðarsund* náma mógrafir 65°56.116N 18°32.144V

Svarðarsund er örnefni milli Saurbæjarhóls og Gerða - einnig Mógilslækur. Svarðarsund er um 200 m ofan við þjóðveg og 80-100 m norðan við Haushól. Í sundinu eru greinilegar mógrafir. Þær eru um 150 m suðvestan við Loðdýrabúið. Grafirnar eru í mýrarsundi en umhverfis það eru melhólar.


Grafirnar eru stórar eða um 45 X 25 m að stærð. Þær eru grónar en þó allt að því 2 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:026** *Kvíhóll* kvíatóft 65°55.756N 18°32.026V

Kvíhóll og Kvíhóllssund eru örnefni upp undir bæ. Kvíar eru fast neðan við girðingu sem girðir af skógreit (þ.e. inni í girðingunni) sem er 100-150 m norðaustan við gamla bænum



(001). Hóll þar sem talsvert hefur verið gróðursett af trjám. Hóllinn er grasivaxinn og rabbarbarabeð eru við tóftina.

Kvíarnar eru 7 X 28 m að stærð. Þær mynda eitt stórt hól en út úr því gengur einnig veggur til austurs, um 8 m langur þar sem annað hól hefur líklega verið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:027** *Gvendarbrunnur* hleðsla brunnur 65°55.812N 18°31.670V

Rúmum 300 m norðaustan við íbúðarhúsið á Sökku og um 250 m beint austan við sumarbústað er Gvendarbrunnur en hann er enn vatnsból bæjarins. Fast ofan við sumarbústað er dæld sem liggur upp hlíðina í um 250 m og er brunnurinn efst í því. Hann er girtur af. Lítill pollur, grjóthleðslur eru enn í honum. Ofar eru lyngivaxnir móar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:028** *Brautarvarða* varða 65°55.584N 18°31.523V

Brautarvarða, áður kölluð Merkjavarða, er líklega upp undir Sveitarlangi 029. Varðan er nú hrunin en hún var þar sem Sveitarlangur sést enn, á mel sem vírgirðing liggur yfir. Melur en sund eða lágir eru á milli melanna á þessum slóðum. Fast neðan við er vegaslóði sem varðan var síðan kennd við. Varðan er alveg hrunin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:029** *Sveitarlangur* garðlag 65°55.615N 18°31.546V


"Gamalt garðbrot, sem liggur um þvert beitalandið, heitir Sveitarlangur." segir í örnefnalýsingu. Sveitarlangur sést greinilega á kafla norðaustan við efstu tún, 400-500 m ofan við bæ og örlítið utar. "Milli Sökku og Ölduhryggjar eru merkin ... úr [Neðri-Sökkustekkjarmýri] ræður garðbrot um mýrina og Brætuhála, yfir Sauðdal þveran og þannig á fjall upp." Garðlag er greinilegt á melnum þar sem Sveitarlangur (029) er. Garðurinn liggur sunnan (suðvestan) í melnum og er vel hugsanlegt að hann sé í raun framhald Sveitarlangs. Hann liggur um mela og dældir og er merkjanlegur á 200-300 m kafla.

Garðurinn er um 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hugsanlegt er að hann hafi gengt hlutverki landamerkjagarðs á kafla. Garðlagið liggur um 50 m til suðausturs í/frá melnum, þar kemur 10 m skarð í það um það bil sem mýri hefst suðaustan við hólinn. Síðan heldur garðlagið áfram til suðausturs í um 100 m, nálæga að fjallgirðingu. Þar verður garðurinn mun óskýrari en virðist þó hafa legið í sveig og svo áfram til suðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:030** *Sökkustekkur* stekkjartóft 65°55.599N 18°31.081V




Ofan við Sveitalang eru örnefnið Neðri-Sökkustekkjarmýri, Neðri-Sökkustekkjarmýri, Efri-Sökkustekkjarmýri og Efri-Sökkustekkjarmýri. Stekkurinn er um 30 m norðan við efsta hluta Neðri-Sökkustekkjarmýrar, eða öllu heldur milli Neðri- og Efri-Sökkustekkjarmýrar. Stekkurinn er í lægð milli tveggja hóla, 30-40 m norðan við mýrarnar. Austan og vestan við stekkin eru lyngivaxnir hólar. Sunnar er mýrasvæði en norðar er lyngivaxin dæld milli hólanna.

Stekkurinn er lyngivaxinn og algróinn. Hann er tvískiptur og að auki er sérkennileg hvompa á vesturhlíð hans. Hann er 11 X 6,5 m að stærð. Op er á suðurhlíð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:031** *Sel* seltóftir 65°55.408N 18°30.150V



*Sökkustekkur – Horft til suðvesturs*

Ofan við Sökkustekku (030) eru örnefnið Sel, Selhól og Sellaut. Selið er á Selhól sem er um 1,6 km ofan við Sökku. Það er í fjallshlíðinni þar sem hún tekur að hækka ofan við mýrarnar. Norðan við selið er Sellaut sem er löng, fagurgræn laut sem liggur austur-vestur í hlíðinni milli tveggja melrana.

Selið er á melhól og er grasblettur í kringum selið gróinn grasi en annars er melurinn víða ber. Tóftirnar eru 4. Stærsta tóftin (a) er 13 X 5 m og skiptist í 3 hólf. Op er á öllum hólfunum til austurs. 6 m suðaustan við (a) er einföld tóft (b), 5 X 4 m að stærð og með opi á vesturvegg. 6 m austan við (b) er þriðja tóftin sem einnig er einföld (3,5 X 4,5 m) en er opin til austurs. Fjórða tóftin (d) er svo um 6 m suðvestan

við (c) en 4 m sunnan við (b). Hún er 13 X 3,5 m að stærð og svo virðist sem henni hafi verið skipt í þrjú hólf. Op er á henni til suðausturs. Fast sunnan við (a) er grjóthruða. Allar tóftirnar eru grónar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:032** frásögn af heystæðum

65°55.683N 18°31.798V

Heystæði var skammt ofan við skurð, 200-300 m austan við bæ. Þýfð slétta, neðar eru tún, ofar móar. Þúfnabakkar, ekki er hægt að sjá nákvæma lögun heystæðisins.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Svarf, 254

**EY-176:033** *Haushóll* kuml legstaður

65°56.049N 18°32.189V

Örnefnið Haushóll var þekkt á 18. öld og í byrjun þeirrar 19. en er nú týnt sbr: "Í III. h. þjóðsagnasafnsins Grímu er getið um hauga tvo "á flatanum milli Hamars og Hrisa." Heita þeir Beinir og Hausi." Ö-Dalv, 345 - "Aldrei hef ég heyrt nefnda þá tvo hauga sem á milli Hamars og Hrisa eiga að vera [sbr. þó Ey-100:012]." Bréf Árna Antonssonar á Hrisum til Jóhannesar Óla Sæmundssonar 12.2.1967.

Elsta lýsing á Haushóli er eftir Ólaf Olvaius frá 1777: "Kort östen for denne [þ.e. Ingólfshöfði 010] ligger en anden, men langt mindre Høi, Haushol kaldet, i hvilken denne Ingolfs underhavende Krigsfolk berettes at være nedsatte, hvilket vel ikke aldeles kan nægtes, da man for 5 Aar siden [þ.e. um 1770], ved Leilighed af at bemældte Haushol blev omvæltet af Vand, fandt i samme, efter eenstemmig Beretning, ei alleene Hovedskaller og Been af Heste, men og et forrustet gammelt Sværd, 1 3/4 Alen omtrent I Længden, samt en Sölvnaal, og nogle smaa Messing-Dopper, ventelig I sin Tid brugt til Sadel-Beslag."

Í fornleifaskýrslu frá 1818 segir: "Fyrer ofan backana upp í holltunum út frá bænum Söcku skamt, er annar og minni hóll, Haushóll nefndr, um hvörn Secret. Olavius gietr og, hvarí Þrælur edr Skulldalid nockurt Ingólfs skyldi hafa heygt verit. Enn hvad Secreterin vottar þarhiá hafe fundest, bein og fleira, þá kann eingu nú at seigia frá því, helldr talast alleina um Spjótspart nockurn forridgadan sem þar eitthvört sinn fundinn sie."


Kristján Eldjárn segir um þetta: "Séra Stefán hafði vitanlega góð skilyrði til að spyrjast fyrir um þennan fund, og hann virðist gruna að frásögn Olavíusar sé ýkt. En á hitt ber einnig að líta, að Olavius er árum og áratugum nær fundinum en séra Stefán og frásögn hans er að öllu leyti, nema þá helst silfurnálinni, mjög sennileg, lengd sverðsins er nærri lagi, og um messinardoppurnar er getið á þann hátt, að augljóslega virðist styðjast við lýsingu sjónarvottar af raunverulegum fornleifafundi, sbr. bóluarnar frá Ytra-Hvarfi ... Þennan fund tel ég því hiklaust með kumlum."

Þorsteinn Þorsteinsson getur einnig um Haushól í ritgerð frá um 1865: "Líka er sagt, að eftir að menn Ingólfs voru búnir að haugsetja hann [í Ingólfshóli] hafi þeir byggt sér haug í svokölluðum Húshól, sem er uppi í brekkunum fyrir sunnan og ofan Ingólfshöfða út frá Sökkubæ, og látið svo setja sig í dauða. Til sanninda er munnmælunum um Húshól, að á 18. öld hljóp þar fram jarðfall og fannst þar þá gamalt sverð eður sverðsbrot og fleira af fornmenjum, sem augljóslega sýndu að þar hafa verið heygðir menn í fornöld, en ekki vita menn hvað hefur orðið af þessu broti eður sverði."

Þorgils Gunnlaugsson telur Haushól vera melhól sem er um 300 m ofan við þjóðveg en 100 m sunnan við svarðargrafirnar (025) og fast norðaustan við nyrstu tún ofan þjóðvegur. Haushóllinn var síðar nefndur Húshóll og svo virðist sem einföld tóft sé norðvestan í hólnum. Hóllinn er um 600 m norðan við bæ. Melhóll, tún eru sunnan við en mýri norðar. Tóftin er einföld og lítil, 6 X 5 m að stærð og líkist helst heytóft eða mókofa.


**Hættumat:** hættu, vegna túnasléttunar

**Heimildir:** KEKH, 114-15; sbr. Olavius: Oekonomisk Reise, 292-93; FF, 538-39; KK 1877 II, 100; Aarboger 1882, 69; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 133.





## EY-177 Ölduhryggur



Hjáleiga frá Sökku. Í eyði 1712, hafði verið byggð frá manna minni. Talin 1/5 af Sökku eða 12 hdr. hinsvegar 7 hdr 1847.

1917: 4.5 ha. 4/5 slétt. Garðar 650 m<sup>2</sup>.

**EY-177:001** Ölduhryggur bæjarstæði bústaður

Gamli bærinn var þar sem íbúðarhúsið á Ölduhrygg stendur nú en hann náði þó lengra til suðurs og austurs en íbúðarhúsið. Húsið sem nú er á þessum stað er nýbyggt, timburhús á steptum grunni án kjallara. Ekki er hægt að greina eiginlegan bæjarhól en íbúðarhúsið stendur á mjög lágri, aflíðandi hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-177:002** heimild um útihús

Fast norðvestan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti 1917. Útihúsið var við norðvesturhorn íbúðarhúss þess sem nú stendur á Ölduhrygg. Engin ummerki sjást nú um húsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-177:003** heimild um útihús

65°55.584N 18°32.120V

70 m norðaustan við bæ (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar er nú hæð en engin ummerki sjást lengur um húsið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-177:004** heimild um fjárhús

65°55.612N 18°32.154V

Um 130 m norðan við bæ (001) voru áður fjárhús samkvæmt túnakorti frá 1917. Norðan við fjós. Þar sem fjárhúsin voru er nú sléttuð hæð í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-177:005** frásögn um fjós

65°55.566N 18°32.157V

Fjós var áður 5-10 m ofan við gamla bæinn (001). Þar sem fjósið var er nú bakgarður íbúðarhússins á Ölduhrygg.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-177:006** náma mógrafir

65°55.615N 18°32.087V

Svarðargrafir voru áður rétt ofan við fjárhúsin (004) þar sem nú er skurður í túni. Fast ofan við 004 er nýrækt en ofan við hana er skurður og enn ofar rennislétt tún. Svarðargrafir voru á þessum slóðum. Tún eru beggja vegna við skurðinn og engin merki sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-177:007** þúst óþekkt

65°55.521N 18°32.011V

Rúmum 100 m ofan við íbúðarhús (og aðeins sunnar) sjást óljósar mannvirkjaleifar fast vestan við læk sem þar rennur hjá. Neðan við er tún ofar melur og frekari tún. Svæðið virðist raskað og ekki er hægt að sjá

hvernig mannvirkin hafa verið. Leifarnar eru þó á svipuðum stað og kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## 4. Fornleifar og byggð í héraði

Sumarið 2001 var haldið áfram fornleifaskráningu þar sem frá var horfið 2000. Svæðið sem skráð var nær frá Þverá í vestanverðum Skíðadal, inn í botn dalsins og aftur út með honum austanverðum. Samfelld var skráð austanverður Skíðadalur og Svarfaðardalur þar sem hann tók við, að Skáldalæk.

Eftir Svarfaðardal og Skíðadal falla samnefndar ár. Í báðar árnar renna ótal minni ár úr þverðolum sem skera há fjöllin allt umhverfis dalina. Dalsárnar tvær sameinast svo undir Stólnum, neðst við Tungusporð.

Þegar horft er inn að Stóli úr miðsveit Svarfaðardals er Skíðadalur í raun eðlilegra framhald hins eiginlega Svarfaðardals. Skíðadalur er, eins og innsti hluti Svarfaðardals vestan Stólsins, þröngur og undirlendi er lítið. Túnin eru á undirlendisstöllum ofan við eyrar Skíðadalsár. Dalurinn er að mestu leyti í eyði og inn af honum er afréttarland hreppsins. Skíðadalur er umkringdur háum fjöllum og ganga nokkrir þverdalur og skálar í þau. Í botnum innstu dalanna eru jöklar og er Gljúfrárjökull þeirra stærstur.

Skíðadalur og Svarfaðardalur sameinast við Stólinn en norðan við hann er undirlendi nokkru meira en inni í Skíðadal.

Bæjarröðin í dölunum tveimur er einföld nema nyrst á svæðinu þar sem hún er tvöföld á stuttum kafla. Flestar jarðirnar eiga landræmu frá á og upp á fjallsbrúnir. Jarðirnar í Skíðadal eru flestar nokkuð stórar en minnst landrými er nyrst á skráningarsvæðinu. Hæð bæja yfir sjávarmáli eykst eftir því sem lengra dregur inn í dalina. Í mestri hæð eru innstu bæirnir í Skíðadal (Sveinsstaðir (310 m.y.s) og Gljúfrárkot (270 m.y.s)) en bæirnir í innsta hluta Skíðadals standa allir nokkuð hátt yfir sjávarmáli (Hverhóll, Krosshóll og Hólárkot eru allir í um 220 m.y.s.). Eftir því sem utar dregur lækkar hæð yfir sjávarmáli jafnt og þétt (Klængshóll 170 m.y.s., Hnjúkur 130 m.y.s. og Sæla um 100 m.y.s) og eru ystu bæirnir allir milli 20-40 m.y.s.

Sumarið 2001 voru skráðir 565 minjastaðir á 24 jörðum. Byggð á skráningarsvæðinu var fremur þétt, með 23-24 minjastaði að meðaltali í jörð. Landrými var því ekki mikið (sérstaklega ekki nyrst) og dreifing minjastaðanna lýtur sömu meginreglu og annars staðar í Eyjafirði: langflestir eru skamman spöl frá bæ og hafa orðið eyðileggingu að bráð. Undantekning frá þessu er þó eyðibyggðir innst í Skíðadal,

þar eru enn óhreyfðar bæjartóftir, útihús í túni, túngarðar og aðrar þær fornleifar sem annarsstaðar hafa orðið túnasléttum og framkvæmdum að bráð.

### **Bæjarhólar og bæjarstæði**

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr góflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld.

Alls voru skráðir 18 bæjarhólar og 6 bæjarstæði sumarið 2001. Ástand bæjarhólanna er mjög misjafnt, og hafa margir þeirra verið skemmdir meira eða minna. Engar leifar bæjarhóls er að finna á Gljúfrárkoti, Hnjúki, Syðra-Hvarfi, Hofsá, Völlum eða Ölduhrygg. Orsökina er oftast rask vegna bygginga húsa á 20. öld en í sumum tilfellum er skammvinn byggð orsök þess að bæjarhólar hafa ekki myndast.

Í mörgum tilfellum hafa framkvæmdir ekki eyðilagt bæjarhóla algjörlega og enn má sjá greinilega bæjarhóla á Ytra-Hvarfi, Skeggjastöðum, Hofi, Hofsárkoti, Gröf, Sökku og Uppsölum, jafnvel þó að nýrri hús hafi síðar verið byggð á hólunum. Þar sem þessi hús eru ekki með kjallara eru líkur á að mannvistarleifar reynist enn óhreyfðar undir yfirborði jarðar.

Á nokkrum stöðum hefur verið sléttað úr leifum gamalla bæja á bæjarhólum en hólunum sjálfum ekki raskað. Þetta á við um Hjaltastaði, Skriðukot, Hánefsstaði og Brautarhól. Allir þessir bæjarhólar eru að mestu leyti óhreyfðir þó að leifar þeirra bæja sem á hólunum stóðu síðast séu horfnar. Best varðveitu bæjarhólarnir á skráningarsvæðinu eru innst í Skíðadal: á Kóngsstöðum, Hverhóli, Krosshóli, Hólárkoti og Sveinstöðum. Á Klængshóli og í Sælu sést einnig greinileg hólmyndun auk bæjartófta.

Á skráningarsvæðinu voru skráð 16 býli og hjáleigur. Engar leifar sjást nú um 11 þessara býla (Þverárkot í landi Kóngsstaða, Grísará í landi Krosshóls (aðeins byggt á þjóðsögu), Klængshólskot í landi Klængshóls, Hlíð og Sandgerði í Hnjúkslandi, Elínargerði í landi Ytra-Hvarfs, Skriðu í landi Grafar, Garðakots í landi Brautarhóls, Uppsalakots og Miðbæjar í landi Uppsala og Saurbæjarkots í landi Sökku).

Leifar vallargarðs sem hefur verið umhverfis Villingastaði í landi Hnjúks má greina á 15 m löngum parti. Leifar Stafns í landi Sveinsstaða og Syðri-Sælu í landi Sælu sjást hins vegar enn. Sömu sögu er að segja um tóftir bæjar og vallargarð Kots í Hólsárkoti og húsatóft og vallargarð Hvarfskots í landi Syðra-Hvarfs. Voru síðastnefndu leifarnar umfangsmestu býlisleifar á skráningarsvæðinu.

### **Útihús og túngarðar**

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest voru fjárhús, en hesthús voru á hverjum bæ og stóðu þau oftast nærri túngarði. Fjós voru víðast inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin.

Útihús eru stærsti minjaflokkurinn en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld.

Flest útihúsanna á skráningarsvæðinu eru nú horfin. Að þessu sinni voru skráð 163 útihús en einungis var hægt að greina leifar 63 þeirra. Ekki er vitað um hlutverk 60 húsanna en af þeim sjást leifar á 26 stöðum. Annars voru flest húsanna fjárhús (eða 53) og sjást leifar 26 þeirra enn. Önnur hús voru horfin, annað hvort undir nýrri byggingar eða vegna sléttunar. Á svæðinu voru skráð 11 fjós en einungis mátti greina leifar þriggja þeirra. 22 hesthús voru skráð og sáust leifar 6 þeirra enn auk þess sem eitt húsið stóð undir þaki. 3 lambhús voru skráð en ekki var hægt að greina neinar leifar þeirra. Önnur útihús voru sem hér segir: 6 smiðjur (ein þeirra greinileg), fjórar hlöður (allar horfnar nema ein timburbygging), þrjár myllur (ummerki sjást um eina þeirra), einn geitakofi (sem ekki sést lengur til), 1 hjallur (horfinn) og 1 hrútakofi (einnig horfinn). Heimildir voru fyrir flestum útihúsum á Hnjúki (16 útihús en helmingur þeirra tilheyrir reyndar Hlíð sem er byggð úr landi Hnjúks), Syðra- og Ytra-Hvarfi (10) og á Hofi (10). 9 útihús voru á Sveinsstöðum, Gljúfrárkoti, Völlum og Sökku.

Túngarðshleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og hafa nokkrir túngarðar (alls 14) verið hlaðnir á skráningarsvæðinu. Ennþá sjást leifar túngarða á mislöngu svæði í landi Hverhóls, Sveinsstaða, Gljúfrárkots, Hólarkots, Klængshóls, Hnjúks, Hjaltastaða, Valla og Sökku en leifar túngarðs á Ytra-Hvarfi, Skriðukoti, Hofsrákkot, Hofi og Uppsölum eru alveg horfnar. Einnig má sjá leifar túngarða í kringum tvær hjáleigur, Kot og Hvarfskot.

### **Tún og garðar**

Ef einhverjum ástæðum hófst túnasléttun seinna í Svarfaðardal en víða annarsstaðar. Túngarðahleðsla og túnasléttun hefjast fyrir alvöru árið 1869 en fóru þó hægt af stað fram undir 1880-90. Eftir það kom mikill kippur í sléttunarmál og var á næstu árum sléttað mikið í dalnum (SD I, 23-33).

Engin gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema ef vera skyldi túnin í kringum Kot í Hólárkotslandi og Stafn. Kál- og kartöflurækt hefur hins vegar verið allblómleg á svæðinu. Sveiflur virðast alla tíð hafa verið í kálrækt Svarfdælinga. Heimildir greina að seint á 18. öld hafi verið 35 matjurtagarðar í Svarfaðardal en um aldamótin 1800 virðist aðeins einn garður enn í notkun. Litlar heimildir eru um kálrækt fram til 1850 en frá þeim tíma má sjá að kálrækt hefur aftur verið orðin blómleg á svæðinu. (SD III, 11-23). Nokkur merki þessarar kálræktar eru enn greinileg. Á svæðinu voru skráðir 32 kálgarðar og eru merki þeirra, með einni undantekningu greinileg. Flestir eru fimm garðar á jörð (Hverhóll og Syðra-Hvarf) en þó dreifast garðarnir nokkuð jafnt yfir svæðið, þar til komið er yst á skráningarsvæðið þar sem lítið er um kálgarða.

### **Garðlög**

Merki Sveitarlangs sjást áfram á köflum innst í Svarfaðardal austanverðum, frá Syðra-Hvarfi og til norðurs að Sökku sem er nyrsti bærinn sem var skráður að þessu sinni.

Samtals voru skráðir 7 landamerkjagarðar. Merkjagarðar milli Kónsstaða og Þverárkots, Hverhóls og Krosshóls, Hofsárkots og Skeggjastaða, Hofsár og Skeggjastaða, Sökku og Skáldalækjar og Sökku og Ölduhryggjar sjást enn greinilega á köflum. Landamerkjagarðar milli Skriðukots og Ytra-Hvarfs og Hofs og Grafar eru hins vegar horfnir af yfirborði jarðar.

Auk ofangreindra garðalaga eru leifar minni garða, sem oftast hafa verið e.k. vörslugarðar, að finna í landi Sveinsstaða, Hofsár, Hofs og Grafar. Einnig gengur stæðilegt garðlag frá Sveitarlangi í landi Ytra-Hvarfs til suðvesturs að Svarfaðardalsá.

### **Engjar og áveitur**

Á skráningarsvæðinu 2001 var helstu minjar um engjaheyskap í Skíðadal að finna á litlum engjasvæðum neðan við bæina, við Skíðadalsá. Þegar komið er út í Svarfaðardal virðist engjaheyskapur fremur hafa verið stundaður ofan við bæi á litlum engjasvæðum.

Leifar 9 heystæða sáust en heimildir eru fyrir 3 öðrum heystæðum sem ekki fundust merki um.

Minjar um áveitu á tún sjást enn í Gljúfrárkoti og sömu sögu er að segja um myndarlega áveitugarða við Svarfaðardalsá í landi Hofsár. Sennilegt er að áveitur hafi verið mun víðar.

### ***Vatnsból***

Hvergi var örðugt um vatn á skráningarsvæðinu enda virðast bæjarstæði oft hafa verið valin með nálægð við gott vatnsból í huga. Bæirnir standa flestir nálægt ám eða smálækjum. Aðeins voru skráðir þrír brunnar. Í landi Hverhóls sjást leifar hlaðins brunns við fjósvegg, í landi Valla þar sem ummerki um brunn eru alveg horfin og í landi Sökku þar sem Gvendarbrunnur en enn notaður sem vatnsból bæjarins.

### ***Svarðargrafir***

Mótak var á mörgum bæjum á skráningarsvæðinu en þó ekki öllum, og munu þeir sem ekki höfðu mótak hafa elt taði. Á Sveinsstöðum, Hólárkoti, Hnjúki, Hjaltastöðum, Völlum, Uppsölum og Sökku eru einar svarðargrafir sem sjást. Í landi Hverhóls og Ölduhryggjar eru heimildir fyrir einum svarðargröfum sem ekki sjást. Tvennar svarðargrafir eru í landi Kónsstaða (aðrar enn greinilegar), á Ytra-Hvarfí (aðrar greinilegar), Hofsárkoti (hvorartveggju horfnar) og Brautarhól (hvorartveggju hafa skemmst hafa við túnræktun). Á Klængshóli eru heimildir fyrir þrennum gröfum en einungis einar þeirra eru merkjanlegar. Sömu sögu er að segja um Syðra-Hvarf (en merki þeirra allra eru horfin), Hofsá (einar þeirra eru mjög greinilegar, hinar óljósar), á Hofi (allar sjást) og á Hánefsstöðum (allar sjást).

Heimildir fyrir torfristu voru á 9 stöðum á skráningarsvæðinu (Kónsstöðum (2 staðir), Krosshól, Klængshól, Hnjúk, Ytra-Hvarfí, Hofi, Hánefsstað og Sökku).

### ***Kvíar, réttir og stekkir***

Sumarið 2001 voru skráðar 13 kvíar í misjöfnu ástandi. Flestar kvíanna voru horfnar af yfirborði (í landi Klænghóls, Hnjúks, Syðra- og Ytra-Hvarfs, Hofsárkots (tvennar) og Grafar). Merki kvía eru hins vegar greinileg í námunda við túnjaðar í landi Sveinsstaða, Gljúfrárkots, Hólárkots, Klængshóls og Sökku. Kvíar eru einnig greinilegar í landi

Hólárkots en þar standa þær spölkorn utan við tún.

16 réttir voru skráðar. Flestar réttanna sem enn sjást eru litlar, aðeins einfaldar eða tvískiptar tóftir. Undantekningar frá þessu eru þrískipt rétt í Gljúfrárkotslandi og tvær stærri réttir í landi Krosshóls og Hofs (um 5 hólf, sú fyrrnefnda er 28 X 13 m að stærð en sú síðarnefnda 34 X 11,5 m).

Að auki voru á skráningarsvæðinu skráðar tvær Uslaréttir, ein í landi Ytra-Hvarfs og önnur í landi Hólsárkots. Enn má sjá Uslaréttina í landi Ytra-Hvarfs en engin ummerki sjást um garðlögin sem áður voru hjá Hólsárkoti (þó tóft sem var inni í réttinni standi enn). Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar réttir hafa gegnt en helst hallast menn að þeirri skýringu að þær hafi verið notaðar sem e.k. náttthagar, til að koma í veg fyrir að féð ylli “usla” í túnnum um nætur (sjá Kristján Eldjárn 1980, 106-110).

Einn til tveir stekkir voru við langflesta bæina (undantekningar voru einungis Gljúfrárkot, Skeggjastaðir og Ölduhryggur). Þrír stekkir voru í landi Kónsstaða, Ytra-Hvarfs, Hofsar og Valla en heimildir eru um 5 stekki í Hólsárkotslandi. Ástand stekkjanna er yfirleitt gott og sáust greinilegar leifar 21 þeirra. Stekkirnir eru víðast í 300-600 m fjarlægð frá bæ og oftast eru þar fremur umfangslitlar tóftir. Þeir eru flestir tvískiptir og í mörgum tilfellum gengur stutt garðlag út frá þeim. Stekkjartóftir á Krosshóli (Ey-156-009) og Völlum (Ey-173-018) voru mestar að stærð. Aðeins voru leifar tveggja tófta í landi Hjaltastaða (Ey-163-007) en umfangsmestu stekkjartóftirnar voru í landi Sveinsstaða (Ey-157-004) og Syðra-Hvarfs (Ey-164-020). Í báðum tilfellum var um tvískipta stekkjartóft að ræða og myndarlegan vallargarð sem hefur myndað sporöskjulaga gerði í kring.

### **Beitarhús og sel**

Þrenn beitarhús voru skráð sumarið 2001. Ekki fundust leifar um beitarhúsið á Klængshóli en myndarlegar leifar beitarhúsa á Hofi og Hánefsstöðum eru enn greinilegar. Ekki er ólíklegt að beitarhúsin hafi í raun verið fleiri því algengt var að beitarhús væru á seljum.

Á skráningarsvæðinu eru 12 sel. Á þremur bæjum voru selin í afdölum (frá Kóngshóli, Hofsa og Hofi) en annars staðar voru þau í hlíðunum fyrir ofan bæina. Síðarnefndu selin voru öll í 400-800 m fjarlægð frá bæ með einni undantekningu, Sökku en þar er selið meira en 1,5 km frá bæ. Oftast voru selin einungis ein 2-3 skipt tóft en í



nokkrum tilfellum voru einfaldar tóftir í námunda. Einu undantekningarnar frá þessu voru selin í landi Hofs (Ey-170-027) og Sökku en í báðum tilfellum var um að ræða 4-5 tóftir á litlu svæði.

### **Gerði**

Gerðis-örnefni er algengt að finna í túnum við bæi. Oftast eru það aðskildir túnskæklar eða túnjaðrar sem bera slík nöfn og undantekningarlítið hafa staðið á þeim fjárhús á seinni öldum. Af þessari tegund voru skráðar 22 fornleifar sem hafa stofninn “gerði” í nafni sínu en ekki er alltaf skýr vitneskja um hvaða mannvistarleifar hafa verið þar. Langoftast hefur það þó verið fjárhús eða hesthús. Nær allar þessara leifa hafa verið máðar af yfirborði jarðar (nema í landi Kónsstaða, Hverhóls, Krosshóls, Klængshóls, Hjaltastaða og Skriðukot).

Eins og sumarið 2000 voru skráðir fáir bæðir með –gerðis endingu (Elínargerði í Ytra-Hvarfi), Sandagerði (Hnjúkslandi) og Kringlugerði (Hofsá)). Engin ummerki sjást nú um þessi býli. Slíkir bæir virðast flestir hafa byggst á 16. öld eða síðar, en þar virðist alltaf um að ræða gömul fjárhússtæði með túni í kring sem breytt var í sjálfstæð býli.

### **Kuml og Kirkjugarðar**

Ein kirkja er á skráningarsvæðinu. Er það Vallakirkja sem byggð var 1861 og er nýlega uppgerð. Umhverfis hana er kirkjugarður sem hefur verið sléttaður en annar garður nýrri er einnig skammt frá.

Skráð voru sex bænhús eða útkirkjur (í landi Hverhóls, Hnjúks, Ytra-Hvarfs, Hofsár, Hofs og Sökku). Engar leifar eru nú merkjanlegar um bænhúsin en á tveimur stöðum hafa komið upp beinaleifar sem gefa góða vísbendingu um staðsetningu bænhúsanna.

Á Hofsá var fyrst komið niður á beinagrind um aldamótin 1900 þegar grafið var fyrir hlöðu skammt vestan við bílskúrinn sem nú stendur. Á síðasta áratug voru svo framkvæmdir á þessum slóðum. Fór þá jarðýta í gegnum 2-3 grafir. Nýlega var grafið fyrir skolplögn á svipuðum stað og var þá enn komið niður á beinagrind. Beinagrindurnar voru allar á um 0,5 m dýpi og í ágætu ástandi. Ekki var látið vita um fundinn og engin nánari rannsókn hefur farið fram.

Norðvestan við íbúðarhúsið á Sökku komu menn niður á 18 beinagrindur þegar

grafið var fyrir hlöðu á árunum 1942-1945. Engin rannsókn fór heldur fram þar.

Á skráningarsvæðinu eru tvö kuml, í landi Ytra-Hvarfs og Sökku. Um kumlið í landi Sökku er minna vitað enda fannst það um 1770. Þó er vitað að þar hvíldi maður með hesti og haugfé. Á Ytra-Hvarfi fannst hins vegar kumlateigur við vegagerð árið 1949. Greinilegt var að kumlin höfðu verið rænd fyrir á tímum en auk þess skemmdust þau við vegaframkvæmdirnar. Tvö greinileg kuml fundust á þessum stað en auk þeirra fundust mannabeinaleifar á þremur stöðum. Kumlunum tveimur hafði mikið verið raskað en þó varð séð að í þeim báðum höfðu hvílt menn með haugfé og hestum. Mestallt haugféð og mannabeinin voru horfin.

Að auki fundust mannabein við túnrækt í laut, 150-200 m frá Hofi. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um eðli fundarins, og gæti hann verið vísbending um hvort sem er kuml eða kirkjugarð..

Á svæðinu voru skráðir 5 legstaðir sem byggðir eru á þjóðtrú (í landi Klængshóls (2 staðir), Ytra-Hvarfs, Hofs og Sökku). Oftast er þá sögnin sú að landnámsmenn eða konur séu með haugfé sínu grafin í myndarlegum hólum. Á stöku stað má greina dældir þar sem sýnt er að reynt hefur verið að grafa í hólana í leit að gersemum.

### **Leiðir**

Nokkrar leiðir voru skráðar sumarið 2001. Sumar eru minni slóðar milli staða innan landareignar eða milli bæja og nágannajarða, en einnig voru skráðar lengri leiðir. Merki um óljósa slóða sem lágu um sveitina má greina í landi Ytra-Hvarfs og Sökku og heimildir eru fyrir “ævaforri götu” í hlíðinni ofan við Hofsárkot.

Auk þessa vilja margir meina að aðalhlutverk Sveitarlangs, sem enn sést víða um sveitina, hafi verið samgöngumannvirki.

Nokkrar leiðir, milli Svarfaðardals og nágannasveita, voru skráðar. Tvær leiðir voru frá Skíðadal yfir í Hörgárdal; önnur úr botni Hólárdals en hin um Kamb á Heiðinnamannadal. Þriðja leiðin sem að þessu sinni var skráð milli sveita var farin úr Skíðadal um Sæludal syðri, Afglapaskarð og yfir á Þorvaldsdalsafrétt. Var þessi leið allmikið farin áfram til Akureyrar og innsveita. Litlar leifar sjást nú um þessar leiðir þó slóða megi enn greina á stöku stað.

## 5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Svæðið sem skráð var í Dalvíkurbyggð 2001 nýtur nokkurrar sérstöðu samanborið við fyrri ár. Stór hluti skráningarsvæðisins er í botni Skíðadals sem hefur verið í eyði um nokkurt skeið. Þar hefur fornleifum lítið verið raskað og eru því óvenjumiklar leifar í og við tún. Um þann hluta svæðisins sem er í hinum eiginlega Svarfaðardal gildir hins vegar sama meginregla og annars staðar í Eyjafirði, þ.e. flestar fornminjarnar hafa vikið fyrir túnnum og byggingum. Þar eru því þær minjar sem eru í mestri fjarlægð frá bæ, eins og stekkir og sel sem helst hafa varðveist óskemmdar. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa. Ein besta leiðin til að varðveita minjastaði er að kynna þá og gera aðgengilega almenningi.

Á skráningarsvæðinu árið 2001 eru tvær friðlýstar fornleifar. Það eru Goðatóft á Hofi og Lögrétta á Völlum sem báðar voru friðlýstar 1932. Ekki eru friðlýsingarskilti á tóftunum.

Aðrar fornleifar á skráningarsvæðinu sem hafa verndunar-, rannsóknar og eða kynningargildi eru:

1. **Innsti hluti Skíðadals (Hverhóll, Krosshóll, Sveinsstaðir Gljúfrárkot og Holárkot).** Á svæðinu eru vel varðveittar leifar bæja, útihúsa, túngarða og í raun má þar greina flestar þær minjar sem búskapur fyrri tíðar skilur eftir sig. Þar sem nokkuð er um liðið síðan svæðið fór í eyði eru leifarnar óskemmdar að mestu. Svæðið er skemmtileg minjaheild og gefur góða mynd af búskaparháttum fyrri tíma. Það hefur tvímælalaust varðveislugildi og kynningargildi.
2. **Réttartóft í landi Kónsstaða** er stæðilegasta réttin á skráningarsvæðinu. Réttinn er stæðileg og nokkuð fornleg og hefur varðveislugildi.
3. **Sæla; bær og útihús umhverfis.** Bæjarhóll og -tóft eru enn óhreyfð og sömu sögu er að segja um útihús umhverfis, stekki og einnig býlið Syðri-Sælu sem er skammt sunnan við Sælu. Svæðið hefur gildi sem

menningarlandslag og hefur varðveislu- og kynningargildi.

4. **Akurhóll í landi Syðra-Hvarfs.** Örnefnið bendir til akuryrkju en þó er alls ósannað að hún hafi verið stunduð á þessum stað. Sunnan í hólnum eru gerðishleðslur sem helst líkjast kálgarði nema hvað þær eru óvenjustórar (50 X 18 m). Hugsanlegt er að í hólnum sé að finna leifar um akurrækt. Því hefur staðurinn rannsóknargildi. Hann er í hættu vegna skógræktar og ætti að leitast við að vernda hann gegn frekara hnjaski.
5. **Hvarfskot í landi Syðra-Hvarfs.** Þar má enn greina umfangsmiklar leifar vallargarðs sem legið hefur umhverfis býlið og á einum stað má greina tóftarleifar upp við garðinn. Svæðinu hefur nú verið raskað að nokkru en þar sem staðurinn hefur varðveislugildi ætti að leitast við að vernda hann fyrir frekari eyðileggingu.
6. **Stekkur í landi Syðra-Hvarfs (Ey-164-020).** Umhverfis stekkjjarleifarnar er mikill vallargarður sem virðist eldri en sjálf stekkjartóftin. Ekki eru heimildir fyrir býli á þessum stað en ekki er ólíklegt að þar hafi verið búið um skemmri tíma og stekkurinn svo byggður upp á rústum býlisins. Stekkurinn er á svæði sem nú hefur verið tekið undir sumarbústaðabyggð. Hann hefur varðveislu- og kynningargildi.
7. **Sveitarlangur** liggur um þann hluta Svarfaðardals sem skráður var að þessu sinni. Hann sést víða í sveitinni (t.d. Ey-164-023, Ey-165-041, Ey-169-011, Ey-170-041, Ey-173-016 og Ey-176-029). Garðurinn er mikið og fornt mannvirki og er einstaklega forvitnilegur til rannsóknar. Hann hefur kynningar-, varðveislu- og rannsóknargildi.
8. **Smalakofar** í landi Syðra-Hvarfs eru í ágætu ástandi og gefa góða hugmynd um horfna búskaparhætti. Þeir hafa varðveislugildi.
9. **Tvö kuml** hafa fundist á skráningarsvæðinu; annað í landi Ytra-Hvarfs við vegagerð og hitt í s.k. Haushóli í landi Sökku. Vel er hugsanlegt að á þessum stöðum kunni að leynast frekari leifar heiðinna grafa og því ætti að huga sérstaklega á varðveislu þeirra.

10. **Uslarétt í landi Ytra-Hvarfs** er enn greinileg. Réttin er stæðileg og merkileg fyrir þær sakir að hún gefur hugmynd um horfna búskaparhætti auk þess sem þessi tegund fornminja er einstæð fyrir Svarfaðardal. Hún hefur því varðveislu- og kynningargildi.
11. Komið hefur verið niður á **mannabein í landi Hofsár, Hofs og Sökku**. Í landi Hofsár og Sökku er líklegast að beinafundurinn sé í sambandi við bænhús sem þar hafa verið. Ekki eru neinar skýringar á beinafundi í landi Hofs. Öllum ofangreindu stöðunum hefur verið raskað nokkuð. Nauðsynlegt er að tryggja að frekri rask eigi sér ekki stað nema undir eftirliti fornleifafræðings. Staðirnir hafa varðveislu- og rannsóknargildi.
12. **Landamerkjagarður í landi Sökku**. Myndarlegur landamerkjagarður milli Sökku og Skáldalækjar er enn merkjanlegar á löngum kafla. Margir af þeim merkjagörðum sem áður voru á skráningarsvæðinu eru horfnir. Vert er því að reyna að varðveita þá sem eftir eru. Garðurinn hefur varðveislugildi.
13. **Leifar stekkar í landi Sökku** eru skemmtilega staðsettar og virðist stekkurinn vera allforn. Hann hefur varðveislu- og kynningargildi og er í leiðinni upp að seli (sjá 14).
14. **Selleifar í landi Sökku** eru myndarlegar og skemmtilega staðsettar. Þær henta ágætlega til kynningar og mætti fyrst skoða stekkin (sjá 13) sem er á sömu leið. Seltóftirnar hafa varðveislu- og kynningargildi.

## Heimildaskrá

### Heimildamenn:

Kónsstaðir – Árni Óskarsson fæddur 21. janúar 1934 á Kónsstöðum.

Hverhóll – Júlíus Friðriksson fæddur 9. október 1926

Krosshóll og Holsárkot – Ástdís Óskarsdóttir fædd 21. janúar 1934 og Sigurður Ólafsson fæddur 29. júlí 1916.

Klængshóll – Erna Kristjánsdóttir fædd 21. janúar 1934.

Hnjúkur- Erna Kristjánsdóttir fædd 21. janúar 1934 og Soffía Vigfúsína Stefánsdóttir fædd 29. nóvember 1920.

Sæla – Kristín Ingólfssdóttir fædd 22. ágúst 1918 í Sælu.

Hjaltastaðir og Syðra-Hvarf – Sigurjón Sigurðsson fæddur 4. maí 1925 og Jóhannes Kristjánsson fæddur 25. nóvember 1921.

Ytra-Hvarf og Skriðukot – Ólafur Tryggvason fæddur 9. júní 1920 á Ytra-Hvarfi.

Hofsá – Gísli Þorleifsson fæddur 27. janúar 1928.

Hofsárkot og Skeggjastaðir – Gunnlaugur Sigvaldason fæddur 29. janúar 1935 í Hofsárkoti.

Hof, Gröf og Brautarhóll - Sigurður Marinó Kristjánsson fæddur 15. október 1914 á Brautarhól.

Vellir – Jónína Gunnlaugsdóttir fædd 10. júlí 1960 og Sævar Einarsson fæddur 15. júní 1956.

Uppsalar – Guðlaug Baldvina Kristjánsdóttir fædd 24. mars 1920 á Uppsölum.

Sakka og Ölduhryggur - Þorgils Gunnlaugsson fæddur 6. janúar 1932 á Sökku.

### Ritaðar heimildir:

**AÍ:** *Alþingisbækur Íslendinga I-XVII*, Reykjavík 1912-1990.

**BE 1990:** *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrra bindi, Akureyri. 1993.

**Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*, Kaupmannahöfn 1858-1878.

**DI:** *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík

1983.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Ágúst Ó. Georgsson tók saman,  
Reykjavík 1990.

*Gríma hin nýja I og V. Safn til þjóðlegra fræða íslenzkra*. Þorsteinn M. Jónsson gaf út,  
Reykjavík, 1978.

**ÍF:** *Íslensk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.

**Jarðabréf:** Gunnar F. Guðmundsson: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*,  
Reykjavík. 1993.

**JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. Eyjafjarðarsýsla,  
Kaupmannahöfn 1943.

Hjörtur E. Þórarinnsson. “Byggð í tröllagreiðum”. *Árbók Ferðafélagsins*, Reykjavík, 1990.

**KE í Árbók.** Kristján Eldjárn. 1941-1942. “Skálarústin í Klaufanesi og nokkrar aðrar svarfdælskar fornleifar”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1941-1942*, 2-33.

**KEKH:** Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri, 1956.

**KE:** Kristján Eldjárn 1980: “Uslaréttir”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1980*, 101-110.

**LE I:** Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*. Fyrri hluti, (Eyfirðingarit I),  
Akureyri 1949.

**SD:** *Saga Dalvíkur I-IV*. Kristmundur Bjarnason. 1978. Akureyri.

*Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík II,1*. (Sigurður Vigfússon samdi),  
Reykjavík, 1881.

**SSE:** *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirzk fræði II), Akureyri 1972.

**Sturl:** *Sturlungasaga I-II*, Reykjavík 1946.

Þorsteinn Þorsteinsson. 1975. “Skýringar um örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal – Greinagerð og athugasemdir eftir Kristján Eldjárn”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975*, 107-138.

**Óprentaðar heimildir:**

*Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu*

*Örnefnaskrá Svarfaðardals, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.*

*Fornleifaskrá Sigvalda Gunnlaugssonar (1985)*

*Leiðrétt örnefnaskrá eftir Sigvalda Gunnlaugsson í Hofsárdal*

*Ódagsett og óhöfundagreint blað með athugasemdum um örnefnaskrá Svarfaðardals.*

*Þjóðskjalasafn Íslands*

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünnum 1917. Svarfaðardalur. Þjóðskjalasafn Íslands.